

Þorvaldur Örn Árnason

STÓRU-VOGASKÓLI

150 ÁRA SAGA 1872 – 2022



Prentvæn heildarútgáfa

Þættir úr skólasögu Vatnsleysustrandarhrepps / Sveitarfélagsins Voga sem birtust vikulega í Víkurfréttum afmælisárið 2022.

Höfundur var kennari við skólann 2000 – 2016.

Allir 50 þættirnir eru á þessari vefslóð:

<https://www.storuvogaskoli.is/150-ara/thaettir-ur-sogu-skolans>

Sums staðar í textanum eru tenglar á vefsíður, auðkenndir með undirstrikun.

Forsíðumyndin er af Freyju Rós og Perlu Kristínu í skólasafninu Norðurkotsskóla, Kálfatjörn, 14. ágúst 2022.

Yfirlit þátta

úr 150 ára skólasögu Vatnsleysustrandarhrepps / Sveitarfélagsins Voga 1872-2022

1. Þriðji elsti barnaskóli sem enn starfar (5. jan. - dagsetning birtingar í Víkurfréttum árið 2022)
2. Thorkillii-sjóður og skóli fyrir alla (12. jan.)
3. Fjölpætt starfsemi á 56 fermetrum (19. jan.)
4. Upphafismaðurinn Stefán Thorarensen (26. jan.)
5. Séra Stefán og stofnun skólans (2. febr.)
6. Skólamenntun á Íslandi frá upphafi (9. febr.)
7. Meira um Thorkillius, Jón Þorkelsson (16. febr.)
8. Elstu barnaskólar landsins (23. febr.)
9. Barnaskóli í Keflavík frá 1887 eða fyrr (2. mars)
10. Áður en skólinn kom til (9. mars)
11. Hvernig var hér suður með sjó árið 1872? (16. mars)
12. Vatnsleysustrandarhreppur sjávarþorp á 19. öld? (23. mars)
13. Skóli einnig stofnaður í Garði 1872 (30. mars)
14. Ögmundur Sigurðsson, merkur skólamaður (6. apríl)
15. Skólar á Suðurnesjum 1890 (13. apríl)
16. Fyrsti vetur skólans á Vatnsleysuströnd (20. apríl)
17. Fyrstu kennararnir – ungir menn á uppleið (27. apríl)
18. Kennarar um aldamótin 1900 (4. maí)
19. Margir skólar – mörg skólahús í sömu sveit (11. maí)
20. Skólakerfi í mótun um aldamótin 1900 (18. maí)
21. Námsgögn – frá allsleysi til ofgnóttar (25. maí)
22. Kennslan á Vatnsleysuströnd um 1900 (1. júní)
23. Vatnsleysuskólinn og Ingibjörg Erlendsdóttir (9. júní)
24. Úr dagbók kennara í Vatnsleysuskóla (15. júní)
25. Árni Theódór 1910 – 1920 – og ófarir skólanefndar (22. júní)
26. Svo kom kennslukona með kennarapróf (29. júní)
27. Í skólanum hjá Viktoríu (13. júlí)
28. Landsins fyrsti skólabíll – öll kennsla á einum stað (27. júlí)
29. Nýtt og betra hús Brunnastaðaskóla (10. ágúst)
30. Skóli, þinghús og samkomuhús (17. ágúst)
31. Ungmennaskóli – miðskóli – gagnfræðaskóli (24. ágúst)
32. Íþróttir og sundkennsla (31. ágúst)
33. Skólinn fluttur í Voga 1979 (7. sept.)
34. Hvernig var í skólanum 1970 – 1990 ? (14. sept.)
35. Félagslíf – skólaferðalög (21. sept.)
36. Afmælishátíð 1. október 2022 (28. sept.)
37. Tónlistarkennsla í 150 ár (5. okt.)
38. Mynd- og handmennt og heimilisfræði (12. okt.)
39. Skólinn, umhverfið, náttúran (19. okt.)
40. Samfélagið og skólinn (26. okt.)
41. Erlend mál og tengsl við útlönd (2. nóv.)
42. Lesa, skrifa og reikna – í 150 ár! (9. nóv.)
43. Menntun og skemmtun kennara (16. nóv.)
44. Þrautseigir kennarar (23. nóv.)
45. Fólk í skólasögu Voga (30. nóv.)
46. Jólhald í 150 ár – og sögulok (7. des.)
47. Fleira fólk í 150 ára skólasögu Voga – í stafrófsröð (birtist ekki í Víkurfréttum)
48. Fjöldi íbúa og nemenda fyrstu 150 ár skólans (-“-)
49. Heimildir (-“-)
50. Lokaorð – um þessi skólasöguskrif (-“-)

1. þáttur: **Þriðji elsti barnaskóli sem enn starfar** 5. jan. 2022

Skólinn okkar í Vogum á afmæli í ár! Skólinn var stofnaður í nýbyggðu húsi 12. september 1872 og kennsla hófst í byrjun október – en við höldum upp á afmælið allt árið 2022 með fræðslu um sögu hans.

Stóru-Vogaskóli er þriðji elsti barnaskólinn á Íslandi sem hefur starfað samfleytt. Þrátt fyrir það er varla minnst á hann í „Almenningsfræðsla á Íslandi 1880 – 2007“, 700 síðna tveggja binda verki Kennaraháskóla Íslands sem Loftur Guttormsson ritstýrði og kom út 2008 hjá Háskólaútgáfunni. Sjaldan er minnst á hann þegar fjallað er um skólasögu landsins. Því er ástæða að draga sögu skólans fram í dagsljósið nú á 150. starfsárinu, af nógu er að taka, bæði frumgögn og blaðaskrif.

Eldri skólar sem enn starfa eru barnaskólinn á Eyrarbakka (frá 1852) og barnaskóli Reykjavíkur (frá 1862). Gerðaskóli í Suðurnesjabæ er aðeins mánuði yngri, stofnaður í okt. 1872. Þeim skólum eru gerð góð skil í áður nefndu verki og Gerðaskóla einnig í þáttum hér síðar, nr. 13, 14 og 15.

Haustið 1872 tóku þannig tveir skólar til starfa, báðir í nýbyggðu húsnæði, báðir á Suðurnesjum; Gerðaskóli í Garði og skólinn okkar hér í Sveitarfélaginu Vogum sem þá hét Vatnsleysustrandarhreppur og náði einnig yfir Njarðvík. Njarðvíkingar voru með fyrstu 4 árin og voru börn þaðan vistuð í skólahúsinu eða á nálægum bæjum. Þeir stofnuðu svo eigin skóla í Há koti 1876, og voru með eigin skóla flest ár upp frá því.

Séra Stefán Thorarensen, prestur og sálmaskáld á Kálfatjörn, átti frumkvæði að því að stofna hér skóla. Hann stofnaði til þess félag sem aflaði fjár og lét byggja skólahús. Þannig starfaði skólinn frá upphafi í eigin húsnæði. Stefán samdi reglugerð fyrir skólann í 30 greinum. Vísir var að unglingsdeild og heimavist frá upphafi.

Í upphafi hét skólinn okkar því langa nafni: **Thorhillii Barnaskólinn í Vatnsleysustrandarhreppi**. Það nafn festist þó ekki við hann, heldur var hann kallaður **Suðurkotsskóli**, enda byggður á jörðinni Suðurkoti í Brunnastaðahverfi. Seinna (1938) breyttist nafnið í **Brunnastaðaskóli**, enda er Suðurkot í Brunnastaðahverfi. Þegar hann var síðan fluttur í Voga árið 1979 fékk hann núverandi nafn, **Stóru-Vogaskóli**, enda byggður í túni höfuðbýlisins Stóru-Voga. Steinhlaðnar rústir síðustu íbúðarhúsanna að Stóru-Vogum, sem reist voru 1871 og 1912, eru nú hluti af leikvelli skólans.

Öll þessi 150 ár er þetta sama stofnunin, þó hús væru byggð og rifin og nöfnum breytt. Grunnur elsta skólahússins er enn heillegur og skólahúsið 1944 – 1979 er nú íbúðarhúsið Skólatún í Brunnastaðahverfi. Byggð voru minni skólahús og starfækt um tíma - eins konar útibú frá skólanum - í fjarlægum hverfum, þegar þar var barnmargt. Þannig starfaði skóli í Kálfatjarnarhverfi 1893 – 1910, fyrst á Þórustöðum og í Landakoti og frá 1903 í sérbyggðu skólahúsi í Norðurkoti; og í Vatnsleysuhverfi 1910 - 1914 og 1925 - 1943. Frá haustinu 1943 hefur verið skólabíll og eftir það öll kennslan á einum stað. Minjafélag Vatnsleysustrandar hefur endurbyggt Norðurkotsskóla að Kálfatjörn og er þar nú lítið snoturt skólasafn.

Myndin er af **fundargerð stofnfundar skólans** 12. sept. 1872.

ca. 1872. Bl. 3-78

Þessi rit er Gjörða og brjefabók barnaskólans í Vatnsleysustrandarhreppi bls. 33: (úr Gjörðabókinni):

„12. September 1872 var í skólahúsinu að Suðurkoti haldinn almennur fundur og var hann seltur af fjóðra manns úr báðum sökkum Vatnsleysustrandarhrepps. Þóinnar presturinn Sr. St. Thorarinn á Kálfatjörn var kosinn fyrir fundarstjóra og Guðm. Guðmundsson á Landakoti fyrir skrifara.

Þinn darstjóri las þá fyrst upp: frumvarp til reglugjörðar fyrir skólann til bráðabirgðar, og var það samþykkt með þeim breiðingum, sem frumvarpið ber með sér. x x

Instrúæ fyrir kennara^{x x x} við skólann var og samþykkt, nálega samhljóða instrúæi^{x x x} fyrir kennara við barnaskólann í Reykjavík!

* „Skólahúsið var byggt sumarið 1872.“

* x x Það er ásamt „instrúæinum“ á bók sjór, sem er eign skólans.“

* x x x Kennari var þegar þantáður af prestinum fyrir 120 rdl laun í 6 mánuði, auk húsnæðis, kosks og fjónustu: Cand. theol. Oddg. Guðmundsen.“

2. þáttur: **Thorkillii-sjóður og skóli fyrir alla** 12. jan.

Skólinn okkar, sem í upphafi hét Thorkillii barnaskólinn í Vatnsleysustrandarhreppi, var stofnaður í nýbyggðu skólahúsi af samnefndu félagi haustið 1872 að frumkvæði séra Stefáns Thorarensen, prests og sálmafrumkvöðuls á Kálfatjörn.

Skólinn var í upphafi ekki stofnaður fyrir börn efnaðra foreldra, eins og halda mætti, heldur einkum fyrir fátæku börnin, fyrir tilstilli Thorkillii-sjóðs.

Thorkillius hét Jón Þorkelsson (1697-1759), barn efnaðra foreldra í Innri-Njarðvík, sem þá tilheyrði Vatnsleysustrandarhreppi. Hann varð mikill lærdómsmaður, m.a. rektor Skálholtsskóla í áratug og ferðaðist síðan 4 ár um landið með Harboe til að rannsaka menntunarástand Íslendinga. Hann var barnlaus og vel efnaður og gaf 1759, eftir sinn dag, eigur sínar í sjóð til að "allra aumustu og fátækustu börn í Kjalarnesþingi skyldu fá kristilegt uppeldi, þ.m.t. húsnæði, fæði og klæði".

Það tók 30 ár að undirbúa og þjarka um stofnun í anda gjafarbréfs Jóns. Árið 1761 sömdu Finnur biskup og Magnús amtmaður Gíslason ítarlega reglugerð fyrir væntanlegan uppeldisskóla í anda gjafar Jóns er stofna skyldi í fæðingarbæ hans, Njarðvík. Sá skóli reis aldrei. Ólafur Stephánsson, fyrsti íslenski stiftamtmaðurinn, samdi loks árið 1790 reglugerð, í 32 liðum, sem var í flestu eins og fyrrnefnd reglugerð. Reis sá skóli árið eftir á **Hausastöðum** í Garðabæ (sjá minnisvarða á mynd, bærinn Hausastaðir í baksýn). Hausastaðaskóli starfaði í 18 ár fyrir fátæk og heimilislaus börn og naut styrkja úr Thorkillii-sjóði, uns Castensen stiftamtmaður fyrirskipaði 1812 (þegar stjórn sjóðsins var í reiðileysi) að skólinn verði lagður niður! Jörundur hundadagakonungur, sem ríkti hér sumarið 1809, kynnti sér sjóðinn og rekstur Hausastaðaskóla og komst að því að sjóðnum var ekki ekki vel stjórnað og taldi að gera ætti skólann betur úr garði, en það kom fyrir ekki.



Síðan segir fátt af starfi í þágu fátækustu barnanna í Kjalarnesþingi, nema hvað greitt var meðlag úr sjóðnum með nokkrum þeirra og greitt fyrir skólavist nokkurra barna í Reykjavíkurskóla 1830 -1848, 10 rd. á barn.

1860 – 1875 var Thorkillii-sjóður af og til á dagskrá Alþingis. Tvö sjónarmið voru ríkjandi: að styrkja framfærslu fátækra barna hjá guðhræddu og vönduðu fólki, eða stofna uppeldisskóla með bóklegt og verklegt nám, sem var hugsjón gefandans. 1865 kom fram ítrekun frá bændum á Kjalarnesi um skóla handa fátækum, bágstöddum börnum í Kjalarnesþingi. Árið 1866 úrskurðaði konungur að verja megi ársvöxtum af sjóðnum til **viðurværis og uppeldis** handa fátækum börnum í Kjalarnesþingi hinu forna, hjá guðhræddum og ráðvöndum **fósturforeldrum**, samkvæmt uppástungum presta, 40 rd. handa börnum yngi en 11 ára og 20 rd. handa eldri. Árið 1869 voru alls veittir 1100 ríkisdalir úr sjóðnum og fóru 140 þeirra í Vatnsleysustrandarhrepp.

Svo var það 1870, rúmri öld eftir dauða Thorkillii og hálfri öld eftir lokun Hausastaðaskóla, að Stefán Thorarensen hófst handa í Vatnsleysustrandarhreppi. Stofnað var félag, efnt til samskóta, keyptur jarðarpartur og reist skólahús sem var vígt 12. sept. 1872. Samskotin dugðu ekki og stofnunin varð skuldug, en með leyfi konungs og Alþingis fékkst 2 árum síðar 1200 ríkisdala vaxtalaust lán til skólans úr Thorkillii-sjóði, með veði í jörð skólans og húsi, og þarf ekki að greiða af láninu meðan skólinn sinnir bágstöddum börnum. Lánið er ógreitt enn, 150 árum síðar, og í skilum, því skólinn hefur allta tíð sinnt fátækum börnum sem minna mega sín.

Í ítarlegri **reglugerð skólans**, sem byggð var á reglugerð barnaskólans í Reykjavík og samþykkt á stofnfundinum 12. 9.1872, segir m.a.:

“Það er enn fremur vilji stofnendanna, að stofnunin sé löguð, svo sem verða má, samkvæmt því augnamiði, sem Thorkillius heitinn hafði með gjöf sinni. Ætlunarverk stofnunarinnar er því fyrst og fremst það, að taka til fósturs, eða umsjónar og menningar, að minnsta kosti svo mörg börn í hreppnum, sem Thorkillii-sjóðurinn

leggur fje með til uppeldis og kennslu og, á meðan þessi uppeldisstyrkur er veittur tilteknum börnum, þá einmitt og sjer í lagi þau börn; en þá því næst önnur umkomulítill og vanhirt börn í hreppnum, eptir því sem efni og ástæður stofnunarinnar leyfa. Ætlunarverk stofnunarinnar er yfir höfuð að gjöra úr börnunum, hvort sem þau eru heimilisföst í stofnuninni allt árið, nokkurn tíma árs, eða aðeins njóta þar kennslu, ráðvanda, siðferðisgóða menn, og að veita þeim þá þekkingu og kunnáttu, að þau megi verða nýttir borgarar í fjelaginu." **Hér** er hlekkur á frásögn Önnu Sveinsdóttur, kennara, af Thorkilliusjóðnum; **hér** er æviágrip Thokilliusar á wikipedia; og svo er til bók um hann, Jón Skálholtsrektor, eftir Gunnar M. Magnús.

A. 1873. J. 5978.

Epluitt

Reglugjörð,

til bráðabirgðar samþykkt á almennum barnaskólafundi í skólahúsinu 13. sept. 1872 —
fyrir.

Thorchillii barnaskóla í Vatnsleysustrandarhreppi.

1. gr. Með því stofnun þessi er að mestu leyti orðin til af fjöldi ein samkvæmtur manna í Vatnsleysustrandarhreppi, og ein aðal hvetil þessara til þessa löfverda fyrirtækis var að tryggja með því hreppi ákveðin þá háttsemi, sem þau rektor þorvaldur síð, er kallaði sig Thorchillius, átti efa eina síðt þess fyrirtækis nafn hreppi, er hann samdi gjafabréf síð 3. apr. 1859, og með tryggjingu að halda eppi í þessari minningu meðal hreppsmanna nafni þessa gjafgjafna veltgjafmanns, þá er það almennum síð stofnandaum, að stofnunin beri nafn hans og huti Thorchillii barnaskóla í Vatnsleysustrandarhreppi". Það er ein fremur vilti stofnandaum, að stofnunin sé í þess lagi, svo ein verða má, samkvæmt því augnamiði, sem Thorchillius hitti þess með gjöf sínu. Ætlunarverk stofnunarinnar er því fyrst og fremst það, að taka til fjölskrúðlu, eða úmsýn, er er meiningar að minnsta kosti svo mörg börn í hreppnum.

Sjóðurinn greiddi síðan um áratuga skeið skólagjöld fátækustu barnanna í þessum Thorkillii-barnaskóla og fleiri skólum sem stofnaðir voru í kjölfarið hér um slóðir, allt til 1913. Efnadri foreldrar greiddu skólagjöld barna sinna, um 10 ríkisdali á ári. Fyrstu árin bjuggu sum barnanna á skólatíma í risi skólahússins. Í 6. gr. reglugjörðar skólans segir: „Þau börn, sem um skólatímamann verða heimilisföst í skólanum, skulu hafa með sjer nægan fatnað, rúmföt og gjörða skó fyrir allan skólatímamann.“ Ráðið var fólk til að annast þau, ásamt því að þrifa húsið og kynda. Þannig var skólinn fyrstu árin bæði heimavistarskóli og heimangönguskóli og einnig var börnum komið fyrir á nálægum bæjum, m.a. börnunum úr Njarðvík, en fyrstu árin var skólinn líka fyrir Njarðvíkinga, uns þeir komu sér upp eigin skóla, fyrst 1876. Einnig var frá upphafi vísir að unglingskóla (fyrir fermd börn) og handavinnukennsla fyrir stúlkur, en aðsókn að því reyndist lítil.

Meira er sagt um Thorkilliusjóð og hlutverk hans í 8., 13 og 21. þætti.

Heimildir: Gunnar M. Magnúss 1959 Jón Skálholtsrektor, Anna Sveinsdóttir, Ágrip af skólasögu Garðabæjar. Reglugjörð, til bráðabirgða, samþykkt á almennum barnaskólafundi í skólahúsinu 13. sept. 1872 fyrir Thorchillii barnaskóla í Vatnsleysustrandarhreppi. Bréf landshöfðingjans (um 1200 rd. Lán úr Thorkilliusjóði) í Alþingistíðindum 1874 bls.17. Barnaskólinn. Beiðni um fjárstuðning. Tíminn 12.08.1873. Hér fyrir neðan er fyrsta grein fyrrnefndrar reglugjörðar, með skrift Stefáns Thorarensen.

3. þáttur: **Fjölpætt starfsemi á 56 fermetrum** 19. jan.

Skólinn okkar er þriðji elsti grunnskóli landsins sem starfað hefur samfellt. Eldri eru barnaskólar Eyrarbakka (frá 1852) og Reykjavíkur (frá 1862). Gerðaskóli er stofnaður mánuði síðar en okkar skóli. Á þessum tíma voru fordæmin fá og skólaskylda engin.

Árið 1870 hóf Stefán Thorarensen, prestur og sálmaskáld á Kálfatjörn, undirbúning stofnunar barnaskóla í Vatnsleysustrandarhreppi. Efnt var til samskota. Egill í Minni-Vogum gaf 140 kr, Jón Breiðfjörð á Efri-Brunnastöðum 120, Lárus hómópati gaf höfðinglega, og 12 manns gáfu á bilinu 20 – 50 kr. Svo var keypt hálf jörðin Suðurkot í Brunnastaðahverfi (4 hundruð og 50 álnir að dýrðleika, greitt fyrir hana 500 rd) og reist þar skólahús. Stefán í Minni-Vogum sá um smíði hússins, hann hafði viðurnefnið snikkari. Vann hann frá klukkan 6 á morgnana fram til 10 á kvöldin og hafði í laun 2 – 3 krónur á dag. Hóf Stefán smíðina í júní 1872 og var húsið vígt 12. sept. Það ár með því að halda þar stofnfund skólans, sem hóf síðan starfsemi 1. október og hefur starfað óslitið síðan, stundum á fleiri en einum stað samtímis. Með leyfi kóngsins og Alþingis fékkst 1200 ríkisdala vaxtalaust lán til skólans úr Thorchillissjóði sem ekki þarf að greiða meðan skólinn sinnir vel börnum sem minna mega sín.

Thorchillii-sjóðurinn greiddi um áratuga skeið skólagjöld fátækustu barnanna í skólanum og í fleiri skólum á Reykjanesskaga, einnig til fátækra heimila um tíma. Sum barnanna bjuggu á skólatíma í risi skólahússins, ásamt fólki sem annaðist þau. Þannig var skólinn í upphafi bæði heimavistarskóli og heimangönguskóli. Einnig var frá upphafi vísir að unglíngaskóla (2 eftirmiðdagsstundir á dag, fyrir fermd börn, þau voru 6 fyrsta veturinn en fór svo fækkandi) og handavinnukennsla fyrir stálpaðar stúlkur.

Kennarinn var vanalega einn og "var það nærri undarlega mikið, hvað kennararnir afköstuðu þá. Flestir voru þeir strangir og alvarlegir, og höfðu börnin ótta af þeim, ef þau lærðu ekki vel, ... Vanalega voru kennararnir góðir við börnin og sumir skemmtilegir." Svo segir Ágúst í Halakoti, sem var nemandi í skólanum um 1880.

Fyrstu áratuginu urðu börnin flest 47, það var veturinn 1903 -'04, en flesta vetur voru þau á bilinu 20 – 30.

Fyrsta veturinn voru 30 börn í skólanum, á aldrinum 9 – 17 ára, þar af 8 í sérstakri kennsla fyrir fermd ungmenni, þau voru á aldrinum 15 – 20 ára. Bjuggu 9 börn í risi skólahússins og nutu 6 styrks úr Thorchillii-sjóði.

Annar veturinn, 1873-74, var skólatíminn 15. sept til 15. mars, 5 stundir á dag, börnin flest 27, en aðeins 17 luku vorprófi, "af því, að þegar kominn er martsmaður, mega allflestir foreldrar ekki missa þau börn sín heiman að, sem komin eru til vika, með því þá er komin vertíð." Þórður Grímsson var kennari og auk þess "heimilisfaðir og fóstri Thorchillii-sjóðsbarnanna, með bú á jörð skólans. Engin fermd ungmenni gáfu sig fram til sérstakrar kennslu þann vetur. Thorchillii-sjóðsbörnin og nokkur fleiri "höfðu um skólatímann heimili, kost og þjónustu í skólanum; hin börnin gengu annaðhvort heiman að frá sér í skólann, eða frá næstu bæum, er þeim var komið fyrir á um skólatímann. Handiðnakenslu nutu 5 stúlkubörn ... var þeim helst kendur fatasaumur." (Frétt frá Stefáni í Víkverja 1874.)

Öll lærðu börnin lestur, skript, kver, biflúsögur og reikning, og þau eldri einnig réttitun, landafræði og dönsku. Auk þess að iðka söng við morgunbænir var þeim kenndur söngur eina vikustund af organista kirkjunnar.

Séra Stefán færði í prestþjónustubók nöfn, einkunnir og fleira um nemendur sem voru við miðsvetrarpróf fyrstu 5 árin. Þau virðast hafa verið heldur færri annað til fjórða árið og frekar fá úr Njarðvík þar til þar var stofnaður **Hákotsskóli** og vou þar 18 börn fyrsta veturinn. Þetta voru ekki öll börnin á þessum aldri í þessum byggðarlögum – enda engin skólaskylda – og þessi fyrstu ár voru drengir tvöfalt fleiri en stúlkur. Veturinn 1877 -'78 voru börnin 22, og 29 veturinn eftir.

Í húsinu, sem var 14x10 álnir = 56 m² að grunnfleti, hæð og ris, var einnig íbúð fyrir kennarann svo það hefur verið búið þröngt, sem hefur komið sér vel því timburhús á þessum tíma voru köld. Kennt var í einni stofu og þar var stór og góður ofn. Fyrsta veturinn forst árabátur og tveir ungir menn með, þegar verið var að sækja kol fyrir skólann til Hafnarfjarðar.

Árið 1874 var húsið virt á 3360 kr. og jörðin á 1400 kr. Tekjumar voru: jarðarafgjald; kennslukaup (skólagjöld) barnanna (15 - 20 kr. á barn, Thorkilliisjóður greiddi fyrir þau fátækustu); og 60 kr árlegt tillag úr sveitarsjóði. Landsjóður greiddi fyrst til skólans árið 1878, kr. 200, sem varið var til endurbóta skólahússins.

Byggt var við skólahúsið 1886 og það stækkað, líklega til suðurs, í 10x20 álnir = 80 m².

Síðan var skólahúsið **endurbyggt á sama grunni 1907** og mikið efni notað úr því gamla. Einangrað var með mosa. Keyptir voru 10 skólabeikir frá Völundi fyrir 145 kr. Skúr (anddyri) virðist hafa verið smíðaður 1911 og kamar 1914, ekki ljóst hvort það var fyrsti kamarinn.

Tekið var 2000 kr lán hjá Landsbankanum og fékkst 1000 kr. byggingarstyrkur úr Landsjóði, en byggingarkostnaður var 2300 kr. Nýja húsið var virt á 6000 kr. Til eru nákvæmar lýsingar á þessu húsi og byggingu þess, því tekið var lán hjá ríkinu. Íbúð kennara var nyrst, eldhús stofa og eitt svefnherbergi. Stór stofa var syðst og á milli lítill stofa sem var lengi stofa kennarans/skólastjórans en varð kennslustofa yngri barna 1939 þar til húsið var rífið 1944. Á loftinu var geymslurými, líklega ekki lengur gistirými fyrir börn..

Myndina tók Jón M. Guðjónsson skömmu áður en húsið var rífið 1944.

Jón fæddist á Efri-Brunnastöðum 1905, ólst þar upp, gekk í þennan skóla og segir svo frá í bréfi 1963: „Sennilega eru ekki margar myndir til af þessari byggingu, sem svo sögufræg er í margra huga, þó ekki sje nema að því leyti, að þar innan veggna voru þau ástaratlot viðhöfð gagnkvæm milli manns og konu, sem drógu ærinn dilk á eftir sér. Eitt hús hefur orðið frægt fyrir minna!, svo ekki sé talað um „skammarkrök“, sem ýmsir fengu að gista, er urðu all-stór nöfn síðar á ævinni. Gæti jeg nefnt nokkra. Saga gamla skólans er margþætt, og skemmtileg væri hún vissulega til aflestrar, ef fyrir lægi í bók. Njóttu vel myndarinnar – og þið.“

Jón varð prestur í Holti undir Eyjafjöllum 1934 og einn af frumkvöðlum Skógaskóla, Skógasafns og skógræktarfélag Rangæinga. Hann var síðan prestur á Akranesi 1946 – 1974 og kom þar upp byggðasafninu í Görðum.



Þessa mynd tók höfundur af hópi fólks á grunni Suðurkotsbarnaskóla í Brunnastaðahverfi 23. maí 2022. Íbúðarhúsið með rauða þakinu er Suðurkot, byggt 1930.




Heimildir. Í þessum þáttum er víða byggt á bók Guðmundar Björgvins Jónssonar: Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, (gefin út 1987) einkum bls. 173 – 179. Sjá einnig um sr. Stefán í Bók Ágústs í Halakoti. Grein í janúarblaði Faxa 1990. Einnig sálmaregistor sr. Stefáns, Reikningabók barnaskólasjóðsins, grein Stefáns Thorarensen í Ísafold. 29.3.1879 og bréfi Stefáns til stiftsyrivalda 8. maí 1874, að hluta birt í Víkverja 18.4.1874. Lýsing hússins í grein Bjarka Þ. Wium 19. 9. 2021 á facebook síðu Brunnastaðaskóla. Viðtal við Ásu Árnadóttur 1. 6. 2022. Bréf Jóns M. Guðjónssonar. Kristleifur Þorsteinsson í Kirkjuritinu 1940.

4. þáttur: **Upphafsmáðurinn Stefán Thorarensen** 26. jan.

Stefán Thorarensen kom því til leiðar að hér var stofnaður skóli og byggt skólahús 1872, en þá voru starfandi tveir barnaskólar á landinu, á Eyrarbakka frá 1852 og Reykjavík frá 1862.

Stefán fæddist 10. júlí 1831 og dó 26. apríl 1892. Foreldrar voru Síra Sigurður Gíslason Thorarensen í Hraungerði og Guðrún Vigfúsdóttir sýslumanns Thoroddsen að Hlíðarenda, fædd að Stórolfshvoli, systir Bjarna amtmanns og þjóðskálds.



Stefán útskrifaðist úr prestaskóla 1855, varð þá aðstoðarprestur föður síns, en fékk svo Kálfatjörn 8. júlí 1857 og var prestur þar í 29 ár, til 1886 er hann lét af prestskap og flutti til Reykjavíkur. Þar bjó hann til æviloka, 1892, í húsi því sem nú er Húmarhúsið. Hannes Hafstein, skáld og síðar ráðherra, keypti það hús að Stefáni látnum.

Stefán missti fyrri konu sína, Rannveigu Sigurðardóttur Sivertsen áður en hann flutti að Kálfatjörn. Hann giftist síðar alsystur hennar, Steinunni, og lifði hún mann sinn. Þeim varð ekki barna auðið.

Stefán var áhugamaður um öll fræðslumál. Kom hann á fót barnaskóla fyrir Vatnsleysustrandarhrepp, en slíkt var ekki fyrirhafnarlaust á þeim tímum. Lestrarfélag stofnaði hann einnig, sem stóð með blóma undir stjórn hans sem formanns, allt þar til hann flutti burt úr prestakallinu. Stefán var framfarasinnaður og skrifaðist á við Jón Sigurðsson.

Heimili þeirra Kálfatjarnarhjóna var rómað fyrirmyndarheimili, glaðvært og gestrisið, og var viðurkennt, að heimilishættir, sem þar tíðkuðust, hefðu haft mikil áhrif til bóta á ýmis heimili í báðum sóknnum séra Stefáns, enda var hann sjálfur mjög dagfarsprúður maður.

Það sem hefur gert séra Stefán þjóðkunnan er sálmakveðskapur hans og afskipti af íslenskum sálmabókum. Hann sat í tveimur sálmabókamefndunum, lagfærði eða orkti 95 sálma í sálmabókina 1871 og 44 sálma í sálmabókina 1886. Hann var frábær söngmaður og manna söngfróðastur.

Það er ljóst að Stefán Thorarensen var enginn kotbóndi, hvorki á Kálfatjörn né í Reykjavík. Hann varð prestur á Kálfatjörn aðeins 26 ára gamall og gengdi því starfi í 29 ár, lét af störfum vegna heilsuþrengis aðeins 55 ára gamall. Hann var aðeins 61 árs er hann lést í Reykjavík og er jarðsettur í Hólavallagarði, leiði R-420. (Sjá æviágrip Stefáns í Prestafélagsritinu 1931.)

Kristleifur Þorsteinsson stundaði sjóróðra á Vatnsleysuströnd 10 vertíðir og segir svo frá í Kirkjuritinu 1940: „Þá var séra Stefán Thorarensen, sálmaskáld, prestur á Kálfatjörn. Bar hann mjög af mönnum að líkamsatgerfi, en einkum var það hans frábæra söngródd, sem gerði hann ógleymanlegan öllum þeim, sem til hans heyrðu. Organleikari í Kálfatjarnarkirkju var þá Guðmundur Guðmundsson í Landakoti. Hafði hann jafnan á vertíðinni flokk úrvalsöngmanna, sem hann æfði undir hverja messu. Á laugardögum tók séra Stefán sálmana til, sem átti að syngja við messu næsta dag. Sendi hann Guðmundi í Landakoti númer þeirra, til þess að hann gæti æft flokk sinn á laugardagskvöldum eða sunnudagsmorgna, áður en til messu var tekið. Öll messugjörð í Kálfatjarnarkirkju var þá, að mínum dómi, svo fögur og heillandi, að henni var ekki unt að gleyma.“

Hér er fjallað um einn af mörgum sálmum sem Stefán þýddi: *Ó, hve dýrðlegt er að sjá.*

Í næsta þætti sjáum við hvað Ágúst Guðmundsson frá Halakoti segir um Stefán og skólann, en hann var fermingarbarn Stefáns og nemandi í Suðurkotskóla.

5. þáttur: Séra Stefán og stofnun skólans 2. febr.

Ágúst Guðmundsson frá Halakoti (1869 – 1941) segir frá Stefáni Thorarensen í bók sinni, Þættir af Suðurnesjum (1942) og lýsir manninum og prestinum mjög líkt og Kristleifur, sbr frásögn í 4. þætti. Ágúst segir m.a. um Stefán og um skólann sem hann stofnaði:

„Hann vildi að messur sínar væru sem háfleygastar og tókst að gera það. Hann kom orgeli í kirkjuna hér í kringum 1876, og lék Guðmundur Guðmundsson í Landakoti á það. Var hann hér forsöngvari um 40 ár.

Mörgu góðu kom hann hér til leiðar, og ætla ég aðeins að minnst á barnaskólabygginguna, sem var mikið velferðarmál, — og hann hafði mikinn áhuga fyrir velferð sveitarinnar. Færði hann það fyrst í tal við sóknarbændur, og tóku margir vel í það, enda þótt sumir stæðu fast á móti því. En þeir voru fleiri, sem skildu málið rétt og studdu prest til framkvæmda með peningagjöfum og vinnu eftir efnum og ástæðum.

Mest gaf stórbóndinn Egill Hallgrímsson. Hann gaf 100 dali og Guðmundur Ívarsson 50 dali, og svo flestir meira og minna. Skólinn var byggður sumarið 1872, mest af samskotafé og svo frá hlutaveltu. Lán, sem tekið var, fékk séra Stefán með óvanalega hagstæðum skilmálum, og svo naut skólinn árlegs styrks úr Thorkilliisjóði, svo að byggingin kom æði létt niður á sveitina, og flest börn höfðu ókeypis kennslu.


Kennsla byrjaði 1. október 1872 með 29 börnum. Kennarinn var Oddgeir, sem síðar var lengi prestur í Vestmannaeyjum. Skólinn starfaði alla daga rúmhelga til síðasta marz árlega. Kennslulaun hans voru 350 krónur yfir þennan umtalaða tíma. Fæddi hann sig sjálfur, en hafði ókeypis hús og hita, en varð að leggja sér til ljós. Hafði kennarinn eina stofu og svefnherbergi, en kennslulaunin stigu síðar upp í 400 krónur og síðast í 500 krónur, en aldrei meira í tíð séra Stefáns. Hann hafði alla umsjón með skólanum, fjármálum hans og niðurröðun á kennslu. Þá var kennt: lestur, skrift, reikningur, kver, biblíusögur og seinustu tvo veturna, þeim sem bezt voru að sér, landafræði, saga réttitun og einnig danska. — Kennsla byrjaði kl. 10 árdegis og stóð til kl. hálfþrjú alla daga. Gengu börnin daglega heim og að heiman, sem var langur vegur, innan úr Kálfatjarnarhverfi og suður í skóla, en hann var í Suðurkoti í Brunnastaðahverfi. Það var klukkutíma gangur aðra leið að Brekku við Vogastapa, og vont var veður, ef börnin létu sig vanta í skólann, enda gengu kennararnir stranglega eftir því, að þau kæmu daglega. Tvisvar í viku var kenndur söngur. Hann kenndi Guðmundur í Landakoti. Allt gerði prestur til þess, að skólinn næði tilgangi sínum og vandaði vel til kennara.

Skólahúsið var byggt úr timbri, loftbyggt, og var hver þilja, gluggar og hurðir handunnið.

Kennsla fór fram í einum sal, sem var í norðurenda hússins, með góðum og stórum ofni. — Uppi á loftinu bjuggu hjón, sem hirtu um skólastofuna og lögðu í ofninn. Fyrir þá vinnu höfðu þau ókeypis húsavist. Sá, sem það gerði á umræddum tíma. hét Daníel Grímsson, ættaður úr Borgarfirði, en fluttist til Ameríku rétt fyrir síðustu aldamót. Sá, sem stóð aðallega fyrir smíði skólans, hét Stefán, og var kallaður snikkari, þá bóndi í Minni-Vogum í Vogum.

Flest voru börnin í skólanum 39 og var kennarinn vanalega einn. Þó hjálpaði Daníel Grímsson honum í reikningstímum sum árin, þegar börnin voru flest, og sagði hann þeim til, sem voru á byrjunarstigi. Annars var það nærri undarlega mikið, hvað kennararnir afköstuðu þá. Flestir voru þeir strangir og alvarlegir, og höfðu börnin ótta af þeim, ef þau lærðu ekki vel, en þá var sá siður að læra allt utanbókar, og kunnu öll vel, sem höfðu námsgáfur. Vanalega voru kennararnir góðir við börnin og sumir skemmtilegir.”

Stefán fermdi Ágúst á hvítasunnudag 1883, ásamt 27 öðrum börnum, sem höfðu gengið til hans á hverjum sunnudegi 7 vikur fyrir páska og svo annan hvorn dag í mánuð fyrir ferminguna. Hér er hægt að nálgast kafla um séra Stefán í bók Ágústs.




6. þáttur: **Skólamenntun á Íslandi frá upphafi** 9. febr

Íslendingar hafa ávallt verið fróðleiksfúsir og menntaþrá þjóðarinnar hefir fleygt henni yfir hörmungar liðinna alda. Lengst af voru hér einungis **æðri skólar**, í Skálholti, Odda, Haukadál, á Hólum og í klaustrum. Síðar aðeins á **Hólum** og í **Skálholti**. Almennur naut þessara menntasetra á ýmsan hátt. Þar voru oft haldnar samkomur og auk nemendanna kom þangað fjöldi fólks, bæði ungt og aldið, sér til fróðleiks og skemmtunar. Þarna var söngur, kvæðaflutningur og sögusagnir og fólk bar þetta með sér út um byggðir landsins.

Skólarnir á hinum fornu biskupssetrum áttu sitt blóma- og hnignunarskeið. Aðbúnaður var oft afleitur og lá skólahald niðri á tímabilum. Þegar **Thorkillius** kemur í Skálholt sem rektor 1728 er þar engin upphitun, lítil lýsing, lítið af bókum og matur harla rýr. Nemendur eru að krókna úr kulda og lifa mest á harðfiski, sméri og vatni. Þegar húsin í Skálholti féllu í jarðskjálftunum 1787 var ákveðið að flytja skólann til Reykjavíkur – eftir að hætt hafði verið við að flytja alla íslensku þjóðina suður á Jótlandsheiðar! (Um skóla á Ísl. bls. 124)

Hólavallaskóli í Reykjavík tók þá við af Skálholtsskóla - og líka Hólaskóla frá árinu 1801. Aðbúnaður var svo slæmur að árið 1804 varð að hætta skólalaldi! Næsta ár var skólalaut á Íslandi, nema hvað barnaskóli starfaði með 12 börnum á Hausastöðum í Garðahreppi. Árið 1805 var **Bessastaðaskóli** stofnaður í stað Hólavallaskóla og var sagt að hann hafi verið besta lærdómsstofnun sem Ísland hefði átt. Hann var síðan fluttur til Reykjavíkur haustið 1846, nefndur Lærði skólinn eða Latínuskólinn og síðar Menntaskólinn í Reykjavík.

Jón Sigurðsson, hinn eini og sanni (sjá mynd), taldi að betri skólar væru afar mikilvægir á braut þjóðarinnar til frelsis og framfara. Hann skrifaði um **skólamál** í tímarit sitt, *Ný félagsstíðindi*, segir m.a.: ”Skólinn á að tendra hið andlega ljós, og hið andliga afl, og veita alla þá þekkingu sem gjöra má menn hæfiliga til framkvæmdar öllu góðu, sem auðið má verða”. Jón leggur áherslu á gildi trúar fyrir siðferði, „siðferði mannsins verði því betra, sem þekking hans á guði er skírari og trúin sterkari, og þegar svo er, þá er óhætt að kveða svo að orði, að siðferðið fari eptir trúnni.“



Jón segir frá fyrirmyndar barnaskólum í Þýskalandi og víðar, sem Norðmenn, Danir o.fl. hafa heimsótt og ritað skýrslur um, og minna þeir um margt á skólann sem stofnaður var á Vatnsleysuströnd 30 árum síðar. Stefán Thorarensen og Jón Sigurðsson skrifuðust á. Var Stefán virkur í Þjóðvinafélaginu, sem stofnað var 1871, en á þeim vettvangi voru rædd ýmis framfaramál, m.a. skólamál.

Jón finnur að menntun presta hérlendis, leggur áherslu á hvað **góð menntun presta sé alþýðu mikils virði** og lýsir því hvernig hún sé erlendis: „Prestsefnin nema því ekki einungis lærdóm þann, sem hafður er um hönd í skólum þeim, er menn kalla latínuskóla,.... Þegar skólalærdóminum er lokið eru þeir settir til menta í öðrum skólum (**háskólum**), þar sem hin æðri vísindi eru höfð um hönd, og nema þar heimsspeki, og kynna sér jafnframt aðrar vísindagreinar, náttúrufræði og annað því líkt, sem vekur eptirþánkann á ýmsu sem vert er að skoða og íhuga. Þessar iðkanir eru einnig til þess hentugar, að gjöra þánkana liðugri, og kenna mönnum að skoða hlutina á ýmsa vegu, og þannig læra að þekkja hvað skynsamlegt er í hverjum hlut. Fremsta af öllu þessu má telja **heimsspekina**, því hún leiðbeinir mönnum í öllum þeim vísindum, sem menn eiga að stunda á eptir þessu, og þarðauki eflir hún þeinkingarkraftinn og vekur eptirtektina á öllu því, sem berr fyrir í lífinu, og skoðunina á heiminum yfirhöfuð að tala.“ (Um prestaskóla á Íslandi. Ný félagsrit 01.01.1941 bls. 2-3)

Jón Sigurðsson leggur þarna til - líkt og Thorkillius gerði öld áður – að **stofnaður verði prestaskóli á Íslandi**. Það sé kostnaðarsamt að senda öll prestsefni í háskóla í Danmörku. Prestaskóli þessi ætti að vera fjölhæfur, ekki takmarkast við það eitt sem prestar þurfa að læra til að geta prédikað. Prestaskóli var loks stofnaður í Reykjavík 1847. Síðan var stofnaður læknaskóli 1876, kennardeild við Flensborgarskóla 1892, lagaskóli 1908 og loks sameinaðir með stofnun Háskóla Íslands árið 1911.

Heimildir: Jón Sigurðsson: Um skóla á Íslandi. *Ný félagsrit* 01.01.1842 bls.67-107. Jón Sigurðsson: Um prestaskóla á Íslandi. *Ný félagsrit* 01.01.1941. *Jón Skálholtsrektor eftir Gunnar M. Magnúss* 1959; *Horft um öxl*, eftir Guðjón Kristinsson, 1959. Grein um stofnun skólans á Vatnsleysuströnd í *Faxa* 01.05.1979. Þorvaldur Örn feitletraði orð í texta.

7. þáttur: Meira um Thorkillius, Jón Þorkelsson 16.feb.

Í öðrum þætti sagði frá Thorkillii, Jóni Þorkelssyni (1697-1759), sem var barn efnaðra og vel ættaðra foreldra í Innri-Njarðvík, sem þá tilheyrði Vatnsleysustrandarhreppi. Hann varð mikill lærdómsmaður, las og skrifaði mikið, orti m.a. löng söguljóð á latínu.

Jón var rektor Skálholtsskóla í 9 ár; með brennandi áhuga á almennri menntun í landinu og brýndi yfirvöld til að bæta úr æði mörgu. Hann var barnlaus, gaf eftir sinn dag eigin sínar í sjóð til að kosta uppeldi og aðbúnað fátækra barna í sínu heimahéraði. Hefur hann verið kallaður faðir íslenskrar alþýðufræðslu. Á 200 ára ártíð hans 1959 var gefin út bók um hann og Ríkhartur Jónsson fenginn til að gera af honum stytta í Innri-Njarðvík, sjá mynd.



Minnismerki um Jón Þorkelsson, eftir Ríkhart Jónsson.



Rithönd Jóns Þorkelssonar.

Í bréfi frá 1873 er lýst stofnun barnaskólans á Vatnsleysuströnd og segir m.a.:

“Undir skólann var keyptur partur úr hinni svonefndu Brunnastaðatorfu. Viðkomandi prestur ljet hreppsþúa kjósa 4 menn í nefnd til þess með sér sem 5. nefndarmanni að hafa stjórn og umsjón stofnunnarinnar á hendi, var hún eptir almennum vilja hreppsþúa kölluð “Thorchillii barnaskóli í Vatnsleysustrandarhreppi”, og það ekki einungis af því, að svo var til

ætlast, að hann skyldi verða nokkurs konar asylum fyrir þau börn, - að minnst kosti innanhrepps, - er sjóður Thorchillií sál. kæmi að notum, heldur einnig af hinu, að menn fundu engum hreppi jafn skylt að halda uppi nafni og minningu Thorchillií, eins og Vatnsleysustrandarhreppi, þar sem hann lifði hið fegursta æfi sinnar. ... Skólanefndin stjórnar stofnun þessari eptir skólareglum sem samþykktar voru á almennum hreppsfundum og sem, að því leyti sem við getur átt, eru lagaðar eptir reglugjörð fyrir barna-skólann í Reykjavík, er svo ákveðið í 27.gr. reglanna að prestur árlega sendi umráðendum Thorchillií sjóðs yfirlit yfir ástand skólans.” Í framhaldi kemur skýrsla m.a. um börnin og lærdóm þeirra fyrsta árið.

Þessi Thorchillií-tengsl voru einkenni þessa skóla. Væri fróðlegt að rannsaka í hve ríkum mæli þetta hefur bjargað lífi og heilsu fátækra barna og orðið til þess að þau komust til mennta. Auk þess að fá kennslu er skólinn athvarf; sum fátæku börnin bjuggu á lofti skólans fyrstu árin. Nú 2022 njóta mörg börn sérkennslu og Stóru-Vogaskóli veitir öllum gjaldfrálsan heimaeldaðan og hollan hádegismat.

Jón Sigurðsson skrifar í tímarit sitt, Ný félagsrit, 1842: ”Sá maður, er mest og bezt gagn vann menntamálum á fyrri hluta 18. aldar, var **Jón Þorkelsson**, skólameistari í Skálholti. Er hann hafði verið skólameistari í 9 ár gat hann eigi lengur unað við hið óþolandi ástand. Árið 1736 sigldi hann á konungsfund. Hann lýsti fyrir konungi hve báglega horfði um Íslands hag, ef fólkíð væri látið grotta niður í fáfræði og andlegum vesaldómi. Að lokum fékk hann því þó áorkað, að **Ludvig Harboe**, síðar Sjálandsbiskup, var sendur til Íslands til að rannsaka ástandið þar. Harboe er einhver bezta sending sem komið hefir frá Dönum. Hann og Jón Þorkelsson ferðudust hér um landið á árunum 1741—1745.“

Fyrsta verk þeirra Harboe og Jóns var að endurreisa Hólastað, en þá var þar biskupslaust, hús að hrúni komin og skólalald í ólestri. Síðan fóru þeir um land allt, hittu presta og söfnuði, hlustuðu á sóknarbörn lesa og skrásettu ástandið. Þegar þeir höfðu gert kónginum grein fyrir því sem þeir urðu áskynja, gáfu dönsk stjórnvöld út margar og strangar tilskipanir; um að börn skyldu læra að lesa til að fá að fermast; prestar skyldu húsvitja, sinna barnafræðslu og halda sig frá drykkjuskap, o.fl. Prentaðar voru bækur og lærdómskver og fleiri fóru í framhaldsnám. Heimilin voru mis fær um að kenna lestur og sumir sem efni höfðu á réðu til þess vinnufólk en prestar lestrarprófuðu börnin.

Harbo lætur gefa út ítarlega tilskipan um latínuskólana strax 3. maí 1743. Skólar skulu vera í Skálholti (24 piltar) og á Hólum (16 piltar), báðir skóla með tvo kennara. Þar er sagt hvað skuli kenna og hvernig, og um aðbúnað og kröfur. Það gekk mis vel að framfylgja öllum þessum fyrirmælum frá Harboe, en lestrarkunnátta og menning þjóðarinnar stórbatnaði næstu áratugi.

Heimildir eru þær sömu og í síðasta þætti, auk þess handritað bréf, líklega Stefáns Thorarensen.

8. þáttur: **Elstu barnaskólar landsins** 23. febrúar

Á 18. og 19. öld fór kennsla fram á heimilum. Skyldu húsbændur sjá um að börnin lærðu að lesa, en prestar sjá til þess að það væri gert. Árangurinn var sá að frá því um 1800 kunnu flestir landsmenn að lesa, en færri að skrifa. Þetta var ódýrt kerfi og virkaði. Engin skólahús þurfti að byggja, engin skólabörn að flytja og ekki að borga laun kennara - nema ráðinn væri einkakennari, en það fór í vöxt. Skólaskylda komst ekki á fyrir en með fræðslulögum 1908 og þá aðeins fyrir 10 – 14 ára börn. Margir fyrstu barnaskólanna voru byggðir upp og reknir af áhugamannafélögum.

Jón Árnason Skálholtsbiskup lagði fram ítarlega tillögu árið 1736 um „barnaskóla í hverri sýslu“. Elsti barnaskóli á Íslandi sem sögur fara af var starfræktur í **Vestmannaeyjum** 1745 – 1760, af litlum efnum. Prestarnir og hreppstjórinn stóðu fyrir þeim skóla. Þetta var á þeim árum sem lækninum Schleisner tókst loks að vinna bug á ginklofaveikinni illræmdu í Eyjum. Bjarni E. Magnússon varð sýslumaður 1861 og gerði ítrekaðar tilraunir til að stofna á ný skóla þar sem börnunum væru ekki aðeins kenndar almennar námsgreinar. heldur einnig reglusemi, hlýðni og hreinlæti. Nýta mætti til þess húsnæði fæðingarstofnunar eða þinghúsið. Sýslumaður fékk engan stuðning yfirvalda til þess (Saga alþýðufræðslunnar bls.95). Hér segir frá skólanum og einnig frá barnaskóla er stofnaður var í Vestmannaeyjum löngu síðar og tók til starfa 1884.

Hausastaðaskóli í Álftaneshreppi var stofnaður **1892** á jörð í eigu Garðakirkju. Byggt var fyrir Thorkilliifé veglegt 46 m² hús, ásamt risi, fyrir 12 öreigabörn, til að halda í þeim lífinu og koma þeim til manns. Auk námsskrár barnaskólans; að lesa, skrifa, reikna og lesa kristinfræði, lærðu nemendur til verka allt árið við landbúnað, fiskveiðar, smíðar, tóvinnu og matjurtarækt.



Þetta var heilsársskóli fyrir 6 -16 ára stúlkur og drengi, sem bjuggu í skólanum. Á hverjum degi skyldi lesið úr biblíunni og beðið fyrir kirkju, kóngi og heill landsins. Flestir voru nemendur 16 talsins og voru greiddir 16 ríkisdalir úr Thorkilliisjóði með hverju barni. Erfitt var að halda skólanum gangandi vegna naumra fjárveitinga, enda þótt hann væri þá ein ríkasta stofnunin í landinu. Lét Castensen stiftamtmaður, illu heilli, leggja skólann niður 1812. Nánar um skólann í Jón Skálholtsrektor hér bls.119.

Í **Reykjavík** var stofnaður barnaskóli **1830** sem starfaði til 1846, í Aðalstræti 16. Gert var ráð fyrir 20 börnum betri borgara og var danska aðal málið. Skólagjald var 6 rd á ári sem reyndist of hátt fyrir fátækt alþýðufólk. Þá kom Thorchilliisjóður til hjálpar, þar til menn fundu út að það samræmdest ekki reglum sjóðsins að greiða rekstrarhalla einkaskóla yfirstéttarinnar í Reykjavík. Lagðist skólinn þá niður 1848, enda kusu efnaðir foreldrar að kenna börnum sínum heima. Lagt var fram frumvarp á Alþingi 1853 um stofnun barnaskóla í Reykjavík sem varð loks að lögum 1859. Þar var stofnaður **barnaskóli 1862**, samkv. tilskipun konungs 1859. Var hann í óhentugu gömlu timburhúsi í Hafnarstræti, sem kaupmenn gáfu, þar til byggt var vandað skólahús í Pósthússtræti árið 1883, sjá mynd. Það hús varð síðar lögreglustöð er skólinn flutti 1898 í nýtt hús við Tjörnina sem síðar nefndist Miðbæjarskólinn. Var það stækkað strax 1908, enda nemendur orðnir næstum 500. Var þetta eini opinberi barnaskólinn í Reykjavík þar til 1930 að nýbyggður og glæsilegur Austurbæjarskóli tók til starfa.



Að **Leirá** starfaði barnaskóli í sérbyggðu húsi 1878-1889 á vegum Þórðar Þorsteinssonar bónda; og einnig í **Gaulverjabæ** 1881-1890 á vegum séra Páls Sigurðssonar.



Elstu barnaskólar landsins sem starfað hafa samfellt – og stofnár þeirra:

1852: Barnaskólinn á Eyrabakka og Stokkseyri, í eigin húsnæði frá upphafi.

1862: Barnaskólinn í Reykjavík (rekinn frá upphafi af sveitarfélaginu samkæmt lögum, fyrst í leiguhúsnæði).

1872: Thorkillii barnaskólinn í Vatnsleysustrandarhreppi (Njarðvík með); og Gerðaskóli í Garði, báðir í eigin húsnæði.

1874: Barnaskólinn á Ísafirði. Árið eftir byggt hús, Silfurgata 3, síðan nýtt hús 1901.

1875: Mýrarhús á Seltjarnarnesi (steinhús 1883); í Hafnarfirði undanfari Flensborgar; Skólahús á Eskifirði.

1877: Flensborg Hafnarfirði barnaskóli, varð alþýðu- og gagnfræðiskóli 1882, með kennaradeild 1892-1908.

1880: Álftanes, fyrst á Bessastöðum; og tímabundið í Njarðvík og í Kjós

1881: Seyðisfjörður, hús byggt 1883. Svo kom tilhöggið skólahús frá Noregi 1907. Skólahús í Hnífsdal.

1882: Njarðvík (fyrst í 3 mán. 1876), skóli með ýmsu móti til 1911, þá sameiginlegur með Keflavík til 1939.

1883: Siglufjörður, yrst á Búðarhóli, svo í skólahúsi frá 1899, en það brann örfáum dögum áður en vígt var núverandi skólahús 1913 sem síðan hefur verið stækkað.

1884: Vestmanneyjar (þar var áður barnaskóli 1745-1760)

1885: Skóli í eigin húsi í Haukadal í Dýrafirði.

1887: Keflavík, í Góðteplarahúsinu frá 1889. Skólahús við Skólaveg reis 1911 og sameinast Njarvíkurskóla.

1888: Grindavík, að frumkvæði sr. Odds V.Gíslasonar. Pétur Guðmundsson kenndi farkennslu á 3 stöðum. Þetta er ekki tæmandi upptalning, vantar t.d. upplýsingar um Akureyri.

Í skýrslu í Tímariti um uppeldi og kennslumál 1888 er alls getið 30 barnaskóla, en margir þeirra störfuðu ekki öll árin, Árið 1890 voru þeir 17 og 1891 13 sem landssjóður styrkti lítillega. Árslauð kennara voru 200 – 500 kr.

Árið 1903 eru 47 skólahús í landinu, þar af 2 á Vatnsleysuströnd. Skólagjöld voru 8 – 18 kr, tók karlmann 30 – 70 klst. að vinna fyrir þeim. Þá naut um helmingur barna skólafræðslu.

Heimildir m.a.: Árni Daníel Júlíusson: Frumgerðir sjávarþorpa. Loftur Guttormsson: Lýðmenntun. Minning 200 ára skóla í Vestmannaeyjum. Jón Skálholtsrektor. Alþingistiðindi 1853; Skýrsla um barnaskóla 1887-1888 ; Saga alþýðufræðslunnar, Miðbæjarskólinn kvaddur. Menntamál 42.árg. 3.tbl. Saga elstu skóla í Reykjavík. Barnaskólinn á Eyrarbakka.

9. þáttur: **Barnaskóli í Keflavík frá 1887 eða fyrr** 2. mars 2022

Í Víkurfréttum 23. 2. 2022 segir frá 70 ára afmæli húss Myllubakkaskóla. Þar segir m.a. „Saga Myllubakkaskólans eða Barnaskóla Keflavíkur nær til ársins 1897.“ Það er ekki rétt, sú saga nær lengra aftur. Njarðvíkur voru hluti af Vatnsleysustrandarhreppi þar til 1889 og áttu aðild að stofnun barnaskóla þar 1872. Vegna fjarlægðar reyndist Njarðvíkingum örðugt að sækja þann skóla, þurftu að vista börnin á skólaloftinu eða á nálægum bæjum. Að sögn Stefáns Thorarensón í grein í Ísafold 1879 stofnuðu þeir sinn eigin skóla 1876, „gjörðu þeir það ár með samtökum við Keflavíkurmenn lofsverða tilraun til þess, að hafa skóla sjer. ... Skólinn var í Njarðvíkursókn haldinn alls 3 mánuði, með 15 börnum ... og var það ekki fátt í sókn með ekki fullum 250 manns. Í Keflavík var annar skóli fyrir börnin þar, haldinn alls í 4 mánuði. Í þessum 2 skólum kenndi sami kennarinn til skiptis“. Kennarinn var Pétur Pétursson og segir frá honum í 18. þætti. Skólinn mun hafa verið í Há koti í Innri-Njarðvík. Árið 1897 voru 15 börn í skóla í Njarðvík, að sögn séra Árna Þorsteinssonar í Fjallkonunni.

Ögmundur Sigurðsson kenndi við Gerðaskóla 1887-1896. Hann var vel menntaður kennari og frumkvöðull í menntamálum, stofnaði ásamt öðrum Tímarit um uppeldi og menntamál árið 1888. Í 3. árgangangi, 1890, skrifar Ögmundur um skóla á Suðurnesjum og segir um Keflavík og skólamála þar, á bls. 87: „Næst fyrir utan Njarðvíkur kemur Keflavík; Þar er kaupstaður og allmikil byggð; Þar hefur suma vetur verið skóli, en stundum hefur hann lagzt niður, þrátt fyrir þótt þar sje all mannmargt og mjög hægt að sækja skóla.“

Á bls. 95 segir: „Síðastliðinn vetur (1889 - '90) var haldinn barnaskóli í Keflavík í 6 mánuði. Á honum voru 23 börn; þau voru á ýmsu reki, svo að það varð að skipta þeim í 2 deildir, Kennslugreinir hinar vanalegu; þarðauki höfðu þau þroskuðustu rjettritun, landafræði og fæin dönsku. Kennari við skólann var ungfrú Guðlaug Arasen, sem í nokkur ár hefur notið menntunar í Danmörku. Skólinn á enn ekkert húsnæði, en handa



honum var leigt «Good-Templarshúsið» í Keflavík; það er í alla staði ágætt húsnæði, víst hið bezta, sem notað hefur verið til kennslu á Suðurnesjum. Borð og bekkir var ekki hentugt. Áhöld átti skólinn engin, en kennarinn átti eitthvað af landabryfum og hnött, sem mátti styðjast við við kennsluna. Framfarir barnanna á þessum skóla voru eptir vonum í flestum greinum eptir jafnstuttan tíma.“ Umrætt hús Góðtemplara-stúkunnar Vonar var byggt 1889 þar sem nú er Hafnargata 32.

Í sama tímariti er skýrsla um barnaskóla á Íslandi 1887 – 88 og þar kemur fram að þann vetur hafi verið skóli í Keflavík með 14 börnum og starfað í 6 mánuði. Ekki er víst hvar þessi skóli var til húsa, en í Sögu Keflavíkur er talið líklegt að það hafi verið í húsi Skotfélagsins, sem byggt var 1872, sjá mynd, eða í greiðasölu- og íbúðarhúsi sem nefnt var Hótelíð.

Samkvæmt **Sögu Keflavíkur** hefur barnaskóli starfað samfleytt í Keflavík frá árinu 1889, og líklega lengur. Árið 1897 flytur skólinn í lítið og snoturt hús við Íshússtíg 3 (sjá mynd), þar sem voru 2 stofur, en afar þröngt fyrir tugi barna. Þarna var barnaskólinn í Keflavík (og Njarðvík) til húsa allt þar til hann flytur í steinsteypa nýbyggingu við Skólaveg árið 1911 og er þar allt þar til elsti hluti húss Myllubakkaskóla er tilbúinn í febrúar 1952.



Í **Sögu Keflavíkur I** segir bls. 269-274:

Sigurður B. Sívertsen ber saman Suðurnesin árin 1830 og 1880. Húsin eru orðin mun betri, meira um timburhús. Fjárstofn hefur þrefaldast og það aflast meira. Minni sóðaskapur. Drykkja hefur minnkað með tilkomu bindindisfélaga.

Þéttbýli myndaðist í Keflavík á árunum 1820 – 1850. Síðan er kyrrstaða til 1880, fór þá að vaxa aftur.

Rosmhvalaneshreppi hinum forna var skipt 1886 í annars vegar Keflavíkurhrepp sem síðar sameinaðist Njarðvík; og í Gerðahrepp.

Kreppa var í atvinnulífi um aldamót en vöxtur í félagslífi, einkum í stúkunni Voninni, minni drykkja.



Saga Keflavíkur II fjallar um árin 1890-1920. Þar er góður kafli um skóla bls. 250-260, með myndum og segir m.a.:

IOGT-hús Vonarinnar, var tekið í notkun 1887, þar sem nú er Hafnargata 32 (nú á móti bíóinu).

Keypt var hús undir skólann við **Íshússtíg 3**, tekið í notkun haustið 1897. Skólaárið 1904-1905 voru börnin orðin 30 og ráðinn aukakennari.

Árið 1908 komst á skólaskylda 10-14 ára barna og kostnaður greiddur af sveitarfélagi með ríkisstyrk. Þá voru börnin 50 – 60, þeim hafði fjölgað við sameiningu við Njarðvík. Sum árin var einnig kennt í Njarðvík, ýmist Ytri- eða Innri-Njarðvík.

Frá 1910 var einnig kennt yngri börnum þó það væri ekki skylda, en því var hætt 1914 og féð notað til að kosta eftirlit með heimilisfræðslu (heimakennslu) yngri barna.

Eftir nokkra ára bollaleggingar var ráðist í að steinsteypa nýtt skólahús sem var tekið í notkun 1911. Var það **fyrsta steinsteypa húsið í Keflavík** og veglegasta húsið í þorpinu! Útikamrar voru við húsið og á einum stað vatn í fötu til að drekka (voru nemendur látnir sækja vatn í tjörn þar sem nú er bensinstöð, á milli hótelanna). Tímabilið 1914-1920 voru u.þ.b. 50 börn. Einnig var haldinn unglíngaskóli um tíma sem var ekki skylda og þurfti að greiða skólagjöld fyrir það.

Saga Keflavíkur III, um árin 1920 – 1949. Kafli um skóla er bls. 403-412. Börnum fjölgaði og varð þröngt í húsinu sem tekið var í notkun 1911, þar til **Njarðvíkurskóli** tók til starfa 1942-43.

Árið 1936 komst á skólaskylda niður í 7 ára, en byrjað var að kenna svo ungum börnum í Keflavík 1928.

Enginn unglíngaskóli var frá 1917 – 1932, en þá hófst kennsla unglínginga sem Eiríkur nokkur átti veg og vanda að um árabíl. Segir nánar frá því í bókinni.

Það virðist harfa tekið 4 ár að byggja elsta hús **Myllubakkaskóla**, það var tekið í notkun 1952.


Heimildir: Saga Keflavíkur I – III. Ögmundur Sigurðsson 1890 Um skóla á Suðurnesjum. Grein Stefáns Thorarensen í Ísafold 1879. Grein Árna Þorsteinssonar í Fjallkonunni 1897. Skólar á Suðurnesjum. Faxi 01.03.1989. Skýrsla um barnaskóla 1887-1888.

10. þáttur: **Áður en skólinn kom til** 9. mars

Þegar lútherskur siður tók við af kaþólskum um miðja 16. öld var ætlast til að fólk gæti sjálft lesið **Biblíuna** og önnur trúarrit. Það varð íslenskri tungu til bjargar að Biblían var þýdd og prentuð á íslensku strax árið 1584, og mun vera 17. elsta heildarútgáfa Biblíunar í heiminum! Norðmenn urðu að nota Biblíu á dönsku þar til hún kom loks út á norsku um miðja 19. öld, sem skýrir hve mikil áhrif danska hafði á norska tungu. Auk Biblíunnar voru prentaðar sálmaþætur og þýdd trúarrit.

En það kom að litlu gagni að prenta þætur ef fáir voru læsir. Með tilskipun árið 1744, sem yfirvöld gáfu út eftir rannsóknir Harboe og Thorkilli á menntun í landinu, var foreldrum og vandamönnum gert skylt að fræða börnin heima um guðsorð og lestur, en prestar skyldu fylgja því eftir og aðstoða eftir þörfum, ásamt meðhjálpurum. Í bréfi yfirvalda til Skálholtiðsbiskups 1790 er þessu fylgt fastar eftir. Skyldu börn hefja lestrarnám fyrir 5 ára aldur og kristin fræði á 10. ári. Skyldi presturinn áminna heimilisfólk og jafnvel refsa ef það vanrækti lestrarkennslu. Síðan mátti sekta presta ef þeir vanræktu þessi skyldustörf, eða fermdu börn sem lítið eða ekkert kunnu að lesa.

Fyrstu **stafrófskverin** voru jafnframt trúfræðikennslubækur, svo sem „Eitt líted Stafrofskver fyrir Börn og Ungmenne“, sem kom út 1655, með gotnesku lettri eins og þá tíðkaðist. Fremst eru fáein atkvæði en strax á bls. 5 byrjar þungt trúarlegt lesmál. Árið 1782 var mikil framför þegar prentað var í Hrapsey lestrarkverið „Líttid ungt Stöfunar Barn...“ eftir Gunnar Pálsson prófast, með dæmum og nákvæmri útskýringu á stöfunum, einnig tölustafir og margföldunartölur. Útgáfa stafrófskvera blómstraði á 19. öld. Árið 1853 kom t.d. út „Nýtt Stafrófskver handa Minni manna börnum með nokkrum réttitunarreglum og dálitlu ávarpi til hinna minni manna“ og var það með latnesku lettri eins og við notum í dag. Hugsanlega hefur það kver verið notað á fyrstu árum skólans okkar.



Þannig var **heimafræðsla** undir eftirliti presta alls ráðandi þegar farið var að stofna barnaskóla á Íslandi síðari hluta 19. aldar, en þá voru þannig skólar löngu komnir á í nágrannalöndum. Alþingi jók svo kröfur um fræðslu barna með lögum 1880 og skyldi nú einnig kennd skrift og reikningur. Eftir sem áður skyldu foreldrar kosta kennsluna, þar báru ríkið og sveitarfélög engar skyldur, fyrr en með fræðslulögum 1908, að skólaskylda 10-14 ára barna kemst á og skólaganga þeirra verður ókeypis. En áfram var krafist heimafræðslu, því börnin skyldu vera orðin læs þegar skólaskyldan hófst. Alveg fram á þennan dag er gert ráð fyrir heimanámi, undir stjórn skólans. Margir foreldrar og kennarar vilja afnema heimanám, það síðasta sem eftir er af aldagamalli heimafræðslu.

Farkennsla varð algeng á Íslandi undir lok 19. aldar og í dreifðum byggðum fram á miðja 20. öld, en 1939 er enn þriðjungur sveitabarna í farskóla. Farskóli var millistig milli heimafræðslu og barnaskóla og hafði ekki sérstakt skólahús. Ráðnir voru kennarar til að kenna til skiptis á barnmörgum heimilum og hverfum. Börn hófu skólanám um 10 ára aldur, fram að því sinntu heimilin fræðslu og skyldu þau vera læs er þau hófu farskólagöngu, líkt og skólagöngu. Fastir skólar voru skyldugir til að kenna að minnsta kosti sex mánuði á ári, en farskólar að minnsta kosti tvo mánuði, á hverjum stað.

Í **Grindavík** var ráðinn kennari og komið á farskóla 1888 og kennt í 6 vikur í hverju hinna þriggja hverfa, að einhverju leyti með styrk úr Thorkilliisjóði. Síðan var skóli á einum stað, í húsnæði með templurum, frá árinu 1904.

Sá sem þetta skrifar er alinn upp í dreifbýli á Suðurlandi og hóf skólagöngu á 10. árið 1957. Það ár lagðist farskóli af í þeirri sveit, en skólaakstur komst á og voru þá öll börnin í hreppnum í sama skóla. Barnaskólaganga undirritaðs varði í 3 ár; 6 mánuði á ári og 3 daga í viku. Eldri og yngri deild mættu til skiptis, 3 daga í viku hvor. Aðeins var einn kennari, Kristín Skúladóttir (móðir Sigurðar dýralæknis), menntaður og reyndur kennari. Kristín kenndi 6 daga vikunnar, allar greinar nema heimilisfræði og íþróttir. Vel af sér vikið!

Það er sérstakt við þá dreifðu byggð, Vatnsleysustrandarhrepp, að þar var komið á föstum skóla mjög snemma. Samt var einnig kennt í vissum hverfum með farskólasniði og byggð til þess húsnæði, eins og skýrt verður frá síðar.

Heimildir m.a.: Wikipedia. Löggjöf um barnauppfærðing á Íslandi. Tímarit um uppeldi og kennslumál, 1. árg. 1888. Hildur Jónsdóttir: Farskólalahlald í Fellshreppi á fimmta áratug tuttugustu aldar. Sextíu ára afmæli barnafræðslunnar í Grindavík. Faxi nóv. 1948. Gunnar M. Magnúss. Saga alþýðumenntunar: Hvers konar skólar voru á Íslandi..? Vísindavefurinn.

11. þáttur: **Hvernig var hér suður með sjó árið 1872?** 16. mars

Skólinn í Vatnsleysustrandarhreppi, sem nú er Sveitarfélagið Vogar, er þriðji elsti barnaskóli landsins, hefur starfað samfellt í 150 ár, frá 1872, alla tíð í eigin húsnæði og stundum á 2 stöðum samtímis. Í Reykjavík reis skóli aðeins áratug fyrr, sem starfað hefur samfleytt.

150 ár eru u.þ.b. 6 kynslóðir. Hugsanlega hefur langalangalang-afi eða -amma lesendans verið meðal fyrstu nemenda skólans!

Það var öðruvísi um að litast hér fyrir 150 árum, aðrir lífshættir og ólíkar aðstæður. Hér var þéttbýlt á þess tíma mælikvarða, byggð með mestallri ströndinni frá Hvassahrauni að Vatnsnesi við Keflavík, ef Njarðvíkur eru taldar með. Hér var mikil arabátaútgerð vegna nálægðar við góð fiskimið og einnig gerð út þilskip (skútur) að sumarlagi á fjarlægari mið. Á útmánuðum flyktist vertíðarfólk hingað svo fólksfjöldinn gat tvöfaldast. Þjappað var í híbýlin og einnig búíð í verbúðum.

Farið var að byggja vegleg hús hér í sveit á þessum tíma. Þá þóttu steinlímd hús flottari en torfhús. Síðari hluta átjándu aldar og þá nítjándu stóðu Danir fyrir byggingu steinlímdra húsa, fyrst Viðeyjarstofu 1755, síðan Hóladómkirkju, Bessastaðastofu, Nesstofu, Stjórnarráðshúsins, Viðeyjarkirkju, Landakirkju, Bessastaðakirkju og dómkirkjuna í Reykjavík, allt laust fyrir 1800.

Hegningarhúsið við Skólavörðustíg var byggt 1871. Sama ár byggir Sverrir Runólfsson, fyrsti lærði íslenski steinmiðurinn, steinhús í Stóru-Vogum, líklega fyrsta steinhúsið í einkaeigu, sjá nánar á ferlir.is. Rúst þess stendur enn á lóð Stóru-Vogaskóla, börnum að leik, sjá mynd. Síðan voru byggð hér fleiri minni steinhús, m.a. útihús.




Timburhús voru unnvörpum byggð hér þegar mikið framboð varð af góðu timbri úr strandi seglskipsins Jamestown í Höfnum árið 1881, en það var fulllestað gæðatimbri. Í kjölfarið reis stærsta sveitakirkja landsins á Kálfatjörn 1893.

Margt breytist á 150 árum. Skólinn okkar var stofnaður tveimur árum áður en kóngurinn kom hingað með stjórnarskrá (sem við notum enn að nokkru leyti). Þarna eru líka harðindaár þegar margt fólk flúði land til Vesturheims, til að freista gæfunnar þar, þó líklega ekki margir úr okkar sveit.

Þó tíðarfar og afli væri misjafn á 19. öld eflidist efnahagur og íbúum fjölgaði. Þar réð miklu að margir bændur eignuðust jarðir sem áður höfðu verið eign kikjunnar og Viðeyjarklausturs og síðar konungs, svonefnt Viðeyjargóss. En efnahagur var afar misjafn og kann sú misskipting að hafa verið hvati þess að séra Stefán Thorarensen drífur í því að stofna hér skóla fyrir alla, en ekki síst þá sem minna máttu sín.

Þorvaldur Thoroddsen náttúrufræðingur (1855-1921), sem fór rannsóknarferðir um allt land, fór hér um 1884 og lýsir byggðinni þannig:



"Hverfi eða þorp eru hér alls staðar fram með sjónum og mjög mannmargt, enda er hér einhver hin mestu fiskiver á Íslandi. Bændur voru og margir efnaðir og byggingar hvergi jafngóðar á Íslandi: svo að segja eintóm timburhús, vel vönduð og útbúin, þó voru gamaldags kofar innan um á stöku stað. Þó nú útvegsbændur væru margir ágætlega vel efnaðir; þá var þó mikill fjöldi af blásnaudu fólki innan um og meiri munur á efnahag manna en víða annars staðar."

Aðalheimild: Grein Árna Daniels Júlíussonar: [Frumgerðir sjavarþorpa](http://Frumgerðir_sjavarþorpa). Einnig bók Hauks Aðalsteinssonar: *Út á brún og önnur mið*. Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar 2022. ferlir.is

12. þáttur: Vatnsleysustrandarhreppur sjávarþorp á 19. öld ? 23.mars

Hvers vegna voru stofnaðir skólar svo snemma í Vatnsleysustrandarhreppi og Garði? Menningarlegt atgervi og framsýni prestanna Stefáns Thorarensen á Kálfatjörn og Sigurðar Br. Sívertsen í Garði hefur ráðið miklu um það. Önnur mikilvæg ástæða, er vaxandi þéttbýli – en barnaskóli var einnig hvati þéttbýlismyndunar. Árið 1872 nær Vatnsleysustrandarhreppur einnig yfir Njarðvík. Íbúatalan fór vaxandi, nálgadist 1000, en það var rúmlega 1% landsmanna, sem voru þá um 70.000; en í dag búa tæp 0,4% landsmanna í Sveitarfélaginu Vogum.

Á árunum kringum 1830 ræddu frammámenn landsins um stofnun skóla að danskri fyrirmynd en niðurstaðan varð sú að hér væri of strjálbýlt til að safna börnunum í skóla, nema helst í Reykjavík. Umgangskennsla (farkennsla farandkennara) myndi henta betur í dreifðum byggðum. Árið 1830 var reyndar stofnaður skóli í Reykjavík, en þá voru þar 500 íbúar. Sá skóli hélt aðeins út í 18 ár. Við tók margra ára þjark á Alþingi sem lyktaði með lagasetningu um þann skóla í Reykjavík sem stofnaður var 1862 og starfar enn – um allan bæ!

Hér fiskaðist vel á grunnslóð á þessum tíma, áður en togveiðar komu til. Hér varð þéttbýlla en víða annars staðar, fjöldi íbúa var u.þ.b. 1000 þegar hreppnum var skipt og Njarðvík klofin frá árið 1889, af þeim voru um 200 í Njarðvík. Hér hafði myndast mjög langt og mjótt sjávarþorp með allri ströndinni!

Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur fjallar um það hvernig myndun sjávarþorpa og stofnun skóla á síðari hluta 19. aldar hangir saman, sjá áhugaverða grein hans í tímaritinu Vefni, [hér](#)


Árni segir þar m.a.: ”Var ástæðuna fyrir stofnun nýju skólanna að finna í vaxandi þéttbýli? Ef til vill má að hluta til rekja þörfina til þess en einnig má færa fyrir því rök að ein forsenda vaxandi þéttbýlis, eftir 1870 eða svo, hafi verið stofnun barnaskólanna. Sérstaklega á það við um þá sprengingu í stofnun sjávarþorpa sem varð vestanlands, norðan og austan upp úr 1880.

Sjávarþorp með barnaskóla var sennilega meira aðlaðandi í augum þeirra sem ætluðu að flytja úr sveitinni en sjávarþorp án barnaskóla. Stofnun barnaskóla gæti hafa verið mikilvæg forsenda þess að sjávarþorp varð lögmætur búsetumöguleiki á svæðum þar sem nær öll byggð hafði fram að því verið á bújörðum.

Stofnun barnaskólanna á Eyrarbakka, í Reykjavík, á Vatnsleysuströnd (Vatnsleysustrandarhreppur náði einnig yfir Njarðvík) og í Garði 1852–1873 er athyglisverður þáttur í umbreytingu og eins konar endurfæðingu hjáleigu- og þurrabúðahverfa sunnanlands á 19. öld. Þau ruddu brautina þegar kom að því að móta nýtt íslenskt búsetuform, sjávarþorpið. Aðrir þættir í þeirri umbreytingu voru meðal annars stóraukin framleiðsla, sérstaklega á saltfiski til útflutnings, föst búseta kaupmanna og iðnaðarmanna árið um kring eftir 1760, sala konungsjarða í Skálholts-, Hóla- og Viðeyjargóssum til einkaaðila um 1800 og almennt séð breyting á samfélaginu úr lénssamfélagi í kapitalískt samfélag.”

Árið 1703 var Vatnsleysustrandarhreppur samfélag útvegsbænda, hjáleigu- og þurrabúðarfólks, með 21 lögbýli og 64 hjáleigur. Flestar jarðirnar voru í eigu konungs og heyrðu undir Bessastaðagóssið, en höfðu upphaflega verið í eigu Viðeyjarklausturs sem konungur gerði upptækt um siðaskiptin. Á Bessastöðum var helsta bækistöð konungsvaldsins í landinu. Fáeinar jarðir voru þó í eigu kirkna. Þannig voru langflestir íbúar Vatnsleysustrandarhrepps leiguliðar uns kom fram á 19. öld og kóngurinn seldi jarðir sínar bændum. Þá batnaði hagur stærri bænda en hjáleigu- og þurrabúðarfólkið sat eftir. Þannig var ástatt þegar Stefán fékk fólk í lið með sér að stofna skóla.

Myndin sýnir Vatnsleysustrandarhrepp með Njarðvíkum, hið langa og mjóa sjávarþorp, lengd yfir 20 km!



Meiri upplýsingar úr fyrrnefndri grein Árna Daniéls Júlíussonar

Jarðabókin sýnir hér mjög eindregið lénsamfélag, sjálfspurftarsamfélag þar sem allir bændur voru leiguliðar konungs eða kirkju. Hjáleigubændur voru síðan undir lögbýlisbændurnar settir.

Árið 1785 ákvað (danska) stjórnin að selja þrjú stærstu og mikilvægustu jarðagóss í eigu ríkisins. Það voru jarðir Hólastóls, Skálholtsstóls og Viðeyjarklausturs. Á meðal eigna Skálholtsstóls voru allar jarðir á Eyrarbakka. Þær voru allar seldar og einnig allar þær jarðir á Vatnsleysuströnd sem áður höfðu heyrð undir Viðeyjarklaustur og síðan Bessastaði. **Flestar lögbýlisjarðir á Vatnsleysuströnd voru nú í höndum sjálfseignarbænda.** Allar jarðir, sem höfðu verið konungsjarðir, voru nú komnar í einkaeign. Skoðum nú hvenær jarðirnar á Vatnsleysuströnd voru seldar á tímabilinu 1786–1838 og þá var búið að selja allar jarðirnar.

Það sem er ef til vill allra athyglisverðast við alla þessa þróun er hversu góð tók stjórnvöld höfðu á því að breyta stefnu þjóðfélagsþróunarinnar á Íslandi og í Danmörku á síðari hluta 18. aldar. Það tókst raunverulega að koma þessum löndum á framfarabraut um 1785 með nokkuð friðsamlegum hætti.

Eins og tala má um landbúnaðarkapítalisma í Danmörku á tímabilinu 1785–1848 má tala um útgerðarkapítalisma á Vatnsleysuströnd. Enn voru róðrabátar, hjáleigur, torfbærir o.s.frv. við lýði. Annað var nýtt, allar jarðir voru í sjálfseign, þ.e. lögbýli, verslunin var frjáls og varð enn frjálsari árið 1854 þegar hún var að fullu gefin frjáls við útlönd.

Og nú var í uppsiglingu nokkuð nýtt: Það var búið að stofna barnaskóla á Eyrarbakka. Með því var enn einn steinninn kominn í þá hleðslu sem var **umbreyting hjáleigu- og þurrabúðarhverfanna sunnan- og vestanlands úr lénskum fátækragildrum í eina meginstöð íslensku framfaranna á 19. og 20. öld: Sjávarþorpið.**

Aðalheimild: Grein Árna Daniéls Júlíussonar: Frumgerðir sjávarþorpa.

13. þáttur: Skóli einnig stofnaður í Garði 1872 30.mars


Stofnaður var barnaskóli í Garði sama ár og í Vatnsleysustrandarhreppi, að frumkvæði séra Sigurðar Br. Sivertsen, prests að Útskálum. Lagði hann til og safnaði fé, og var strax byggt hús í Gerðum. Var skólinn vígður 7. okt. 1872, starfaði þann fyrsta vetur til 7. maí með 15 – 18 nemendum, 8 – 14 ára. Var næstu ár kennt kl. 10 – 15 sex daga vikunnar, frá 1. okt. til 1. apríl, líkt og í Vatnsleysustrandarhreppi. Nemendur voru á bilinu 25 - 45 flest árin fram undir miðja 20. öld. Stundum var aðeins einn kennari og öllum kennt í einum hópi en oft var aðstoðarkennari og kennt í tveimur deildum, eftir aldri og þroska.

Flest fyrstu árin var góður kennari, Þorgrímur Þórðarson, 22 ára er hann hóf störf, með reynslu frá Eyrarbakka, en svo voru um tíma lítt hæfir kennarar. Kaupið var um 70 kr á mánuði, auk svefnherbergis í skólahúsinu og aðstöðu til að stunda sjóróðra, sem var góður kaupauki á vorin þegar vel aflaðist.

Fyrsta skólahúsið reyndist ekki vel. Það var byggt í fjörunni, flaut sjór umhverfis og jafnvel inn í það, olli skemmdum og var oft hættulegt fyrir börnin að leika sér úti. Húsið var kalt og dimmt og illa búið og hóstandi kennarar og nemendur kvörtuðu oft um kulda og reyk. Þannig var ástandið fyrstu 15 árin þar til 1887 að skólinn var fluttur í tvö leiguherbergi í Miðhúsum og starfaði þar næstu þrjú árin við betri skilyrði. Fékk skólinn þá ný borð og bekkí, veggjöflur og ýmisleg áhöld, svo sem tellúrium, veggkort og myndir. Haustið 1880 flutti skólinn í eigið húsnæði að Útskálum, þar sem aðstaða var mun betri, síðan í sérbyggt skólahús 1910, sem er elsti hluti núverandi húss.

Árið 1887 kom merkur skólamaður til starfa í Gerðaskóla, **Ögmundur Sigurðsson**, og kenndi til 1896 nema eitt skólaár, 1891 – 1892, þegar hann var í kennaraskóla í Chicaco, líklega fyrstur íslenskra skólamanna til að stunda nám í Bandaríkjunum. Áður hafði hann stundað kennaranám í Kaupmannahöfn.

Ögmundur mótaði starf skólans til frambúðar og tók kennsluna föstum tókum. Hann tók fyrir það að foreldrar tækju börnin úr skólanum þegar hentaði að hafa þau í vinnu heima, sem hafði oft valdið ruglingi og erfiðleikum fyrir kennarann. Veturinn 1889 – 1890 var 41 barn í skólanum, í 2 deildum. Kennslutími var 6



Gamli barnaskólinn í Garðinum stofnaður 1872. Teikning Jóhann Jónsson

mánuðir; engum nemanda var veitt móttaka eftir 2. október og engum gefið burtfararleyfi allan skólatímann. Við skólann voru 2 kennarar og auk þess tímakennari í söng. Kennslugreinir voru lestur, bifliúsögur, kver, landafræði, skrift og rjettritun í báðum deildum, og náttúrusaga og íslenska í efri deild. Söngur var kenndur í báðum deildum. Kristin fræði voru fyrirferðarmikil í námsefni skólans og vildi Ögmundur auka vægi vísindagreina sem hann taldi notadrygri. Hann var ekki mikið fyrir vitnisburðarbækur og einkunnagjöf.

Skólinn naut styrkja úr Thorhillisjóði fyrir fátæk heimili. Það voru t.d. 7 börn árið 1909, fengu 20 kr. hvert. Aðrir foreldrar greiddu skólagjöld, sem gátu fyrir árið numið vikulaunum heimilisföður.

Bjarni Jónsson tók við af Ögmundi 1896 og var aðalkennarinn næstu 5 ár. Hann var mikið fyrir söng og bænir, spilaði á fiðlu og lét börnin syngja. Skyldi skólinn vera kristilegur og þjóðlegur. Síðan tóku við ung hjón, Matthildur Finnsdóttir og Einar Magnússon, og báru uppi skólastarf og héraðsmenningu í meira en fjóra áratugi, allt frá aldamótum og fram í seinna stríð.

Það að tveir prestar í nálægum prestaköllum, Stefán Thorarensen og Sigurður Br. Sívertsen, skuli stofna barnaskóla sama haustið, bendir til tengsla milli þeirra. Gat það verið **skyldleiki**? Ég bar það undir Magnús Óskar Ingvarsson ættfræðigrúskara (árið 2015) og ekki stóð á svörum:

"Amma þeirra systra, Rannveigar og Steinunnar hét Steinunn Helgadóttir, 1770 - 1857. Fyrri maður hennar var Guðmundur Þórðarson 1766 - 1803. Dóttir þeirra var Guðrún Guðmundsdóttir 1800 - 1866. Hennar maður var Sigurður Sívertsen (Bjarnason) 1787 - 1866. Þau voru foreldrar systranna.

Seinni maður Steinunnar Helgadóttur var Brynjólfur Sívertsen 1767 - 1837. Hann var dómkirkjuprestur í Reykjavík, síðar pr. Holti undir Eyjafjöllum, síðar pr. Útskálum. Þau voru foreldrar Sigurðar B. Sívertsens 1808 - 1887, prests á Útskálum. Þannig að systurnar, eiginkonur Stefáns á Kálfatjörn voru (hálf)systurdætur Sigurðar B. Sívertsens.

Merkilegt samt að skyldleikinn er alveg óháður Sívertsen-nafninu. Þeir Sigurður B. Sívertsen og Sigurður Sívertsen faðir systranna voru ekki skyldir (nema þá mjög lítið)."

Hjörtur Kristjánsson svarar (á facebook): "Þeir Stefán á Kálfatjörn og Sigurður á Útskálum voru líka náskyldir ef ég ættgreini rétt. Þeir voru tví- og þremmingar. Sigurður Sigurðsson 1718-1780 og Helga Brynjólfsdóttir 1728-1784, frá Hlíðarenda í Fljótshlíð, voru afi og amma Sigurðar á Útskálum og lang-afi/amma Stefáns á Kálfatjörn."

Magnús Óskar Ingvarsson: "**Sem sagt mikill skyldleiki á alla vegu á milli Útskála og Kálfatjarnar á þessum tíma, Sigurður B Sívertsen náfrændi Stefáns og beggja eiginkvenna hans....**"

Sigurður B. Sívertsen (f. 2. nóvember 1808 í Seli í Reykjavík, d. 24. maí 1887 á Útskálum í Garði) var prestur á Útskálum. Hann var sonur hjónanna Brynjólfs Sívertsens (Sigurðssonar) prests á Útskálum (áður dómkirkjuprests í Reykjavík og prests í Holti undir Eyjafjöllum) og Steinunnar Helgadóttur konu hans. Sigurður var vígður aðstoðarprestur föður síns með konungsundanþágu vegna aldurs þann 18. september 1831. Hann bjó á Gufuskálum í Leiru 1833 en tók við Útskálum af föður sínum 1. mars 1837 og var prestur þar til ársins 1886, þá orðinn blindur. Kona hans var Helga Helgadóttir (1809 - 1882) og komust 3 barna þeirra upp. Hálfbróðir Sigurðar var Helgi G. Thordersen biskup, en þeir voru sammæðra.

Séra Sigurður var mikill og góður búmaður og hlaut verðlaun bæði frá Búnaðarfélagi Suðuramts og frá danska landbúnaðarfélaginu. Hann var forgöngumaður um stofnun barnaskóla í Garði, sem hefur starfað þar óslitið frá árinu 1872. Hann varð riddari af Dannebrog árið 1874. Sigurður var ötull og vel metinn og góður kennimaður. Hann stundaði ritstörf alla tíð á meðan hann hélt sjón og eftir að hann varð blindur lét hann skrifa fyrir sig. Eftir hann liggja æviminningar, greinar í blöðum, Suðurnesjaannáll og Bæjaannáll í Útskálaprestakalli auk fleiri rita sem ekki hafa verið gefin út.

Heimildir:

Gerðaskóli í 130 ár 1872 – 2002, eftir Einar Georg Einarsson, bók m.a. hugsuð sem kennslubók fyrir nemendur skólans, bæði með fröðleik, myndum og verkefnum. Að vissu leyti saga Garðsins. Magnús Óskar Ingvarsson: Samtöl og samskipti á facebook um skyldleika prestanna, einnig Hjörtur Kristjánsson á facebook. [Wikipedia um Sigurð B. Sívertsen](#).

Grein Ögmundar: *Um skóla á Suðurnesjum*. *Tímarit um uppeldi og menntamál* 3. árg. 1990, bls. 87-98.

14. þáttur: **Ögmundur Sigurðsson, merkur skólamaður** 6. apríl


Í síðasta þætti sagði m.a. frá **Ögmundi Sigurðssyni**, sem kenndi tæpan áratug við Gerðaskóla. Hann var merkur fyrir margra hluta sakir og verður því sagt meira af honum og birt mynd af honum hér.

Ögmundur fæddist í Ölfusi 1859. Hann gekk í Möðruvallaskóla 1880 – 1882, fyrstu árin sem sá gagnfræðiskóli starfaði og var þar nemandi **Þorvaldar Thoroddsen**. Þremur árum síðar fór hann til náms við Kennaraskólann í Kaupmannahöfn og lauk þaðan kennaraprófi, einn af fyrstu Íslendingunum. Síðar var hann eitt ár við kennaranám í Chicago.



Líklegt er að kennslan sem Ögmundur naut í Möðruvallaskóla hafi mótað viðhorf hans til náms og kennslu. Þorvaldur Thoroddsen lýsir þeirri kennslu þannig: „Kensluna reyndum við að gera eins praktiska eins og hægt var og sníða hana eftir þörfum nemenda, sem voru mjög mismunandi að aldri og þroska fyrstu árin. Hjer voru kennarar miklu betur settir en í Reykjavík, miklu meiri persónuleg kynning milli pílta og kennara, flestir höfðu mikinn áhuga á náminu, og langaði til að fræðast um ýmislegt, og lærðu þeir sumir eflaust alt eins mikið utan tíma með samtali við kennara eins og í sjálfum kenslustundunum.“

Ljóst má vera að Ögmundur Sigurðsson hefur þarna notið góðrar menntunar hjá rektorinum Jóni A. Hjaltalín, guðfræðingi sem síðar varð bókavörður í Edinborg, Þorvaldi, og síðara árið einnig Þórði bróður Þorvaldar, sem var læknir og stærðfræðingur. Mynd af Þorvaldi.→



Ögmundur gerðist samstarfsmaður Þorvaldar Thoroddsen við hans víðkunnu landafræði- og jarðfræðirannsóknir strax sumarið eftir útskrift úr Möðruvallaskóla. Í fjórtán sumur, á árunum 1882 til 1896, var hann fylgdarmaður og hjálparhella hans í vísindaferðum um landið. Það kemur fram í skrifum Þorvaldar hve mikls hann mat Ögmund. Eftir að þeim ferðalögum lauk var Ögmundur fenginn til fylgdar ýmsum vísindamönnum sem rannsökuðu landið, til að mynda Helga Pjeturss, Paul Hermann og Walter von Knebel. Var hann á tímabili sá Íslendingur sem mest hafði ferðast um landið.

Árið 1887 réðist Ögmundur sem skólastjóri að barnaskólanum í Garði, eins og áður var lýst. Árið 1896 réðist hann að Gagnfræðaskólanum Flensborg í Hafnarfirði, fyrst sem kennari til 1908 – á þeim tíma sem Flesnborg var m.a. kennaraskóli. Síðan var hann þar skólastjóri, þar til hann lauk störfum árið 1930.

Ögmundur, Jón Þórarinsson og Jóhannes Sigfússon stofnuðu árið 1888 *Tímarit um uppeldi og menntamál* og kom það út í 5 ár. Hann átti einnig þátt í að stofna *Hið íslenska kennarafélag* 1889.

Ögmundur Sigurðsson var fágaður í fasi og vandaði málfar sitt án skruðmælgis. Hversdagslegustu viðburðir urðu honum söguefni sem gott reyndist á að hlýða. Honum veittist auðvelt að fá menn til samræðna, jafnvel feimna sveitastráka. Nemendur báru fyrir honum virðingu, vildu ógjarnan reynast honum andsnúnir. Þyrfti Ögmundur að blanda sér í mál gerðist það með tvenns konar hætti: djúpri þögn eða þykkjulausu samtali, engu líkara en tveir jafningjar ræddust þá við.

Næsti þáttur byggir á grein sem Ögmundur skrifaði í tímarit sitt 1890, um skóla á Suðurnesjum.

Heimild:

Grein Egerts Lárussonar og Meyvants Þórólfssonar **um Ögmund Sigurðsson**, menntun hans og kennsluaðferðir, í tímaritinu **Netlu**, <https://skemman.is/bitstream/1946/7824/1/008.pdf>

15. þáttur: **Skólar á Suðurnesjum 1890** 13. apríl

Í síðasta þætti var sagt frá Ögmundi Sigurðssyni sem var aðalkennari Gerðaskóla í 8 ár og lengi fylgdarmaður Þorvaldar Thoroddsen, en lengstum kennari og skólastjóri Flensborgarskóla.

Ögmundur stofnaði 1880, ásamt tveimur öðrum *Timarit um uppeldi og menntamál*. Í 3. árgang, 1890, skrifar Ögmundur um skóla á Suðurnesjum. Á þeim tíma er hann kennari í Garðinum og hefur átt þess kost að kynnst skólunum þar í grennd. Hann lýsir byggðunum og skólunum í stuttu máli þannig (mikið styt):

Vatnsleysuströnd með Vogum, nokkuð löng strandlengja suður að Vogastapa; þar er margt fólk. Í þessu byggðarlagi er einn skóli, sem allir geta sótt af Ströndinni og úr Vogunum. Skólinn komst á stofn fyrir forgöngu sjera Stefáns Thorarensen á Kálfatjörn. Þjó hann svo um, að fjárhagur skólans mun vera svo góður, að enginn barnaskóli hjer syðra mun hafa eins góð efni. Skólinn á allvænt hús og jörð, sem kennarinn hefur til ábúðar.

Njarðvíkur eru í tvennu lagi: Innra- og Ytrahverfi. Höfðu upphaflega aðgang að skólanum á Ströndinni, en síðustu ár hefur verið skóli í Innrahverfinu, sóttur úr báðum hverfunum.

Keflavík er kaupstaður og allmikil byggð; þar hefur suma vetur verið skóli, en stundum hefur hann lagzt niður, þrátt fyrir að þar sje all mannmargt og mjög hægt að sækja skóla. Síðastliðinn vetur var haldinn barnaskóli í 6 mánuði með 23 börn á ýmsu reki, skipt í 2 deildir. Skólinn á enn ekkert húsnæði, en handa honum var leigt «Good-Templarshúsið», í alla staði ágætt húsnæði. Áhöld átti skólinn engin, en kennarinn átti landabryjef og hnött.

Fyrir utan Hólmsberg kemur dálítill byggð, sem heitir **Leira**; þar er þjettbýlt og nokkuð mannmargt. Þar hefur skóli verið haldinn í 2 ár, í 3-4 mánuði. (Myndin er af skólahúsi sem byggt var að Nýlendu í Leiru 1910 og var 43 m².)



Þar fyrir utan er **Garðurinn**, mannmörg byggð og þjettbyggð. Þar hefur skóli verið í 18 ár; til þessa skóla gætu líka með hægu móti sótt börn úr Kirkjubólshverfi; sú byggð er á sunnanverðum Garðskaga. Sagt var ítarlega frá þessum skóla í 13. þætti.

Þar fyrir sunnan kemur **Miðnes**, strandlengja allt suður að Stafnesi; þar hefur umgangsskóli verið hafður í nokkur ár, því byggðin er svo löng að þar geta öll börn tæplega sótt einn skóla. Kennt er á 2 stöðum, 2-4 mánuði á hvorum stað. Fjárhagur skólans er þannig: útgjöldin eru laun kennarans, 285 kr., húsaleiga 18 kr.; kol og fl. 10. kr., samtals 313 kr. Tekjurnar: 45 kr. úr landssjóði; styrkur úr Thorelliisjóði handa 4 börnum, 20 kr. með hverju = 80 kr. Þær 188 kr. sem á vantar er skipt niður á þá, sem sendu börnin á skólann, rúmar 8 kr á hvert barn. Sveitin styður ekkert þessa stofnun sína.

Milli Stafness og Reykjaness, fyrir sunnan fjörð, sem nefnist Ósar, er byggð allmikil, sem nefnist **Hafnir**. Þar eru þjettir bæir og margt fólk, svo vel gætu öll börn sótt þar að skóla. Þar hefur verið haldinn skóli að nafninu til í nokkra vetur, um 4 mánuði, í mjög óhentugu húsi, í mjög þröngum baðstofuenda sem kennarinn hefur lagt til, svo þröngum að börnin hafa eigi getað skrifað öll í einu og tæplega getað öll haft sæti, nema með því að troðast hvert ofan á annað. Það lítur þó svo út, sem Hafnamenn standi betur að vígi en almennt gerist, að því, að geta byggt sjer skólahús. Þar hefur í mörg ár verið sannkölluð timburnáma, síðan hið mikla timburskip strandaði þar. Þaðan er enn þá selt drjúgum timbur, og miklu timbri er brennt árlega af strandi þessu. Af öllum þessum við, sem mátti fá fyrir svo ákaflega lítið verð, hefur sveit þessi eigi varið svo miklu til sameiginlegra þarfa, sem að koma sjer upp húsi, er notað yrði til skóla og opinberra fundarhalda. Í vetur voru á skóla þessum 10 börn. Kennari var Magnús Jónsson, gamall maður sem gekk í latínuskólann. Laun hans eru lítil.


Á austanverðu Reykjanesi er **Grindavík**, þar hefur verið umgangskennsla 2 síðustu vetur. Þar gætu öll börn sótt skóla.

Ögmundur dæmir þessa skóla hart, segir m.a. bls. 92: „Kristindómskennslan og lesturinn, sem áður var eingöngu verk heimilanna, hefur verið falið þessum skólum, og reikning og skript bætt við. Þeir virðast eingöngu vera til þess að losa heimilin við alla kennslu, en veita þó ekki eins mikla fræðslu og meðal heimili með meðal ástundun. Það er engin rækt lögð við þá; börnunum líður illa, hafa ekki gott lopt og er stundum kalt, en fá kannske þá hugmynd að leikslokum, að þau sjeu nokkuð vel að sjer, af því að þau hafa gengið á skóla.“

Heimildir. Skólar á Suðurnesjum: Gerðaskóli. Faxi 2. tbl. 1989. Ögmundur Sigurðsson, Um skóla á Suðurnesjum. Timarit um uppeldi og menntamál 3. árg. 1990, bls. 87-98.

16. þáttur: **Fyrsti vetur skólans á Vatnsleysuströnd** 20. apr.

Þegar skólinn hafði starfað hálfan vetur birtist svohljóðandi grein eftir fyrsta kennara skólans, **Oddgeir Guðmundsen**, í Þjóðólfi 21. janúar 1973.



„Með því að eg hefi orðið þess vís, að allflestum utan þessa hrepps er ókunnugt um stofnun þessa, gef eg hérmeð þessar fáorðu upplýsingar.

Uptök skólans eru þessi: Prestrinn síra St. Thorarensen lét ganga boðsbréf um sóknir sínar haustið 1870 um samskot til barnaskóla; gáfust þá innan sóknanna loforð um nálega 700 rd. á einni viku. Árið 1871 var tekið megnið af timbrinu til skólans, en byggingunni var frestað til næsta árs, sökum þess að nokkra máttarviði vantaði til hússins, er þá fengust hvergi. Sama ár (1871) var keyptr jarðarpartr í Brunnastaðahverfi, undir skólann til ábúðar fyrir skólahlaldara (framvegis). Sumarið 1872 var húsið byggt af smiðum, er allir eiga heima í hreppnum; það er 10 álnir á breidd, 14 álnir á lengd og 5 áln. rúmar undir loft; sakir vanefna er húsið hvergi nærri fullbyggt; kenslustofan er í öðrum enda hússins, og nær yfir það þvert (10 áln. á lengd og hérum 7 áln. á breidd); í hinum endanum eru tvö herbergi fyrir kennarann; eldhús er í skólanum með eldavel; uppi á lopti er stórt herbergi, einkum ætlað Thorchilliibörnum, og fyrir setulopt sér í lagi, þá börnum er kend handvinna; að öðru leyti er annað óbyggt uppi, en í áformi að gjöra í öðrum enda kenslustofu, ef þörf gjörist síðar meir. Efnahagr skólans er bágr mjög; til þessa dags hafa honum gefizt hérum 1000 rd. (hafa utanhreppsmenn gefið allt að 200 rd.), en fyrir húsasmíðið, jarðarþau og annan kostnað er skólinn í skuld, um allt að 1000 rd. Skólanum er nú sem stendr stjórnað af nefnd í hreppnum; prestur er forseti þessarar nefndar við fimta mann. Á almennum hreppsfundi hefir verið samþykkt reglugjörð fyrir skólann; er svo til ætlað, að í skólanum sé kent bæði ófermdum börnum (lestur, lærdómskver, biblíusögur, skrift, reikningr), og að einnig gefist fermdum unglingum færi á að nema þar (skrift, réttitun, reikning, dönsku, ensku, landafræði o. s. frv.), tvær stundir á dag eftir það að hinni almennu kenslu er lokið, sem varir fjórar stundir á dag; þar er og ákveðið, að kenna skuli handvinnu stúlkubörnum.

Fundrinn nefndi skóla þenna: «Thorchilliibarnaskóla í Vatnsleysustrandarhreppi», því að svo er til ætlað, að öll þau börn í hreppnum, er njóta styrks af Thorchillisjóði, verði framvegis heimilisföst fóstrbörn skólans; sömuleiðis skal utansveitarbörnum ekki neitað um legurúm á skólanum meðan rúm leyfist, og þeim gefinn kostur á kenslu fyrir sama verð og börnum innanhrepps. Í vetr hafa 22 börn verið á almennri kenslu og 8 unglingar á sérstakri kenslu. Til þessa hafa verið 10 börn heimilisföst í skólanum að meðtöldum Thorchillisjóðs-börnunum, auk kennara og stúlku, sem matreiðir, gætir barnanna, o. s. frv. Þess konar stofnun er hér mjög nauðsynleg og alveg ómissandi, því að uppfræðsla í heimahúsum er hér yfir höfuð mjög svo vanrækt; það hafa sýnt þau börn, sem eg hefi fengizt við í vetr. Það eru því öll líkindi til að þessi skóli lifi og dafni; annars vegar krefr nauðsynin þess; hins vegar er hér nægr krafr til að styðja þetta lofsverða og fagra áform.

Brunnastöðum, 13. Janúar 1873. Oddg. Guðmundsen.”

Oddgeir var þarna nýútskrifaður guðfræðistúdent. Hann kenndi hér aðeins einn vetur, en varð síðan prestur, lengst í Vestmannaeyjum 1889 - 1924 og sinnti þar einnig kennslu, skólastjórn og sveitarstjórnar- og velferðarmálum. Myndin er af Oddgeir á starfsárum hans í Vestmannaeyjum.

Sr. Stefán Thorarensen, frumkvöðull barnaskólastofnunarinnar, veitti henni forstöðu fyrstu 15 árin. Hann réð flest árin unga vel ættaða guðfræðinga og verðandi presta sem kennara, sem margir voru þá of ungir til að mega vígjast til prests. Sjálfur hafði Stefán alla þræði í hendi sér, sem formaður skólanefndar.

Heimildir: Oddgeir Guðmundsen, grein í Þjóðólfi 21. janúar 1973. Grein um Oddgeir Þórðarson Guðmundsen á vefnum Heimaslóð.

17. þáttur: **Fyrstu kennararnir – ungir menn á uppleið** 27. apríl

Síðasti þáttur var helgaður **Oddgeir Guðmundsen**, fyrsta kennaranum við skólann, veturinn 1872-1873,

Næstu tvo vetur, 1873 -'75, kenndi **Þórður Grímsson** (f.1841, d.1881) Steinólfssonar úr Reykholtssdal. Þórður kenndi eftir það á nokkrum stöðum. Hann var um tíma skrifari hjá Jóni Thoroddsen, skáldi og sýslumanni á Leirá, skrifað upp kvæði fyrir hann og hluta *Manns og konu* að höfundinum látnum 1868. Eldri bróðir Þórðar var Magnús Grímsson (1825 – 1869) prestur á Mosfelli, skáld, rithöfundur, þjóðsagnasafnari og hugvitsmaður.

Daníel (f.1843) og **Svanborg** (f.1838) Grímsbörn voru systkini Þórðar. Þau bjuggu á skólalofninu fyrstu starfsárin, lögðu í ofninn, önnuðust húsið og Thorkilliibörninn. Svanborg var þá ekkja með ungan son með sér. Hún var húsmóðir skólans og handavinnukennari, og Daníel aðstoðaði að auki við kennslu. Hann giftist 1878, fluttu hjónin til Ameríku 1885 og eiga þar afkomendur.

Þriðji kennarinn í röðinni var frændi séra Stefáns, **Stefán M. Jónsson**, þá 23 ára guðfræðingur. (Sjá mynd.) Hann kenndi veturinn 1875-76 og vann sér ást og virðingu allra barnanna og vandamanna þeirra, að sögn séra Stefáns.

Hér verður gripið niður í grein Jóns Eyþórssonar, í **Húnavöku 1987**:


„Fullu nafni hét hann Stefán Magnús Jónsson og var fæddur í Reykjavík 18. dag janúarmánaðar 1852. Foreldrar hans voru hjónin Jón Eiríksson landfógetaskrifari og Hólmfríður Bjarnadóttir Thorarensen, bæði af traustum bænda- og prestaættum. Til dæmis var afabróðir hans „þjóðkunnur guðfræðingur, Magnús Eiríksson (1806-1881), er ól mest allan aldur sinn í Danmörku og lét þar mjög til sín taka....“

Stefán lauk námi frá Latínuskólanum 1873. „Af kennurum skólans hafði hann mest persónuleg kynni við Pétur Guðjohnsen söngkennara, sem hafði hinar mestu mætur á Stefáni fyrir sönghæfni hans og tónlistargáfu. Stefán lærði á fiölu og orgel á skólaárunum og fékkst nokkuð við tónsmíðar alla ævi. Stefán lauk guðfræðinámi í Prestaskólanum vorið 1875. Um þessar mundir máttu prestar eigi vera yngri en 25 ára til þess að hljóta prestsvígslu. Stefán skorti tvö ár í þann aldur. Næsta vetur tókst hann því á hendur **kennslu í barnaskóla á Vatnsleysuströnd**. Þar var þá mikil búsæld, enda réðust ekki mörg sveitahéruð í slíkan kostnað um þær mundir. Þá var séra Stefán Thorarensen Sigurðsson (1831-1892) prestur á Kálfatjörn, og var Stefán Magnús á vist með honum. Hólmfríður, móðir hans, og séra Stefán Thorarensen voru þremmenningar að frændsemi. Fór hið besta á með þeim frændum, enda voru báðir söngmenn góðir og unnu tónlist. Vorið eftir sótti Stefán M. Jónsson um aldursleyfi til prestsvígslu og jafnframt um Bergsstaðaprestakall í Húnavatnssýslu, að ráði Péturs biskups. Hvort tveggja var veitt, og vígði biskup hann til kallsins 21. maí 1876.

Séra Stefán M. var manna glæsilegastur að vallarsýn, hár og grannur, fríður sýnum og vel eygður, virðulegur og þó jafnframt alúðlegur í viðmóti. Með komu hans varð gerbreyting á kirkjusöng í sókninni. Hann kenndi fólki nýju sálmalögin, en grallarinn hvarf úr sögunni.“

Var Stefán svo 10 ár að Bergstöðum uns hann tók við Auðkúlu í Svínavatnshreppi 1886 og var þar prófastur.

Ólafur Rósenkranz var fjórði kennarinn, kenndi veturinn 1876 -77. Hann fæddist 1852 í Miðfelli í Þingvallasveit. Hann var bróðursonur Jóns Guðmundssonar, ritstjóra Þjóðólfs, og ólst upp hjá honum. Hann varð stúdent 1874, rúmu ári áður en hóf kennslu við Thorchilliibarnaskólann. Hann réðst eftir það til Lærða skólans í Reykjavík sem leikfímikennari og gegndi því starfi ásamt öðru í 32 ár. Ólafur hefur verið mikill dugnaðarmaður og kom víða við. Hann var brautryðjandi nútíma íþróttá á Íslandi. Árið 1895 var hér skoskur maður að kynna nýja íþróttagrein, fótbolta. Skotanum tókst að vekja áhuga Ólafs Rósenkranz og hélt hann áfram að kenna fótbolta suður á Melum eftir að Skotinn fór heim, og varð heiðursfélagi Fram og KR. Ólafur varð bindindismaður, stórtemplar 1891 -'97, ritstjóri Good-teplar 1897 -'99, tók þátt í að stofna tvær stúkur 1885, Dagrenningu í Reykjavík og Morgunstjörnuna í Hafnarfirði, en sú stúka byggði Gúttó í Hafnarfirði árið eftir. Ólafur hélt, ásamt öðrum, bindindisfyrirlestra fyrir almenning. Hann var slökkviliðsstjóri 1881 -'85, biskupsritari 1891 - 1908, var lengi bókhaldari hjá Ísafoldarprentsmiðju og ritstjóri Ísafoldar í forföllum, og háskólaritari 1917 til dauðadags 1929.




Meðal **heimilda** er grein í Húnavöku 1987; Saga alþýðufræðslunnar; Kennaratal; greinar í tímaritinu Faxe 1982 og 1990. Minning Ólafs Rósenkranz í Templar 1929. Auglýsing í Þjóðólfi 1873. Einnig Ættarskráin Genealogy.com.

18. þáttur: Kennarar um aldamótin 1900 4. maí

Í tveimur síðustu þáttum var sagt frá 5 fyrstu kennurunum við Thorkilliibarnaskólann í Vatnsleysstrandarhreppi (í daglegu tali nefndur Suðurkotskóli) og hvað um þá varð er þeir hurfu til annarra starfa. Þeir stoppuðu stutt við skólann, kenndu aðeins 1 eða 2 vetur hver. Hér segir frá þeim næstu, sem flestir stoppuðu lengur við.

Fimmti kennarinn var Skagfirðingurinn **Pétur Pétursson** (f.1842, mynd), kenndi hér í 6 ár, 1877-'83. Hann hafði stundað verslunarnám í Kaupmannahöfn og lokið prófi 1867, og hafði kennt í Háskóla í Innri-Njarðvík veturinn 1876 – '77. Náði hann vel til bæði nemenda og foreldra, náði mjög góðum árangri, að sögn séra Stefáns Thorarensen í skýrslu um skólann. Pétur varð síðar bókhaldari, lögregluþjónn og loks bæjargjaldkeri í Reykjavík 1891 - 1907. Pétur var faðir Helga Pjeturs, náttúrufræðings og heimspekings (f.1872), en eiginkona Péturs og móðir Helga var Anna Sigríður Vigfúsdóttir Thorarensen, píanókennari og frænka sr. Stefáns Thorarensen. Helgi lauk doktorsprófi í jarðfræði 1905, fyrstur Íslendinga og varð landsfrægur, setti m.a. fram sérstakar kenningar um framhaldslíf á öðrum hnöttum.



Steingrímur Scheving (f.1859) var kennari 1883-'84. Hann var prestlærður og vel látinn gáfumaður. Faðir hans, Sveinbjörn Hallgrímsson, var aðstoðarprestur á Kálfatjörn um 1850 og bjó þá í Halakoti, en varð síðar fyrsti ritstjóri Þjóðólfs og Ingólfs, og þjóðfundarmaður, og að endingu prestur í Eyjafirði. Móðir hans var Guðrún dóttir Egils ríka í Innri-Njarðvík. Steingrímur varð um tíma geðbillaður, að sögn Ágústs í Halakoti sem var nemandi í skólanum á þessum árum. Hann flutti síðar til Ameríku.

Guðmundur Þorsteinsson var hér kennari 1884-'86, ættaður frá Haugi í Flóa, prýðilegur kennari og gáfumaður. Hann fluttist síðan til Ameríku 1885, bjó þar á Gimli, Nýja Íslandi og stundaði lækningar, að sögn Ágústs.


Guðni Felixson mun hafa kennt við skólann 1884-'85 og **Snæbjörn Jónsson** 1885-'86, líklega farandkennarar í barnmörgum hverfum, en það skortir heimildir um þá tvo.

Sigurjón Jónsson (mynd) var Rangæingur, f.1848. Var hann kennari við Suðurkotskóla 1886-'98, samfellt í 12 ár, svo lengi sem hann lifði. Hann var að auki trésmiður og sóknarnefndarmaður og bjó í Minni-Vogum. Hann átti ríkan þátt í smíði núverandi kirkju að Kálfatjörn. Hann var einn af stofnendum stúkunnar Díönu 1896.




Árni Theódór Pétursson (mynd) var kennari 1889-'91, aftur 1897-'98, og skólastjóri 1910-'20 og nokkur ár oddviti. Hann fæddist í Nýjabæ í Vogum 1871, bjó um tíma í Hvammi ásamt konu sinni, Önnu Daniélsdóttur frá Nýlendu, en reif Hvamm og flutti húsið að Háabæ 1921. Það ár hætti hann bæði sem oddviti og kennari, bjó í Háabæ í 5 ár og stundaði sjó, skildi þá við konuna og flutti til Hafnarfjarðar.

Árni var heimiliskennari að Kálfatjörn 1885-'89 og hélt einkaskóla í Vogum 1891-'97. Hann var kennari í Miðneshreppi 1898-1908 og í Njarðvík 1908-'10. Hann hafði ekki kennarapróf, en góð meðmæli frá fyrrgreindum stöðum, þegar hann var ráðinn hér skólastjóri / kennari 1910. Hann gengdi því starfi í áratug og segir frá því síðar. Hann sagði til börnum og unglungum flesta vetur til 1951.



Jón Gestur Breiðfjörð (mynd) kenndi 1898-1903. Hann var fæddur 1875, sonur Jóns J. Breiðfjörð hreppstjóra og útgerðarmanns á Efri-Brunnastöðum. Jón Gestur lauk námi við Lærða skólann í Reykjavík 1893 og kenndi síðan í hreppnum, fyrst í Norðurkoti, svo í Suðurkoti, þar til hann lést 27. apríl 1903, öllum harmdauði. Jón Gestur Benediktsson í Suðurkoti, Vogum, hét eftir honum.



Guðmundur Guðmundsson í Landakoti, sonur Guðmundar Brandssonar alþingis- og þjóðfundarmanns, var organisti í Kálfatjarnarkirkju í 40 ár og kenndi á orgel og söng við skólann frá upphafi. Hann stofnaði stúkuna Díönu, ásamt Lárusi hómópata og fleirum, og var laginn við lækningar.

Þegar séra Stefán Thorarensen lét af prestskap og skólanefndarformennsku sumarið 1886, tók við hvoru tveggja séra **Árni Þorsteinsson** (f.1851, mynd). Hann var formaður skólanefndar til 1910 og prestur til

dánardags 1919. Hann tók við því amstri Stefáns að afla styrkja, skrifa skýrslur og ráða kennara, í samráði við oddvita. Auk þess kenndi Árni söng og leikfimi og í nokkur ár almenna kennslu í Norðurkotskóla. Hann var síðasti presturinn sem bjó á Kálfatjörn. Lengi vel var enginn titlaður skólastjóri við skólann, en frá 1884 eru oftast **tveir kennarar að störfum samtímis**, enda er þá farið að kenna á tveimur stöðum, í Þórustaða- og Kálfatjarnarhverfi, auk Suðurkots, og síðar á Vatnsleysu. Segir frá því í næsta þætti.



Heimildir: Greinar í Faxe 1979, [1982](#) og [1990](#) ; bók Guðm.Björgvin [bls.412](#) líka 306; [bók Ágústis í Halakoti](#); [althingi.is](#) ; Kennaratal á Íslandi, o.fl.

19. þáttur: **Margir skólar – mörg skólahús í sömu sveit** 11. maí

Hvað merkir orðið **skóli**? Er það **hús** – eða er það **stofnun**? Ragnar H. Ragnar og Sigríður, kona hans, ráku Tónlistarskóla Ísafjarðar af skörungsskap í áratugi. Allan þann tíma átti skólinn ekki hús heldur fór kennslan fram víða um bæinn, m.a. heima í stofu hjá þeim hjónum. Orðtæki Ragnars var: „Skóli er ekki hús!“.

Margir telja skóla vera hús. Hér í sveit hafa verið byggð mörg hús fyrir barnaskóla og grunnskóla og öll bera þau nafnið skóli. Fyrstan má nefna Thorkilliibarnaskólann í Vatnsleysustrandarhreppi, sem fékk fljótt nafnið **Suðurkotskóli**. Það hús var stækkað úr 54 m² í 82 m² árið 1886 og endurbyggt á sama grunni 1907, án þess að nafnið breyttist. Í bréfi Ögmundar Sigurðssonar prófdómara frá 1909 er Suðurkotskóli nefndur **Brunnastaðaskóli**, enda er Suðurkot í Brunnastaðahverfi. Í lok 4. áratugar tekur Brunnastaðaskólanafnið yfir, kemur fyrst fyrir í fundargerð skólanefndar 1938 og ávallt notað eftir það. Árið 1944 var byggt nýtt og stærra skólahús, um 100 m frá því eldra, og áfram talað um Brunnastaðaskóla. Það er nú íbúðarhúsið Skólatún. Árið 1979 var skólinn fluttur úr Brunnastaðahverfi í Voga, byggt þar nýtt 620 m² skólahús sem síðan var tvöfaldað að stærð 1998 og aftur tvöfaldað 2005. Það hús er byggt í túni höfuðbólsins Stóru-Voga og heitir því **Stóru-Vogaskóli**.

En þar með er ekki öll nafna- og húsasagan sögð, því tvívegis var byggt annað minna skólahús í barnmörgu hverfi, fyrst **Norðurkotskóli** í Auðna- og Kálfatjarnarhverfi 1903 og síðan **Vatnsleysuskóli** í samnefndu hverfi 1912. Um árabíl voru starfræktir 2 skólar samtímis og árin 1934 – 1938 voru þeir þrír: Suðurkotskóli, Vatnsleysuskóli og Kirkjuholsskóli. Haldið var sér bókhald fyrir hvern þeirra.

Það má deila um það hvort þetta sé allt sami skólinn, eða hvort þetta séu 4, 5 eða jafvel 7 skólar! Í reglugerð frá 1912 er talað um skólann, en í Gjörðabók og í reikningum er talað um skólana, í fleirtölu.

Þó að í Vatnsleysustrandarhreppi væru fjölmenn hverfi var hreppurinn í heild það strjálbýll að erfitt var að stefna öllum börnum á einn stað, áður en skólaakstur kom til. Mörg börn þurftu að ganga í hálf tíma, jafnvel klukkutíma í skólann, í vetrarveðrum! Börn úr fjarlægum hverfunum þurftu annað hvort að búa í skólarísinu eða var komið fyrir til viðlegu yfir veturinn á nálægum bæjum. Njarðvíkingar gáfust fyrstir upp á því og stofnuðu eigin skóla, fyrst 1876.

Tekin var upp eins konar **farkennsla** í Auðna- og Kálfatjarnarhverfi, þaðan sem var um 40 mín. gangur í skólann í Brunnastaðahverfi. Það virðast oft hafa starfað tveir kennarar samtímis frá 1884 og annar þá líklega farkennari á einhverjum bæjum. Til dæmis er Guðmundur Þorsteinsson kennari við Suðurkotskóla 1884 – 1986, en á sama tíma starfa tveir aðrir kennarar, Guðni Felixson 1884 – 1885 og Snæbjörn Jónsson 1885 – 1886. Séra Stefán getur þó ekki um farkennslu í skýrslu sinni í Þjóðólfi 1886.

Kennt var í stofunni á Þórstöðum a.m.k. 1893 – 1900, síðan í Landakoti 1900 – 1903.

Séra Árni Þorsteinsson tekur þannig til orða í Fjallkonunni 1897: „Hér í hreppi eru 2 barnaskólar; annar þeirra er aðalbarnaskóli hreppsins og eru í honum nær 40 börn; hinn er aukaskóli, og munu í honum vera 15 börn.“

Á Þórstöðum kenndi Jón Gestur Breiðfjörð og síðan Magnús Jónsson, eftir að Jón Gestur tók við Suðurkotskóla 1898. Líklega mun Jón Jónsson (f.1868) hafa kennt í Landakoti, en Jón og Þorbjörg kona hans voru húshjón þar um tíma. Í Kennaratalinu er Jón sagður hafa kennt á Vatnsleysuströnd um aldmótin

1900 og síðan í Innri-Njarðvík á árunum 1906 - 1911 og verið þar útvegsbóndi, kirkjuhaldari og organisti, eftir það matvörukaupmaður og smiður í Reykjavík. Margrét kona Þórbergs Þórðarsonar var dóttir Jóns og Þorbjargar.

En þetta þótti ekki fullnægjandi og árið 1903 var slegið lán hjá Thorkilliisjóði (öðru sinni) og ráðist í að byggja annað skólahús, í Norðurkoti í Kálfatjarnarhverfi, 25 m², 9 x 7 álna bárujárnsklætt timburhús. Skólinn átti neðri hæðina, en í risinu var íbúð. Þar hófst kennsla um haustið í **Norðurkotsskóla** auk móðurskólans í Suðurkoti í Brunnastaðahverfi. Þann vetur kenndi Þórður Erlendsson 28 börnum 7 – 14 ára í Suðurkoti og Sigurgeir Sigurðsson 19 börnum 8 – 14 ára í Norðurkoti. Var kennt í þessu nýja húsi í 7 ár, til vors 1910, og nemendafjöldinn allt upp í 20 – í 15 m² skólastofu! Veturinn 1908-9 voru þar 12 stúlkur og 7 drengir, öll á eldra stigi, og Árni prestur kennari, kenndi m.a. söng og leikfimi.

Börnin í Auðna- og Kálfatjarnarhverfi uxu úr grasi og þetta vor var kennslu þar hætt og Norðurkotshúsið selt sem íbúðarhús. Samkv. kaupsamningi dags. 27.1.1911 selur skólanefndin „Guðmundi Guðmundssyni hreppstjóra á Landakoti þann hluta (neðri hlutann) úr íbúðarhúsinu í Norðurkoti við Þórustaði, sem er eign barnaskólans hér í hreppi og, sem notað hefur verið til barnakennslu nokkur undanfarin ár...“ Efri hæðin mun hafa verið íbúð - hugsanlega fyrir kennara – og líklega í einkaeigu, en 26. 10. 1910 er Haraldur Sigurðsson kennari krafinn bréflega um að fjarlægja þaðan hey!

Þá um haustið 1910 var hafin kennsla á **Vatnsleysu**, en þá voru þar barnmörg, fátæk heimili. Var steipt þar lítið fallett skólahús 1911, **Vatnsleysuskóli**, og kennt þar til 1914. Þar kenndi fyrstu tvo veturna Kristmann Runólfsson frá Hlöðversnesi sem hafði nýlokið kennaraprófi. Síðari tvö árin kenndi Ingvar Gunnarsson frá Skjaldarkoti, en hann varð síðar kennari í Hafnarfirði. Eftir áratugs hlé var kennt þar nær samfelld árin 1925 – 1943, en þá hófst skólaakstur og eftir það var öllum börnum kennt á einum stað, í Brunnastaðahverfi. Segir frá Vatnsleysuskóla síðar. Enda þótt skólinn hefði sérstakt hús nefndi Viktoría hann oft **Vatnsleysufarskóla** í einkunnabók skólans.

Á árunum 1934-38 var kennt á þremur stöðum. Auk Vatnsleysuskóla og Brunnastaðaskóla var yngstu börnunum kennt í nýbyggðu félagsheimili, **Kirkjuholi**, og einnig kennd þar leikfimi – og kennt unglungum - vegna plássleysis í Brunnastaðaskóla, en aðeins er 10 mínútna gangur þar á milli. Kenndi Stefán Hallson þau ár til skiptis á Vatnsleysu og í Kirkjuholi, um 3 mánuði á hvorum stað. 1938 var kennaraíbúð í skólahúsinu breytt í kennslurými fyrir yngstu börnin. Fært var sérstakt bókhald fyrir **Kirkjuholsskóla**.

Minjafélag Vatnsleysustrandar bjargaði húsi Norðurkotsskóla 2008, flutti á nýjan grunn að Kálfatjörn, gerði vandlega upp og rekur þar lítið **skólasafn** (sjá mynd) og tekur á mótí hópum.



Skólaárið í Suðurtots/Brunnastaðaskóla var flest árin fullir 6 mánuðir en sum árin styttra í hverfisskólunum, enda var farkennsla til sveita oft ekki nema 2 mánuðir á ári á hverjum stað - langt fram á 20. öld! Veturinn 1909 -'10 var Haraldur Sigurðsson, stúdent, frá Sjónarhóli, eini kennarinn, kenndi 3 daga vikunnar í Suðurkoti (16 börnum) og 3 daga í Norðurkoti (19 börnum). Þetta hefur ekki verið auðvelt, Haraldur sagður heilsulítill, var aðeins með stúdentspróf og aðeins ráðinn þetta eina skólaár, og kaup hans mjög lágt. Næstu 4 skólaár voru 2 kennarar, einn á hvorum stað, og kennt 6 mánuði 6 daga vikunnar á báðum stöðum.

Haustið 1918 var engin kennsla 14. nóv. - 11. des. meðan spænska veikin greisaði grimmt. Það kom oftast fyrir að loka þurfti skólanum í nokkra daga vegna inflúensu, t.d. í 2 vikur síðari hluta marsmánaðar 1920, að ráði héraðslæknis, og 17. des 1924 – 14. jan. féll kennsla niður vegna mislingafaraldurs. Börnin mættu oftast mjög vel í skólann nema færri komu illviðrisdaga og féll kennsla niður verstu óveðursdagana. Mest kvað að því í janúar 1918, frostaveturinn mikla, en þá var ekki kennt nokkra daga þegar frost fór niður fyrir 20°C.

Heimildir: Greinarnar í Faxa 1990. Skrif St. Thorarensen í Þjóðólf. Kennaratal. Bók Guðm. Björgvins. Handskrifuð skjöl (dagbók, prófbók, reikningar, gjörðabók skólanefndar). Grein Árna Þorsteinssonar í Fjallkonunni 4.tbl. 1897.

20. þáttur: Skólakerfi í mótun um aldamótin 1900 18. maí

Í 10. þætti var fjallað um fræðslu barna á heimilum áður en skólar komu til. Eftir að skólar tóku til starfa í Vatnsleysustrandarhreppi og í Garði 1872 voru næstu áratugi stofnaðir barnaskólar á þéttbýlum svæðum víða um land. Að auki urðu þá til nokkrir kvenskólar, 3 bændaskólar, a.m.k. 2 gagnfræðaskólar, læknaskóli, stýrimannaskóli, Iðnskóli, verslunarskóli - og loks Háskóli Íslands 1911. Bygging og rekstur fyrstu barnaskólanna byggði alfarið á áhuga og dug einstakra manna, því skólaskylda var engin og þáttur ríkis og sveitarfélaga rýr.

Árið 1880 setti Alþingi lög um kennslu í skrift og reikningi, en kennsla lesturs og kristnfræði hafði verið lögskipuð frá 1790. Landssjóður hóf 1878 að styrkja barnafræðslu í landinu með u.þ.b. 2000 kr. framlagi á ári (af því runnu 200 kr á Vatnsleysuströnd) og hafði það hvetjandi áhrif. Árið 1887 er einnig farið að styrkja farkennara til sveita, fyrst um 50 kr. hvern kennara á ári. Var framlag ríkisins til menntamála um 22 aurar á mann á ári um 1890 og komið upp undir 50 aura árið 1900.


Árið 1889 taka 20 kennarar á öllum skólastigum sig til og stofna Hið íslenska kennarafélag (HÍK). „Tilgangur fjelagsins er, að efla menntun hinnar íslensku þjóðar, bæði alþýðmenntunina og hina æðri menntun, auka samvinnu og samtök milli íslenskra kennara og hlynna að hagsmunum kennarastjettarinnar í öllum greinum andlegum og líkamlegum.“ Félagið barðist fyrstu árin fyrir löggjöf um menntun í landinu, sem skilaði loks árangri 1907, er Alþingi setti fræðslulög og ríki og sveitarfélög taka ábyrgð á skólagöngu 10 – 14 ára barna, þau verða skólaskyld. Jafnframt fór ríkið að gera kröfur um kennaramenntun til að styrkur frá landssjóði fáiast.

Árið 1892 var stofnuð Kennaradeild við Flensborgarskólann, sem þá var 2 ára gagnfræðaskóli. Það var að frumkvæði **Jóns Þórarinssonar** og eftir reglugerð landshöfðingja. Kennaradeildin var fyrst um sinn fáeinar vikur, frá 1. apríl til 14. maí, auk þess var kennd uppeldisfræði vetrarlangt í eldri deild gagnfræðaskólans. Voru 5 nemendur í kennaradeildinni fyrsta vorið og fáir næstu ár, enda var kennsla ekki eftirsótt ævistarf. Jón flutti tillögur í ræðu og riti og á Alþingi næstu ár um tveggja ára sérstæðan kennaraskóla sem varð loks að veruleika 1908, sama ár og fræðslulögin tók gildi. Kennaranámið hafði þó lengst í 7 1/2 mánuð 1896 og árlegur ríkisstyrkur hækkað í 2200 kr. Kennaradeildin í Flensborg starfaði í 17 ár og útskrifaði 121 kennara.

Árið 1901 veitti Alþingi **Guðmundi Finnbogasyni** styrk til að kynna sér lýðmenntun erlendis. Efir dvöl í Danmörk, Noregi og Svíþjóð ritar hann tímamótabókina **Lýðmenntun**. Síðan er honum falið að **kanna ástand menntunar** um land allt – 160 árum eftir könnun Harboe – og út kom „*Skýrsla um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903 – 1904*“. Þar kemur m.a. fram að 47 skólahús eru í landinu (þar af 2 á Vatnsleysuströnd) og kennslustaðir 814 (flestir inni á heimilum). Árleg skólagjöld voru 8 – 18 kr og tók karlmann 30 – 70 klst. að vinna fyrir þeim. Í sveitum var víða kennt í baðstofum innan um heimilisfólk, mörg dæmi um að börn gátu ekki skrifað fyrir kulda, og engin kennsluáhöld til. Þá nutu 5400 börn skólafræðslu, u.þ.b. helmingur barna á þeim aldri. Alls staðar var kenndur lestur, reikningur, skrift, kver og biblíu-sögur; víðast í föstum skólum auk þess kennd réttitun, náttúrusaga og landafræði; og fáeinum stöðum saga, danska, söngur, íþróttir og handavinna stúlkna. 415 manns fengust við kennslu, flestir í hjáverkum, og höfðu 24 þeirra gengið í kennaraskóla (flestir í Flensborg) og 16 voru guðfræðingar.

Vegur skóla landsins fór vaxandi. Árið 1906 voru skólabörn í Reykjavík 406, greitt fullt skólagjald fyrir 180 þeirra, hálf gjald fyrir 106 og 50 nutu styrks úr Thorkilliisjóði.

Árið 1907, eftir átatuga baráttu, var lögfest skólaskylda 10 – 14 ára. Hannes Hafstein ráðherra fylgdi málinu fast eftir á þingi. Börn skyldu koma læs í skólann á 10. ári, svo áfram var krafa um **heimafræðslu**. Við fullnaðarpróf 14 ára áttu börnin að geta lesið og skrifað íslenskt mál ritvillulaust; vita eitthvað um merkustu menn; kunna kvæði og ættjarðarlög; skrifa læsilega snarhönd; kunna kristin fræði til fermingar; og geta notað fjórar höfuðgreinar reiknings og flatarmál. Með tilkomu þessara merku laga styttest þó skólavist barnanna hér í sveit. Í 2. grein reglugerðarinnar um Thorkilliskólann, sem sett var við stofnun hans 1872, er inntökuskilyrði að barnið sé orðið fullra 7 ára, og að auki heimild til að taka inn fermda unglunga (14 ára og eldri). Þannig verða þessi lög til að stytta skólagöngu barna í Vatnsleysustrandarhreppi, en fjárframlag



ríkisins var kærkomið. Nú var ekki tekið skólagjald af skólaskyldum börnum, en skólanefndin ákvað að taka 8 kr á ári í skólagjald af börnum yngri en 10 ára, og 1 kr á mánuði fyrir fermd börn.


Árið **1926** fengu sveitarstjórnir heimild í lögum til að færa skólaskylduna niður í 8 ára. Árið **1929** voru sett lög um stofnun **héraðsskóla**. Kann það að hafa kynnt undir hugmynd um að hér yrði byggður heimavistarskóli, en teikning þar að lútandi var lögð hér fram 1933. Árið 1929 kom fyrst út **námsskrá** fyrir barnaskóla landsins. Fræðslumálastjórnin fór að senda út prófverkefni um allt land, í skrift, stafsetningu og reikningi, en sérstakir pródómarar höfðu þá tíðkast lengi. Bjarni M. Jónson námstjóri fór yfir og sendi endurgjöf til skólanna. Árið, 1929 var árangur hér í sveit í meðallagi á landsmælikvarða.

Árið **1936** var heimild um skólaskyldu frá 7 ára aldri í bæjum og kaupstöðum sett í lög og skólaárið lengt um 1 – 2 mánuði. Var yngstu börnunum kennt haust og vor næstu ár. Fram að því mun hafa tíðkast einkakennsla fyrir yngri börn. 8. nóvember 1930 skrifuðu fjórir feður á Vatnsleysuströnd skólanefndinni bréf og föluðust efti kennslu fyrir börn sem ekki voru orðin skólaskyld. Árið 1949 var enn vorskóli, til loka maí, fyrir börn yngri en 9 ára, við skóla á Suðurnesjum.

Aðalheimild: Gunnar M. Magnúss 1939: Saga alþýðufræðslunnar. Almenningsfræðsla á Íslandi fyrra bindi. *Fréttir úr skólunum*, Faxi, júní 1949. Gjörðabók skólanefndar.

21. þáttur: **Námsgögn – frá allsleysi til ofgnóttar** 25. maí

Í 10. þætti var sagt frá kristindóms- og stafrófskverum fyrir stofnun barnaskóla, en útgáfa þeirra fór að blómstra um 1800. Þá er farið að gefa út fræðslurit og einhver þeirra hafa nýst barnaskólum. Dæmi um það er **Lestrabók handa alþýðu á Íslandi**, (Alþýðubókin) eftir Þórarinn Bødvarsson, prest að Görðum og stofnanda Flensborgarskóla. Í þeirri bók er safnað á einn stað (á 423 síður) því helsta semþá þótti hæfa að vita. Fyrirmyndin var bók P. Hjorts: *Börneven*. Var bókinn framlag Þórarins til þjóðhátíðarinnar 1874 og 1000 ára afmælis Íslandsbyggðar. Hún kom út 2 árum eftir að skólinn okkar var stofnaður og hefur eflaust verið notuð þar.



Í þáttum 9, 13 og 15 um skóla á Suðurnesjum er lýst kennsluáðstæðum og fátæglegum kennslutækjum fyrir aldamótin 1900.


Í Ísafold 1879 skýrir Stefán Thorarensen frá því að Jónas Helgason, organisti með meiru, hafi gefið skólanum 14 eintök af söngvum og kvæðum í 2 röddum, sem hann hafði gefið út. Í skólaskýrslu eftir veturinn **1895** er skráð eftirtalin áhöld í eigu Norðurkots- og Suðurkotskóla: Harmoníum nýtt, virt á 120 krónur; nýr uppdráttur af Íslandi, virtur á 6 krónur; geografiske anskuelsistabeller (landakort) ný, 6 kr; Evrópukort, nýtt, á 12 kr; tellurium (jarð- og sól-líkan, sjá mynd) nýtt, 16 kr; kynflokkamynd, ný, á 2 kr; og smærri landabréf. Framangreint ár höfðu verið 37 börn í skólunum, 10 – 14 ára og kenndu þeir Sigurjón Jónsson og Jón G. Breiðfjörð.



Morten Hansen, skólastjóri Barnaskóla Reykjavíkur, kynnti og sýndi á aðalfundi kennarfelagsins 1894 kennsluáhöld til að nota í skólum og við umgangskennslu og var með til sýnis í leikfimisal Barnaskólans fjölskrúðug kennsluáhöld, fyrir kennslu í náttúrufræði, landafræði, sögu, reikningi, leikfimi o.fl. Hafði Morten þessi áhöld til sölu og útvegaði fyrir lágt verð. Í reikningabók Suðurkotskóla kemur fram að bækur, ritföng og kennslutæki voru aðallega keypt af honum.

Veturinn 1907 – 1908 hafa verið keyptar bækur og ritföng fyrir 113 kr og selt fyrir 42 kr, en veturinn eftir keyptar bækur, ritföng og kennslutæki fyrir 275 kr og seldar bækur fyrir 40 kr. Thorkillisjóður, sem greiðir árlega 220 kr til skólans fyrir fátæk börn, hefur kostað bækur og ritföng þeirra.

Veturinn **1908 – 1909** voru kennslugögn í Norður- og Suðurkotskólum þessi: Landabréf Íslands 2 stk, landabréf Evrópa 2 stk, landabréf báðar hálfkúlur, landabréf Norður Ameríka, landabréf Suður Ameríka, landabréf Afríka, landabréf Asía, Ástralía og Palestína. Dýramyndir 50 stk, mannlíkaminn á pappa.



Húsdýralitmyndir 12 stk. Kúlnagrindur fyrir reikning 2 stk. Meterstika 7 stk. Naturhistorisk Atlas. Einnig bæði ein- og tvískrikaðar forskriftarbækur.

Veturinn 1918 – '19 voru þessi kennslugögn í Suðurkotsskóla: Sýningarmyndir biblíunnar, gamla og nýja testamentið. Kronbergs Bibel historiske billeder 17 stk. Árstíðarmyndir 4 stk. Anatomiske vægtavler (maðurinn) 4 stk. Chr. Eriksen billeder fra land og by 60 stk.; C C Kristensen kort 10. stk.; öll nauðsynleg landafræðiáhöld; P. Dalbergs skólaatlas; C.R. Sundströms Naturhistorisk Atlas; Æfingar í réttitun 11 stk.; S.A. Gíslason, Reikningsbók I og II hefti; Jónas Jónsson, Reikningsbók I og II hefti; Sam. Eggertsson, Alþýðlegur samanburðarleiðavísir (metrak.); Metrastika, kassi með metrakerfis áhöldum; H. Briens flatarmálsfræði; E. Briem reikningsbók; M. Hansen reikningsbók; Barnasálmabókin 3 stk.; Leikföng 10 stk.; Bók náttúrunnar 5 stk.

Þegar skólahúsið var endurbyggt 1907 voru keyptir 10 skólabekkir (líklega tveggja manna) frá Völundi fyrir 145 kr. Þegar nýtt skólahús var tekið í notkun 1944 var ekkert af búnaði og kennslugögnum í eldra húsinu talið nothæft til að flytja í það nýja.

Allt frá fyrstu pælingum um barnaskóla á Íslandi, á 18. öld, var talið eðlilegt að skóli ætti **bújörð**, til ábúðar fyrir kennarann. Þegar barnaskólinn á Vatnsleysuströnd var stofnaður var keypt undir hann hálf jörðin **Suðurkot**, en henni fylgdi torfbær og aðstaða til sjóróðra og að taka þang til eldiviðar, sbr. Lýsingu St.Thorarensen í Þjóðólfi 1873. Stóð skólahús á þeirri jörð uns flutt var í Voga 1979, en þar fékk skólinn úthlutað rúmgóðri lóð úr túni Stóru-Voga. Nálægt 1900 var keyptur hluti af jörðinni **Stóra-Knarrarnes** í því skyni að afla tekna til reksturs skólans og var jörðin veðsett þegar tekið var lán til byggingar Norðurkotsskóla 1903. *Frá 1908 er fært árlega til tekna „eftirgjald“ (leiga) af 1/2 Knarrarnesi (Kristjáni) 40 kr, og af Grund kr. 25 og helst svo til a.m.k. 1921, auk þess að sum árin er einnig bókfært eftirgjald af skólajörðinni Suðurkoti, 65 kr. Árið 1925 vill skólanefndin hætta afskiptum af jarðeignum skólans, en leigir þó út Knarrarnesjarðarpartinn 1926 – 1930. Einhvern tíma eftir það hefur sveitarsjóður tekið þetta yfir.*

Samkvæmt reikningum skólans hafa útgjöld til pappírs, skriffæra, bóka og kennsluáhalda verið árin 1907 – 1913 á bilinu 50 – 100 kr á ári (eitthvað af því endurheimt af efnaðri heimilum), en skóla-ársveltan er þá um 3000 kr og árslauð kennara um 460 kr. Næstu ár er lítil sem enginn slíkur kostnaður bókfærður, en 1926 – '28 eru bókfærðar 330 kr til kennsluáhalda skólanna, árið 1929 25 kr til Suðurkotsskóla og 136 kr til Vatnsleysuskóla; og 1930 176 kr til Suðurkotsskóla. Þetta kann að tengjast því að sumarið 1929 barst bréf frá Ásgeir Ásgeirssyni fræðslumálastjóra (síðar forseti Íslands) um að Thorkillisjóður muni styrkja kaup skóla í Kjalarnesþingi á bókum og kennsluáhöldum, en hann hafði hætt að greiða skólagjöld fátækra barna 1913. Í bréfinu segir: „Eins og kunnugt er hefur sú skipun verið gerð um Thorkilii sjóðinn, að 4/5 hlutum af ársvöxtum sjóðsins verði, fyrst um sinn, eftir nákvæmari ákvörðun sjóðstjórnarinnar, sem sje Skrifstofu- stjórnin í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, fræðslumálastjóri og forstöðumaður kennaraskólans, varið til að koma upp heppilegum barnabókasöfnum og lesstofum við barnaskóla í Kjalarnesþingi, og til að kaupa nýttísku kenslutæki til skóla þessara, þó megi verja 1/5 af vöxtum árlega til styrktar börnum í Kjalarnesþingi, er dvelja í heimavistarskóla. Eftir ályktun sjóðstjórnarinnar verður á þessu ári útdeilt til kenslutækjakaupa, barnabókasafna og til styrktar börnum, sem dvelja í heimavistarskólum, kr. 3700 -, þaraf allt að kr. 900.- til heimavistarbarna. Styrk til kenslutækjakaupa og barnabókasafna verður útdeilt gegn adminstakosti þriðjungs tillagi úr sveitar eða bæjarsjóði.“

Hauki Aðalsteinssyni, sem var í skólanum á 6. áratugnum, er minnisstæð „mínútublöð“ við lestrarkennslu. Brunnastaðaskóli eignaðist 1964 slá til að hengja á Dubdals náttúrufræðimyndir og 1966 áhöld til leðurvinnu, skuggamyndavél (til að sýna slides-myndir), segulbandstæki (Philips) 1967 og árið 1968 fékk hann til afnota kvikmyndavél og sýningartjald.

1937 taka gildi lög um Ríkisútgáfu námsbóka og var þar með öllum skólaskyldum börnum séð fyrir ókeypis námsbókum, fjármagnað með sérstöku námsbókagjaldi sem lagt var á heimili þar sem börn á skólaaldri bjuggu. Fræðslumyndasafn ríkisins var stofnað 1961, sem lánaði kvikmyndir til skóla. Þessar stofnanir runnu, ásamt Skólavörubúðinni, saman í Námsgagnastofnun 1980, sem árið 2015 rann saman við Námsmatsstofnun og myndaði Menntamálastofnun. Bókaútgáfa jókst alla 20. öldina - og svo kom internetið

Helstu heimildir: Greinar í Faxa 1990, skjöl skólanefndar, aðfangabók skólans, Almenningsfræðsla á Íslandi, fyrra bindi bls. 173–177. Um kennsluáhöld frá Morten Hansen í Ísafold 43.tbl. 14. 7. 1894. Kristín Bjarnadóttir: Reikningsbækur tveggja alda. Bréf Ásgeirs Ásgeirssonar 20. júlí 1929. St.Thorarensen, grein í Þjóðólfi 1873.

22. þáttur: Kennslan á Vatnsleysuströnd um 1900 1. júní

Kristindómur var aðalnámsgrein flestra skóla fram yfir aldamót 1900 og margir kennarar prestlærðir. Ögmundur Sigurðsson, Guðmundur Finnbogason og fleiri gagnrýndu þann þululærdóm að kenna kverið mjög rækilega og koma börnunum þannig fram til fermingar.

Sigurður Jónsson, kennari, skrifaði um þvingunarnám, að börnin skilji ekki eitt einasta orð og verði leidditöm, falli í vantrúaröldu sem þá gekk yfir landið. Slíkt ístöðuleysi stafi af rangri kristindómsfræðslu, kverkennslu. Biblíusögur væru fallnar til að ráða bót á þessu – að segja léttar, skiljanlegar sögur, en guðfræðin í kverinu kæmi síðar. Vaxandi gagnrýni kom einnig frá prestum, að kristindómurinn væri kenndur eins og nauðung, en ekki daglegt líf. Snemma á 20. öld hvarf svo kverið að mestu úr skólanáminu og vék fyrir biblíusögum, en kirkjan sá sjálf um fermingarfræðslu, en hart var tekist á um þetta við setningu fræðslulaganna 1907.

Við fermingarfræðslu var börnunum **raðað** upp í kirkjunni eftir kunnáttu. Í fyrstu barnaskólunum mun slík uppröðun í skólastofur hafa tíðkast. Um aldamótin 1900 voru **einkunnir** gefnar daglega í mörgum barnaskólum. Sumum kennurum mislíkaði það, en mörgum foreldrum líkaði það vel, fyrir metnaðar sakir. Svo lögðust daglegar einkunnir af, en gefin einkunn viku- eða mánuðarlega og börnunum stundum raðað eftir því.

Engar sögur fara af svo tíðri einkunnagjöf og uppröðun í skólunum á Vatnsleysuströnd. Alla tíð hafa verið haldin vorpróf og miðsvetrarpróf (jólapróf) og lengi vel gefið upplestarfrí dagana áður. Gefið var í tölum (1 – 8) eða í orðum. Að sögn Stefáns Thorarensen fengu nemendur á fyrstu árum skólans einkunnir eins og dável, vel, vel laklegt og laklegt. Alltaf voru **prófdómarar**, en það var lögboðið frá 1907. Stundum voru það prestarnir, stundum formenn skólanefndar eða fyrrum skólastjórar. Vorið 1909 var Ögmundur Sigurðsson prófdómari á Vatnsleysuströnd, þá orðinn skólastjóri Flensborgarskóla.

Í **Suðurkotsskóla** voru börnin jafnan í einni stofu og einn kennari. Í pistli í Ísafold 1879 gælir Stefán við þá hugmynd að bæta við kennara og skólastofu og kenna í 2 bekkjum, en til þess skorti fé.

Fyrstu ár skólans voru kennslugreinar lestur, skrift, reikningur, kver, biblíusögur og söngur. Þeir, sem best voru að sér áttu þess kost að læra að auki landafræði, sögu, réttitun og dönsku. Handavinnukennsla var í boði fyrir stúlkur, en aðsókn dræm og féll niður sum árin. Kennt var kl. 10 – 14:30 sex daga vikunnar og hver kennlustund 60 mínútur. Kennt var 1. okt. til 31. mars.

Fyrsta veturinn, **1872 – '73**, voru 22 börn í almennri kenslu (15 drengir og 7 stúlkur) og 8 unglingar í sérstakri kenslu, þar af ein stúlka. Þá voru 10 börn heimilisföst í skólanum. Mörg voru styrkt af Thorkillisjóði. Guðmundur í Landakoti kom vikulega og kenndi söng, stundum með orgelleik í kirkjunni.

Annan veturinn, **1876 – '77**, voru kennslugreinar: Lestur 5 stundir á viku, skrift 5 st., lærdómsbók (kverið) 6 st., biblíusögur 4 st., reikningur 4 st. Að auki var 6 börnum kenndur söngur daglega í sambandi við bænir sem þau voru látin fara með.

Veturinn **1877 – '78** voru 24 nemendur í „almennri kenslu“ og auk þess voru 4 nemendur sem nutu „sérstakrar kenslu“ (sbr. 13. grein reglugerðar skólans frá 1872). Í skólanum voru haldin inntökupróf að hausti, miðsvetrarpróf 23. des. og vorpróf í lok mars. Kennslufyrirkomulag var svipað næstu ár.

Veturinn **1895** voru 37 börn í skólunum, 10-14 ára. Kenndu þeir Sigurjón Jónsson í Suðurkoti, og Jón G. Breiðfjörð í stofunni á Þorustöðum. Þrem börnum frá Njarðvík var komið fyrir á bæjum við Brunnastaði. Séra Árni var skólanefndarformaður og mun hafa ráðið mestu.

1903 – '04 var kennt bæði í Norður- og Suðurkotsskóla.

Í Suðurkoti kenndi Þórður Erlendsson 28 börnum á aldrinum 7— 14 ára, í tveimur deildum. Í eldri deild var kennt kver, biblíusögur, lestur, skrift, reikningur, saga, landafræði, náttúrusaga og danska, en í yngri deild 5 fyrst töldu greinarnar.

Í Norðurkoti kenndi Sigurgeir Sigurðsson 19 börnum á aldrinum 8 – 14 ára, á líkan hátt og í Suðurkoti nema hvað Sigurgeir kenndi ekki dönsku.

Haustið **1907** kenndi sr. Árni Þorsteinsson 20 nemendum í Norðurkoti. Í nýendurbyggðu skólhúsinu í Suðurkoti kenndi Ólafur Guðjónsson 21 nemenda. Ólafur var gagnfræðingur frá Flensborg 1897 og hafði áður kennt í heimasveit sinni, Grímsnesi.

Veturinn **1908 – '09** voru sömu kennarar. Ólafur fékk berkla, varð að hætta kenslu um veturinn og lést um vorið og annar fenginn í hans stað. Sótthreinsa þurfti hús og búnað og voru bækur Lestarfélagsins Baldurs lokaðar niðri í kössum í hálfu öld, af ótta við smit.

Í Suðurkoti voru 16 nemendur, 7 drengir og 9 stúlkur, 10—14 ára (sem þá var orðinn skólaskyldualdur). Námsgreinarnar voru: lestur (3 stundir á viku), skrift (4 st.), réttitun (3 st.), náttúrufræði (4 st.), kristinfræði (6 st.), landafræði (3 st.), saga (3 st.), og reikningur (6 st.). Eldri börnin (12 – 14 ára), sem voru 7, lærðu allar þessar greinar, en hin yngri (10 – 11 ára), ásamt tveimur af eldri börnunum, lærðu móðurmálsgreinarnar, náttúrufræði, kristinfræði og reikning.

Í Norðurkoti voru nemendur 19, allir á eldra stiginu, 7 drengir og 12 stúlkur. Námsgreinarnar voru hinar sömu nema Árni kenndi jafnframt söng og leikfimi. Árni segist hafa varið til söngkennslu 1/2 til 1 klukkustund tvisvar í viku, ýmist með eða án hljóðfæris. Leikfimin var einkum stökk, glímur og ýmsar líkamsæfingar, göngulag og fleira, eflaust að hluta til úti, því skólastofan var aðeins u.þ.b. 12 m²!

Árið 1909 styrkti Thorkillissjóður 133 skólabörn, þar af voru 52 í Reykjavík og 11 í Vatnsleysustrandarhreppi. Styrkurinn var yfirleitt 20 kr á barn á ári, þar til 1913 að styrkir þessir lögðust af. Á árunum 1873 – 1913 nutu um 4900 fátæk börn í Kjalarnesþingi styrks úr Thorkillissjóði til skólanáms og uppfósturs, þar af rúmlega 2000 úr Reykjavík.

Myndin sýnir **bókhald Skólasjóðs** 1907-08, elsta bókhaldið sem varðveist hefur. Næstu 15 ár var ársveltan nálægt 800 - 1400 kr. Árslaun kennara (skólastajóra) Suðurtotsskóla voru 460 kr þar til 1919 að þau hækka í 800 kr og héldust svo þar til 1936 eða lengur.

Af tekjum komu um 400 kr úr landssjóði, 300 úr hreppssjóði og 200 úr Thorkillissjóði meðan hann styrkti fátæk börn. Frá 1908 a.m.k. átti skólinn 3 jarðir og fengust af þeim um 130 kr árlega í leigu. Mörg árin fengust 5 – 70 kr í leigu skólahúss fyrir skemmtanir, m.a. frá Ungmennafélaginu 1908 -1915, en hluti þeirra tekna fór í ræstingu. Af lánnum vegna byggingar skólahúsanna þurfti að greiða árlega 100 – 200 kr. Kol til kyndingar kostuðu sitt, 50 – 200 kr á ári.

Bókhaldskostnaður var 8 kr. á ári.

Samkvæmt fræðslulögunum 1907 skyldi 5

mannna skólanefnd kosin af hreppsnefnd til þriggja ára. Ný **reglugerð fyrir skólann** er færð í Gjörða- og bréfabókina 1912 (6 bls.), samþykkt af skólanefndinni 26. okt. og staðfest af stjórnarráði Íslands 16. nóv. 2012. Líklega hefur upprunalega reglugerðin frá 1872 gilt til þess tíma – og horfði nú margt til framfara, en ekki allt.

Í reglugjörðinni segir að það sé ætlunarverk skólans að veita nemendum sem staðbesta þekkingu í þeim fræðigreinum sem lögboðið er að kenna börnum til 14 ára og hafa heillavænleg áhrif á hugsunarhátt þeirra. Skólin byrjar 1. október og endar 30. apríl. Kennslan byrjar kl. 10 og endar kl. 3, alls 5 stundir á dag. Hver kennslustund er 50 mínútur, 10 mínútna hlé á milli. Jólaleyfi er frá þorláksmessu til 2. janúar, að báðum dögum meðtöldum, páskaaleyfi frá miðvikudegi fyrir pálmásunnudag til 3ja í páskum.

Börnin skulu haga sér siðsamlega og sýna kennaranum virðingu og hlýðni. Þau mæti í skólann og hafi með sér bækur og annað sem þarf. Verði misbrestur á þessu og sé efnaleysi um að kenna skal börnunum lagt til af skólasjóði bækur og ritföng og það annað sem kennslan krefur.

Börn sem sýkjast af næmum sjúkdómi mega ekki sækja skólann fyrr en þau eru læknuð að fullu. Hægt er að vísa úr skóla, um stundarsakir eða að fullu, börnum sem hegða sér ósæmilega eða brjóta reglur. Börn sem njóta kennslu í skólanum – og þau sem yngri eru en 10 ára – skulu ganga undir hið opinbera próf í skólanum, eftir reglum sem yfirstjórn fræðslumála setur.

Kenna skal íslensku (8 st.), kristinfræði (6), reikning (5), sögu (3), landafræði (3), náttúrufræði (3) og söng (2), samtals 30 kennslustundir á viku. Má færa stundir til eftir aldri og deildaskiptingu. Hér er ekki minnst á íþróttir, ekki dönsku, né neins konar mynd- og handmennt.

Reglugjörð þessi getur ekki talist vera frumleg ritsmíð. Eftir að Alþingi hafði samþykkt fræðslulögin 1907, afréð fræðslumálastjórnin að láta semja fyrirmynd að reglugjörð handa barnaskólum í landinu og senda hana öllum skólanefndum til leiðbeiningar. Árið 1908 samdi skólanefnd Vestmannaeyja **reglugjörð** og er hún keimlík umræddri reglugjörð Vatnsleysustrandarskólans, flestar greinarnar eins. Þó er munur á. Í Vestmannaeyjum er gert ráð fyrir kennslukaupi (skólagjöldum), 15 kr fyrir hreppsbörn og 30 fyrir aðkomubörn, en ekki hér. Í Vestmannaeyjum er ekki tiltekið páskafrí. Vestmannaeyingar geta um 3 mánaða

1907 - 1908		1907 - 1908	
Borgard i skolasjóð		Borgard ið ið skolasjóð	
	Nr. a		Nr. a
Þyngin, Ungmennafélag	20.00	Til H. G. (Kvenlúkaup)	200.00
Þyngin, Kvenlafélag	40.00	Þyngin, Kol	40.00
Halfrýðjarnakili:		- Lera Örnna	125.00
Alborgun 50.	54.00	Þyngin, Botlagjald	37.50
vechir 4		Til Thorkillissjóðs:	
Thorkillissjóður	220.00	Alborgun 20.00	
Landgjöld	314.00	vechir 21.60	41.60
Uppbótisfjá Samk. Skól.	53.50	Til Sj. Erlendstovu	11.50
Þyngin, Bæturh. 26 des	5.00	- Thorkillissjóður	88.77
Spad þyngin, Þyngin	72.70	Þyngin, Kol (fr. í fjöru)	7.00
		Til Þyngin i skóla-kali:	
		Þyngin, vörðug i skólanum	5.40

gagnkvæman uppsagnarfrest kennara. Í Vestmannaeyjum skal kenna leikfimi, en réttitun ekki nefnd. Handavinna á hvorugum staðnum (þó tiltekin í fyrirmynd reglugerðarinnar) – og þá ekki heimilisfræði sem voru á þessum tíma nær eingöngu í kvennaskóla.

Heimildir: Gunnar M. Magnúss. Saga alþýðufræðslunnar. Greinar um skólann á Vatnsleysuströnd í Faxa 1982 og 1990. Stefán Thorarensen. Skýrsla um skólahlald 1876-1879. Ísafold. 29.3.1879. Skólasjóðsbók, Gjörðabók og dagbækur. Kennaratal. Almenningsfræðsla á Íslandi. Saga barnafræðslunnar í Vestmannaeyjum, á Heimaslóð. Prestþjónustubók.

23. þáttur: **Vatnsleysuskólinn og Ingibjörg Erlendsdóttir** 9. júní

Í 19. þætti segir frá því að 1910 var kennslu í litla Norðurkotsskólanum í Kálfartjarnarhverfi hætt, húsið selt og hafin kennsla á **Vatnsleysu**, en þá voru þar um slóðir barnmörg, fátæk heimili. Árið eftir var byggt lítið steinsteypt skólahús og kennt þar, jafnframt Suðurkotsskóla, í 3 ár, til 1914. Kennari var Kristmann Runólfsson, Hlöðversnesi og síðan Ingvar Gunnarsson frá Skjaldarkoti (kennarapróf 1911). Þá lagðist kennsla af í Vatnsleyuskóla í 11 ár, því þá voru þar færri börn og var 1920 rætt um að selja húsið, en ekki varð að því. Ingvar flutti til Hafnarfjarðar, var frumkvöðull í skógrækt og sá m.a. um Hellisgerði 1925 - '56.

Haustið 1924 kemur beiðni frá innanheiðarmönnum og samþykkti skólanefndin að starfrækja Vatnsleysuskólann að nýju veturinn 1925 - '26. Skyldi kenna í báðum skólunum á víxl samkvæmt gildandi fræðslulögum. Þennan vetur kenndi Viktoría Guðmundsdóttir með þeim hætti tvo mánuði í Vatnsleysuskóla, en fjóra mánuði í Suðurkotsskóla. Var börnunum sett fyrir verkefni til að vinna á meðan. Nemendur í Vatnsleysuskóla voru 8 þennan vetur, en 21 í Suðarkoti. Þegar Viktoría hafði kennt í viku eftir þessu skipulagi og kynnt sér þroska nemenda og þekkingu, sendi hún skólanefnd bréf og telur að áður nefnt fyrirkomulag sé svo óheppilegt sem mest má verða. Börnin skiptast óhæfilega misjafnt á skólana, 25 sækja Suðurkotsskóla og aðeins 4 í Vatnsleysu og í Suðurkotsskóla er hæfilegt rúm fyrir 20 börn. Eftirlit með börnum á Vatnsleysu illmögulegt því kennarinn er ofhlaðinn störfum í Suðurkotsskóla og börnin þar mega ekkert missa af stuttum námstíma. Svo þarf kennarinn að borga húsaleigu á Vatnsleysu. Viktoría stingur upp á að öllum börnunum verði kennt í Suðurkotsskóla og njóti hvor deild kennslu hvorn dag, önnur deildin telur 15 nemendur og hin 14. En Viktoría kláraði skólaárið á þennan óheppilega hátt, en næsta vetur varð breyting á.

Haustið 1926 var auglýst farkennarastaða til 3 mánaða og Kristmann Runólfsson í Hlöðversnesi ráðinn til 4ra mánaða í Vatnsleysuskólann. Kristmann hafði lokið kennarprófi 1910 og kennt áður bæði við Vatnsleysu- og Suðurkotsskóla. Veturinn eftir var kennslutímabilið lengt í sex mánuði. Skólahlald í Vatnsleysuskólanum var óbreytt næstu ár nema hvað kennsla virðist hafa fallið niður veturinn 1930 – 31. Nemendur sem tóku vorpróf voru 13 vorið 1927 en fór svo fækkandi og voru aðeins 6 vorið 1932. Kennarar voru þeir Skúli Guðmundsson, Guðmann Magnússon, Magnús O. Stephensen og Elín Guðnadóttir. Haustið 1934 var kennslutíminn í Vatnsleysuskólanum stytur niður í 16 vikur og Ingibjörg Erlendsdóttir á Kálfatjörn ráðin kennari skólans í tvo vetur, en hún var þá um tvítugt og hafði lokið kvennaskóla.


Haustið 1936 varð Stefán Hallsson kennari við Vatnsleysuskóla. Hann hafði lokið kennaraprófi 1932 og kennt tvö ár í Grunnavík þegar hann réðst hingað 1934 og kenndi aðallega í Kirkjuhvoli. 1938 voru dregin saman seglin, Stefán kenndi nú eldri og yngri börnunum Vatnsleysuskóla saman í 2 mánuði, en í 4 vikur til viðbótar hafði Stefán eftirlit með kennslu á Vatnsleysu þannig að hann setti börnunum fyrir til heimanáms og kom einn dag í viku til að yfirfara og leiðbeina. Þetta fyrirkomulag hélst að mestu til vors 1943 og þótti Stefáni það gefast illa.

Haustið 1943 stefndi í að nemendur yrðu aðeins 4. Var Vatnsleysuskóli þá lagður niður, skólahúsið selt Þórði Jónassyni fyrir 1600 kr og notað sem fjárhús, en hafinn skólaakstur í hreppnum. Eftir það var öllum börnum kennt á einum stað, í Brunnastaðahverfi.

Myndin með hestinum sýnir skólahúsið löngu eftir að notkun þess var hætt, en það var síðar rífið. Hin myndin er af líkani af skólanum sem G. Jónsson í Vogum gerði og sýnir að þetta litla hús hefur verið glæsilegt í byrjun, en gluggarnir síðan minnkaðir, þegar það varð fjárhús.



Áðurnefnd Ingibjörg Erlendsdóttir fæddist í Tíðagerði á Vatnsleysuströnd 9. nóvember 1915 og lést í Reykjavík 2002. Barn að aldri fluttist hún að Kálfatjörn með foreldrum sínum, Erlendi Magnússyni útvegs- og kirkjubónda og Kristínu Gunnarsdóttur og ólst þar upp, ásamt systkinum. Ingibjörg nam við Kvennaskólann í Reykjavík 1931-1933, var kennari á Vatnsleysuströnd 1934-1939 og tók kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1942. Hún hafði smábarnaskóla í Reykjavík 1942-1947 en gerðist þá kennari við Miðbæjarskólann í Reykjavík og síðan við Austurbæjarskóla, til ársins 1980. Ingibjörg átti sæti í stjórn Ungmennafélagsins Þróttar í Vatnsleysustrandarhreppi og í stjórn kvenfélaga og kennarafélaga.



Varðveist hefur ritgerð Ingibjargar frá því hún lauk kennaranámi 1942. Þar segir m.a.:

„Hlutverk skólanna er að beina huga nemendanna á hollar og góðar brautir. Þeir eiga að leita uppi hvern góðan neista í sál barnsins og glæða hann sem best, veita starfskröftum þeirra í þroskandi farvegi, æfa það í sjálfsstjórn, vekja hjá því hjálpfýsi og bróðurhug, og hvetja til hugsunar og framkvæmda. ...

Talað er um tvönn konar gildi námsins; menningarlegt gildi og hagnýtt gildi. Menningarlegt gildi náms glæðir og eflir vitsmunina, skerpir viljann og gerir manninn að siðmenntaðri manni. Hagnýtt gildi hefur nám að því leyti að það á að gera einstaklinginn færari í lífsbaráttunni, veita honum skilyrði til betri afkomu. ...

Kennararnir eru garðyrkjumenn á akri mannlífsins. Þeir eiga að vernda gróður mannlífsins og hlúa að honum á viðkvæmasta skeiði ævinnar. Þeir eiga að búa barnsálirnar undir lífið og gróðursetja fræin, sem framtíð þjóðarinnar sprettur upp af.“

Einnig hefur varðveist dagbók sem Ingibjörg hélt fyrsta haust hennar við Vatnsleysuskóla. Verður gripið niður í hana í næsta þætti.

Heimildir. Um Vatnsleysuskólann. Faxi - 2. tölublað (01.02.1990) - Tímarit.is (timarit.is)
Kennsluritgerð Ingibjargar, ferlir.is. Minningargrein um Ingibjörgu, mbl. 30. 4. 2002.

24. þáttur: **Úr dagbók kennara í Vatnsleysuskóla** 15. júní

Í síðasta þætti sagði frá Vatnsleysuskóla, en meðal kennara þar var Ingibjörg Erlendsdóttir frá Kálfatjörn (f.1915, d.2002). Varðveist hefur dagbók hennar, rituð í bláa stílabók, varðveitt hjá Minja- og sögufélagi Vatnsleysustrandar.

Hér verðum við margs vísari um fyrsta kennslumánuð Ingibjargar, en hún var þá tvítug og nýlega útskrifuð úr Kvennaskólunum í Reykjavík. (Myndin er tekin löngu síðar.)



1934, október,

16. þriðjudagur. Setti Vatnsleysuskólann og lét börnin lesa. 12 börn voru mætt sem eiga að stunda nám við skólann í vetur. Kl. 12 kom lækurinn -Sigvaldi Kaldalóns og skoðaði börnin. Ekkert fannst athugasemjulegt við heilbrigði þeirra. Ég var líka skoðuð og álitin hraust í lungum.

17. miðvikudagur. Fyrsti kennsludagurinn. Öll börnin voru mætt, og komu vel fram, þrúð og stillt. Mér list yfirleitt vel á þau og hef ánægju af að kynnast þeim og kenna. Ég vildi líka að þau hefðu sem mest not af kennslunni og yrðu þæg og siðþrúð og hlýddu mér. Veðrið var vont, úrhellisrigning. Varð gegndrepa á leiðinni heim.

18. fimmtudagur. Öll börnin mætt. Gekk vel að kenna.

19. föstudagur. Öll börnin mætt í skólanum. Dagurinn fór vel fram, gekk allt vel. Varð að ganga heim og líka í gær.

20. laugardagur. Öll börnin voru mætt. Fékk bréf frá Huldu í Hvassahrauni þar sem hún biður um tilsögn í ensku og dönsku. Hitti á leiðinni heim riðandi mann sem bauð mér að ríða og þáði ég það og er öll skökk á eftir. Við vorum í dag að vonast eftir Fríðu en hún gat ekki komið, en skrifaði með Gvendi og sendi sokka og skó á Lilla. Ég fór suður að Auðnum og hringdi til hennar.

21. sunnud. Var messa. Nokkuð margt við kirkju. Séra Garðar verður hjá okkur í nótt.

22. mánud. Öll börnin mætt. Gekk vel að kenna. Hulda í Hvassahrauni kom og ég setti henni fyrir að læra. Alla í Flekkuvík kom og bað mig að kenna sér réttitun , skrift, reikning og eitthvað í ensku og dönsku. Gekk heim. Mikið norðanrok. Gunni fann rekinn sel í dag, nýdauðan. Hefur sennilega rotast. Hlýddi Díu Yfir. Las með Óla.
23. þriðjud. Öll börnin mætt. Nú er vika síðan ég setti skólann og fór að kenna. Hulda kom og ég hlýddi henni yfir. Alla kom líka. Stína á Vatsleysu kom utan úr Njarðvíkum í dag og kom til mín og bað mig að kenna sér réttitun og eitthvað í ensku og dönsku. Lét þær allar skrifa stíl, hlýddi Huldu yfir og lét Öllu reikna. Fór heim með Gvendi. Hlýddi krökkunum yfir heima. Í dag er Óli 18 ára.
24. miðvikud. Öll börnin voru mætt í dag. Veðrið er mjög vont, rok og rigning. Stelpurnar gátu ekki komið. Stína fór inneftir í dag.
25. fimmtud. Öll börnin voru mætt. Hulda kom í tíma.
26. föstud. Öll börnin mætt. Gekk vel. Stína og Alla komu í tíma.
27. laugard. Gaf frí. Fyrsti vetrardagur. Fór inneftir með Díu. Hún lét skoða sig. Á að láta taka úr sér allar tennurnar. Fórum til Þórðar Þórðarsonar læknis.
28. sunnud. Vorum hjá Ingvari í nótt. Fórum suður með Gvendi. Ingvar sendi pabba skrifborð.
29. mánud. Öll börnin mætt. Allar stelpurnar komu í tíma. Fer alltaf heim með Gvendi á kvöldin. Er ekki búin að kenna fyrr. Kenni stelpunum frá 3 til 5.
30. þriðjud. Öll börnin mætt. Pabbi fór inneftir og Óli hann ætlaði að reyna að fara á Flensborg. Allar stelpurnar komu.
31. miðvikud. Öll börnin mætt nema Jónas ekki fram að hádegi, fór fyrir foreldra sína sendiferð. Allar stelpurnar komu. Pabbi hringdi til mín um matinn og sagði að Óli gæti ekki orðið innfrá hann kom suður í kvöld.
- Dagbókin nær með líku sniði fram að jólafríi, en hér verður látið staðar numið.

25. þáttur **Árni Theodór 1910 – 1920 – og ófarir skólanefndar** 22. júní

Sagt er frá **Árna Theódór Pjetursyni** í 18. þætti og mynd af honum þar. Hann kenndi hér í sveit og víðar á Suðurnesjum á árunum 1885 – 1910 við góðan orðstýr. Hann hafði ekki kennarapróf, en skrifleg meðmæli margra. Hann varð svo kennari (skólastjóri) við Suðurkotsbarnaskóla í áratug, 1910 – 1920 og segir hér frá því.

Strax eftir setningu Fræðslulaganna 1907 og stofnun Kennaraskólans 1908 (sjá mynd) fara fræðslufirvöld að amast við þeim sem kenna við skóla sem njóta ríkisstyrks en hafa ekki kennarapróf. Dæmi um það er bréf Jóns Þórarinssosar, umsjónarmanns fræðslumála, dags. 8. nóv. 1908, þar sem hann svarar fyrirspurn Árna Theodórs um hvort hann hafi ekki leyfi til að vera kennari framvegis við skóla sem fær opinberan styrk, þótt hann hafi ekki tekið kennarapróf. Svarað er, með skýrskotun til laganna, að ekki sé ástæða til að spyrjandanum, sem hefur verið barnakennari mörg undanfarin ár, verði bægt frá opinberri barnakennslu, né að neita þeim skóla, sem hann kann að starfa við, um opinberan styrk, fyrir þá sök að hann hafi ekki tekið kennarapróf.



Þetta álit, ásamt skriflegum meðmælum margra, hefur Árni í höndunum þegar hann sækir um og fær kennarastöðuna við Suðurkotskóla 1910. Þá sótti einn á móti honum, Egill Hallgrímsson frá Austurkoti í Vogum. f. 1890, með kennarapróf frá því þá um vorið. Kannski hefur 2 áratuga kennslureynsla Árna og meðmæli verið látin ráða. Þarna lágu fyrir skrifleg meðmæli frá 3 prófdómurum, 2 sóknarprestum, hreppstjóra, oddvita, fómanni skólanefndar, og frá sjálfum Guðmundi Finnbogasyni (1904), allt aðilar sem höfðu eitthvað af kennslu hans að segja. Þeim verður tíðrætt um dugnað, alúð, ástundun, samviskusemi, að börnin taki framförum, hlýði honum og þyki vænt um hann.

Ekki er vitað annað en Árni hafi verið farsæll kennari þau 10 ár sem hann kenndi samfelld við Suðurkotskóla og á þessu tímabili er hann kosinn oddviti hreppsins. En Adam var ekki endalaust í paradís. Í fundargerðum skólanefndar 1917 og 1918 má lesa milli línanna að fræðslufirvöld séu farin að amast við

Árna og nefndin þurfi nú að verja áframhaldandi veru hans. Á þeim tíma hækka launin verulega, úr 18 í 30 kr á viku, og kann sú hækking að tengjast auknum kröfum um menntun kennara.

Skólanefndin hélt engan bókaðan fund 1919, en það ár breyttist ýmislegt. Í fræðslulögnum frá 1907 er ekki gerð krafa um kennaramenntun, en í erindisbréfi fyrir skóla- og fræðslunefndir frá 1908 segir: „Skólanefnd ræður kennara skólans og sjer um að þeir geri skyldu sína; hún skal láta sér annþ um að ráða góða og vel hæfa menn, og skulu þeir, sem staðist hafa kennarapróf, jafnaðarlega vera látnir ganga fyrir öðrum.“ Árið 1919 eru svo sett lög um skipun barnakennara og laun þeirra (nr. 75/1919). Til þess að verða skipaður kennari við barnaskóla eða forskóla, sem njóti styrks af landssjóðsfé, er nú krafist, auk annars, að hafa lokið kennaraprófi, eða stúdentsprófi auk prófs í uppeldisfræði og kennslufræði eða stundað barnakennslu að minnsta kosti 3 ár og hafi vottorð sóknarprests síns og fræðslunefndar ... um góða kennarahæfileika og árvekni í starfi“.

Árni Theodór hafði ekki kennarapróf né heldur stúdentspróf en mikla kennslureynslu og meðmæli frá mörgum og virðist hafa verið frekar vinsæll kennari. Það kemur því á óvart þegar lesin er fundargerð fræðslunefndar frá mars 1920 að kennarastaðan við Suðurkotskóla hefur verið auglýst og ræðir nefndin þar um hverjum umsækjanda ”skyldi veita meðmæli til starfans framvegis og var um það atriði í einu hljóði samþykkt að veita kennaranum Árna Theodór Pjeturssyni hin fullkomnustu og bestu meðmæli ... Öðrum en nefndum kennara veitir skólanefndin því ekki meðmæli sín.“ Sá mun hafa verið Kristmann Runólfsson, heimamaður sem lokið hafði kennaranámi 1910 og kennt tvö ár á Vatsleysu.

Þrátt fyrir fullkomin meðmæli fræðslunefndar með Árna var Kristmann ráðinn og kenndi þann vetur, 1920-1921. Á fundi 19. sept. ræðir nefndin beiðni foreldra um að taka börn sín úr skólanum. Var samþykkt að veita undanþágu, með því skilyrði þó að sá sem tæki við börnunum sæi þeim fyrir góðu húsi og hita. Ólíklegt er að einhverjir hafi nýtt þessa undanþágu og að Árni hafi kennt einhverjum börnum utan skóla þennan vetur, en yfirvöld fræðslumála neituðu bón fræðslunefndarmanns um að hús Suðurkotskóla yrði nýtt til þess. Í dagbók skólans segir frá skólasetningu 1. okt. 1920. Kristmann Runólfsson setti skólann og var í upphafi sunginn 34. sálmur. Kristmann „skýrði frá breytingum sem orðið höfðu og óskaði eftir samvinnu og samhug foreldra í skólastarfinu. Þá tók til máls fyrrv. kennari, Árni Th. Pjetursson og þakkaði börnum og foelðrum fyrir 10 ára samveru, traust og virðingu sem sér hefði verið sýnd alla tíð.“ Mættir voru nokkrir aðstandendur og 18 nafngreind börn, vantaði aðeins 3 skólaskyld börn, af tilgreindum ástæðum. Samkvæmt dagbók skólans var góð mæting þennan vetur.

Sumarið 1921 er tekist á um það í nefndinni hvort ráða skuli Kristmann áfram eða auglýsa stöðuna. Það endar með því að Kristmann telur sig ekki geta verið áfram og er staðan auglýst. Í ágúst er svo tekist á um bréf frá Fræðslumálastjóra með umsókn frá Viktoríu Guðmundsdóttur, sem er reyndur kennari með kennarapróf. Einnig hafði komið fram umsókn frá Árna Theodór. Nefndarmenn vildu halda í Kristmann og einnig er bent á Pál Pétursson í Landakoti, en þeir styðja ekki Viktoríu. Það fer svo að fræðslunefndin er hryggbrotin öðru sinni. Viktoría er ráðin og gegnir stöðunni 1921 – 22.

En það var áfram heitt í kolunum. Sumarið 1922 hefur verið skipuð ný fræðslunefnd sem á fyrsta fundi ákveður að auglýsa stöðuna. Þá koma 4 umsóknir, ein þeirra frá Viktoríu sem fékk engan stuðning nefndarinnar. Önnur var frá Árna Theodór og studdu tveir nefndarmenn hann, en aðrir tveir studdu Ásgeir Magnússon frá Hvammstanga. Í þriðja sinn var nefndin hunsuð, því Viktoría – umsækjandinn sem enginn nefndarmaður mælti með - var ráðin! Varð nefndinni skiljanlega misboðið og þótti tilvera sín orðin þýðingarlaus. Nefndarmenn skrifuðu bréf og ræddu við stjórnvöld í Reykjavík, þar á meðal forsætisráðherra, en lögðu síðan niður nefndarstörf daginn sem Viktoría byrjaði að kenna sinn annan vetur. Segir meira frá Viktoríu í næstu þáttum.

Það er af Árna Theodór að segja að hann bjó í Háabæ í 5 ár eftir að kennslustarfinu lauk og stundaði sjó, en skildi svo við konuna og flutti til Hafnarfjarðar. Löngu síðar (1933) var hann dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir að tæla 14 ára stúlku, frá Móakoti. Árni viðurkenndi aldrei slíkt brot – var hugsanlega dæmdur saklaus - en þetta var andstyggðar mál rekið með hléum fyrir dómstól í 3 ár og mikið til umræðu, nefnt Móakotsmál.

Heimildir. Þuríður J. Kristjánsdóttir 1992: Embættisgengi og réttindanáms. Gjörðaðbók barnaskólanna á Vatsleysuströnd. Fleiri óbirt skjöl. Blaðareinar og bæklingar um Móakotsmálið. Ólafur Þ. Kristjánson: Kennaratal á Íslandi.

26. þáttur: **Svo kom kennslukona með kennarapróf** 29. júní

Viktoría Guðmundsdóttir var fædd 3. júlí 1885 í Þjórsárholti og ólst þar upp og á Gýgjarhóli. Hún tók kennarapróf frá Flensborg 1904 og síðar frá Kennaraskólanum 1919. Viktoría var kennari í Biskupstungum 1904 - '08, Laugardal og Grímsnesi 1909 - '16 og heimiliskennari í Biskustungum 1917 - '20. Var síðan við nám í Svíþjóð 1920 - '21, þar sem hún kynnti sér kennara- og barnakennslu og teikninám m.a. Tók þá um haustið við kennslu og skólastjórn Brunnastaðaskóla og gegndi því starfi með sóma í 31 ár. Hún fór til Svíþjóðar og Danmerkur á námskeið nokkur sumur meðan hún kenndi á Vatnsleysuströnd. Í bréfum frá Fræðslumálastjóra var hún ýmist sögð vera „forstöðukona barnaskólans“ eða „kennari“. fyrst titluð skólastjóri í fundargerð skólanefndar árið 1941.

Ráðning Viktoríu gekk ekki hávaðalaust fyrir sig, eins og komið er inn á í síðasta þætti. Árni Theodór vildi halda áfram og naut nokkurs stuðnings til þess, m.a. í skólanefnd, og var auk þess oddviti hreppsnefnar um það leyti. En fræðslufirvöld hafa horft til menntunar og reynslu Viktoríu og hún vann sér fljótlega virðingu og stuðning.

Það gæti hafa haft áhrif að Viktoría er fyrsta konan til að kenna í þessum hreppi, annað en handavinnu stúlkna. Engin kona var í hreppsnefnd og í skólanefnd sátu bara karlar þar til Guðríður Andrésdóttir í Landakoti tekur þar sæti 1932. Viktoría sat sjálf í skólanefndinni 1938 – 1942, ásamt Guðríði, og voru konur þá í meirihluta.

Viktoría bjó fyrst á Efri-Brunnastöðum, síðan 1926-1944 í íbúð í norðurenda Skólahússins, en stofunni þar var breytt í kennslustofu fyrir yngstu börnin 1939. Svo var skólahúsið rífið og nýtt byggt í þess stað 1944, en í því var engin kennaraíbúð og bjó Viktoría eftir það í Vogum.

Viktoría var alla tíð ógift og barnlaus. Hún hafði oft vinnustúlkur, m.a. bjuggu hjá henni systurdætur hennar, Helga og Guðrún og ein 18 ára frænka bjó hjá henni og vann í frystihúsinu Vogar hf. Ella í Naustakoti var lengi vinnukona hjá henni, einnig Lóa sem svo giftist Guðmundi Skarphéðni. Laun Viktoríu fyrsta áratuginn voru 800 kr á ári.



Vorið 1924 lýsir Jón Kr. Jónsson, prófdómari, því yfir að kennsla sé í ágætu lagi, nema það vanti sérherbergi fyrir fimleikakennslu. ... „Háttprýði sú er einkenndi börnin varð eigi síst til þess að vekja athygli mína.

Einnig voru hin hiklausu skýru svör þeirra, við prófspurningum, eftirtektarverð, því að þau bentu á mikinn þroska, ásamt dómgreind, sem virðist hafa verið þroskuð og aukin með fræðslunni...“

Árið 1929 var árangur hér í sveit talinn vera í meðallagi á landsmælikvarða.

Viktoría varð mikils metin í samfélaginu. Börnin báru virðingu fyrir henni og stóðu ávallt upp þegar hún kom í stofuna. Hún tók þátt í félagsmálum; söng með börnunum í skólanum í upphafi hvers dags, einnig í kirkjukórnum; var æðstitemplar í stúkunni Ströndin sem stofnuð var 1926 og gæslumaður barnastúkunnar Ársólar, sem hún stofnaði það sama ár og starfaði meðan Viktoríu naut við. Viktoría var landsþekkt fyrir áhuga á bindindis- og uppeldismálum og fór nokkrum sinnum til Svíþjóðar og kynnti sér þau mál, sem hún nýtti sér í kennslu. Hún skrifaði greinar í blöð og tímarit og var ritstjóri Unga Ísland 1919 og í stjórn Sambands íslenskra barnakennara um tíma.

Á árunum 1923 - 28, þegar óvenju margir Guðmundar voru nemendur í skólanum tók Viktoría upp þann sið að nefna þá Björgvin, Jónsson og Ólafsson. Þeim gæluöfnum héldu þeir allir til dánardags.

Hér er eitt dæmi um kennslu- og stjórnunarhætti Viktoríu. Í jan. 1944 kvartar faðir undan því bréflaga að kennsla hafi fallið niður dagspart vegna óknytta og uppistands nemanda gagnvart öðrum kennara, og krefst þess að skólastjóri haldi uppi aga og reglu í skólanum. Viktoría mat það svo að ekki hefði verið rétt að beita hörðu eða vekja þrælsotta, m.a. vegna þess að atvikið átti sér stað í kennslustund í kristnum fræðum varðandi undirbúing fermingarbarna. Í skólanum væru börn sem ekki virtust skilja að óhlýðni við kennarann sé saknæm. Hins vegar telji hún ekkert skólabarn vera svo illa innrætt að ástæða sé til að stimpla það opinberlega með því að víkja því úr skóla.

Viktoría var kennari / skólastjóri í 31 ár, 1921 – 1952 og sló þar met þeirra Sigurjóns Jónssonar frá Minni-Vogum sem var kennari í 12 ár (1886 - '98) og Árna Theodórs í 10 ár (1910 - '20). Þegar hún varð sjötug var safnað fyrir afmælisgjöf og gáfu 70 manns alls 7000 kr. Eiríkur Smith var síðar fenginn til að gera málverk af Viktoríu sem hangir uppi í Stóru-Vogaskóla og fyrrum nemendur hennar gáfu þegar það hús var vígt 1979. Á myndinni er Ingibjörg Erlendsdóttir að afhenda málverkið við það tækifæri.



Viktoría bjó í Vogum áratug eftir að hún lét af störfum en bjó síðstu árin á Sólvangi í Hafnarfirði uns hún lést 1970. Hún gaf Flensborgarskóla bóksafn sitt árið 1965, voru það 569 bindi.

Í minningargrein sem samkennarinn Stefán Hallsson skrifaði um Viktoríu Guðmundsdóttur segir m.a. *“Engri konu hef ég kynnt sannmenntaðri, skylduræknari, minnugri, fróðari og skjótari í svörum. Hún var skarpgáfuð kona, vinsæl og mikils virt. Hvarvetna kom hún fram sem sannur leiðtogi æskunnar. Ber vist öllum, sem til þekktu, saman um það og að skólastjórasetið á Vatnsleysuströnd hafi verið vel skipað meðan Viktoría var þar skólastjóri.”*

Heimildir. Kennaratal á Íslandi. Gjörðabók skólanefndar; Bókin Bréfin hennar Viktoríu, Inga Kristjánsd. 2021; Grein í Faxa 1990, m.a. minningargrein Stefáns Hallsonar. Viðtöl við fólk sem kynntist Viktoríu, m.a. Ásu Árnadóttur, Jóhann Sævar, Guðrúnu Lovísu, Viktoría sextug Faxi 1.7.1945.

27. Þáttur: Í skólanum hjá Viktoríu 13. júlí

Guðrún Lovísa Magnúsdóttir, kölluð Lúlla (f.1922, d. 2021, er 16 ára á myndinni) gekk 4 ár í skólann hjá Viktoríu, 10 – 14 ára. – Hún segir svo frá (2006 og 2012): Börnin borðuðu og tóku lýsi heima og höfðu með sér mjólk og brauð pakkað inn í dagblaðið Tímenn. Eldri deildin mætti á morgnana kl. 8:30 og fóru heim 14:30 en yngri deild kl. 9:30 og heim 15:30. „Það var heilmikill kolaofn þarna, það var alltaf hlýtt þegar við komum. Hún Viktoría hafði alltaf vinnukonu á þessum tíma.“ Kennaranum var heilsað með handabandi. Lásu svo saman faðir vor á morgnana og sungu kvæði eða sálm áður en skóla lauk og var Viktoría forsöngvari.



„Það var ein kennslustofa, eldri deildin (2 árgangar) sátu í gluggaröðinni, tvö saman við borð sem í var ein hilla og setbekkurinn fastur við borðið, þau yngri tvö saman eftir miðju gólfi. Lærðum lestur að mestu heima áður en byrjað var í skóla svo skrift, teikningu, reikning, biblíusögur, landafræði, Íslandssögu, málfræði, náttúrufræði og kvæði. Úti lékum við okkur í kýlubolta-síðasta-sto-stórfiskaleik-hlaupa í skarðið og eitt par framm fyrir ekkjumann. Þegar slæmt var veður sátum við stelpurnar uppi á borðum og sungum en strákarir frammi á gangi. Viktoría bjó í norðurendanum. Síðasta veturinn minn var Stefán Hallsson aðstoðarkennari og hjá honum æfðum við söng, hann spilaði á orgel. Í útinganginum var vatnstunna, sem borið var vatn í úr brunni. Við tunnuna var borð eða kassi þar á stóð vatnsfata með emeleraðri ausu í og máli ef við yrðum þyrst. Úti var kamar – og klósettpappírinn dagblöð. Þetta voru yndisleg fjögur ár.“

Lúlla var 25 mín. að ganga í skólann, frá Sjónarhóli. Stefán frá Litlabæ gekk – öllu heldur hljóp – eins og raketta, þrisvar sinnum lengri leið! Guðmundur Björgvin kom frá Brekku undir Vogastapa, gekk einn að Vogum og þaðan í fylgd með fleiri krökkum. Meira en klukkustundar gangur, fór eftir hvernig stóð á sjávarföllum, hvort hann gat stytst sér leið yfir sandinn.

Lúlla man ekki eftir einelti, en það voru tveir strákar svolítið óþekkir, svoldlir grallarar. Þeir voru settir á stól til hliðar. Þar sátu þeir og geifluðu sig framan í okkur hin. Við vorum aldrei slegin með priki eða flengd, en Árni Theódór hafði gert það. Stelpurnar reyndu að hengja öskupoka á strákana á öskudaginn. Lúlla átti ekki kærasta fyrr en eftir skólagöngu, en sá kærasti varð maður hennar, Guðmundur Björgvin. Þau áttu 12 börn og settu svip á Vatnsleysustrandarhrepp sem nú heitir Sveitarfélagið Vogar. Viktoría var indæl kona og vel til fara, gerði þetta allt vel, segir Lúlla.

Viktoría hélt **dagbók** skólans. Skoðum hér nokkrar færslur. Segir fyrst frá dæmigerðri skólasetningarathöfn. Fyrsta október **1926** var skólinn settur. Viðstödd voru öll þau börn er ganga eiga í skólann þetta skólaár (26 talsins). Í eldri deild (12 – 13 ára) voru Torfhildur Torfadóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Unnur Þórarinsdóttir, Guðm. Björgvin Jónsson, Óskar Eyjólffsson, Anna M. Elíasdardóttir, Ragnhildur Magnúsdóttir, Loftur Árnason, Guðm. M. Jónsson, Guðm. Skarphj. Kristjánsson, Guðm. Ólafsson og Guðrún Magnúsdóttir. Í yngri deild (10 – 11 ára) voru Ásgeir Sæmundsson, Einar Guðmundsson, Ingibjörg Erlendsdóttir, Margrjet Jónsdóttir, Marianna Elíasardóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Ingvar Benjamínsson, Guðm. Ragnar Ágústsson, Símon Kristjánsson, Ólafur Erlendsson og Klemens Sæmundarson.

„Athöfnin hófst með því að sunginn var sálmurinn: Ó Jesú bróðir besti. Kennari skólans, Viktoría Guðmundsdóttir, ávarpaði síðan börnin, óskaði þau velkomin og talaði til þeirra hvatningarorðum. Afhenti hún skólanum þrjár myndir, gefnar af dönskum manni. Kristsmýnd allstóra, tekna eftir höggmynd Thorvaldsens, og smærri myndir af konungshjónunum Friðreki VIII og drotningu hans, Lovísu. Valdi kennari sjer Kristsmýndina að ræðuteksta. – Síðan voru sungin versin: Vertu, Guð faðir, faðir minn, og fyrsta vers sálmsins Á hendur fel þú honum.

Kennari leitaði síðan venjulegra upplýsinga um nöfn, aldur, og kunnáttu nýkomnu barnanna, og prófaði þau í lestri. Skýrði frá því, að næst yrði kent mánudaginn næstkomanda. Fór síðan hver til síns heima.“

Síðan var kennt alla 6 daga vikunnar, nema laugardaginn 2. okt., en þá var hlutavelta, 11. okt fékk kennarinn leyfi, 12. okt. voru gólfín olíuborin og laugard. 16. okt. var hreppsfundur í húsinu. 22. okt. eftir kl. 2 var læknisskoðun á börnum, kennara, og skólahúsi. Ekkert athugavert um heilsufar. Daginn eftir var kjörfundur í húsinu og mánud. 25. var ekki heldur kennt því húsið var óhreint eftir dans. Laugard. 30 var ekki kennt því mjólkurfélagsfundur var í húsinu.

Síðan kom fjöldi venjulegra skóladaga, en 1. desember, fullveldisdagurinn. Þann dag var gefið leyfi hvert ár frá 1922, en í þetta sinn var “kent 2 st. (eldri deild saga og skrift, yngri deild handavinna), og börnunum síðan skemmt með sögum og myndum. Dagsins minst með stuttri tölu og sálmasöng.”

16. des. var ófært veður og ekkert kennt. Skráð er hvern dag hvort barn er veikt eða fær leyfi.

Hlaupum nú hratt yfir sögu, en þessu skólaári lauk með vorprófum 6. - 7. apríl, Skólanum var sagt upp 9. apríl, viðstödd voru öll skólabörnin, handavinnukennari skólans, og nokkrar konur.

22. des. **1927** “Munnlegt próf hjá eldri deild til kl. 2. Barnastúkufundur eftir það. Í lok fundarins var jólanna minst á venjulegan hátt. Börnin sungu jólasálma, kennari las upp jólasögu, og talaði nokkur orð til barnanna um hátíðina og þýðingu hennar og las að síðustu jólaguðspjallið. Síðan var gefið jólaleyfi til 3. janúar 1928. Ráðgert hafði verið að kensla skyldi hefjast aftur 3. janúar 1928. Það fór á annan veg, því að þann dag fór fram jarðarför barnsins Ingvars Benjamínssonar, er látist hafði í jólaleyfinu (orðið úti). Næsta dag var leyfi, en ákveðið að kensla skyldi aftur hefjast 5. janúar kl. 11 f. hádeggi. ... Þá komu 8 börn. Ekki kent 6 jan, en kl. 5 e. hád. hafði kvenfjelagið „Fjóla“ jólatrje fyrir börn og fullorðna í skólahúsinu.”

Nikulás Sveinsson frá Háabæ, f.1928, segir svo frá: „Viktoría las fyrir okkur kafla úr spennandi bók eftir Selmu Lagerlöv, einu sinni í viku, til að vekja áhuga okkar á bókmenntum og biðum við spennt eftir hverjum kafla. ... Okkar ástsæli kennari, Viktoría Guðmundsdóttir, lagði sig alltaf í hádeginu og svaf stundum yfir sig (smávegis) og þá gátum við ólátast úti svolítið lengur - bara gaman.“

Viktoría var geðprýðismanneskja og alvörugefin, en dálítið seinlát, „hafði einstakt lag á krökkunum, maður heyrði hana aldrei byrsta sig neitt,” segir nemandi hennar og heimilisvinur, Ása Árnadóttir, f.1932.

Veturinn 1948 - '49 starfaði skólinn í 2 deildum með 28 nemendum. Í eldri deildinni voru 13 börn en 15 í þeirri yngri. Kennarar við skólann voru þeir sömu og árið áður, þau Viktoría Guðmundsdóttir skólastjóri og Jón H. Kristjánsson kennari. Jón ók börnunum daglega að og frá skóla, en þann vetur var það erfiðleikum bundið, vegna kulda og snjóá. Ingibjörg Erlendsdóttir, kennari, var prófdómari þetta vor. Börn yngi en 9 ára voru í vorskóla í maí. Myndin er af nemendum, tekin u.þ.b. 1938.



Heimildir: Handskrifuð dagbók skólans. Óbirtar endurminningar Guðrúnar Lovísu, og myndbandið Lúlla á Grunni Suðurkotsskóla í apríl 2010; Fréttir frá skólunum, Faxi, í júní 1949. Nikulás Sveinsson, á fb-síðu Brunnastaðaskóli. Viðtöl við nemendur Viktoríu.

28. þáttur: **Landsins fyrsti skólabíll – öll kennsla á einum stað** 27. júlí

Skólinn var frá upphafi **heimangönguskóli**, en allt of löng ganga var í skólann úr sumum hverfum, t.d. hálf tími úr Vogum og klukkustund úr Kálfatjarnarhverfi. Hann var að hluta **heimavistarskóli** fyrstu árin, því nokkur af börnunum höfðu viðlegu í risi skólans, ásamt umsjónarfólki á 50 fermetrum undir súð! Ekki er ljóst hve lengi sú tilhögun stóð. Einnig voru börn vistuð á nálægum bæjum. Um árabíl voru **aukaskólar**, með farskólasniði, í barnmörgum hverfum. Á 4. áratugnum voru lögð drög að byggingu heimavistarskóla, sem þá voru algengir um sveitir landsins. Á þeim árum greiddi ríkið helming af byggingarkostnaði heimavistarskóla, en aðeins þriðjung af heimangönguskóla.

Árið 1942 tók skólanefnd Brunnastaðaskóla upp þá nýjung, að leigja bíl til að flytja daglega í Brunnastaðaskóla þau börn, sem sækja átta Vatnsleysuskóla, en hann var um leið lagður niður. Jafnframt að hefja undirbúning að daglegum bílflutningi skólabarna til og frá skólanum næsta skólaár. Stefán Hallsson kennari (sjá mynd) bjó sig undir að annast keyrsluna. Haustið 1943 féllust skólanefndir barnaskólanna á Vatnsleysuströnd og Ölfusi á það, fyrir milligöngu Bjarna M. Jónssonar, námstjóra héraðsins, að gera tilraun til að flytja börn í sérstökum **skólabílum** sem hrepparnir keyptu. Bjarni færir gild rök fyrir kostum skólabíls í grein í 3. tbl. Menntamála 1944. (Bjarni hafði verið skólastjóri í Grindavík 1925-1929 áður en hann varð námstjóri.)



Kannski var þetta ekki svo íkja frumleg hugmynd, því þá hafði mjólkurbíll gengið nær daglega eftir endilangri Vatnsleysuströnd í tvo áratugi. Frá aldaöldi höfðu flest heimili í hreppnum átt kú, gjarna tvær eða þrjár, og gátu gefið börnum mjólk og unnið skyr og smjör. Á sumrin voru einnig mjólkaðar ær. Um 1897 voru 70 kúr hér í sveit. Árið 1920 hófu bændur í hreppnum að selja mjólk til Hafnarfjarðar og var hún fyrst flutt á hestvagni. Ári síðar stofnuðu bændur hér mjólkursölufélag og bifreiðarfélag. Þeir keyptu Ford mjólkurbíl sem gat borðið 750 kg. Var byggt skýli yfir pallinn og settur bekkur þannig að hægt var að flytja 6 farþega. Var þetta fyrsti bíllinn sem flutti mjólk og farþega til Reykjavíkur, ók alla Vatnsleysuströndina milli Voga og Reykjavíkur alla virka daga, í öllu veðrum.

Fyrirnefnd skólabílatilraun var framkvæmd veturinn 1943 – 1944 og gafst svo vel að næsta vetur voru einnig skólabílar í Laugarnesi í Reykjavík og í Njarðvíkum. Steán Hallsson kennari sá hér um aksturinn fyrstu tvo veturna.

Síðan var enginn skólabíll haustið 1945 því Stefán Hallsson var hættur og gamli bíllinn seldur um sumarið í von um að hægt yrði að kaupa setuliðsbíl – og lokst tókst að útvega bíl. Hreppurinn fékk aðeins þúsund króna rekstrarstyrk fyrir árið, en ekkert vegna stofnkostnaðar. Í einni styrkbeiðni til kennslumálaráðuneytisins segir fræðslumálastjóri: „Þessi tilraun með skólabíla hefur gefist vel. Ég er viss um að í framtíðinni verða mörg skólahverfi, sem leysa vandkvæði sín í skólabyggingarmálum og skólasókn með því að hafa skólabíl.“

Í bréfi til fræðslumálastjórans í Reykjavík (dags. 4. des. 1945) fór oddviti, Jón G. Benediktsson, fram á að fá endurgreiddan hluta af þeim kostnaði sem hreppurinn hafði haft af skólabílum og segir meðal annars: „Þar sem þetta er nýr útgjaldaliður fyrir hreppinn við skólahaldið, og þessi nýbreytni við skólahaldið var gerð í samráði við yður, að nokkru leyti í tilraunaskyni fyrir barnaskóla yfirleitt sem líkt er ástatt með og skólann hér, þá væntum við að hreppurinn fái ofangreindan kostnað (kr. 8.348,36) fyrir árið 1944 endurgreiddan að verulegu leiti.“ Málaleitan þessari var svarað með 3000 króna framlagi ríkissjóðs, „sem samsvarar launum ráðskonu sem mundi hafa þurft að hafa við skólann, ef hann hefði verið heimavistarskóli.“

Skólaárið 1946 var Jón H. Kristjánsson settur kennari við skólann og tók jafnframt að sér skólaaksturinn. Skólanefndin óskaði eftir því að hann yrði skipaður kennari eftirleiðis, þar sem skólastjóri og skólanefnd töldu fulla þörf fyrir tvo kennara. Nefndin fór þess á leit að honum yrði veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir sex manna amerískri fólksbifreið, sem notuð verði til flutninga á skólabörnum (fyrstu árin var notast við gamlar bifreiðar, sem reyndust ófullnægjandi). Skólanefndin taldi eðlilegt að bifreiðin væri í eign kennarans, þar sem hann var ákveðinn í að vera næstu ár og tilbúinn að sjá um skólaakstur.

Leyfið fékkst, Jón keypti sér

„drossíu“ sem gekk undir nafninu „Svarta María“ (?) og sá um skólaaksturinn næstu tvö ár, fyrir 80 kr á dag. Jón mun jafnframt hafa ekið leigubíl á þessum tíma og notað til þess sama bíl.

Haustið 1952 tók Jón að sér aksturinn að nýju (100 kr á dag 1954, 250 kr á dag 1956). Sá hann um aksturinn til 1960, jafnframt því að vera skólastjóri. Var Svarta María þá gamall lögreglubíl (sjá mynd, nemandinn er Sveinbjörn Egilsson, f.1947, faðir Hilmars, núverandi skólastjóra).



Árið 1960 keypti hreppurinn ársgamalt Volkswagen rúgbrauð (sjá mynd) og skiptu Pétur Jónsson oddviti og Gunnlaugur Sveinsson skólastjóri og fleiri með sér akstrinum.

Þegar Reykjanesbrautin er tekin í notkun 1965 hætti Keflavíkurrútan að keyra Vatnsleysuströnd og um Voga og mótmæltu í búar því. Þá lagði ríkið til nýja 17 manna Benz-rútu sem hreppurinn rak næstu 5 árin til að keyra farþega til móts við Keflavíkurrútuna við Kúagerði og Vogaafleggjara, en jafnframt til skólaaksturs. Hafsteinn Snæland ók fyrsta árið en síðan tekur Hlöðver Kristinsson við og ók í nærri 3 ár. Þá, um 1970, kaupa Hlöðver og Haukur Guðmundsson benzinn og fleiri bíla og fara að reka Njarðvíkur-strætó og sáu einnig um skólaksturinn í 2 – 3 ár.



Árið 1973 tekur Kópur Z. Kjartansson að sér skólaaksturinn á eigin bíl í fullu starfi og ók m.a. daglega með nemendahópa til Njarðvíkur í íptótta- og sundkennslu, og hverjum nemanda heim eftir að hann hafði lokið skóla. Var þetta góð þjónusta, en þótti dýr, enda fór talsverður tími í bið. Um 1989 tók SBK í Keflavík við akstrinum og sá um hann þar til Íþróttamiðstöðin í Vogum tekur til starfa og skólaaksturinn dregst saman. Þá tóku konur við akstrinum á bíl í eigu sveitarfélagsins, fyrst Margrét Pétursdóttir og síðan Hrafnhildur Bryndís Rafnsdóttir og sinntu þær öðrum störfum við skólann milli þess sem þær óku, frá árinu 2011 sjá starfsmenn bæjarins um skólakstur, ásamt akstri Vogastrætó sem flytur fólk til móts við Strætó á Reykjanesbraut á virkum dögum.

Heimildir: Akstur skólabarna: Skólar á Suðurnesjum, Faxi 1 tbl. 1990. Munnlegar upplýsingar m.a. frá Hlöðver Kristinssyni, Sesselju Guðmundsdóttur og Helgu S. Árnadóttur. Bjarni M. Jónsson, námstjóri. Skólabílar, Menntamál, 17. árg. 1944. Gjörðabók skólanefndar. GBJ: Mannlíf og mannvirki ... Skólabílar. Menntamál 1945.

29. þáttur: Nýtt og betra hús Brunnastaðaskóla 10. ágúst

Í febrúar 1929 var farið að huga að byggingu nýs skólahúss. Að dómi skólanefndarinnar var þáverandi hús orðið óhæft til kennslu og hættulegt heilsu barnanna

(myndin er tekin um áratug síðar). Ekki er hægt að segja að hreppsnefndin hafi hraðað sér að byggja, því haustið 1931 er allt við það sama. En þá kemst smá hreyfing á málið og næstu ár toguðust skólanefnd, hreppsnefnd og fræðslumálastjórn á um stærð og gerð skólabyggingar. Á fundi í sept. 1932 bókar skólanefndin: „Þar sem börn þau sem sækja eiga Suðurkotsbarnaskólan eru 30 að tölu en skólastofan tekur ekki nema 24, fellst nefndin á að skipta börnunum þannig að hvor deild sæki skólann annan hvorn dag og bæta við eins mánaðar kennslu (aprílmánuði).“ Þannig varð það næstu vetur.



Árið 1933 ítrekaði skólanefndin að ástandið væri algerlega óhæft og lagði til að skólahúsið yrði byggt samkvæmt fyrirbyggjandi teikningu húsameistara ríkisins, með 2 kennslustofum, heimavist og kennaraíbúð. Á þessum árum er kennt á tveimur stöðum (í Brunnastaða- og Vatnsleysuhverfi) og kennarar voru tveir, en þarna er ætlunin að sameina kennsluna á einn stað – með tveimur kennurum og heimavist.

Svo liðu mörg ár, lítið gerðist og menn björguðust með því að kenna á 2 og 3 stöðum. Árið 1938 breytir Suðurkotsskóli um nafn og heitir eftir það Brunnastaðaskóli. Árið 1942 eru hreppsnefndarkosningar og um haustið er komið nýtt hljóð í strokkinn. Þá liggur fyrir teikning að húsi sem er hugsað sem heimangönguskóli en börnin verði flutt með **skólabíl**, eða á annan hátt tryggt ókeypis bílfar að og frá skólanum.

Grunnur hússins var steypdur 1943. Húsið er hlaðið úr steini, orðið fókelt í sept. 1944, og var það vígt og tekið í notkun 9. desember. Svo virðist sem gamla húsið hafi verið rífið og líklega nýtt úr því eitthvað efni, því kennsla yngri barna féll að mestu niður þetta haust og Viktoría kenndi eldri deildinni í stofunni á Minna-Knarrarnesi, að sögn Reynis Brynjólfssonar, sem átti þar heima og hefði átt að vera í yngri deildinni.



Ræða Viktoríu við 73. skólaásetningu og vígslu hússins hefur varðveist. Meðal annars biður hún alla, börn og fullorðna, að ganga vel um húsið, ekki rispa eða krotta á borðin og ganga ekki á járnúðum skóm á dúknum. Hún lýkur máli sínu á þessum orðum. „Sameinum okkur svo öll um, að gera skólahúsið, sem vistlegast og skapa þá einingu og samvinnu á skólamálefnum, sem bezt má að gagni koma og minnumst þess að hvert kalt orð í garð kennara, kennslu og skóla dregur úr gagni þess starfs, sem þar er unnið. Fel ég svo Guði lands vors og þjóðar framtíð skólans okkar.“

Í húsinu voru þrjár kennslustofur (kennt í 3 deildum); breiður gangur eftir endilöngu húsinu (stundum notaður til íþróttakennslu og seinasta áratuginn þiljuð þar af vinnuaðstaða kennara); stofa til afnota fyrir kennara; hitaklefi, geymsla og geymsluloft, en engin íbúð fyrir kennara eins og í gamla húsinu.

Sökum þess hve fjárhagur hreppsins var knappur var húsið frekar lítið og engin íburður. Engir styrkir fengust til byggingarinnar, lán lítil og til skamms tíma, og tekjur hreppsins ekki miklar því íbúum hafði fækkað stöðugt og voru nú aðeins um 250. Umsjónarmaður byggingarinnar var Jón G. Benediktsson, þáverandi oddviti. Almenn fjársöfnun var í hreppnum til byggingarinnar sumarið 1943 og gáfu 30 manns u.þ.b. 5000 kr samtals. Stærstu gefendur voru Viktoría skólastjóri og Árni Klemens skólanefndarformaður og frú, hvort sinn þúsundkallinn. Á vígsludegi hússins, 9. des. 1944, skrautritar Stefán Hallsson, kennari og skólabílstjóri,

gjafarbréf og gefur kennaralaun sinn þann vetur til þess að kaupa borð og stóla fyrir yngri deildina - eða til að kaupa nýjan skólabil!

Stefán kenndi aðeins þann vetur í nýja húsinu. Hann kenndi svo við Barnaskóla Keflavíkur næstu ár. Þar missti Vatnsleysustrandarhreppur fjölhæfan kennara, kirkjukórstjóra og skólabilstjóra. Næstu vetur voru börnin það fá (tæplega 30) að varla fékkst að ráða einn kennara auk skólastjórans, og skólaakstur féll niður haustið 1945.

Bágur fjárhagur hefur valdið því að húsið var ekki fullbyggt. Viktoría segir í setningarræðunni: ”Skólahúsið er ekki nærri fullbúið, vantar t.d. ofna í alla norðurhlið hússins, vonast eftir að hægt verði að bæta úr því eftir nýjárið, og búið er að panta sams konar borð og stóla og hér eru komin. Vantar bókahillur, skápa og kennarapúlt.“ Ári eftir vígsluna rekur Bjarni M. Jónsson, námstjóri, á eftir því að lokið verði við ófullgerð herbergi þar sem m.a. vantar upphitun, gluggatjöld og húsgögn. 1947 telst húsið enn vera ófullgert og úttekt ólokið. Svo þurfti að gera verulegar lagfæringar á því aðeins tíu árum síðar. Þrátt fyrir það var tilkoma hússins og sameining alls skólastarfs á einn stað, með tilheyrandi skólaakstri, bylting í skólamálu á Vatnsleysuströnd og Vogum.

Þegar hús þetta er aðeins 15 ára, í maí 1959, skorar skólanefndin á hreppsnefnd að þá þegar verði athugaðir möguleikar á að byggja nýtt skólahús, í Vogum, enda sé húsið svo ófullnægjandi að ekki sé hægt að framkvæma lögboðna kennslu í söng, leikfimi og handavinnu. Börnum er farið að fjölga og húsið of lítið. Í fundargerðum skólanefndar frá því um 1970 kemur fram að gera þurfi miklar endurbætur, skólinn haldi hvorki vatni né vindi, dúkar lélegir, salerni mjög léleg og drykkjarvatn mengað.

Í ræðu sinni 1944 segir Viktoría: ”Þetta er þriðja húsið sem byggt hefur verið yfir skólann á þessum stað. Hafa hin húsin enst 36 ár að jafnaði.“ Svo kom í ljós að þetta nýbyggða hús entist skólanum í 35 ár! Og rúmlega 30 árum eftir byggingu fyrsta áfanga Stóru-Vogaskóla þurfti að taka þann hlutta í gegn og klæða að utan til að forðast heilsuspillandi myglu.”

Íbúð fyrir kennara var í skólahúsinu í Suðurloti alveg frá 1872 til 1944, en í nýja skólahúsinu var engin kennaraíbúð. Viktoría bjó því í leiguhúsnæði í Vogum frá 1944. Í skólanefnd var ítrekað rætt um byggingu skólastjórabústaðar, fyrst 1952 á skólajörðinni Suðurloti. Skólanefnd beitir sér síðan fyrir því af krafti 1962, þá helst í Vogum. Ellert Sigbjörnsson skólastjóri 1962-67, gerði frá upphafi húsnæðiskröfur og sagði upp af þeim sökum 1965 en safnað var undirskriftum og skorað á hann að halda áfam sem hann gerði eitt ár til. Það tókst á endanum að fá ríkið til að taka þátt í kostnaði. Þórir S. Guðbergsson og Rúna Gísladóttir voru fyrst til að nýta nýbyggðan skólastjórabústað í Vogagerði er þau tóku við 1967 og var hann notaður sem slíkur flest árin þar til Snæbjörn hætti sem skólastjóri 2007, en var þá seldur.

Á myndinni er spilað bobb á ganginum í Brunnastaðaskóla 1966.

Nýtt skólahús í Vogum var vígt 1979 og segir frá því í 33. þætti.



Heimildir: Gjörðabók skólanefndar. Greinar um skóla á Suðurnesjum í [Faxa 1. tbl. 1990](#) og [Faxa 2.tbl.1990](#).

[Myndasafn Minjafélagsins](#). Skólasetningarræða Viktoríu 1944. Viðtöl við Helgu S. Árnadóttur, Reyni Brynjólfsson og Jón Inga Baldvinsson á árinu 2022.

30. þáttur: **Skóli, þinghús og samkomuhús** 17. ágúst


Skólahús hafa ávallt verið öðrum þræði samkomuhús síns byggðarlags. Það voru Suðurlotsskóli, Brunnastaðaskóli, Vatnsleysuskóli – og síðan Stóru-Vogaskóli, en samkomu- og matsalur skólans frá 2005 er jafnframt aðal samkomusalur bæjarins.

Skólinn var frá upphafi eins konar miðstöð sveitarinnar. Þar voru haldnir fundir, kosningar, fyrirlestrar og skemmtanir og stöku sínum gefið frí vegna þess. Fyrstu áratuginu var allur póstur sendur þangað, svo börnin gætu farið með hann heim til sín. Skólahúsið og tilheyrandi jörð var þó í upphafi ekki eign sveitarsjóðs heldur sérstaks skólasjóðs, sem var undir stjórn skólanefndar sem presturinn veitti forstöðu, og sveitarsjóður tók óverulegan þátt í skólakostnaði.

Lestrarfélagið Baldur hefur lengstum verið til húsa í skólanum, fyrst í Suðurkoti og nú í Vogum. Að sögn Sigurður P. Sívertsen í Prestafélagsritinu 1931 mun Stefán Thorarensen hafa stofnað lestrarfélag sem blómstraði undir hans formennsku þar til hann flutti úr prestakallinu 1886. Sr. Árni Þorsteinsson segist í grein í Fjallkonunni hafa komið á fót lestrarfélagi 1893 með 34 meðlimi, en hafi átt erfitt uppdráttar. Þegar Ólafur Guðjónsson, kennari, fékk berkla 1909 var bókunum pakkað niður og kassarnir ekki opnaðir í marga áratugi, af ötta við smit. Gert var átak til að efla bókasafnið að nýju upp úr 1980, eftir að því var ætlað húsnæði í Stóru-Vogaskóla. Nú er vel búið að bókasafninu í Stóru-Vogaskóla og þjónar það jafnt skólanum og íbúunum.

Fyrsta ungmennafélag landsins var stofnað á Akureyri í ársbyrjun 1906. Ári síðar voru landssamtök ungmennafélaganna á Íslandi, UMFÍ, stofnuð á Þingvöllum undir kjörorðinu Ræktun lýðs og lands. Egill Hallgrímsson var við nám í Flensborgarskóla 1906-1907 og kynntist þar uppvaðandi ungmennahreyfingu. Hann dvaldi í Vogum næsta vetur og stofnaði 1908, ásamt nokkrum ungum mönnum, **Ungmennafélag Vatnsleysustrandar**, sem fékk aðsetur í barnaskólahúsinu og greiddi fyrir það leigu, allt upp í 20 kr. á ári. Haldnir voru fundir, fyrirlestrar, skemmtanir, söngur, glímur, Möllersæfingar, gefið út handskrifaða blaðið Vöggur, hlúð að Lestrarfélaginu og það notað, gróðursett tré o.m.fl. Meðal forkólfa félagsins, auk Egils, voru kennarnir Ólafur Guðjónsson, Ingvar Gunnarsson og Kristmann Runólfsson. Einnig má nefna Árna Klemens Hallgrímsson sem síðar varð lengi hreppstjóri og skólanefndarformaður. Félagið var í U.M.F.Í, átti fulltrúa á fjórðungspingum og starfaði í u.þ.b. áratug. Eftir að það lagðist af héldu áfram glímuflokkur og söngflokkur og líklega einig leikfélag sem stóð fyrir sýningum 1920 og 1922.

Stúkur voru lengi starfræktar í skólahúsinu. Díana, nr. 30, starfaði 1896 – 1902, með allt að 60 félagi! Lögberg nr. 146 var skipuð ungu fólki og starfaði í Norðurkotsskóla 1907 – 1911. Ströndin nr. 211 starfaði 1926 – 1932 og var Viktoría skólastjóri þar stórtémlar. Hún hafði mikinn áhuga á bindindismálum og stofnaði barnastúkuna Ársól nr. 84 árið 1926 (sjá mynd af skirteini frá því ári), sem starfaði undir verndarvæng Viktoríu þar til hún lét af stöfum 1952. Guðrún Lovísa (f.1922) segir: „...var ég varaförseti,...já varatemplar og sat fyrir framan Viktoríu,... hún var við púltið... og svo var æðsti drótt sem var og voða spennandi, allir með fína kraga, alveg niður á maga.



En þetta var svo mikið fallett allt saman. ...Við sungum bæði þegar við komum og fórum og svo var nú lesið sögur og segja okkur bara eitthvað og svo fórum við stundum bara út í leiki. Hún var bara besti foringi.“ Ása Árnadóttir var einig í stúkunni og tekur undir lýsingar Guðrúnar Lovísu. Á neðri myndinni stendur fólk úr stúkunum Stöndinni og Ársól undir Vegg Suðurkotsskóla 1936.

Núverandi ungmennafélag, **Þróttur**, var stofnað 1932 og kvenfélagið **Fjóla** 1925. Þau fengu inni í skólahúsinu í Suðurkoti (sem þá var orðið hrörlegt) og í Vatnsleysuskóla, uns félögin byggðu sérstakt samkomu-hús 1933, sem fékk nafnið Kirkjuvoll. Þar var yngsti börnunum kennt um tíma, og einnig ungmennakennsla á vegum Þróttar á árunum 1934 - '39.



Skátafélagið **Vogabúar** var stofnað um 1960 og starfaði um árabil, lítið eitt í skólahúsinu en meira í heimahúsum og úti. Félagið hélt fundi og var með leiksýningu í Kirkjuvoli, þar em tjöldin fyrir sviðinu voru sérlega falleg, að sögn Guðrúnar Lovísu og Ásu Árnadóttur.

Heimildir: Grein Egils Hallgrímssonar í Skinfaxa 1948, um Ungmennafélag Vatnsleysustrandar. Bók Guðm. Björgvins: Mannlíf og mannvirki... Ágrip af sögu Vatnsleysustrandarhrepps 1872 – 1982, í Faxa. Reikningar skólasjóðs. Sigurður P. Sívertsen í Prestafélagsritinu 1931 Árni Þorsteinsson í Fjallkonunni 1897. Ný stúka í Norðurkoti. Teplar 31.12.1907.

31. þáttur: Ungmennaskóli – miðskóli – gagnfræðaskóli... 24. ágúst

Á fyrstu áratugum skólans lauk skólagöngu flestra nemenda við fermingu. Þó var frá upphafi boðið upp á „sérstaka kennslu“ fyrir fermd ungmenni, m.a. í dönsku, ensku og náttúrusögu, en aðsókn virðist hafa verið lítil og sérstaka kennslan oft fallið niður. **Skólaskylda** kemur fyrst til sögunnar 1908, þá aðeins 4 ár (10 – 14 ára), en lengdist í áföngum, varð 8 ár 1946, þ.e. 7 – 15 ára, með undanþágum í dreifbýli, m.a. hér. Skólaskylda varð svo 9 ár 1985 (7–16 ára) og er 10 ár frá 1990 (6–16 ára). **Skólagangan** hér í sveit var lengst af fjórir vetur, en urðu 6 árið 1934 (7-13 ára, reyndar var kunnátta ygri barna en 10 ára könnuð og skráð að vori frá 1928). Frá 1961 gengu börn hér í skóla í 8 vetur (7-15 ára), svo í 9 vetur eftir að 6 ára bekkur kom til 1978 og 10 vetur frá 1985, þegar kennsla hófst í 9. bekk (sem nú heitir 10 bekkur).


Ungmennafélagið Þróttur gekkst fyrir unglingakennslu í samkomuhúsinu Kirkjuhvoli og Stefán Hallson kenndi þar unglingum, m.a. ensku. Haustið 1936 var fyrsta unglinganámskeiðið haldið í Kirkjuhvoli með 26 nemendum og kennt í 12 daga (síðdegis eða kvöld). Árin 1937-1939 var starfandi kvöldskóli (unglingaskóli) í Kirkjuhvoli á vegum Þróttar. Stefán Ingimundarson skrifar í blað Þróttar, Vitann, í jan. 1938: „*Merkasta málið, sem félagið beitti sér fyrir á árinu var efalaust unglingakennslan, sem það hélt uppi á síðast liðnu hausti í 36 daga á 8 vikum með 17 föstum nemendum. Námsgreinar voru: Íslenska, munnleg og skrifleg, skrift, reikningur og danska. Kennslugjald nemenda var 10 kr og er það visu ekki hátt en þó herra en æskilegt er að hafa það. En eins og allir vita er fjárhagur félagsins svo bágborinn að óhjákvæmilegt var að láta nemendurnar borga sem allra mest af kostnaðinum við skólan ...*“ (Óbirt grein Sesselju Guðmundsd.).

Í kjölfar **fræðslulaganna 1946** skyldu nemendur taka unglingapróf upp úr 2. bekk miðskóla og síðan annað hvort landspróf, sem veitti rétt til að setjast í menntaskóla, eða gagnfræðapróf. Meira en áratugur leið frá gildistöku laganna þar til farið var að bjóða upp á fasta unglingakennslu við Brunnastaðaskóla, en hreppsþúar voru hvað fæstir um þetta leyti, allt niður undir 250, eins og sjá má á línuritinu (úr ritgerð Bryndísar H. Bjartmarsdóttur frá 1983) og að jafnaði aðeins 6 börn í árgangi.

Gunnlaugur Sveinsson, nýráðinn skólastjóri, beitti sér, ásamt Péttri oddvita, fyrir því að tekin yrði upp kennsla 1. og 2. bekkjar miðskóla og haustið 1960 tilkynntu skólafyrirvöld hér fræðslumálastjóra að **1. bekkur miðskóla** yrði starfræktur næsta skólaár. **2. bekkur** miðskóla var síðan starfræktur frá 1961, en þó þannig að báðum bekkjunum var kennt saman. Svo var skólaárið lengt úr 7 í 8 mánuði 1962. Árið 1967 var sótt um fjármagn til að bæta nám unglinganna og kenna 1. og 2 bekk aðskilið, en fékkst ekki. Frá 1968 hófst kennsla að hausti 1. sept. eða fljótlega upp úr því.

Margir nemendur luku skólagöngunni eftir 2. bekk, en sumir fóru í gagnfræðaskóla, einkum í Njarðvík eða Keflavík, eða í heimavistarskóla, og luku þar gagnfræðaprófi, eða jafnvel landsprófi sem gaf réttindi til að fara í menntaskóla. 1969 var sótt um að **skólabíllinn flytti gagnfræðanema** 3. og 4 bekkjar, til Keflavíkur að morgni og til baka um hádegi (þá sem ekki þyrftu að vera lengur).

Eftir veturinn 1970 -'71 rúkaði ráðuneytið hreppinn um 30.612 kr, þar sem nemendur hefðu aðeins verið 19, en ættu að vera 26. Var þá rætt um að koma nemendum unglingadeildar fyrir í Gagnfræðaskóla Keflavíkur, því menn töldu að nemendur væru ekki nægilega margir til þess að hægt væri að hafa þá í tveimur bekkjardeildum, og hæpið að einn eða tveir kennarar væru það vel að sér að þeir gætu kennt allar námsgreinar sem kenna ætti í unglingadeildum. Foreldrar voru mjög andvígir þeirri ráðagerð, töldu að það væri bæði skaðlegt fyrir hreppinn og fyrir andlegt og félagslegt atgerfi nemenda. Árið 1972 hafði menntamálaráðuneytið samið skýrslu um framtíðarskipan skólamála á Suðurnesjum. Þar kom fram það álit að flytja ætti öll skólabörn eldri en 10 ára til nærliggjandi byggðarlaga. Þessu var mjög illa tekið af foreldrum og skólanefndinni og var ekki framkvæmt.



Lög um grunnskóla voru sett 1974. Þá voru barna- og gagnfræðastigið fellt saman í grunnskóla. Í stað landsprófs eða gagnfræðaprófs var nú tekið grunnskólapróf, m.a. samræmt próf í 3 - 6 námsgreinum. Næsta áratug þurftu nemendur að fara í aðra sveit til að ljúka grunnskólapróf, en 1985 hófst hér kennsla 10, bekkjar (hét þá 9. bekkur) og gátu nemendur lokið grunnskólaprófi í heimasveit upp frá því. Stofnun Fjölbrautaskóla Suðurnesja 1976 gerði nemendum auðveldara að halda áfram námi eftir grunnskólapróf, hvort heldur til iðnréttinda eða stúdentsprófs, og mörgum árum síðar einnig fötluðum nemendum í starfsdeild skólans. Fram yfir aldamótin 2000 ók sérstök skólarúta úr Vogum í FS.

Myndina tók Eyjólfur Guðmundsson af lúðrasveit Tónlistarskóla Keflavíkur við vígslu íþróttamiðstöðvarinnar í Vogum haustið 1993.

Heimildir m.a.: Saga alþýðufræðslunnar. Skólar á Suðurnesjum, Faxi 1. 1990. Sesselja Guðmundsdóttir 2022: Kirkjuhvoll, Ágríp af sögu félagslífs í Vatnsleysustrandarhreppi 1933-1963. Gjörðabók skólanefndar. Almannafræðsla í Íslandi 1880 – 2007. Viðtöl ÞÖ við kennara og fyrrum nemendur. Bryndís H. Bjart-marsdóttir, 1983: *Byggð og atvinnulíf í Vatnsleysustrandarhreppi 1880 – 1980*. Helgi Skúli Kjartansson: *Tölvupóstur 27. og 28. mars 2023*.



32. þáttur: Íþróttir og sundkennsla 31. ágúst

Íþróttir teljast ekki meðal námsgreina í fyrstu reglugerð skólans, frá 1872. Fyrstu 7 áratugina þurftu börnin að ganga í skólann í misjöfnum veðrum, sum langan veg. Í því hefur falist drjúg líkamsþjálfun, jafnvel þrekraun. Íþróttakennsla er fyrst krafist í fræðslulögum 1926 og sunds í íþróttalögum 1940.

Ólafur Rosenkranz, sem var frumkvöðull í þróttum hér á landi, kenndi hér við skólann veturinn 1876 - '77. Ekki hafa fundist heimildir um hvort eða hvernig hann kenndi íþróttir það skólaár.

Sr. Árni Þorsteinsson kenndi oft og einatt íþróttir þegar hann var hér prestur og kennari 1886 – 1919.

Veturinn 1908 – 09 mun hann hafa kennt leikfimi 3 stundir í viku í Norðurkotskóla, einkum stökk, glímur og ýmsar líkamsæfingar, göngulag og fleira. Húsakynnin voru afar þröng, allt upp í 20 nemendur í u.þ.b. 12 m² skólastofu, og því líklegt að hann hafi verið með útikennslu.

Ungmennafélag Vatnsleysustrandar, sem stofnað var 1907, fékk Guðmund Sigurjónsson íþróttakennara til að kenna glímur og félagið keypti skíði til að nota í Arahólsbrekkum.

Vorið 1924 bendir prófdómari á að sérherbergi vanti fyrir fimleikakennslu, því það sé nauðsynlegur liður í uppeldinu.

Reynir Brynjólfs (nemandi 1944 - '47) segir: ”í Kirkjuhvoli var kennd leikfimi og glíma meðan eldra skólahúsið var, þar var m.a. stökkið yfir hest. Síðan þegar nýja húsið kom til kenndi Stefán Hallsson leikfimina á ganginum.”

Stefán Hallsson kenndi 1934 - '45, lengst af í Kirkjuhvoli, m.a. íþróttir, síðast 1945 á gangi nýs húss Brunnastaðaskóla (þar var til taks dýna og hestur), 2 st á viku skipt milli stráka og stelpna.

Síðan kenndu umferðarkennarar sem fóru á milli skóla, m.a. Lúðvík Jónasson.

Jón H. Kristjánsson mun hafa kennt íþróttir af og til og Ingi Haraldsson 1950 - '52. Símon Rafnsson segir enga íþróttakennslu hafa verið þegar hann gekk í skólann 1955 – 1961. Særún Jónsdóttir var aldrei í leikfimi, né heldur Helgi Guðmundsson, en Jóhann Sævar segir Jón H skólastjóra hafa kennt íþróttir á gangi Brunnastaðaskóla (fyrir og um 1955) og gefin einkunn fyrir.

Á 8. áratug var farið að aka öllum skólabörnum vikulega í íþróttir og sund í Njarðvík (reyndar í Sandgerði eitt ár þegar ekki samdist við Njarðvíkinga). Kópur Kjartansson ók á skólarútnni 2 eða 3 árgöngum í senn, ásamt kennara sem gætti nemenda. Íþróttakennari Njarðvíkurskóla kenndi, einum hópi í senn meðan hinir biðu. Hver nemandi fékk eina vikustund í leikfimi og eina í sundi. Þegar Guðmundur Þórðarson réðist til Stóru-Vogaskóla sem íþróttakennari 1983 tók hann við þessari íþróttakennslu og fór þá með rútnni ásamt öðrum kennara.

Þetta fyrirkomulag hélst allt þar til haustið 1993 að bylting varð í íþrótt- og sundkennslu í Vogum þegar þar var tekinn í notkun nýbyggður **íþróttasalur og sundlaug**. Eftir það þurftu skólabörninn aðeins að ganga í 5 mínútur í íþróttir og sund. Hjónin Egill Sæmundsson og Sigríður Jakobsdóttir í Minni-Vogum og María Finnsdóttir í Austurkoti höfðu af rausnarskap gefið 4.5 ha land undir félagsheimili og íþróttasvæði þegar árið 1966. Myndina tók Eyjólfur Guðmundsson 1996 í áhorfendabrekku við sundlauginu í Vogum tveimur árum eftir að hún tók til starfa.



Nú eru þrír íþróttakennarar við skólann: Guðmundur Þórðarson (í hlutastarfi) Jens G. Einarsson og Sólrún Ósk Árnadóttir, útskrifuð íþróttakennari 2022 og nú í fullu starfi.

Sólrún lýsir starfinu sínu þannig: „Það er svo margt sem mér finnst sérstakt við mitt starf en mér finnst ótrúlega skemmtilegt að kenna börnum í gegnum leiki og æfingar. Mörg börn eiga erfitt með bóklegt nám og er því frábært fyrir þau að fá íþrótt- og sundkennslu. Það er skemmtilegt að geta bætt og aukið við hreyfingarska barna og kenna þeim fjölbreytta hreyfingu. Íþróttakennsla er mikið meira en bara að hreyfa sig þar sem börn læra heilmargt óskrifað í gegnum leiki sem nýtist þeim í lífinu, t.d. samvinnu, að vera örugg í mismunandi aðstæðum, að bera virðingu fyrir þörfum annarra, að baða sig, að skipuleggja sig og svo margt fleira.“

Sund. Jakob A. Sigurðsson í Sólheimum í Vogum (faðir fyrrnefndrar Sigríðar) var fjölbreyttur maður, m.a. sundkennari í Keflavík og víðar. Á 4. áratugnum kenndi m.a. sund í sjónum í höfninni í Vogum og við Halakot og Knarrarnes. Hann rak niður 4 staura í fjöruna og batt í þá eins konar rólu sem börnin hanga í þegar þau læra sundtökin, með fætuna öðru megin og bringuna hinu megin. Námskeið þessi voru ekki á vegum skólans og hafa verið á 4. áratugnum. Jakob var í fyrstu stjórn u.m.f. Þróttar og lengi formaður þess.



Myndin af ungmennum standandi á haus mun vera tekin í sundferð til Reykjavíkur 1935.

Á næstu mynd sést hópur á leið á 10 daga sundnámskeið á Laugarvatni 1936, á mjólkurbílum. Börnin voru á fermingaráldri. Þau fóru gjarna á eitt námskeið og mun þetta hafa verið ný til komið.



Í skólaskýrslum 1943 er þess getið að fermingarbörn, sem gengu til sr. Garðars Þorsteinssonar prófests í Hafnarfirði, hafi notið sundkennslu þar í bæ á sama tímabili.

Árið 1940 var sundkennsla lögskipuð.

Vorin 1944 - '47 sóttu börnin sundnámskeið í Sundlaug Hafnarfjarðar og 1949 - '50 í Sundlaug Laugarvatnsskóla. Frá 1952 voru unglingar keyrðir á 2 vikna sundnámskeið í Sundhöll Keflavíkur, sem opnuð var sem útisundlaug 1939 og byggt yfir hana 1950. Í Keflavík var ágóða af sjómanna dagshátíðarhöldum varið til sundkennslu á þessum tíma.

Árið 1954 samþykkti skólanefnd að öll börn 9 ára og eldri fari á sundnámskeið (líklega í Keflavík). Jón H. Kristjánsson skólstjóri og skólabilstjóri sá um börnin og ók þeim fyrir kr.120 á ferð.

Í apríl 1966 (og oft) fær fræðslunefnd sendar reglur um framkvæmd sundskyldu. Þar sem ekki er sundlaug við skóla skulu nemendur njóta námskeiða sem eru minnst 72 st fyrir börn og 32 st fyrir unglinga. Þorsteinn íþróttafulltrúi ríkisins fylgdist með og sendi árlega nöfn nemenda sem höfðu tekið fullnaðarpróf án sundprófs.

Um þetta leyti hófst vikulegur akstur eldri nemenda í sund í Njarðvík – og einn vetur í Hafnarfjörð. Frá 1973 var öllum nemendum ekið tvisvar í viku í Njarðvík í sund og leikfimi og var það svo þar til íþróttamiðstöðin í Vogum kemur til sögunnar 1993, en þar með fá allir nemendur 2 vikustundir í íþróttum og eina í sundi.

Guðmundur Þórðarson byrjaði með **sérkennslu í sundi** 1994, fyrir nemendur sem eiga þar erfitt af ýmsum ástæðum. Hefur verið af og til síðan og reynist m.a. vel við að efla sjálfstraust nemenda. Nörg börn innflytjenda koma ósynd til landsins og hefur þörf á sérkennslu í sundi aukist undanfarið.

Síðustu áratugi hefur verið árlegur íþróttadagur. Þar er leikur úrvalsliðs nemenda við kennara fastur liður. Myndin er af liði nemenda 2003. Svo hafa nemendur tekið árlega þátt í skólahreysti.

Helstu heimildir m.a.: Myndasafn Minjafélagsins. Óbirt skjöl. Egill Hallgrímsson: *Fjörutíu ára minning ungmennafélags-hreyfingarinnar á Vatnsleysuströnd*, SKINFAXI 39. árg. 1948 1. tbl. Um sundkennslu, Faxi 5.-6.tbl. 1943. Gjörðabók barnaskólanna á Vatnsleysuströnd. Viðtöl við Guðrúnu Lovísu Magnúsdóttur (f.1922 d.2020), og við kennarana Jón Inga Baldvinsson, Guðmund Þórðarson og Særunu Jónsdóttur, og við Hlödver Kristinsson, fyrrum skólabílstjóra.



33. þáttur: **Skólinn fluttur í Voga 1979** 7. sept.

Brunnastaðahverfið var lengst af þungamiðja Vatnsleysustrandarhrepps og því eðlilegt að skólanum var valinn staður þar í upphafi. Þegar vélbátaútgerð hófst 1930 og byggð skyldi höfn reyndist besta hafnarstæðið vera í Vogum. Fiskvinnsla og bátaútgerð eflist þar mjög á 5. áratugnum þegar frystihús Voga hf var byggt ásamt nýrri höfn. Frá þeim tíma varð mun meiri byggð í Vogum en í Brunnastaðahverfi og börnum fjölgaði sem aka þurfti í skólann.

Í maí 1959 skorar skólanefndin á hreppsnefnd að nú þegar verði athugaðir möguleikar á að byggja nýtt skólahús í Vogum, enda sé skólahúsið svo ófullnægjandi að ekki sé hægt að framkvæma lögboðna kennslu. Börnum sé farið að fjölga og húsið of lítið. Í fundargerðum skólanefndar áratug síðar kemur fram að gera þurfi miklar endurbætur, skólinn haldi hvorki vatni né vindi, dúkar lélegir, salerni mjög léleg og drykkjarvatn mengað.

Við skólasetningu 15. sept. 1975 sagði Hreinn Ásgrímsson, skólastjóri, lítið hafa gerst í byggingarmálum, þrátt fyrir ríka þörf, en þó hafi arkitektar lokið við teikningar, en strandar á að ráðuneytið samþykki þær. Ríkið hafi ekki fengist til að ganga frá samningi. Kennsla fer fram á 3 stöðum, í skólanum, í leiguhúsnæði út í Vogum (smíðar) og úti í Njarðvík (íþróttir og sund). Íbúum fjölgar, námskrá breytist, það þarf að taka upp kennslu 9. bekkjar (10.) á næstu árum, bæta vinnuaðstöðu nemenda og kennara, svo vantar rúm fyrir skólabókasafn og félagslega aðstöðu.

En svo var farið að byggja. Á myndinni sjást foreldrar aðstoða við bygginguna í sjálfboðavinnu. Í baksýn sjást íbúðarhús við Vogagerði í byggingu, til vitnis um að íbúum var að fjölga.



Árið 1979 var svo tekið í notkun nýtt skólahús í Vogum sem hlaut nafnið Stóru-Vogaskóli, en einnig höfðu komið fram tillögur um nafnið Vogaskóli og Vogavíkurskóli. Í 4. tbl. Faxa 1979 rekur Hreinn Ásgrímsson,

skólastjóri og formaður byggingarnefndar skólans, byggingasögu þess. Húsið hafi komist á fjárlög 1974, teikningar samþykktar árið eftir, sökklar steyptir 1976, síðan gólfplata og útveggir 1977 og húsið fókelt árið 1978.

Vígsluhátíðin 30. sept. hófst með því að sr. Bragi Friðriksson fór með vígslubæn og Kór Kálfatjarnarkirkju söng nokkur lög. Magnús Agústsson, hreppstjóri og oddviti, flutti ávarp og sagði m.a.: „Það er von mín og trú, að frá þessari stofnun megi ætíð liggja straumar menningar og manndóms, gera æsku þessa byggðarlags mögulegt að verða góðir þegnar þessa lands, svo hér blómgist gott og fagurt mannlíf.“

Ingibjörg Erlendsdóttir afhenti skólanum að gjöf málverk af Viktoríu Guðmundsdóttur sem hafði verið skólastjóri í 31 ár. Myndina málaði Eiríkur Smith og gáfu 180 nemendur og velunnarar Viktoríu samtals milljón krónur til þess. Tillaga um slíka mynd var rædd á fundi skólanefndar strax 1964. Stefán Hallsson kennari las þrjú kvæði eftir Davíð Stefánsson. Helgi Jónasson fræðslustjóri flutti ávarp, einnig Kjartan Jóhannsson ráðherra, sem flutti kveðjur frá þingmönnum og árnaði skólanum allra heilla. Formaður

kvenfélagsins, frú Margrét Jóhannsdóttir, færði skólanum 100 þúsund að gjöf til kaupa á kennslutækjum, Ómar Jónsson færði sömu upphæð frá Umf. Þrótti til kaupa á kennslurítum í bókasafnið, Lionsklúbburinn Keilir gaf nýtt ræðupúlt, Patricia Hand gaf málverk og María Finnsdóttir gaf skrifborð til minningar um mann sinn, Árna Klemens Hallgrímsson, sem lengi var formaður skólanefndar. Kópur skólabílstjóri gaf svo fyrstu tölvuna nokkrum árum síðar. Á myndinni



þegar skólinn er kominn í Voga geta flest börnin gengið í skólann, en börnum af Ströndinni er áfram ekið með skólabíl. Svo þurfti að aka öllum börnunum tvisvar í viku til Njarðvíkur í íþróttir og sund, allt þar til íþróttamiðstöðin í Vogum kom í gagnið 1993, en þá minnkaði verulega þörfin fyrir skólaakstur.

Flatarmál hússins var um 620 m² og gert ráð fyrir að seinna verði byggt við það önnur álma – sem varð raunin 1998. Voru 6 kennslustofur í húsinu, sú minnsta rúmlega 40 m² en sú stærsta 70 m². Bókasafn var í húsinu. Sökum þess að nemendafjöldi jókst verulega frá því að skólinn var teiknaður fékk byggingarnefnd samþykktar breytingar til að auka kennslurými þannig að húsið var hannað fyrir 70 – 90 nemendur, en áratug síðar voru nemndur orðnir 140.

Húsið varð fljótlega of lítið. Bæði fjölgaði börnum og frá 1985 var farið að kenna 10 árgöngum. Þá var bætt við lausri kennslustofu fyrir smíðar og leigt húsnæði í Háabæ fyrir kennslu, en dugði skammt og var strax orðin þörf á viðbyggingu.

Snæbjörn Reynisson var skólastjóri 1995 – 2007, á **mesta vaxtarskeiði skólahúsnæðisins**, þegar húsrými skólans var tvívegis tvöfaldað! Reyndi þar mjög á Snæbjörn að þessar framkvæmdir gengu hratt og vel fyrir sig. Byggt var við húsið og það tvöfaldað að stærð og sú álma, sem nú er miðja hússins, tekin í notkun haustið 1998, myndin er af Snæbirni við vígsluna. Áfram fjölgaði nemendum og þessi stækkun dugði skammt. Upp úr 2000 var bætt við 3 lausum stofum, þar sem nú er boltavöllur, og voru þar miðstigsbekkjastofur þar til haustið 2005 að tekin var í notkun veruleg viðbót, vesturálma skólans, sem hafði aðeins tekið ár að byggja. Þar munar mestu um 8 kennslustofur, þar af sérstofur fyrir náttúrufræði og textílmenn, auk myndarlegs samkomu- og matsalar og eldhúss sem þjónar bæði skólanum og sveitarfélaginu öllu. Fyrirnefndar þrjár lausar stofur voru fjarlægðar strax haustið 2005, skólalóðin lagfærð um leið og bætt við gervigrasvelli og skólahreystitækjum. Áratug síðar var bætt við lausri stofu fyrir sérkennslu.

Snæbjörn Reynisson segir í tölvupósti til höfundar 20. 9. 1992: ”Á þessum tíma var í tvígang ráðist í stækkun Stóruvogaskóla og ég fann vel fyrir því þar sem enginn sérstakur starfsmaður hreppsins hafði beint með þá framkvæmd að gera, ef frá er talinn byggingafulltrúi. Ég var því í bæði skiptin í miklum tengslum við verktakana. Það var skemmtileg reynsla. Annars vil ég sérstaklega minnast góðs samstarfs við kennara og starfsfólk, vil þó sérstaklega nefna **Jón aðstoðarskólastjóra** sem var einstakur samstarfsmaður. Ég vil líka minnast á **Jöhönnu Reynisdóttur**



sveitar/bæjarstjóra, sem var einstaklega góður yfirmaður, hjálpleg og styðjandi og ætíð tilbúin til að verða við óskum sem að skólanum snéru, væru þær skynsamlega rökstuddar. Ég held að margir átti sig ekki á því hve oft reyndi á slíkt.”

Rakaskemmd og mygla kom upp í elstu álmunni fyrir rúmum áratug síðan. Kennari sem kenndi þar varð ítrekað veik í vinnunni en batnaði í skólafríum. Þegar fleiri fóru að veikjast uppgötvaðist hvað var á seyði. Þakið var lagað og veggir klæddir að utanverðu og kom það að gagni.

Á afmælisárinu 2022 er skólinn vel haldinn með húsnæði miðað við nemendafjölda, sem er rúmlega 160. Þó er fyrirsjáanlegt að innan örfárra ára þarf að bæta við húsnæði því ör uppbygging á sér nú stað og íbúum fjölgar hratt. Áætlanir eru uppi um næsta og líklega síðasta áfanga skólans og yrði þá hægt að sinna þar ríflega 400 nemendum.

Myndin sýnir fyrsta áfanga húss Stóru-Vogaskóla speglast í Vogatjörn um 1990. Til hægri er lausa smíðastofan sem var þar vel á annan áratug. (Mynd Eyjólfur Guðmundsson.)



Heimildir. Gjörðabók skólanevndar. Vígsla skólans, Faxi 4. tbl. 1979. Hugleiðing Bergsveins Auðunssonar, skólastjóra, í Faxa 2. tbl. 1990. Tölvupóstur frá Snæbirni Reynissyni. Munnlegar heimildir fyrirverandi nemenda og kennara (Jón Ingi, Jóhann Sævar, Særún, Helgi Hólm, Sesselja, Halla Jóna o.fl.).

34. þáttur: **Hvernig var í skólanum 1970 – 1990 ?** 14. sept.

Það breytist margt á hálfri öld. Árið 1974 voru 3 barnadeildir og tvær unglíngadeildir í skólanum. Voru 11-12 ára og unglíngadeildir fyrir hádegi, en 7-10 ára eftir hádegi. Það ár var skólatími lengdur úr 7½ mánuði í 8 og lengdist í 8 ½ mánuð 1982. Þá voru aðeins 3 kennslustofur og skólinn var tvísetinn fram að aldamótum.

Þórir S. Guðbergsson (f.1938) var skólastjóri 1967-1970. Þau kennarahjónin Þórir og Rúna höfðu stundum opið hús í nýja kennarabústaðnum í Vogagerði, enda var þá engin félagsmiðstöð. Þórir sat stundum á tröppunum og sagði barnahópi sögur sem hann spann upp sjálfur, en þau hjónin gáfu síðar út barnabækur og sonur þeirra líka.

Hreinn Ásgrímsson (f.1947, d.1986) var skólastjóri 1972 – 1985, með árs orlofi 1980 – 1981. Hann átti ríkan þátt í byggingu fyrstu álmu Stóru-Vogaskóla, eins og lýst er í 33. þætti. Hreinn kom mörgu öðru til leiðar, m.a. því að farið var að setja skólann við messu í kirkjunni að Kálfatjörn og var hann sjálfur settur inn í starfið við skólasetningu í kirkjunni 1972. Alltaf var sunginn sálmur nr. 500 (við lagið ”Ver hjá mér herra”), þar sem fyrsta verskið hljóðar svo:

*”Vér biðjum þess að blessist skóli vor
og björt og farsæl verði þeirra spor,
sem hingað koma að sækja lærdóm sinn
með sól í augum, bernskuljóma á kinn.”*

Skólasetningin færðist aftur í skólabygginguna 1998, bæði vegna kvartana foreldra sem ekki voru í Þjóðkirkjunni og einnig þótti sumum langt að fara á Kálfatjörn og mæting þar ekki góð.

Í skólasetningarræðu 1976 sagði Hreinn okkur lifa á öld hraðra breytinga. Árlega séu teknar upp nýjungar, nýjar kennslubækur, nýjar aðferðir við kennslu. Próf sem skipað hafa háan sess í skólastarfi okkar séu óðum að tapa tölunni. Barnapróf hafi verið fellt niður, gangfræðipróf verði tekið í síðasta skipti næsta vor, unglíngapróf eigi örfá ár eftir ólifuð og í staðinn sé gert ráð fyrir einu grunnskólaprófi að loknum 9. bekk (síðar 10. bekk).

Árið 1978 var 6 ára deild (0-bekkur) starfrækt í fyrsta sinn. Var sú deild fyrstu árin til húsa í leikskólanum Sólvöllum í Vogum, þar sem nú er Lionsheimilið. Fyrstu tvo áratuginu var viðveran stutt, t.d. árið 1980 kl. 11 – 12.30 fjóra daga vikunnar. Nokkur ár á undan hafði verið vorkennsla fyrir 6 ára börn.

Haldin var vinnuvika nemenda í mars 1982. Verkefnið var sveitarfélagið okkar, fiskiskip, fjörulíf og sjávarlíf. Endaði með vel heppnaðri, fjölsótttri sýningu. Bryndís Schram kom frá Sjóvarpinu og gerði flottan þátt um Voga sem sýndur var í Stundinni okkar. Á vinnuviku í mars 1984 var viðfangsefnið Vímugjafar, tóbaksneysla og matarvenjur og verkefnum skipt niður á bekki. Kennarar lögð mikla vinnu í undirbúning þessara vinnuvikna.

Árið 1973 voru nemendur um 50 talsins, en 1980 voru þeir 100, hafði fjöldinn tvöfaldast á 7 árum! Haustið 1985 hafði efsti bekkurinn bæst við og varð nemendafjöldinn þá 150, næstum sama tala og nú, árið 2022! Frjósemin virðist hafa minkað. Um aldamótin var fjöldi nemenda um 130 en komst hæst rétt yfir 200 áratug síðar.

Kvöldvökur, spilavistir og kvikmyndasýningar höfðu áður verið haldnar en nálægt 1980 var bryddað upp á ýmsum nýjungum; leikhúsförðum, diskótekum, íþróttamótum, málfundi þar sem nemendur stýrðu og héldu framsöguræður, skákmót, árlegar skíðaferðir í Bláfjöll, og opnar starfsvikur (þemavikur).

Jólaþögnun (Litlu jól) var haldinn með leiksýningum fyrir foreldra, eins konar árshátíð, þar til 1987 að farið var að halda árshátíð nemenda í mars þar sem hver bekkur er með atriði og foreldrar mæta, en foreldrakvöldssýning fyrir jól afnumin. Hefur það fyrirkomulag lítið breyst síðan.

Þó haldnir hefðu verið foreldrafundir var foreldra- og kennarafélag fyrst stofnað haustið 1984 í kjölfar þess að hópur foreldra smíðaði leiktæki úr staurum úr raflinum sem þá var verið að taka niður. Farið var að halda opna daga eða vikur, þar sem foreldrar máttu mæta og fylgjast með námi barna sinna.

Upp úr 1980 styrkist innra starf skólans á ýmsa lund, í samræmi við Grunnskólalög. Frá haustinu 1981 voru formlegir kennarafundir haldnir mánaðarlega eða oftar, þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir og færð til bókar. Kennarar áttu síðan fulltrúa í skólanefndinni frá 1982. Haustið 1984 tók til starfa Kennararáð, með 3 kennurum auk skólastjóra og hélt nokkra fundi á ári þar til 2001. Var fysta mál þess að semja reglur fyrir ástundun og hegðun nemenda í 4. - 9. bekk, m.a. hegðunareinkunn nemenda.

Staða yfirkennara (aðstoðarskólastjóra) var stofnuð 1989. Gegndi Jón Ingi Baldvinsson þeirri stöðu í 23 ár og útskrifaði m.a. 10. bekkina við skólaslit. Frá hausti 1988 skyldu kennarar semja hvert ár kennsluáætlun fyrir hvern bekk og hverja námsgrein, þar sem lýst var markmiðum kennslunnar, námsefni og aðferðum.

Upp úr 1990 var farð að greiða kennurum fyrir árganga- og fagstjórn, einnig stuðnings- og sérkennslu m.a. fyrir fatlaða nemendur.

Skólinn fór að vinna eigin skólanámskrá og efla með því eigið sjálfstæði – forveri þeirrar stefnu sem í dag birtist á vef skólans. Farið var að taka skipulega á einelti. Gerðar voru ýmsar tilraunir, t.d. að nemendur úr 9. og 10. bekk sjái um eins konar gangavörslu og að fulltrúi nemendaráðs fái að sitja kennara-fundi. Var Árni Magnússon fyrsti nemendaráðsfulltrúinn.

MORGUNBLAÐIÐ MIÐVIKUDAGUR 25. APRÍL 1990

fólk í fréttum



Kór yngri nemenda kom fram á árshátíðinni. Morgunblaðið/Eyjólfur Guðmundsson

VOGAR

Húsfyllir á árshátíð skólans

Húsfyllir var á árshátíð Stóru-Vogaskóla sem haldin var nýlega í samkomuhúsinu Glæheiminum. Boðið var upp á 12 atriði, þar sem nemendur úr öllum bekkjum skólans komu fram og skemmtu áhorfendum með söng, leik og dansi. Einnig kom fram kór og flautukór yngri nemenda. Kynnir á árshátíðinni var Hafdis Hilmarsdóttir, formaður nemendaráðs. Sama dag kom út skólablaðið „Jón sterki“. Blaðið er nefnt eftir Jóni sterka Danfælsyni frá Stóru-Vogum (1771–1855), en minnisverði um hann er á skólalóðinni. Í blaðinu eru ritgerðir og greinar eftir nemendur og skreytt með myndum eftir nemendur úr 0. bekk, 1. bekk, 2. bekk og 3. bekk. – EG

Skólastjórnendur á Suðurnesjum stofnuðu félagið Skósuð til að bera saman bækur sínar og skipuleggja sameiginleg verkefni, m.a. sameiginlega fundi og námskeið Suðurnesjakennara. Skólasálfræðingur fór að koma reglulega í skólann til ráðgjafar. Haldið var fjölsótt uppeldismálaþing í skólanum 17. okt. 1987.

Árið 1990 voru um 140 nenendur í 10 bekkjardeildum í skólahúsi sem hannað var fyrir 60 – 70 nemendur, með 6 almennum skólastofum auk lausrar smíðastofu úti. Kennarar voru 11 talsins, skólastjóri Bergsveinn Auðunsson. Nýr formaður skólanefndar var Hreiðar Guðmundsson og formaður foreldra- og kennarafélags Hildur Runólfsdóttir.

Kennslutækninni fleygði fram. Lionsklúbburinn Keilir gaf skólanum sprittfjölrítara og tvo myndvarpa um 1980 og var keyptur rennibekkur um það leyti. Ljósritunarvél var keypt 1985 og 1986 var efst á óskalista kennara að kaupa ritvél sem hægt væri að tengja við tölvu. Engar sérstofur voru í skólanum, nema laus smíðastofa á skólalóð. Aðstaða til að kenna heimilisfræði og kenna á tölvur var í undirbúningi. Íþróttir og sund var enn kennt í Njarðvík og Gláðheimar nýttir fyrir stærstu samkomur. Myndin á síðunni á undan er af 2. og 3. bekk á árhátíð í Gláðheimum 1994 (Til er vídeó frá þeim viðburði) en blaðaúrklippan hér ofar frá árhátíðinni 1990. Í Gláðheimum vantaði aðstöðu fyrir nemendur til að fara í búninga og undirbúa atriði. Varð að gera það í skólanum og var skólabíllinn í förum á milli, meðan samkoman stóð.

Hreinn Ásgrímsson lét af skólastjórn 1985, eftir 13 ára farsælt starf. Hann hafði tekið ársorlof 1980 – 1981 og kenndi þá í Grindavík. Hreinn veiktist og lést ári eftir að hann lét af störfum, tæplega fertugur að aldri.

Í tímaritinu Faxe, 1989 og 1990, er myndum skreyttur greinaflokkur um skóla á Suðurnesjum, en 1990 er ítarlega fjallað um sögu og starf skólans í Vogum, byggt á lokaritgerð kennaranemanna Eyjólfssonar, Bragasonar, Magnúsar M. Jónssonar og Steinarrs Þórs Þórðarsonar. Í sama tölublaði er líka hugleiðing **Bergsveins Auðunssonar**, sem var skólastjóri 1986 – 1995. Þar álitur hann að til þess að hægt sé að tala um góðan skóla þurfi þetta þrennt:

- 1) Hæfir, vel menntaðir kennarar, sem vel er búið að.
- 2) Hentugt, hlýlegt og vel búið húsnæði og leikvöllir, sem verka örvandi á vellíðan og skapandi hugsun nemenda og kennara.
- 3) Ánægðir og námfúsir nemendur, sem búa við félagslega jákvætt og örvandi umhverfi, bæði í skóla og utan hans.

Bergsveinn telur Stephan G. Stephansson orða vel kjarna heillavænlegrar menntastefnu í þessari vísu:

*Þitt er menntað afl og önd
eigirðu fram að bjóða,
hvassan skilning, haga hönd,
hjartað sanna og góða.*

Mynd af fyrsta 10. bekknum í Stóru-Vogaskóla (nem. f. 1969), sem er fyrsti 10. bekkur á Suðurnesjum í skóla utan Keflavíkur; þótti ýmsum nágrönnum ósanngjarnt að minnsti skólinn færi þar á undan. Í fremstu röð er m.a. þáverandi skólastjóri, Hreinn Ásgrímsson, og núverandi skólastjóri, Hilmar Egill Sveinbjörnsson. Á myndinni eru (efri röð frá vinstri): Þuríður Ægis, Kristín Skjaldar, Steinvör Simonar, Páll Antons, Guðbjörn, Magnús Guðbergs, Rúnar, Bjartmar, Magnús Jónsson. Neðri röð: Hilmar Egill, Guðmundur Guðmunds, Hreinn Ásgrímsson, Bryndís Halldóra, Magnús Hlynur, Ingólfur Sveinsson og Vilhjálmur Erlendsson. Mynd ásamt upplýsingum á fb-síðunni Brunnastaðaskóli. Ljósmyndari Eyjólfur Guðmundsson.



Heimildir m.a. grein Bergsveins Auðunssonar í Faxe 1990. Handskrifaðar skólasetingar- og skólaslitaræður Hreins Ásgrímssonar. Fundargerðir kennararáðs og kennarafunda. Upplýsingar frá samferðarfólki (Særúnu, Jóni Ingi, Margréti Hreins, Eyjólfu Guðmunds, Kára Ásgríms, Jóhanni Sævari og Helgu Árnadóttur). Vefur skólans.

35. þáttur: **Félagslíf - skólaferðalög** 21.sept.

Frjálsir leikir í **frímínútum** hafa tíðkast alla tíð og komu áður fyrr í stað íþróttakennslu. Þórdís Símonardóttir, f. 1946, sagði frá því í spjalli að þau krakkarnir hafi oft hlaupið í löngu frímínútunum að flaki bátsins Hauks þar skammt frá og léku sér uns Jón Kristjánsson kallaði, en þá var ekki skólabjalla. Eitt sinn setti Jón þeim fyrir að skrifa ritgerð um hvað þau ætluðu að verða þegar þau yrðu stór. Þau voru þá orðin unglingar og fannst þetta barnalegt og niðurlægjandi viðfangsefni. Stelpurnar fundu þá upp á því að mynda áhöfn á Hauknum og fóru svo hver til síns heima og skrifuðu um það sína ritgerð. Þær höfðu hver sitt hlutverk um borð, ein þeirra var t.d. skipstjóri. Strákarnir voru ekki með í þessum leik, en þær notuðu nöfnin þeirra á hunda og ketti í bátunum! Skólastjóranum leist illa á þessar ritsmíðar og skammaði stelpurnar. Áður er getið um barnastúkuna Ársól sem Viktoría stofnaði 1926 og sá um þar til nokkru eftir að hún lét af störfum 1952. Nemendur hafa eflaust tekið einhvern þátt í almennum samkomum og dansskemmtunum sem haldnar voru í skólahúsinu.


Lárus Johnsen, íslandsmeistari í skák 1951-'52, lærður kennari en aðgerðarlítill, með lítinn aga, kenndi hér 1957-'58 og 1963-'64 og lét krakkana tefla. **Skák** var oft iðkuð í skólanum eftir það og haldin skákmót, ekki síst á tíma Hreins og m.a. lét Frank Herlufsen börnin tefla á 10. áratugnum.

Árið 1939 gefa allir Suðurnesjaskólarnir, nema Gerðaskóli, út vandað vélritað skólablað sem nefnist Sæblik, 12 blaðsíður með myndum, skrifað af nemendum undir nafni – undir góðri handleiðslu. Þar segir m.a. frá tveimur skólaferðalögum. Drengur í barnskólanum í Keflavík lýsir tveggja daga ferð undir Eyjafjöll og í Fljótshlíð með gistingu í Múlakoti og stúlka úr Hafnaskóla í Höfnum segir frá dagsferð til Þingvalla þar sem mikið var sungið á leiðinni, enda söngkennari með í för. Athygli vekur að í þessu blaði heitir skólinn okkar Vatnsleysustrandarskóli, en í bókunum skólanefndar breytir Suðurkotsbarnaskóli um nafn árið áður (1938) og heitir Brunnastaðaskóli.

Ellert Sigurbjörnsson, sem var skólastjóri 1962 – 1967, hafði frumkvæði að því 1963 að gefið var út **skólablaðið** Ströndin og komu út nokkur tölublöð næstu ár. Nemendur 7. - 8. bekkjar gáfu út skólablað 1983, þar sem Hilmar E. Sveinbjörnsson var meðal ritnefndarmanna, með dyggri leiðsögn Bryndísar Halldóru kennara. Árið 2001 gáfu nemendur 7. bekkjar út bekkjarblaðið Gretti í opinni viku skólans. Þau söfnuðu auglýsingum, skrifuðu blaðið og prentuðu og nýttu óspart nýjustu tölvutækni. 2013 -'14 gaf valhópur í 9. og 10 bekk út blaðið Bjarnfreður. Þetta er langt í frá tæmandi upptalning.

Um 1980 einkenndist **félagslíf nemenda** af diskótekum, sem nutu mikilla vinsælda um þær mundir og voru haldin hálfsmánaðarlega. Einnig voru kvikmyndasýningar, spilavist, borðtennismót, árleg skólaskákmót með verðlaunum, bekkjarkeppni í íþróttum og keppni við aðra skóla. Helsta skemmtunin voru litlu jólin. Leikhúsfærðir voru árlegur viðburður, árið 1980 sáu eldri nemendur Klerka í klípu og þeir yngri Óvitana. Um árabíl voru farnar skíðaferðir í Bláfjöll, fyrst 1983. Kennararáð starfaði árin 1984 – 2001 og fulltrúi nemendaráðs elstu bekkja mátti sitja það. Tók Magnús Hlynur Hreiðarsson þar fyrstur sæti.

Um 1990 eru haldnar **dansskemmtanir** með vissu millibili, haft opið hús fyrir foreldra og **bekkjarkvöld** sem umsjónarkennarar sáu um. Þá fóru nemendur í þriggja daga **skíðaferð** hvern vetur og tíðkaðist það vel fram yfir aldamótin 2000. Þá komst á sú hefð að 7. bekkur væri viku í **skólabúðunum** á Reykjum í Hrútafirði. Á þeim tíma er farið að halda **árshátíð** síðasta dag fyrir páskaleyfi og er svo enn. Litlu jólin voru áfram haldin, með helgileik og stundum í kirkjunni.



Leiksvæðið við skólann hefur verið mikið notað, bæði malbikaður körfubolta- og fótboltavöllur. Á túninu þar sem nýjasta álman er nú, var fótboltavöllur. Þá var farið að halda **íþróttadag**, sem tíðkast hefur síðan, þar sem hápunkturinn er körfuboltaleikur milli nemenda og kennara. Þann leik hafa nemendur unnið tvisvar, í fyrra skipið 1993. Það voru sterkir íþróttasinnaðir árgangar og fjör þegar bekkirnir spiluðu sín á milli. Einnig var keppt við aðra skóla. Þeir allra hörðustu fóru til að horfa á Guðmund íþróttakennara keppa með ÍR í handbolta.



Hugum þá að **skólaferðalögum**. Elsta heimildin er frá 1936. Fyrsta myndin sýnir hóp í skólaferð það vor, við rútu Stefáns Ingimundarsonar. Á næstu mynd er hópur við styttna af Hriflu-Jónasi á Laugarvatni 1958, Jón Kristjánsson skólastjóri lengst til hægri. Stopular heimildir eru um skólaferðalög á þessum árum. Fyrstu árin fengu kennar ekki greitt sérstaklega fyrir að fara með nemendum í skólaferðalög, né heldur fyrir gæslu á kvöldskemmtunum. Á 9. áratugnum var farið að greiða karlmönnum fyrir síka vinnu. Konurnar liðu það ekki til lengdar og var farið að greiða almennt fyrir síka vinnu fyrir lok aldarinnar.



Vorið 1964 var farið í skólaferðalag í Hvalfjörð og 1965 var farið til Krísuvíkur, Hveragerðis og um Grafning. Árið eftir var farin þriggja daga vorferð um Vesturland, m.a. bátsferð um Breiðafjörð, sjá mynd af þeim hópi við rútu Hafsteins Snæland skólabílstjóra. Upp frá því og fram að aldamótum fóru þeir elstu bekkirnir í þriggja daga vorferðir, til skiptis um Vesturland, á Norðurland til Akureyrar og þar um slóðir, eða um Suðurland allt austur að Klaustri. Farin var helgarferð með Herjólfri til Vestmanneyja í góðu veðri og gist í Þórsheimilínu. Annars var farið til skiptis norður, vestur eða um Suðurland.



Frá því um 2000 hefur 10. bekkur farið í tveggja til þriggja daga vorferðir, síðasta áratuginn í Skagafjörð og þá gjarna fljótasiglingu. Þáttur í félagslífi vetrarins er að safna fyrir þessum vorferðum. Svo hafa iðulega verið farnar dagsferðir með einstaka bekki eða margra bekki saman og kom sér oft vel að hafa skólabíl tiltækan. Dæmi um það er ferð með nokkra bekki í Sandvík vorið 2009 þar sem var gengið, farið í leiki og grillað á svartri sandströnd, sjá mynd hér frammar. Keilisgangan á næstu mynd var 1993.

Árin 2009 – 2018 var útvíst valáfangi efstu bekkja, í umsjón Hilmars Sveinbjörnssonar. Í því fólst að fara **mánaðarlega í fjallgöngu** einn laugardag í mánuði, allan veturinn.

Ekki er víst að **danskennsla** hafi verið á vegum skólans fyrr en á 21. öld. Kvenfélagið Fjóla sendi skólanefnd bréf 1960 og bauð Kirkjuhvol til leigu eða sölu (húsið var þá á fallanda fæti), einkum sem tækifæri til **danskennslu** sem gæti væri liður í bindindisfræðslu skólans – þannig að unglingar læri að dansa án þess að vera undir áhrifum áfengis.

Árið 1961 fjallaði skólanefndin um bréf frá hreppsnefnd þar sem samþykktur er kostnaður vegna danskennslu.

1962 ræddi nefndin aftur um danskennslu. Sagði skólastjóri ekki útilokað að ráða danskennara og var Símoni og Guðmundi Björgvin falið að ræða um það við oddvita. Ekki er ljóst hvort af þessu varð. Á þessum árum kenndu hjónin Guðmundur Björgvin og Guðrún Lovísa sínum börnum og vinum þeirra að dansa gömlu dansana eftir plötuspilara heima hjá þeim í Lyngholti í Vogum.



Árið 1978 og næstu ár hélt Nýi dansskólinn **fjölsótt dansnámskeið** í Glaðheimum á laugardagsmorgnum allan veturinn, bæði fyrir börn og fullorðna. Kennir voru gömlu dansarnir og samkvæmisdansar og haldnar keppnir þar sem menn gátu orðið – og urðu – Íslandsmeistarar! Það voru haldnar aukaæfingar og fengnir erlendir kennarar. Þau sem voru komin lengst fóru að **sýna dans**, m.a. á Hótel Sögu og í sjónvarpinu. Hér varð til öflug dansmenning sem náði inn í skólalífið. Þeim sem sáu um Diskótekið Disu þótti merkilegt að í Vogum gátu allir dansað allt mögulegt; tangó, cha cha cha, rumbu, djæf, polka, vínarkrus og vals, bara allt sem músikin bauð upp á. Á myndinni er danslið að æfa sig í Glaðheimum. Á hálfsmánaðarlegum diskótekum í skólanum dönsuðu allir nemendur alls konar dansa! Árið 1984 var Ungmennafélagið Þróttur með fjáröflun til styrktar björgunarsveitinni Skyggni sem gekk út á það að geta dansað heila helgi keðjudans, þar sem tveir og tveir, strákur og stelpa, þurftu að dansa í klukkutíma í senn alla nóttina, sjá mynd. Eftir nokkur ár hætti Nýi dansskólinn að halda þessi námskeið, en bauð fólki að sækja námskeið í Hafnarfirði, sem fáir gátu nýtt sér. Fjaraði þessi dansbylgja út og hefur ekki risið jafn öflug aftur. Þó gerðist það 1986 að stelpur í efstu bekkjum fengu yngri nemendur með sér til að æfa söng- og dansatriði og tókst svo vel til að þau urðu eftirsótt og sýndu á alls konar hátíðum, og á böllum í Glaðheimum. Árið 1990 var haldið ball í Festi í Grindavík fyrir 6. - 9. bekk af öllum Suðurnesjum. Hin síðari ár hefur stundum verið danskennsla í skólanum fyrir vissa bekki og þá á skólatíma.



Síðasta myndin er af danshópnum sem sýndi í Stundinni okkar 1982. Það þurfti aðeins eina prufu, síðan upptaka sem stóð! Bryndís Schram þáttarstjórnandi situr þarna með krökkunum. Þetta unga fólk er um og yfir fertugt í dag. Hugsanlega varð áhersla á sýningar og keppni full mikil þegar á leið. hafi það bitnað á almennri þátttöku.

Hreinn skólastjóri var mikill stuðningsmaður danskennslunnar. Að sögn Niels Einarssonar, danskennara og eiganda Nýja dansskólans, gerði Hreinn könnun og rannsakaði framkomu, félagslíf og einkunnir sem spönnuðu 2 ár áður en Nýi dansskólinn" kom til að kenna dans í Glaðheimum, og önnur tvö ár eftir að danskennslan hófst. Í báðum könnunum var greinilegt að félagslíf lagaðist og einkunnir hækkuðu með komu danskennslunnar.

Heimildir m.a.: Bergsveinn Auðunsson í Faxa 1990. Myndir frá Hafsteini Snæland, Þorvaldi Erni, Eyjólf Guðmunds og úr Myndasafni Minjafélagsins. Skólablaðið Sæblik. Skólaetninga- og slitaræður Hreins Ásgrímssonar. Samtöl við Þórdísi Simonardóttur, Marteín Ægisson, Elísabetu Kvaran, Ernu Margréti, Hafstein Snæland, Hilmar Egil, Höllu Jónu, Særún Jónsdóttur, Helgu S. Árnadóttur, Hauk Aðalsteinsson og Niels Einarsson um félagslíf o.fl. Myndbönd á youtube-rásinni storuvogaskoli1 m.a. frá árshátíðum nálægt 2010.

36. þáttur: **Afmælishátíð 1. október 2022** 28. sept.

Barnaskóli var stofnaður í Vatnsleysustrandarhreppi 12. september 1872, í sérbyggðu húsi, og hefur hann starfað samfelld síðan, nú undir nafninu Stóru-Vogaskóli. Þegar svo gamall skóli á stórafmæli er það stór viðburður.

Haldið var upp á 140 ára afmælið 2012. Á Youtube er kortérs myndskeið frá þeim hátíðarhöldum og undirbúningi þeirra – og annað frá klukkustundar hringborðsumræðum um sögu skólans.

Allt núveandi afmælisár 2022 birstist einn þáttur vikulega í Víkurfréttum og á vefnum (á vf.is, vogar.is og storuvogaskoli.is). Svo var haldin afmælishátíð í skólanum 1. október 2022, sjá m.a. [þetta viðtal](#).

Ástæða er til að minnst þess afreks forfeðra okkar og mæðra – að koma hér á fót skóla fyrir öll börn, stúlkur sem drengi, snauða sem ríka – löngu áður en skólaskylda komst á og opinberir aðilar fóru að sinna skólamenntun barna af alvöru. Þá hafði barnaskóli starfað á Eyrarbakka í 20 ár og í Reykjavík í 10 ár. Það er ástæða til að halda fána Stóru-Vogaskóla hátt á lofti nú á 150 ára afmæli hans, því of fáir þekkja sögu hans. Skólans er ekki getið í tveggja binda verki Kennaraháskóla Íslands og Háskólaútgáfunnar: *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880 – 2007*. Ekki er það vegna skorts á heimildum. Gerðaskóla, sem stofnaður var mánuði síðar haustið 1872, er oft getið í fyrrnefndu verki, en þegar afmælisrit þess skóla var gefið út upp úr síðustu aldamótum var okkar skóla ekki heldur getið þar. Suðurnesjatímaritið *Faxi* hefur hins vegar fjallað ítarlega um sögu skólans.

Séra Stefán Thorarensen, prestur og sálmaskáld á Kálfatjörn, átti frumkvæði að því að stofna hér skóla. Hann stofnaði til þess félag sem aflaði fjár og lét byggja skólahús. Þannig starfaði skólinn frá upphafi í eigin húsnæði. Stefán samdi reglugerð fyrir skólann í 30 greinum, eins konar skólanámskrá. Vísir var að unglíngadeild og heimavist var frá upphafi, en það starf virðist hafa fjarað út.

Í upphafi hét skólinn “Thorhillii Barnaskólinn í Vatnsleysustrandarhreppi”, í minningu Jóns Þorkelssonar frá Innri-Njarðvík (1697-1759), sem kallaði sig Thorchillius upp á latínu. Hann var barnlaus efnaður menntamaður, m.a. Skálholtsrektor um skeið. Hann stofnaði Thorkilliisjóð til að styrkja, eftir sinn dag, fátæk börn til mennta og naut skólinn og fátækir nemendur hans þess sjóðs. Þetta langa nafn festist ekki við skólann, heldur var hann kallaður Suðurkotskóli, enda byggður á jörðinni Suðurkoti í Brunnastaðahverfi. Seinna (1938) breyttist nafnið í Brunnastaðaskóli. Grunnur elsta skólahússins þar er enn heillegur. Þegar skólinn var síðan fluttur í Voga árið 1979 fékk hann núverandi nafn, Stóru-Vogaskóli, enda byggður í túni hins forna höfuðbýlis Stóru-Voga.

Fyrstu 100 árin var fjöldi skólabarna á bilinu 20 – 50, fór upp í 100 um 1990 og í 200 um 2010. Upphafi skólans eru gerð góð skil í fyrstu þáttunum.

Öll þessi 150 ár er þetta í raun sama stofnunin, þó hús væru byggð og rifin og nöfnum breytt. Byggð voru minni skólahús og starfækt um tíma - eins konar útibú frá skólanum - í fjarlægum hverfum, þegar þar var barnmargt. Þannig starfaði skóli í Kálfatjarnarhverfi 1893 – 1910, fyrst á Þórustöðum og í Landakoti og frá 1903 í sérbyggðu skólahúsi í Norðurkoti; og í Vatnsleysuhverfi 1910 - 1914 og 1925 - 1943.

Frá haustinu 1943 hefur verið skólabíll og eftir það er öll kennslan á einum stað. Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar hefur endurbyggt Norðurkotskóla að Kálfatjörn og er þar nú skólasafn. Sjá myndir á næstu síðu.



Myndir frá skólasafninu Norðurkotskóli, á Kálfatjörn, í umsjón

Sögu- og minjafélags Vatnsleysustrandar.

Í Stóru-Vogaskóla eru nú um 160 nemendur í 1. – 10. bekk, í 2700 m² húsnæði. Til samanburðar má geta þess að fyrsta hús skólans var 56 m². Íbúar í Sveitarfélaginu eru um 1400, en voru um 800 þegar skólinn var stofnaður. Þeim fækkaði allt niður undir 250 á 5. áratugnum, en hefur fjölgað síðan og fjölgar nú ört. Fyrstu öldina var starfsólkið lengst af einn eða tveir kennarar, auk þeirra sem komu að þrifum og viðhaldi skólahússins og árlegrar aðkokmu læknis við heilsufarsskoðun. Upp úr miðri 20. öld tók starfsólki að fjölga, einnig árgöngum nemenda, skólatíminn að lengjast og þjónustan við nemendur varð fjölbættari. Nú starfa alls 45 manns við skólann, þar af 25 kennarar. Að auki nýtur skólinn sálfræði-, heilbrigðis- og félagsþjónustu eftir þörfum.



Skólinn hefur á að skipa metnaðarfullu starfsliði. Eins og í upphafi er vel hugsað um börn sem minna mega sín eða hafa ýmiss konar sérþarfir. Einnig er markvisst unnið gegn einelti. Skólinn hefur þá sérstöðu að nemendur fá hollan hádegismat, eldaðan á staðnum, í boði sveitarfélagsins. Leitast er við að sinna vel bæði andlegum og líkamlegum þörfum barna, óháð efnahag foreldra.

Á efstu myndinni er kjarni starfsliðs skólans 1973. Kópur var lengi skólabílstjóri, vinsæll. Hreinn var farsæll skólustjóri í 12 ár. Jón var kennari og hafði áður verið skólustjóri í áratug. Bragi var sóknarprestur og stundakennari. Helga Sigríður var kennari manna lengst við skólann, vinsæl. Svo voru stundakennarar í handmennt og íþróttum. Á þessum tíma eru rúmlega 60 nemendur í skólanum, á aldrinum 7 – 15 ára.



Á næstu mynd er 10. bekkur sem útskrifaðist vorið 2022, með umsjónarkennara sínum, Hannesi Hjálmarssyni.

Á neðstu myndinni er 4. bekkur veturinn 2021 – 2022, með Sæðisi Maríu, umsjónarkennara sínum. Sæðis er einn nemenda skólans sem lærði til kennara og leggur fyrir sig kennslu.



37. þáttur: **Tónlistarkennsla í 150 ár** 5. okt.

Tónlist er rauður þráður í sögu skólans. Söngur er skyldunámsgrein alveg frá upphafi, en var fyrst krafist í landslögum 1907, að kunna nokkur einföld lög, einkum við íslensk ættjarðarljód.

Fyrstu árin kom **Guðmundur Guðmundsson** í Landakoti vikulega í skólann og kenndi söng. Hann var forsöngvari og orgelleikari Kálfatjarnarkirkju, en kirkjan fékk orgel 1876.

Sóknarpresturinn Stefán Thorarensen var söngmaður og sálmaskáld, og frændi hans, Stefán M, sem kenndi fjórða veturinn, var söngmaður, lék á orgel og samdi lög. Árið 1879 gaf Jónas Helgason, organisti og söngstjóri, skólanum 14 eintök af bók sinni *Söngvar og kvæði með 2 röddum*.

Séra Árni Þorsteinsson kenndi söng um og upp úr aldamótum 1900. Árið 1908 segist hann hafa varið til söngkennslu hálfri til einni klukkustund tvisvar í viku, ýmist með eða án hljóðfæris.

Viktoría Guðmundsdóttir, sem var skólastjóri og kennari 1921 – 1952 lét börnin syngja í byrjun skóladags og við sérstakar athafnir. Við skólasetningu voru ávallt sungnir tveir sálmar og nokkrir jólasálmar áður en haldið var heim í jólaleyfi. Einnig var sungið í barnastúkunni Ársól, sem Viktoría stýrði.

Stefán Hallsson kenndi við skólann 1934 – 1945 og var um tíma með kór. Lúlla (Guðrún Lovísa), þá nemandi í skólanum, segir svo frá: „Hann var með okkur stelpurnar og nokkra stráka í kór allt svo tvo síðustu vetra mína ... kannski tvisvar í viku ... það var orgel þarna í skólanum... Við sungum bara, Friðst er í fjallasal og Syngjum við hörpu hljómfagurt lag... jú, líka sálma fyrir jólin. Það var mikil tilbreyting, mikið gaman.“

Stefán var jafnframt organisti í Kálfatjarnarkirkju, m.a. þegar kór kirkjunnar var stofnaður 11. des.1944.

Stefáni hefur líklega þótt kennsluáðstæður bágar því hann skrifaði bréf í árslok 1944, á síðasta kennsluvetri sínum, þar sem hann gaf skólanum laun sín þann vetur til að kaupa stóla og borð fyrir yngri deildina – eða nýjan skólabil. Stefán kenndi eftir þetta 13 ár við Barnaskóla Keflavíkur og var organisti við Njarvíkurkirkju og við barnamessur í Keflavíkurkirkju. Áratugum síðar var hann við vígslu Stóru-Vogaskóla 1979 og las upp ljóð eftir Davíð Stefánsson.

Þegar Stefán var fluttur burt 1945 skrifaði nýstofnaður kirkjukór Kálfatjarnarsóknar sóknarnefnd og skólanefnd og vildi að ráðinn yrði sameiginlega organisti fyrir kórinn og söngkennari fyrir skólabörnin, það sé kórnum í hag og hann vilji efla söng og tónlist í sókninni. Þá var **Lárus Jónsson** ráðinn organisti og kom hann vikulega úr Hafnarfirði í skólann til að láta börnin syngja. Myndin er af honum með kirkjukórfélögum og börnum í skólanum. Kórinn sendi aftur bréf sama efnis 1952, sjö árum seinna, þá hafði engin söngkennsla verið í skólanum.

Kvenfélagið Fjóla skoraði svo 1957 á skólanefnd að auglýsa eftir tónlistarkennara við barnaskólann. Einhver ár voru hér söngkennarar, og 1968 – '69 var það

Guðmundur Gilsson.

Árið eftir samþykkti nefndin að fela Þóri S. Guðbergssyni skólastjóra og konu hans, Rúnu Gísladóttur að annast söngkennslu í skólanum. Kristján Jónsson kennari mun hafa kennt söng og leikið með á píanó 1975 – 1976. Jón Guðnason í Landakoti, organisti og formaður skólanefndar, var stundakennari á 8. áratug. Kór, sem Ragnheiður Guðmundsdóttir stjórnaði, söng við skólaslit 1980 og Jón lék undir.

Tónlistarskólinn í Vogum var stofnaður 1981 og starfaði til 1986, fyrst til húsa í Háabæ, síðan í Austurkoti.

Jakob Hallgrímsson var fyrsti skólastjórinn, síðan Ragnheiður Guðmundsdóttir, þá Gróa Hreinsdóttir og loks



Frank Herlufsen. Nokkrir kennarar komu og kenndu hver á sitt hljóðfæri, sumir erlendir, einnig nafnkunnir menn eins og Björn R. Einarsson. Nemendafjöldi fór allt upp í 50 (!) og voru á aldrinum 6 – 74 ára! Kostnaður við skólann þótti of mikill og var hann lagður niður eftir hreppsnefndarkosningar 1986.

Eftir að tónlistarskólinn var lagður niður kenndi Frank Herlufsen, organisti, í rúman áratug tónmennt og á píanó við grunnskólann, og lét börnin syngja, sjá mynd. Svo hafa bekkjakennarar kennt sínum bekk tónmennt. Nokkur ár upp úr aldamótum kenndi Vera Steinsen listgreinar og á hljóðfæri og um svipað leyti kenndi Hrönn byrjendum á píanó.



Tónlistarskóli Stóru-Vogaskóla var stofnaður 2010. **Laufey Waage** hefur verið þar við stjórn frá upphafi og kennt ófáum nemendum á píanó. Auk hennar er oft annar tónlistarkennari í hlutastarfi og kennir á ýmis hljóðfæri, nú er það Bent Marínóson sem leiðbeinir áhugasömum nemendum. Tónlistarskólinn er með eigin skólanámskrá.

Sveinn Alfreðsson, sem var skólastjóri 2007 – 08, fékk Bryndísi skólabílstjóra og Sigurð, hennar mann, til að semja skólasöng, sem enn er sunginn. Sveinn kom einnig af stað **söngsamveru** á sal skólans með nemendum á yngsta- og miðstigi og stundum unglíngunum líka. Þorvaldur Örn, náttúrufræðikennari, útbjó glærur með söngtextum, stjórnaði þar söng og lék með á gítar u.þ.b. mánaðarlega í mörg ár. Þátttakendur voru oft um 100 talsins og heyrast hátt í þeim þegar sungið er lagið ”Það má ekki pissa bak við hurð”, einkum viðlagið: ”Þetta fullorðna fólk er svo skrytið, það er allaf að skamma mann...” Í desember er jólasöngsamvera með yngri bekkjum. Svo syngja allir og ganga kringum jólatré á litlu-jólunum.

Alexandra Chernyshova, sópransöngkona og tónskáld, var kennari við skólann 2017 – 2021. Hún kenndi tónmennt, söng og á hljóðfæri og fékk nemendur til að gera ýmislegt. Hún var m.a. með ”bílskúrsband” og barnakór. Kórinn tók 2019 þátt í uppfærslu á Ævintýri um norðurljósin í Hörpu og flutti sama ár Little talks á Nýárstónleikum í Ytri-Njarðvíkurkirkju. Nemendur sömdu og fluttu eigin lög, m.a. lag um loftslagsmál við texta Gretu Thunberg.

Heimildir: Skrif Stefáns Thorarensen. Kennaratal á Íslandi. Jón Eyþórsson: Um Stefán M. Jónsson, í Húnavöku 1987. Í Faxa 1990 um skólann og 1995 um afmæli kórs Kálfatjarnarkirkju. Viðtöl við Guðrúnu Lovísu og við nokkra kennara og eldri nemendur, m.a. á fb-síðu Brunnastaðaskóla; við Jóhann Sævar Simonarson (var formaður skólanefndar Tónlistarskólans í Vogum), Ásu Árnadóttur, Alexöndru Chernyshovu, Svövu Bogadóttur, Hilmar Sveinbjörnsson, Hannes B. Hjálmarsson og Laufey Waage. Tónlistarsaga Reykjavíkur, um Jónas Helgason. Skólanámskrá Tónlistarskóla Stóru-Vogaskóla 2022. Alexandra Chernyshova sópran, kynning.

38. þáttur: **Mynd- og handmennt og heimilisfræði** 12. okt.

Í reglugerð fyrir skólann 1872 er m.a. kveðið á um kennslu handavinnu stúlkna. Meðal annara kenndi Svanborg Grímsdóttir handavinnu stúlkna fyrstu árin, einkum börnunum sem bjuggu í skólahúsinu. Aðsókn var ekki mikil, því í grein um skólahald 1876-’77 segir Stefán Thorarensen m.a.: ””Handvinnukennsla” (fyrir fermdar og ófermdar stúlkur) var enn sem fyr boðin, af kennarakonunni, orðlagðri hannyrðakonunni og leikinni í að kenna handvinnu; en engin gaf sig fram. Sagði hún því einungis þeim Thorchillijsjóðsbörnum til í handvinnu, er þá tilsögn gátu þegið.” Síðar í sömu grein leggur hann til að öllum handvinnukennslu-tilraunum verði hætt.

Kennsla í teiknun var sett í lög 1926 og í handavinnu 1936. Á þessum árum hafa sumir kennarar skólans eflaust kennt einhverja handavinnu. Friðrikkja Hallgrímsdóttir frá Austurkoti var sérmenntaður handvinnukennari og kenndi veturinn 1926 -’27. Ingibjörg Erlendsdóttir kenndi í Vatnsleysuskóla 1934 - ’36 konum og stúlkum handavinnu, að þeirra ósk, einu sinni í viku, eftir að kennsludegi barnanna lauk.

Haustið 1938 barst bréf frá samtökum barnakennara um að efnt verði til sýninga í barnaskólum landsins á komandi vori, á skólavinnu barna. Viktoría leitaði álits skólanefndar hvort taka skyldi upp

handavinnukennslu í skólum hreppsins á þeim vetri. Var það samþykkt og kennurunum falið að koma því í framkvæmd.

Bjarni M. Jónsson, námstjóri, kynnti skólanefnd 1942 hugmynd um umferðarkennslu í handavinnu, leikfimi og söng, þannig að kennari fari á milli fámennra skóla sýslunnar og haldi námskeið í þeim greinum. Eitthvað mun þetta hafa verið reynt, t.d. var umferðarkennari í íþróttum 1945, en erfitt var að fá umferðarkennara í handavinnu drengja vegna mikillar eftirspurnar eftir smíðum.

Haustið 1951 fær Sigrún Þórðardóttir á Vatnsleysu leigða skólastofu til að kenna námseið í saumaskap kl. 15:30 – 22, í 4 – 5 vikur. Skyldi hún gjarna greiða húsaleigu með því að kenna skólabörnum líka. Sigrún er frábær listmálari og kenndi lengi í Reykjavík, er enn á lífi 2022. Skólastjórafrúrnar Jóhanna Snorradóttir og Rúna Gísladóttir kenndu **handavinnu stúlkna** 1964 – 1970. Helga Sigríður kenndi handavinnu þegar þurfti, hún sóttist ekki eftir því, en var stundum eina konan í kennarahópnum. Um 2 ára skeið kenndi hún handavinnuna heima hjá sér. Sesselja Sigurðardóttir (Lella) frá Hellum kenndi handavinnu 1976 – 1989 m.a. í „gryfjunni“. Þá var aðeins til eins saumavél. Á hennar tímabili varð sú breyting að **bæði kynin** skyldu eiga vól á bæði hannyrðum og smíði. Tóku flestir því vel.

Aðstaða til **handavinnu drengja (smíða)** hefur komið seint til. Árið 1949 lagði skólanefnd til að komið verði upp húsnæði fyrir kennslu íþróttar og smíða, en það varð ekki fyrr en löngu síðar. Um það leyti kenndi Jón H. Kristjánsson í einhverjum mæli smíðar í almennri kennslustofu. 1958 fékk kvenfélagið Fjóra bréf frá skólanefndinni, þar sem falast var eftir Kirkjuhvoli undir handavinnu drengja. Var það samþykkt, en gekk þó ekki eftir.

Var loks farið að kenna handavinnu drengja í íbúðarhúsinu Barmi (Vogagerði 9) í Vogum, og 4 árum síðar í Laufási (kjallara). Mun Jón skólastjóri hafa kennt þar, líka Magnús Skúlason smíður, og um 1962 -'64 var það Ellert skólastjóri. Valberg Helgason kenndi drengjum 1966 – 1969 smíði í bílskúr sínum Hafnargötu 22 og gerði það vel. Stormur Þorvarðarson tók við af honum og kenndi í Háabæ og hjálpaði m.a. 3 drengjum að smíða sér kajaka sem þeir reru á sjó. Hörður Rafnsson kenndi um tíma, einnig Guðlaugur R. Guðmundsson, sem einnig leysti Jón Inga af.

Jón Ingi Baldvinsson kenndi smíðar að kvöldlagi í yfirgefnu húsnæði verslunarinnar í Háabæ árin 1978 - '80. Þegar skólinn flutti í Voga 1979, fékk Jón Ingi rúmgóða aðstöðu í yfirgefnu Brunnastaðaskólahúsinu og upp frá því nutu allir bekkir smíðakennslu nema þau allra yngstu. Það hús var selt sem íbúðarhús 1988 og sett upp laus smíðastofa á skólalóðinni í Vogum. Eru drengirnir á myndinni að smíða það ár. Jón Ingi kenndi þar flest árin, en Helga Ragnarsdóttir 1995 - '97.

Þegar ný álma Stóru-Vogaskóla var byggð 1997 var vinnuaðstöðu kennara, skrifstofu skólastjórnenda, einni skólastofu og hluta af ganginum breytt í rúmgóða og vandaða smíðastofu sem enn er við lýði. Helgi Már Eggertsson kom frá Akureyri og var smíðakennari 1998 – 2008. Hann var líka með námskeið fyrir eldri borgara í stofunni. Gísli Kjartansson kenndi smíði 2010 – 2013.

Þegar skólahúsið var enn tvöfaldað að stærð 2005 varð loks til vel tækjum búin **hannyrða/textílstofa**. m.a. með mörgum saumavélum sem kvenfélagið Fjóra gaf. Þar hefur Oktavía J. Ragnarsdóttir kennt flest árin. Rakel Rut kenndi textíl um tíma, einnig smíðar eitt ár, m.a. smíði skartgripa og að vefa í trjágreinar úti í Aragerði.

Við stækkunina 2005 kom einnig til sérstofa í **myndlist**. Valgerður Guðlaugsdóttir, myndlistarkona, kenndi þar myndlist frá 2006 þar til hún lést í ársbyrjun 2021. Helgi Hjaltalín Eyjólfsson, myndlistarmaður og maður Valgerðar, leysti hana af í barnsburðarleyfi 2010 og var síðan smíðakennari 2012 – 2020. Hann tók svo við myndlistinni 2022. Valgerður hannaði merki skólans, sjá mynd.




Fyrstu öld skólans var heimilishald kennt í kvenna- og húsmæðraskólum um land allt. **Heimilisfræði** varð til á 8. áratugnum sem verkleg og bókleg námsgrein í grunnskólum, jafnt fyrir drengi sem stúlkur. Farið er að kenna heimilisfræði í Stóru-Vogaskóla um 1990 í vel útbúinni stofu. Helga Sigríður Árnadóttir fór í nám og endaði sinn langa kennsluferil sem heimilisfræðikennari. Nemendur á öllum aldri sýna greininni mikinn áhuga. Hún er kennd í öllum árgöngum, en stundum sem valgrein í efstu bekkjum. Eygló Viðarsdóttir matreiðslumaður kenndi heimilisfræði 2008 - '10 og Margrét Össurardóttir kennari 2010 - '15 og létu þær nemendur stundum matbúa á útivistarsvæðinu Aragerði, m.a. baka flatkökur.

Heimildir m.a. Munnlegar frásagnir 1922: Reynir Brynjólfsson, Helgi Guðmundsson, Jón Ingi Baldvinsson, Sesselja Sigurðardóttir, Helgi Már Eggertsson, Helgi Hjaltalín, Oktavía J. Ragnardóttir, Rákel Rut Valdimarsdóttir, Helga Sigríður Árnadóttir, Eygló Viðarsdóttir og Margrét Össurardóttir. Gjörðabók skólanefndar. Grein Stefáns Thorarensen í [Ísafold 1879](#). Óbirt grein Sesselju Guðmundsdóttur. Grein Bergsveins Auðunssonar í [Faxa 1990](#). Almenningsfræðsla á Íslandi.

39. þáttur: **Skólinn, umhverfið, náttúran** 19. okt.

Í fyrstu reglugerð skólans, frá 1872, er náttúrufræði ekki skyldunámsgrein í almenntri kennslu fyrir ófermd börn, en heimilt er ef aðstæður leyfa, að veita þeim tilsögn í landafræði og að auki náttúrusögu í „sérstakri kennslu“ fyrir fermd börn. Í reglugerð skólans frá 1912 segir að kenndar skuli 3 vikustundir í náttúrufræði og 3 í landafræði og eftir það er prófað í þessum greinum. Í ágúst 1916 bókar skólanefndin að eðlisfræðiáhöld o.fl vanti við skólann og samþykkir að bæta þar úr.

Myndin er af náttúrufræðibók Bjarna Sæmundssonar (4. útg. 1909) sem kennd var í skólum landsins í hálföld. Þar er fræðsla um eðlisfræði, grjót, dýr, plöntur og mannlíkamann. Sumir kennarar flettu gjarna fram hjá blaðsíðunum um æxlun mannsins.



Menntamálaráðuneytið samþykkti 1968 áætlun um **eflingu eðlis- og efnafræðikennslu** fyrir 11-16 ára unglunga. Árið 1970 var hafin tilraunakennsla, útgáfa námsefnis, sala kennslutækja og námskeið fyrir kennara. Sumir í Vatsleysustrandahreppi voru fljótir að kveikja á perunni, eins og sjá má á svohljóðandi bréfi dags. 11. mars 1970: „Til hreppsnefndar Vatsleysustrandahrepps. Í tilefni þess að Verkalýðsfélag Vatsleysustrandahrepps varð 25 ára gamalt 29. desember síðastliðinn, ákvað félagið á aðalfundi 7. mars síðastliðinn, að færa Brunnastaðaskóla að gjöf kennslutæki í eðlis og efnafræði. Kennslutæki þessi hafa þegar verið keypt og afhendast hér með skólanum til eignar. Vogum, 11. mars 1970. Fyrir hönd Verkalýðsfélags Vatsleysustrandahrepps. Jón Bjarnason, formaður.“ Pétur G Jónsson oddviti þakkaði fyrir hönd hreppsins og lagði til að skólanefndin sendi verkalýðsfélaginu viðurkenningu með þakkarorðum. Það kann hugsanlega að hafa örvað gjafmildi verkalýðsfélagsins að til stóð að sameina það félaginu í Keflavík.

Í fyrsta áfanga Stóru-Vogaskóla 1979 var aðstaða til að kenna náttúrufræði og í þriðja áfanganum frá 2005 er vel búin **náttúrufræðistofa**. Umsjónarkennarar kenna yngri bekkjum náttúrufræði en frá 2000 hafa líffræðingar kennt mið- og unglingastigi. Um árabíl spreytti 7. bekkur sig á krufningu brjóstholslíffæra úr svínum, en þeim svipar mjög til líffæra mannsins. Myndin er úr slíkum tíma árið 2008. Nemandinn fyrir miðju kennir nú íþróttir við skólann.



Halla Jóna og Særún tóku saman á 10. áratugnum hugmyndir að **útvistarferðum** í nágrenni skólans. Farið var gangandi frá skólanum í sumar ferðirnar og á skólabílnum á fjarlægari staði, svo sem í Lambafellsgjá, Keili, sleðaferðir á Svartsengisfell og skautuferðir á Seltjörn.

Halla Jóna fékk gamlar konur til að mæta í tíma og kenna handbragð og lét börnin banka upp á hjá eldri íbúum til að gleðja þá, segja eitthvað fallett eða gefa smá gjafir. Börnin gerðust **litlir leiðsögumenn** og undirbjuggu að segja frá ákveðnum stöðum. Helga Ragnarsdóttir kom með hesta og teymdi undir og fleira

mætti nefna. Svo kom eldra fólk í skólastofur yngri barna og sagði frá hvernig lífið var þegar þau voru ung og Helgi Davíðs kom og spilaði á sög og munnhörpu.

Árið 1984 hófu skólarnir á Suðurnesjum uppgræðslu- og gróðursetningarátak í maímánuði, sem nefnt var **Vordagar Vigdísar** til heiðurs þáverandi forseta. Yngstu nemendur Stóru-Vogaskóla hafa nær öll ár síðan **sáð grasfræi og áburði** og grætt þannig upp moldarflög í nágrenni þéttbýlisins. Lengst af hefur Landgræðslan lagt til áburð og grasfræ og **Yrkja** trjáplöntur, en nemendur á miðstigi hafa **gróðursett trjáplöntur** - hin síðari ár við Háabjalla - og gera enn á hverju vori í umsjá landgræðslu- og skógræktarfélagssins Skógfells. Skólinn fékk landgræðsluverðalunin 2014. Myndin sýnir nemendur gróðursetja birki vorið 2007.



Síðastliðið áratug hefur skólinn tekið þátt í **grænfánanum**, alþjóðlegu umhverfismenntaverkefni. Þá er valin umhverfis-nefnd skipuð kennurum og nemendum sem markar umhverfis-stefnu skólans. Grænfáninn er viðurkenning til skóla sem vinna að sjálfbærni menntun á einhvern hátt. Á myndinni er umhverfis-nefndin 2014. Nemendur skipa meirihluta nefndarinnar.



Árlega er haldinn **rusladagur**. Allir nemendur fara þá í hópum um nágrennið, tína rusl, safna því saman og flokka. Um tíma bjuggu yngstu nemendurnir til úr því ruslaskrímli.

Frá því að **Fræða/þekkingarsetrið í Sandgerði** kom til 1996 er það heimsótt nær árlega og unnið með fugla, spendýr og sjávarlífverur. Myndin er tekin í heimsókn þar 2008. Einnig var þáverandi Sæfiskasafn í Höfnum oft heimsótt fyrsta áratug 20. aldar. Stóru-Vogaskóli tók árin 2000 – 2003 þátt í **GLOBE**, fjölþjóðlegu vísinda- og kennsluverkefni af bandarískum rótum, þar sem nemendum í yfir 100 löndum rannsaka og mæla vissa þætti í umhverfinu og lífríkinu og skrá í gagnagrunn á netinu. Nemendur mældu reglulega og skráðu veður og nokkra eðlisþætti í Vogatjörn og í sjónum, og fylgdust auk þess með vorkomu með því að skrá hvenær brum á trjám opnuðust. Hápunkturinn var viku **ferð eins kennara og fjögurra nemenda** í 8. bekk á vísindamót í **Eistlandi** í nóv. 2001, þar sem 8 lönd tóku þátt. Þar þurftu nemendur m.a. að flytja erindi á ensku um það sem þeir voru að gera. Þrír þessara kraftmiklu ungu nemenda voru að stíga á erlenda grund í fyrsta sinn.



Virkjum vísindin var hönnunarkeppni Suðurnesjaskóla sem Stóru-Vogaskóli tók þátt í og vann til verðlauna. **Víkurfréttir 12.06.2008**. Vorið 2008 var alternator úr bíl settur á þrek hjól. Gátu nemendur með því að hjóla framleitt rafmagn sem nægði fyrir fartölvu, var nefnt heilsufartölva. Myndin er frá keppninni 2009.


Skólinn er þannig staðsettur að auðvelt er að stunda fjölþætta útikennslu í náttúrufræði. Sand- og klettafjara og tjörn er nánast við húsvegg og stutt í móa og gróin hraun.



Guðrún Kristín Ragnarsdóttir, sem kennt hefur náttúrufræðin frá 2017 segir svo frá: „Mér finnst alltaf eitt af skemmtilegri verkefnum að vinna þemaverkefni með 6. bekk um lífríki Vogatjarnar. Þar bý ég svo vel að hafa ýmislegt frá þér (ÞÖ) til að vinna með. Krakkar telja sig þekkja Vogatjörn ágætlega og hafa flest veitt þar hornsíli og gaman að fylgjast með þeim uppgvöta hulinn heim hins smásæja lífríkis í vatninu. Við byrjum á að skoða gróðurfarið og nota greiningalykla til að kynna helstu plöntunum. Svo útbúum við ferskvatnsker í fiskabúri sem við höfum í stofunni og vekur ávalt athygli í öllum bekkjum. Farið er í vettvangsferðir og sýnum úr lífríki tjarnarinnar safnað í fiskabúrið og krukkur. Svo er það rannsóknarvinnan. Það kemur margt í ljós þegar nánar er skoðað í fiskabúrið, hornsíli sýkt af bandormum, sprækar brunnlukkur og tjarnatítur, lírfur, blóðsugur og smákrabbadýr. Það er skemmtilegt en einnig krefjandi að lofa nemendum að leika lausum hala í rannsóknarvinnunni og verða forvitin og vinna með víðsjár og rafræna smásjá til að ná myndum. En ég hef séð breytingar á lífríkinu undanfarið ár. Hornsílum hefur fækkað gríðarlega og í sumum vettvangsferðum sjáum við engin. Krakkarirnir hafa ýmsar kenningar varðandi það eins og mengun.“ Myndin sýnir Vogatjörn ísi lagða. Sjá myndbönd af vinnu nemenda [hér](#) á [youtube](#).



Höfundur þessa þáttar sótti 2011 um styrk og gerði um haustið tilraun með að virkja nemendur hvers bekkjar sem hann kenndi (5. - 10. bekk) til að kynna náttúrufræðinámið fyrir fjölskyldum sínum, síðdegis eftir vinnu. Mæting var mjög góð í sumum bekkjunum og var slík kynning endurtekin vorið eftir í þeim bekkjum. Til er ítarleg lýsing á verkefninu og ljósmyndir.



Hér er mynd af einu af veggspjöldum um hnattræna hlýnum sem nemendur í 10. bekk unnu 2011.

Frá árinu 2016 hefur **kajakróður** verið valgrein í unglingadeildum skólans. Það tókst að finna fé til að kaupa kajaka, útbúin var aðstaða í skúr á lóðinni og 3 kennarar fóru á námskeið og fengin tilskilin leyfi Siglingamálastofnunar. Í verklegum tímum ganga sex nemendur og tveir kennarar í blautbúningum, hver með sinn kajak, niður í fjöru við skólann og róa út á sjó. Það er viðeigandi í þessu byggðarlagi að ungt fólk kynnist sjóróðri sem var ríkur þáttur í lífi fólks í þúsund ár, en lagðist af með öllu fyrir öld síðan. Myndir.

Að síðustu er hér mynd af nemendum sem Halla og Særún virkjuðu til að sá og bera á moldar-flög við Víkurhóla sunnan við Vogu upp úr 1990. Þau moldarflög eru nú algróin.



Heimildir: Bréf frá Verkalýðsfélagi Vatnsleysustrandarhrepps, fræðslumálaskrifstofunni, hreppsskrifstofu o.fl. Reglugerð skólans frá 1872. Gjörðabók skólanefndar, árið 1912. Fundagerðarbók Skólaráðs 1984 – 2001. Grein um Vordaga Vigdísar. Umhverfisstefna Stóru-Vogaskóla. GLOBE-verkefnið. Virkjum vísindin, Víkurfréttir 12.06.2008. Þorvaldur Örn Árnason 1998: Umhverfismennt. Frásagnir Höllu Jónu Guðmundsdóttur, Særúnar Jónsdóttur, Guðrúnar Kristínar Ragnarsdóttur og Jóhanns Sævars. Myndbönd á youtube-rásinni storuvogaskoli1 Myndir úr kajak-vali, á vef skólans.

40. þáttur: **Samfélagið og skólinn** 26. okt

Um aldir fór uppeldi og menntun barna fram á heimilum með aðstoð og undir eftirliti presta. Þegar kom fram á 19. öld aukast kröfur um kunnáttu og var það hvati að stofnun barnaskóla til að aðstoða heimilin og prestana, þótt skólaskylda væri engin. Framan af voru skólabörn dýrmætur vinnukraftur og á mörgum heimilum erfitt að sjá af þeim í skólann og skólanám einskonar aukastarf barnanna. Síðan hefur þetta gjörbreytst, nú fer nánast allt nám fram í skólanum og foreldrum og atvinnulífi hentar vel að börnin séu þar lengi, einkum þau yngstu.

Fyrstu áratugina var skólaganga barna fjögur ár, 6 mánuði á ári, kl. 10 – 14 sex daga vikunnar. Skólatíminn lengdist í mörgum skrefum alla 20 öldina og undir síðustu aldamót voru grunnskólaár hvers barns orðin tíu; mánuðir á ári hverju níu; og daglegur skólatími auk þess mun lengri en áður, en vinnuvikan hafði reyndar styst úr 6 dögum í 5. Að auki höfðu bæst við 4 – 5 ár í leikskóla og hjá flestum nokkur ár í iðn- eða háskólanámi. Þetta er gríðarmikil breyting í lífi barna á 150 árum!

Samkvæmt 13. grein upphaflegu reglugerðar Thorchilliibarnaskólans frá 1872 skyldi „almenn kennsla veitt í trúarlærdómi, bifliúsögum, íslenskum bóklestri, skrift, reikningi og söng. Þar að auki má, að því leyti sem kringumstæður leyfa, veita tilsögn í rjettritun, undirstöðu íslenskrar málfræði, föðurlandssögu og landafræði. Það skal leyft, að börnum sem skortir gáfur til að nema, sje ekki kennt annað en trúarlærdómurinn, lestur og skript. Þar að auki skal veitt sjerstök kennsla fermdum unglíngum,“ og kenna, auk þess fyrrnefnda, dönsku, ensku (sögu) og náttúrusögu. Eins má, „þegar afgangs eru eftirmiðdagsstundir frá hinni sjerstöku kennslu, taka nokkra unglínga til undirbúnings undir latínuskólanám.“

Frá því að Íslendingar urðu kristnir var það hlutverk kristindómsins að móta siðferði og samfélagsskilning manna. Fram yfir aldamótin 1900 var kristindómur stór hluti náms og kennslu og prestar réðu þar miklu. Með fræðslulöggjöfinni 1907 dró úr kristinfræði og enn frekar er leið á 20. öldina. Þjóðrækni leysti þá trúrækni af hólmi. Þá var, auk landafræði og sögu, farið að kenna þjóðfélagsfræði og í lok aldarinnar var einnig farið að kenna nýja námsgrein, lífsleikni. Allan tímann hefur leiðsögn og fordæmi kennara skipt

miklu máli, einnig ungmenna- og íþróttafélaga, svo ekki sé talað um heimilin. Að auki má nefna bókmenntir, fjölmiðla og nú síðast samfélagsmiðla.

Leikskóli var stofnaður í Vogum 1976, til húsa á Sólvöllum, sem nú er Lionsheimilið. Fyrsta árið voru börnin 20, en fóru allt upp í 40 í þessu litla húsi. Aldrei var lokað virkan dag, starfsfólk hélt fundi á kvöldin og keypti sjálft filmur til að geta ljósmyndað starfið og eru þær myndir nú í eigu Minjafélagsins. Anna Ingólfssdóttir var fyrsti forstöðumaðurinn, 2 starfsmenn í byrjun. Árið 1991 var byggt á núverandi stað, í túni Suðurkots. Skólinn hét þá Suðurvellir og var áfram ein deild, þar til byggt var við 2001 og deildirnar urðu þrjár. Frá 2004 ber hann nafnið **Heilsuleikskólinn Suðurvellir**, eftir að tekin var upp vottuð heilsustefna.

Flutningur barnanna frá leikskólanum í grunnskólan er vel hugsað ársferli, sbr [áætlun](#). Þar kemur sér vel að börnin fara langflest í sama grunnskólann. Síðasta veturinn í leikskólanum fara þau í nokkrar heimsóknir í Stóru-Vogaskóla. Þeim er sýnt skólahúsið, fá að fylgjast með kennslu í 1. bekk og leika sér við gömlu leikfélagana sína, fylgjast með 1. bekk á samveru á sal skólans og mæta á generalprufu á árshátíð yngri barnanna. Líka sérstök ferð á bókasafnið. Síðasta leikskólaveturinn fara þau vikulega í íþróttahúsið og kynnast aðstæðum þar í leikfimisal og fataklefa. Fyrsta haustið í grunnskólanum fara þau tvívegis í heimsókn í leikskólann og leika sér með gömlu félögum sínum. Þannig verður ganga Vogabarna gegnum leikskóla og grunnskóla býsna samfelld, svo framarlega sem þau flytja ekki milli byggðarlaga.

Margt hefur verið gert til að koma til móts við ólíkar þarfir barnanna í báðum skólunum, áhersla á að greina vandamál snemma og boðið upp á margþætta **stoðþjónustu**. Fyrsti **stuðningsfulltrúi** grunnskólans var Kristín Halldórsdóttir, ráðin 1994 vegna nemandar sem þurfti mikla aðstoð. Síðan þá hafa verið stuðningsfulltrúar, enda oft mikil þörf. Þeir eru ekki kennaramenntaðir en fara á námskeið og vinna undir stjórn kennara. Einnig var farið að ráða **gangaverði** og um 2010 var þessum störfum, ásamt ræstingum, slegið saman og þeir sem því sinna nú kallaðir **skólaliðar**.





Erfiðum fjölskyldumálum er vísað til barnaverndarnefndar og **félagsþjónusu** sem er mönnum fagfólki og er sameiginleg með Suðurnesjabæ. **Skólahjúkrunarfræðingur** á vegum heilbrigðisþjónustunnar hefur verið í hlutastarfi í skólanum og geta nemendur leitað beint til hans á vissum tímum vikunnar. Einnig kemur **skólasálfræðingur**, **talmænafræðingur** og fleiri sérfræðingar reglulega í skólann. Nú eru í Stóru-Vogaskóla fimm ólík **námsver**, til dæmis er eitt þeirra fyrir nemendur með annað móðurmál en Íslensku og annað fyrir nemendur með hegðunarvandkvæði.

Í kjölfar laga um grunnskóla 1974 varð skólaskyldan níu ár og skóladagur samfelldur, með áherslu á jafnrétti allra til náms. Grunnskólinn skyldi í samvinnu við heimilin búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun; starfshættir mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi; og nemendum tamin víðsýni og skilningur á mannlegum kjörum og umhverfi. Þá var hafin umbylting námsgreina og kennsluhátta og 1989 tókst loks að setja saman heildstæða námskrá um allt þetta. Landafræði, saga og félagsfræði var tengt saman í eina námsgrein, **samfélagsfræði**. Í aðalnámskránni 2011 voru skilgreindir **6 grunnþættir** menntunar og var einn þeirra „lýðræði og mannréttindi“.

Svava Bogadóttir, sem var skólastjóri 2008 – 2018, fékk nemendaráð skólans til að undirbúa og halda **skólaþing nemenda** þar sem lögð var áhersla á að nemendur kæmu sterkir að undirbúningi þingsins, stýrðu því og kynntu niðurstöður. Á einu þinginu var skoðað hvers vegna nemendur hefðu litla trú á eigin námsgetu og var yfirskrift þess þings **metnaður**.

Vorið 2023 verður unnið með höfundinum Þórunni Raker Gylfadóttur að nemendaverkefnum við bók hennar, *Akam, ég og Annika*. Bókin fjallar um íslenska unglingsstelpu sem flytur til Þýskalands og kynnist bæði Þjóðverjum og öðrum innflytjendum. Bókin er spennandi og tekur á málum sem nú brenna á ungu fólki.

Núverandi skólustjóri Hilmar Egill Sveinbjörnsson hefur samið 4 námsbækur í landafræði: Ísland, Evrópa, Heimsálfurnar og Jörðin. Þeim fylgja verkefni og kennsluleiðbeiningar og er þetta námsefni notað í skólum um allt land.



Með náms- og starfsfræðslu tengist skólinn atvinnulífi og nemendur átta sig á hvað þeir vilja læra og gera að loknum grunnskóla. Jón Ingi hefur sinnt þeim þætti í rúman áratug. Undir lok 20. aldar voru nemendur efstu bekkja í starfskynningu í fyrirtækjum og námsráðgjafi Fjölbrautaskóla Suðurnesja kynnti skólann. Áður kom fyrir að skólaleiðir nemendur vörðu hluta skólatímans við störf hjá vinnuveitanda sem leiðsagði þeim. Frá árinu 2012 hafa Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Þekkingarsetrið í Sandgerði haldið árlega mjög öflugar starfsgreinakynningar fyrir nemendur í 8. og 10. bekk. Síðast voru kynntar 110 starfsgreinar með tólum, tækjum, tali, tónum og veitingum!

Á myndinni eru nemendur staddir á Ms. Dröfn í apríl 2011 að kynna sér sjómennsku og sjávarlíf.



Heimilin eru tengiliður skóla og samfélags. Lítið er vitað um þau tengsl framan af. Þann 3. apríl 1962 samþykkti skólanefnd að á næstu skólaárum verði **foreldradagar**, einn í byrjun skólaárs og annar síðar, með nánara samband foreldra og kennara að markmiði. Hreinn skólustjóri getur um foreldrafund 30. jan. 1975 og við skólasetningu 1981 ber hann fram ósk um formlegt samstarf foreldra og skóla, sem geti orðið kveikja að auknum námsáhuga nemenda.

Haustið 1984 var stofnað **foreldra- og kennarafélag** við skólann. Var það fyrst og fremst framtak áhugasamra foreldra. Þátttaka var dræm framan af. Starfið lenti fyrst og fremst á stjórninni sem stóð sig með þryði undir forystu Herðisar Herjólfsdóttur. Félagið hélt opið hús, fór í gönguferðir með nemendur, smíðaði og setti upp leiktæki, hélt fjölteflí, einnig diskótek í Glaðheimum til fjáröflunar fyrir félagið og beitti áhrifum sínum til eflingar skólanum. Það sama ár var **opin vika** í lok nóvember, þar sem foreldrar heimsóttu bekkir sinna barna og haldnir voru tveir **foreldrafundir**. Árið 1987 skyldi vera foreldrafundur tvisvar á vetri, m.a. eftir miðsvetrarpróf og virðist hafa verið svo síðan. Bergsveinn auglýsti vikulega **viðtalstíma** kennara árið 1993. Hann boðaði til almenns foreldrafundar 1996 þar sem foreldraráð var kjörið. Nálægt aldamótunum 2000 stóðu umsjónarkennarar fyrir vel sóttum **bekkjarkvöldum**. Meðal annars kom fjölmening þar við sögu er Halla Jóna kennari fékk foreldra af erlendu bergi til að kynna mat og menningu frá sínu heimalandi.

Árin kringum aldamótin 2000, á tíma Snæbjarnar skólustjóra, útfylltu kennarar mánaðarlega eyðublað um árangur hvers nemanda, sendu heim með honum og áttu nemendur að koma með blaðið til baka undirritað af foreldrum. Þetta kerfi var síðan leyst af hólmi með tölvukerfinu **Mentor**, þar sem kennarar skáðu mætingu og frammistöðu nemenda og foreldrar gátu séð hjá sínu barni og brugðist við. Býsna skilvirkt kerfi og tími kennara nýttist betur.

SOS agastjórnunarkerfi var innleitt með námskeiðshaldi 2002. Þar er áhersla lögð á að umbuna fyrir æskilega hegðun, en þegar barn sýnir óásættanlega hegðun, s.s. að slá, sparka, ýta, klóra, bíta, hrækja á aðra, brúka munn, eða hrifsa hluti af öðrum, þá er það sett í einveru. Einvera felst í því að setja barnið á lítið spennandi stað í stutta stund – miðað er við ½ - 1 mínútu fyrir hvert aldursár þess. Þetta kerfi var notað í fáein ár, aðallega í yngri bekkjardeildum. Síðar var einnig kynnt **SMT-kerfi** og ekki síst **Olveusaráætlun gegn einelti**.

Árið 2008 var um nokkurra mánaða skeið gerð sú tilraun að umbuna nemendum fyrir góða mætingu og góða hegðun. Fengu mið- og eldri bekkir óvæntar gjafir í lok mánaðar, en þeir sem ekki höfðu staðið sig fengu ekki. Stöku sinnum voru stórar gjafir eins og leikhúsfærð. Höfundur er minnisstætt þegar allir nemendur, nema þeir sem ekki höfðu staðið sig, fengu lítil páskaegg, enda páskar í nánd. Þeir sem ekki fengu urðu afar sárir! Aðferð þessi virkaði vel á suma en ekki á alla, mæltist misvel fyrir og varð ekki langlíf. Kannski engin tilviljun að þetta var einmitt á vormánuðum árið 2008!

Skólinn hefur oft kynnt foreldrum nýtt námsefni og nýjungar í kennslu og haldið námsefniskynningar. Lengi hefur tíðkast að sýna handverk nemenda við skólaslit og síðasta áratug hefur öll vinna nemenda verið kynnt

gestum og gangandi á uppstigningardag og hefur sjötti bekkur þá staðið fyrir kaffisölu til að afla fjár til ferðar í skólabúðir.

Skólinn hefur oft fengið gjafir frá félögum og einstaklingum við ýmis tækifæri, hvað oftast frá kvenfélaginu Fjölu, einnig oft frá Lionsklúbbnum Keili.

Höfundur þessa þáttar sótti um styrk og gerði tilraun til að virkja nemendur í þeim bekkjum sem hann kenndi (5. - 10. bekk) til að kynna náttúrufræðinámið fyrir fjölskyldum sínum, síðdegis eftir vinnu. Mæting var almennt góð og var slík kynning endurtekin á vorönn í þeim bekkjum. Til er ítarleg lýsing á verkefninu.

Lengst af þurfti **nesti** að duga börnunum í skólanum, og kennurum einnig, nema þegar þeir bjuggu í skólahúsinu á fyrstu áratugunum. Á kennarafundum árið 1985 var oft rætt um nestismál, þóttu brögð á að nemendur væru með óhollt nesti og Foreldra- og kennarafélagið hafði kynnt sér sölu nestisþakka í öðrum skólum. Um haustið var prófað að selja bæði nemendum og kennurum nestisþakka frá Mjólkursamsölunni en það virðist ekki hafa staðið lengi. Í þröngri aðstöðu kennara á 10. áratugnum var hægt að hita mat, en þeir áttu rétt á fæði samkvæmt kjarasamningi.

Árið 2000 var útbúið **skólaeldhús** í 2 litlum herbergjum og farið að elda og selja hádegismat bæði fyrir nemendur og kennara, í salnum þar sem bókasafnið er nú. Guðný Snæland var matráður fyrstu árin og var með vel yfir 100 kostgangara í afar þröngu húsnæði.

Þegar byggt var við og ný álma tekin í notkun haustið 2005 gjörbreyttist sú aðstaða til batnaðar og átti Guðný þar þátt í að hanna eldhúsið að frumkvæði Snæbjarnar skólastjóra. Haustið 2006 tók sveitarstjórn þá ákvörðun að veita skólabörnunum gjaldfrjálsan hádegisverð og hefur það verið síðan og er einstakt í skóla af þessari stærðargráðu.

Á myndinni eru nemendur með köku sem þeir bökuðu í skólaeldhúsinu og báru fram í mat- og samkomusal skólans á 140 ára afmælishátíð haustið 2012.

Heimildir m.a.: Reglugerð skólans frá 1872. Gjörðabók skólanefndar. Ræður Hreins Ásgrímssonar við skólasetningu og skólaslit. *Samvinna* Bergsveins. Vefur [Þekkingarseturs Suðurnesja](#). Fundargerðir skólaráðs. Almenningsfræðsla á Íslandi. [Heilsuleikskólinn Suðurvellir](#). Upplýsingar frá Svövu Bogadóttur, Hilmari E. Sveinbjörnssyni, Ragnheiði E. Jónsdóttur, Særúnu Jónsdóttur o.fl. og úr dagbókum höfundar. [Vefsíða skólans](#).



41. þáttur: Erlend mál og tengsl við útlönd 2. nív.

Erlend tungumál eru lykill að samskiptum fólks milli landa. Með bættum samgöngum og fjarskiptum verður æ mikilvægara að sem flestir læri erlend mál og kynnist um leið erlendum síðum og menningu.

Þegar skóli var stofnaður á Vatnsleysuströnd voru Íslendingar enn í mestum samskiptum við Danmörku og danskan afar mikilvæg, en vægi ensku jókst með auknum samskiptum við Bretland og með flóttu margra Íslendinga til Ameríku um það leyti. Auk þess varð enskan æ meira að heimsmáli.

Danska og enska urðu hluti af almenningsfræðslu á Íslandi með stofnun unglingskóla upp úr 1930, en þó ekki skyldunámsgreinar fyrr en líða tók á 20. öld og þjóðin hafði öðlast fullt sjálfstæði.



Eins og segir í síðasta þætti var tungumálanám við upphaf okkar skóla ekki fyrir öll börn, en veita mátti fermdu unglingsum „sérstaka kennslu“, þar á meðal dönsku og ensku. Veturinn 1903-4 var danska námsgrein í eldri deild og hugsanlega oftast þó ekki séu um það heimildir. Erlend mál voru ekki til fullnaðarprófs í okkar skóla 1914 – 1932, árin sem prófabók skólans nær til.

Á fjórða áratugnum voru víða komnir upp héraðsskólar og nám fyrir unglings. Þá gekkst ungmennafélagið Þróttur í fáein ár fyrir nokkurra vikna námskeiði fyrir unglings í nýbyggðu samkomuhúsinu Kirkjuhvoli og var þar kennd danska og jafnvel enska. Svo virðast þessi tungumál ekki hafi verið kennd í Brunnastaðaskóla þar til 1. og 2. bekkur miðskóla koma þar til sögunnar 1961.

Löngu síðar er einnig farið að kenna þessi tungumál yngri börnum. Lengst af byrjaði dönskukennslan u.þ.b. 2 árum fyrr en enskan og var byrjað að kenna dönsku í 5. bekk árið 1975. Það breyttist svo upp úr aldamótunum 2000 þegar farið var að kenna ensku strax í 1. bekk, fyrst í tilraunaskyni, en danskan byrjaði eftir sem áður í 5. bekk.

26. sept. 2002 var haldið veglega upp á Evrópska tungumáladaginn með athöfn á sal, enda voru í skólanum börn frá mörgum þjóðlöndum, ættuð í aðra ættina eða báðar. Einnig börn sem eiga íslenska foreldra en hafa búið erlendis í mörg ár. Til dæmis voru í 4. bekk 16 nemendur og töluð 6 tungumál. Nemendur komu fram, lásu upp og sungu á ýmsum tungumálum s.s. dönsku, sænsku, norsku, pólsku, spænsku, ensku, grænlenku, thailensku, þýsku, táknmáli heyrnarlausra og að sjálfsgöngu á íslensku.

Vorið 1994 fóru kennarar skólans í kynnisferð til Danmerkur, segir nánar frá því síðar. Í skólaráði 12. mars 1997 lagði Helgi Hólm kennari til að heimilað yrði að 9. bekkur efndi til samskipta við danskan skóla með gagnkvæm nemendaskipti í huga, en fyrir lægi munnlegt samþykki nemenda og flestra foreldra. Haldinn var danskur dagur 28. maí það vor fyrir 7. bekki á Suðurnesjum.

Halla Jóna Guðmundsdóttir og Inger Christensen fóru með nokkra nemendur úr 5.-7. bekk í viku **ferð til Danmerkur** vorið 1999. Foreldrar reyndust duglegir að safna fyrir ferðinni og Snæbjörn skólastjóri greiddi götu þeirra. Nemendur gistu á dönskum heimilum og sóttu danskan skóla þar sem Halla þekkti kennara og áttu þeir að skrifa dagbók á dönsku. Dönsku nemendurnir skrifuðu, undir leiðsögn kennara sinna, bók á ensku um Ísland og náttúru þess, sem kom sér vel þegar þeir komu árið eftir í heimsókn. Þau gistu á heimilum og fóru ásamt íslenskum nemendum í þriggja daga ferð um Suðurland og gróðursettu einig trjáplöntur á skógræktarsvæði á Vatnsleysuströnd.

Halla Jóna telur að þetta verkefni hafi aukið áhuga barnanna á dönsku og að þetta sé heppilegri aldur heldur en 10. bekkur, sem er að yfirgefa skólann.

Stundum á síðari árum hefur verið boðið upp á fleiri erlend mál sem valgrein í efstu bekkjum, ýmist frönsku, þýsku eða spænsku. Heimild er um að þýska hafi verið valgrein árið 1985.

Skólinn hefur tekið þátt í Esasmus+ og eTwinning verkefnum Evrópusambandsins í meira en áratug. Marc Portal kennari er þar frumkvöðull, en annar kennari, Hannes Birgir Hjálmarsson, kom þar fljótlega með. Skólastjórnendur hafa stutt verkefnið frá upphafi. Kennurum gefst þarna tækifæri til að sækja nám og samstarfsfundi erlendis, að mestu kostað af menntasjóðum Evrópusambandsins. Covid setti strik í reikninginn en nú er allt komið á fulla ferð.

Í Erasmus+ vinna skólar og nemendur í ólíkum löndum saman að námsverkefnum, oft eru einnig gagnkvæmar heimsóknir. Fyrir ári síðan náði Stóru-Vogaskóli þar inngildingu (accreditation) með vinnu nemenda og kennara og getur þar með, án flókinna umsókna, sent kennara í samtals 10 ferðir á ári og u.þ.b. 20 nemendur í eina ferð árlega í 6 ár.



Veturinn 2020 -'21 unnu nemendur í 10 bekk verkefni á netinu með skóla í Frakklandi og öðrum á Ítalíu. Þeir unnu að gerð myndasögu á netinu um sögu Jules Verne um ferðina að miðju jarðar. Þeirri vinnu lauk með gagnkvæmum heimsóknum.

Nemendur fóru í fylgd kennara til þessara landa þar sem gist var á heimilum nemenda. Myndin er tekin í bænum Pornic í Frakklandi.

Á þessu skólaári vinnur 10. bekkur með frönskum og ítölskum bekk að umhverfisborðspili sem hópurinn hannar, semur og prufukeyrir og lýkur með gagnkvæmum heimsóknum vorið 2023. Þarna læra nemendur tungumál, landa-, umhverfis- og samfélagsfræði og kynnast lífi fólks í fjarlægum löndum. Öll samkiptin eru á ensku og eru allir með ensku sem annað mál.

Sigríður Ragna Birgisdóttir og Inga Sigrún Atladóttir leiddu árið 2007 – 2009 Comeniusarverkefnið *The world around us*, en það var samstarf við 5 önnur lönd um enskukennslu í 1. og 2. bekk, sem þá var nýjung við Stóru-Vogaskóla. Markmið verkefnisins var að auka umhverfisvitund og orðaforða nemenda og getu þeirra til tjá upplifun sína á umhverfinu á íslensku og ensku, en þau skiptust á leikjum, sögum og myndum.

eTwinning er skólasamfélag á netinu þar sem hægt er að komast í samband við evrópska kennara og skólafólk, taka þátt í einföldum samstarfsverkefnum og sækja sér endurmenntun á vinnustofum og námskeiðum á netinu. Guðrún Kristín Ragnarsdóttir náttúrufræðikennari er nú með 5. bekk í eTwinning-verkefni þar sem nendur skóla frá öðrum löndum læra um eldfjöll og líf fólks í eldfjallandi, bæði á Íslandi og á eyjunni Reunion í Indlandshafi. Eldfjallaeyja þessi tilheyrir Frakklandi. Hún er innan við 1% af stærð Íslands, en þar búa þó hátt í milljón manns.

Helgi Hólm, kennari við Stóru-Vogaskóla 1994 – 2012, fór í febrúar 2009 til Prag á 400 manna Evrópuráðstefnu um eTwinning, ásamt sex öðrum íslenskum kennurum. Þar var mest fjallað um þetta nýja kerfi og möguleika þess, samskipti milli skóla og öryggi á netinu. Helgi tók um þær mundir þátt í 80 skóla eTwinning-verkefni: *A Living Map of Europe*.

Heimildir m.a.: Reglugerðin frá 1872. Gjörðabók skólanefndar. Prófabók fyrir Suðarkotsbarnaskóla 1914-1932. Upplýsingar um Erasmus+, accreditation, eTwinning, eyjuna Reunion o.fl. Almenningsfræðslsa á Íslandi. Viðtöl við Höllu Jónu, Marc Portal, Hannes Hjálmarsson, Jóhann Sævar, Helga Guðmundsson, Helga Hólm o.fl.

42. þáttur: **Lesi, skrifa og reikna – í 150 ár!** 9. nóv

Ein helsta hvatning presta til að stofna skóla seint á 19. öld var að börn lærðu að **lesa** svo þau gætu í framhaldinu tileiknað sér guðsorð. Þó skólar kæmu til var lestrarkennsla áfram á heimilum og skyldu börn hefja lestrarnám fyrir 5 ára aldur. Árið 1907 urðu tíu til fjórtán ára börn skólaskyld. Þau skyldu koma læs í skólann, en á því var misbrestur. Þegar 7 ára börn í bæjum og kaupstöðum urðu skólaskyld á 4. áratugnum eykst lestrarkennsla í skólum til muna og hljóðaaðferð ryður sér til rúms í stað stöfunaraðferðar. Gagn og gaman, sem kom fyrst út 1933, byggði á notkun hjóðaaðferðar. Bókin er ríkulega myndskreytt. Fyrst eru bókstafir kynnt og hljóð þeirra. Þeim er síðan raðað saman í orðshluta og orð. Stöfunaraðferðin lifði þó áfram og var enn við lýði í okkar skóla á níunda áratugnum. Gagn og gaman fæst enn í bókabúðum.

Þegar **leikskólar** koma til sögunnar í lok 20. aldar á sér þar stað markviss málörvun sem greiðir mjög fyrir lestrarnámi í skólum. Alla 5 ára veru barns í leikskóla á sér stað lestrarnám – eða undirbúningur þess. Mikið er lesið fyrir börnin og þau skoða bækur og fletta þeim. Hilla fyrir fötin þeirra er merkt með nafni þeirra og þau læra að þekkja það og fleiri áletranir á veggjum leikskólans. Bókin *Lubbi finnur málbein* er mikið notuð í leik og starfi að kynna og þjálfá mállhljóð - hljóðlestur - og eru íslensku mállhljóðin í brennidepli. Bókin er samin af talmeinafræðingum og nýtist bæði börnum sem glíma við erfiðleika í máltöku og hinum sem læra málið án vandkvæða.



Í 10. þætti er minnst á tilkomu stafrófskvera á 18. og 19. öld. Samt var Nýja testamentið ennþá algengasta lestrarkennslubókin í landinu upp úr aldamótunum 1900. Með fræðslulögunum 1907 minkaði kristindómskennsla í skólum. Varð lesturinn þá meira tengdur sögu og menningu þjóðarinnar, **móðurmál** (íslenska) varð aðalnámsgein skólans (m.a. ritgerðasmíð, stafsetning og málfræði) og **réttritun** varð sérstök námsgrein. Lestrarkunnátta er lykll að andans auði þjóðarinnar, sagði Guðmundur Finnbogason í byrjun 20. aldar.

Í námskrá fyrir barnaskóla sem var fyrst gefin út 1929 segir m.a. um lestur að leggja skuli höfuðáherslu á skilning á efninu, góðan framburð og eðlilegan hraða og að nemendur læri kvæði og skýri þau.

Hvar kreppti skóinn árið 1934? Þegar greindar voru niðurstöður landsprófs í hljóðlestri, stílagerð og stafsetningu það ár, reyndust verstu efiðleikarnir ekki vera ritun z og y, og tvöföldun samhljóða, heldur kynvillur, beygingavillur og allra mest hljóðvillur. „Maðurin er farin, en konann og börnin eru farinn“ eru algengar villur um allt land. Börn segja „mér langar“ og „mig hlakkar til“. Ruglingur á e-i og ö-u er mjög útbreiddur. 22,6% fullnaðarprófsbarna þess árs ruglar saman e og i, og tíunda hvert barn þekkir ekki mun á ö og u. Í einstaka skólahéruðum eru öll börn hljóðvillt. Skást er þetta í S-Þingeyjarsýslu.

Á 10 áratugnum var haldin ræðukeppni nemenda í 8. - 10. bekkja á Suðurnesjum. Um aldamótin kom til stóra upplestrarkeppnin um allt land og hafa 7. bekkirnir í Vogum, Sandgerði, Garði og Grindavík síðan att kappi árlega í áheyrilegum upplestri. Einnig hefur skólinn haft ræðukeppni yngri nemenda.

Á árunum 2008 – 2016 vann Halldóra Magnúsdóttir, áður skólastjóri í Vestmanneyjum, við Stóru-Vogaskóla, kenndi yngstu bekkjunum og annaðist lestrarstuðning. Hún setti upp lestrarkennslustefnu fyrir skólann með áherslu á hljóðaðferðina, tengingu lestrar við áhugasvið nemenda og hreyfingu og tónlist og aukningu orðaforða. „Leið til læsis“ var nýtt til að meta framfarir og stöðu nemenda í lestri og lögð áhersla á þátttöku og áhuga foreldra í lestrarnámi.

Framboð á lestrarefni hefur aukist gríðarlega þau 150 ár sem skólinn okkar hefur starfað. Það á við um blöð, tímarit, bækur og nú síðast lesefni á vef. Það á einnig við um sérhæft námsefni. Í 21. þætti segir frá námsgögnum.



Bókasafn Lestrarfélagsins Baldurs, sem var pakkað niður 1909 til að varna berklasmiti, var endurreist í nýju húsi Brunnastaðaskóla eftir áratuga lokun og síðan skráð sem skólasafn 1983. Það hefur þjónað bæði nemendum og almenningi og verið til húsa í skólanum nema rúman áratug í lok 19. aldar að það var í Vogaseli (Iðndal 2) í Vogum, en á þeim tíma var sérstakt skólabókasafn. Þegar byggt var við skólann 2005 voru söfnin sameinuð miðsvæðis í skólabyggingunni, einnig með sér innangang. Safnið er nú undir stjórn Svövu Bogadóttur, fyrrv. skólastjóra, þröngt en aðlaðandi eins og myndin ber með sér og eru nemendur þar tíðir gestir, ekki síst þeir yngri.

Lauma Gulbe er bókavörður í hálfu starfi frá 2022. Hún lærði lettneskt tungumál og bókmenntir, menningarsögu og heimspeki í lettneskum menntaskóla. „Síðan er það auðvitað íslenskt tungumál sem ég hef lært að mestu leyti í daglegu lífi og sjálfboðastarfsreynsla hjá Bókasafni Lettneska skólans í Reykjavík. Mér finnst alveg sérstakt að það er til svo flott bókasafn í svona litlum bæ og Vogar eru og að krakkarnir í bænum eru svo ótrúlega duglegir að lesa.“

Lengi vel voru mun fleiri íslendingar læsir en skrifandi. **Skrift** var kennd frá fyrsta degi okkar skóla. Veturinn 1876 -'77 var 5 stundum í viku varið til lestrarkennslu. Alla tíð er gefin einkunn fyrir skrift. Skriftarkennsla var síðan lögboðin 1880. Skólinn á Vatnsleysusrónd hefur lengst af útvegað námsgögn m.a. til skriftarkennslu, t.d. árið 1909 bæði ein- og tvístríkaðar forskriftarbækur. Vélritunarkennsla kom til sögunna er leið á 20. öld og um aldamótin var farið að kenna ritvinnslu á tölvur og hefur síðan dregið úr vægi skriftar.

Með verslunarfrelsi og tækniframförum varð **reikningur** æ mikilvægari. Í janúar 1880 setur Alþingi lög um uppfræðing barna í skrift og reikningi og skyldu prestar sjá til þess. „Reikningur skal að minnsta kosti ná yfir samlagning, frádrátt, margföldun og deiling í heilum tölum og tugabrotum.“ Í lögunum 1907 er einnig krafist grunnatriða flatarmáls- og rúmfræði. Með tilkomu unglíngadeila upp úr miðri 20 öld aukast kröfurnar og var þá víða farið að bjóða upp á bókfærslu. Lengst af voru lesdæmi tengd daglegu lífi en hefur þótt skorta að nemendur læri það sem allir þurfa að kunna um eigin fjármál.




Á fundi skólanefndar sumarið 1969 sagði skólustjóri frá fyrithuguðu **námskeiði í mengjafræði**. Hann lagði til að kennarar héðan færu og hafði sótt um fyrir þrjá. Nefndin var því sammála, enda nám í mengjafræði það sem koma skuli í öllum skólum. Mengjafræði hefur síðan verið kennd, aðallega yngri börnum.

Áratug síðar, 1980, var haldið tveggja kvölda námskeiði í skólanum til að kynna stærðfræðinámsefni 6 – 9 ára barna fyrir foreldrum.

Jón Ingi Baldvinsson kenndi **stærðfræði** frá 1980 – 2012, lengst af á unglíngastigi, einkum 10. bekk, sjá mynd. Kenndi samlagningu, frádrátt, margföldun, deilingu, almenn brot, tugabrot, flatarmál, rúmfræði, mælieiningar, hlutföll, vexti o.fl. Fyrstu árin fór hann, eins og fleiri, á kennaranámskeiði í stærðfræðikennslu. Jón kenndi lengi bækurnar *Almenn stærðfræði* 8, 9, 10. Annað efni er kennt í dag, en Almenn stærðfræði notuð með og í sérkennslu. Hann telur þessar bækur vera góðar, sérstaklega fyrir nemendur sem gátu bjargað sér sjálfir, því þarna eru góð sýnidæmi og svör aftast í bókinni svo þeir kláru gátu vaðið áfram. Hinir fóru hægar og ekki yfir allt námsefnið, lærðu það sem þeir réðu við. Efnið er þýtt úr sænsku. Stærðfræðinámsefni í grunnskólum hefur aukist. Þegar framhaldsskólanám stýttist úr fjórum í þrjú ár, færðist niður í grunnskóla framhaldsskólaáfangi sem hét stæ 103. Nú er m.a. kennt um fjármál, lán, vexti o.fl. í 10. bekk. Sami kennari fylgir krökkunum í 8., 9. og 10. bekk. Síðustu ár hafa Jens G. Guðjónsson og Erna M. Gunnlaugsdóttir að mestu kennt stærðfræði á unglíngastigi.

Alveg frá upphafi og út 20. öldina var **prófað** í öllum bóklegum greinum tvisvar á vetri, nálægt jólum og í lok skólaárs. Svo hafa verið samræmd próf með ýmsu sniði frá því um 1930 til 2020. Einnig hafa verið metin alls kyns verkefni og smápróf allan veturinn. Nú eru engir sérstakir próf- eða upplestrardagar lengur.

Heimildir m.a.: Reglugerðin frá 1872. Gjörðabók skólanefndar og reikningabók. Almenningsfræðsla á Íslandi, fyrra bindi. *Reikningsbækur tveggja alda*. Samvinna Bergsveins. Upplýsingar frá Ragnheiði Elísabet Jónsdóttur, Jóni Inga Baldvinssyni og Særúnu Jónsdóttur.



43. þáttur: **Menntun og skemmtun kennara** 16. nóv.

Menntun kennara er margvísleg og mis formleg. Sumir eru nánast fæddir kennarar en aðrir ná ekki tókum á því starfi þrátt fyrir kennaranám. Fyrst voru guðfræðingar hvað best menntuðu kennararnir. Vísir að formlegri kennaramenntun varð fyrst til eftir að Thorkilliibarnaskólinn hafði starfað í áratug og var aðeins nokkurra vikna viðbót við gagnfræðanám. Síðan kom til sögunnar tveggja ára kennaraskóli 35 árum seinna. Nú þarf fimm ára háskólanám til að mega kalla sig kennara, enda er kennslan í dag margþætt og vandasöm.

Kennarastarfið hefur verið lögverndað frá því á 9. áratug 20. aldar. Ef skólastjóra tekst ekki að ráða neinn með kennarapróf getur hann sótt um undanþágu til að ráða ófaglærðan aðila. Gildir sú ráðning í ár, kallast starfsmaðurinn leiðbeinandi og er á heldur lægri launum. Nokkuð er fjallað um kennaramenntun í 20. og 25. þætti.

Auk grunnnáms hafa lengi verið ýmis konar námskeið fyrir kennara. Sumarnámskeið voru algeng meðan sumarleyfi nemenda var 3 – 4 mánuðir og gátu kennarar hækkað um launaflokk ef þeir sóttu tiltekinn fjölda viðurkenndra námskeiða. Það breyttist snemma á 21. öld, við tóku stutt námskeið á skólatíma og einnig varð algengara að leiðbeinendur lykju kennaranámi á nokkrum árum í fjarnámi.

Í aðalnámskrá grunnskóla sem kom út 2011 voru skilgreindir sex **grunnþættir menntunar**: Læsi; sjálfbærni; Lýðræði og mannréttindi; jafnrétti; heilbrigði og velferð; og sköpun. Haldin voru stutt námskeið um þessa þætti í skólum landsins, m.a. í Stóru-Vogaskóla.

2. apríl 2013 var fræðsla um grunnþáttinn **Heilbrigði**. Þá skráði undirritaður hjá sér eftirfarandi minnisatriði:

- Heilsuefling – velferð – lífsleikni. Förum úr forvörnum í heilsueflingu.
- Heilsuefling er það að auðvelda fólki að ná betri stjórn á eigin heilsu.
- Jákvæð sjálfsmynd er besta vörnin gegn áhættuhegðun.
- Frekar en að banna eigum við að hampa ákveðnum leiðum.
- Ein áhættuhegðun kallar á aðra.
- Hvaða hegðun kallar gosdrykkja á? Eða próteínduft?
- Illskárta er að vera ögn í ofþyngd en vannærður. Ca. 30 kg bil er eðlilegt. BT-stuðull: 18 – 26.
- Verst er að safna fitu um mittið. Mittismál er góður mælikvarði.
- D-vítamín: Mælt með að fara 15 mín út í sólina, setja svo á sig sólarvörn! RDS hefur heldur hækkað. Ein matskeið af lýsi gefur tvöfalt RDS (ráðlagðan dagskammt).

Úr hliðstæðu námskeiði um **jafnrétti** hafði höfundur m.a. glósað þetta:

- Ungt fólk er íhaldssamara en fyrir 20 árum. Fegrúnarkröfur og klámvæðing hafa aukist.
- Um 1970 luku álíka margar stelpur og strákar stúdentsprófi, síðan keyrðu stúlkurnar framúr.
- Stúlkur ná mun betri árangri í 10. bekk, eru þar með þeim bestu í heimi!
- Stærsti ójöfnuður í íslensku skólakerfi er kynjamunur.
- Kynjajafnrétti er stór hluti af mannréttindum og lýðræði.
- Strákar hugsa mest um ávinning af störfum, en stelpur virðingu og starfsánægju.

Kjörorð Stóru-Vogaskóla á 21. öld eru **vinátta - virðing – velgengni**.

Í byrjun 20. aldar var innleitt SOS-agastjórnunarkerfi, SMT-kerfi og Olveusar-áætlun til að bæta líðan og starfsanda í skólanum, fyrirbyggja og uppræta einelti og var samin eineltisáætlun fyrir skólann.

Eftir að lög voru sett um að allir ættu rétt til skólagöngu í sinni heimabyggð hófu nemendur með alvarleg frávík eða fötlun nám við skólann. Þá fengu starsmenn stutt námskeið um hvernig best væri að aðstoða þá.

Á einhverfu og aþerger námskeið 6. 11. 2014 var okkur ráðlagt að setja fyrir skýr verkefni og skipuleggja allar aðstæður. Kennarinn þarf að vera vel skipulagður og börnin þurfa að þekkja það skipulag og ganga að því sem vísu. Frjáls tími og frímínútur skapa angist. „Þú ræður sjálfur“ skapar mikinn kvíða. Félagslegt spjall er mjög erfitt, en við reynum að kenna þeim að spjallið hefur gildi fyrir hinn aðilann. Við gætum vel að raddbeitingu og erum ekki höstug. Við segjum fólki hvað það eigi að gera, ekki hvað það á ekki að gera, forðumst að nota orðin ekki og nei.

Kennari þarf að vera bæði **fróður og góður**. Hann þarf að valda starfinu og líða vel og smita aðra af áhuga sínum og starfsgleði. Ýmislegt er gert til að viðhalda góðum starfsanda og bæta hann. Skólastjórnendur og starfsfólk gerir margt uppbyggilegt og skemmtilegt saman. Reynt er að halda uppi félagslífi og þar er starfsmannafélag í fararbroddi. Farið er í ferðalög, bæði til að fræðast og gleðjast.

Höfundur eru minnisstæðar dagsferðir innanlands, t.d. í Landmannalaugar, Árnassýslu, Reykjavík, um Suðurnes o.fl. Snæbjörn Reynisson var ötull að skipuleggja slíkar ferðir.

Á myndinni er hluti kennaraliðsins, ásamt nokkrum mökum, á Skógfellavegi, milli Voga og Grindavíkur 15.6. 2002. Gönguferðin endaði í Bláa lóninu.



Eitt sinn fékk Snæbjörn Guðnýju Snæland, matráð skólans, og mann hennar, Hafsteinn Snæland, til að skipuleggja óvissuferð fyrir allt starfólkið á rútu sem Hafsteinn ók. Var farið til Reykjavíkur og komið þar víða við. Um þá ferð orti höfundur:

*Húmorinn í hávegum
er Hafsteinn skemmti fljóðum.
Hann ekur jafnt á óvegum
sem eðlalstrætum góðum.*

*Guðný mjög er göfuglynd,
gaf hún mola sína.
Okkur hefur hún nú sýnt
höfuðstaðinn fína.*

*Þetta var nú þeysireið
þökkum við allt saman.
Héldum uppfrædd heimaleið.
Helvíti var gaman!*



Vorið 1994 fóru kennarar skólans í fyrsta sinn í kynnisferð til útlanda. Var farið til Danmerkur, þar sem flestir gistu í sumarbústað ættingja eins kennarans. Voru leigðir tveir bílar og ekið í skólaheimsóknir í fimm mjög ólíka skóla, einn á dag. Einn skólinn var óhefðbundinn, á búgarði þar sem nemendur sem ekki gekk vel í hefðbundnu námi, lærðu af bústörfum, t.d. stærðfræði með því að vigta og skammta fóður. Í kaffistofunni hengu landakort á veggjum. Út frá þeim var rætt um heimsins lönd í kaffitímanum, o.s.frv.

Á efri myndinni er hópurinn að leggja í hann í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en á þeirri neðri á ferð til að skoða elstu eik Danmerkur.



Áratug síðar fór kennaraliðið til bæjarins Gent í Belgíu, einkum til að kynna þjónustu Belga við innflytjendabörn, en þar hafa þeir langa reynslu. Voru heimsóttir skólar, gengið um gróin innflytjendahverfi og kíkt á krár á kvöldin. Tæpum áratug síðar (2011) var haldið til New York, m.a. í Harlem-hverfið, veröld sem er býsna ólík okkar. Vorið 2018 var svo haldið til Parísar í skólaheimsóknir, mikla athygli vatki skóli fyrir innflytjendur.

Heimildir: Almenningsfræðsla á Íslandi. Fundagerðir kennarafunda 1981-1989. Aðalnámskrá grunnskóla 2011. Upplýsingar frá Inger Christensen, Höllu Jónu Guðmundsdóttur, Jóni Inga Baldvinsyni og Særúnu Jónsdóttur. Glósur og minningar höfundar úr starfi við skólann 2000 – 2016. Efstu myndina tók Þorvaldur en Særún hinar tvær.

44. þáttur: **Þrautseigir kennarar** 23. nív

Segir nú frá þeim kennurum sem lengst hafa starfað við Stóru-Vogaskóla.

Helga Sigríður Árnadóttir er fædd 1937 í Austurkoti í Vogum. Hún gekk í Brunnastaðaskóla hjá Viktoríu sem fékk hana stöku sinnum til að aðstoða sig við kennsluna. Helga lauk gagnfræðaprófi við Kvennaskólann 1954. Hún ætlaði sér ekki að verða kennari, en það vantaði kennara og Jón Kristjánsson skólastjóri plataði hana til að koma að kenna þegar hún var nýútskrifuð, á átjándá ári. „Þetta er nú svo lítið sem þú þarft að gera, bara láta börnin hafa blað og blýant og teikna“, sagði hann einhverju sinni. Hún var lítið eldri en elstu nemendurnir sem áttu það til að stríða henni. Árni Klemens, faðir hennar, var manna lengst formaður skólanefndar og kann það að hafa stuðlað að því að hún hljóp undir bagga við kennslu. Hún fór að kenna í forföllum í ársbyrjun 1955, réð sig sem kennara þá um haustið og kenndi til 2004, í tæp **50 ár!** Hún sótti mikið af kennaranámskeiðum, svo sem um kennslu byrjenda, lestrarkennslu og heimilisfræði fyrir nýbúa. Þegar dönskukennsla var færð niður í 5. bekk 1975 tók Helga það að sér og fór á kennaranámskeið í því skyni.

Helga var ráðin frá ári til árs þar sem hún hafði ekki kennarapróf. Loks var hún sett kennari með ráðherrabréfi úr penna Ragnars Arnalds 1979 og fékk í kjölfarið full réttindi sem kennari.

Helga tók ársleyfi frá störfum 1988 – 1989 og lauk þá þriggja ára heimilisfræðikennaranámi á einum vetri! Hún kynnti sér jafnframt heimilisfræðikennslu í skólum á höfuðborgarsvæðinu og í Osló.

Árið 1990 var innréttuð sú heimilisfræðistofa sem enn er við lýði og kenndi Helga það fag í fullu starfi það sem eftir var starfsævinnar, en hún lét af störfum 2004.

Helga efast um að hún hefði haldið svo lengi út ef hún hefði ekki skipt yfir í heimilisfræðina. Á einni myndinni er hún umkringd sjö konum sem allar störfuðu við Stóru-Vogaskóla 2002 og höfðu áður verið nemendur hennar.

Jón Ingi Baldvinsson er fæddur 1952. Hann er með handavinnukennarapróf frá 1973. Kenndi á Fáskrúðsfirði 1973 – '74 og við Langholtsskóla 1974 - '76. Nam síðan húsasmíði og flutti í Voga og kenndi þar smíðar á kvöldin í húsnaði verzlunarinnar í Háabæ í Vogum 1978 - '80. Þá varð hann kennari við Stóru-Vogaskóla í fullu starfi til 2022, í rúm 40 ár, en eitt ár (2008 - '09) náms- og starfsráðgjafi við Njarðvíkurskóla. Jón kom víða við, veturinn 1993 - '04 var hann umsjónarkennari bæði 6. og 10. bekkjar, auk þess að vera smíðakennari og aðstoðarskólastjóri! Auk almennrar kennslu kenndi hann smíðar áfram, fyrst í yfirgefnum skólaföllum Brunnastaðaskóla en síðan í sérstakri lausri smíðastofu við Stóru-Vogaskóla, uns Helgi Már Eggertsson tók við smíðakennslunni.

Jón Ingi gegndi trúnaðarstörfum fyrir fagfélag kennara, skólann og sveitarfélagið. Hann var fyrsti yfirkennarinn /aðstoðarskólastjórinn 1989 og gegndi því starfi í 23 ár. Varð síðan náms- og starfsráðgjafi, síðustu árin í hálfu starfi, uns hann hætti sjötugur vorið 2022.

Á mynd hér rétt ofar, sem tekin er nærri aldamótum, eru þrír vinir og samkennarar: Steinarr Þór, Helga Sigríður og Jón Ingi. Á stóru myndinni á næstu síðu er Jón Ingi (aftast fyrir miðju) ásamt 16 samstarfsmönnum, sem jafnframt voru áður nemendur hans. Myndin er tekin vorið 2022 þegar hann lét af störfum, sjötugur að aldri, hafði þá kennt í **44 ár!**





Guðmundur Þórðarson (f.1958, er lengst til vinstri á fyrstu myndinni) lauk tveggja ára íþróttakennaranámi á Laugarvatni 1982, kenndi eitt ár í Garðabæ uns hann hóf kennslu við Stóru-Vogaskóla 1983, fyrsta árið í 2/3 stöðu á móti Garðabæ, og kenndi þar sund, leikfimi og almenna kennslu. Leikfimina og sundið kenndi hann í Njarðvík uns íþróttamiðstöðin í Vogum tók til starfa 1993. Guðmundur er enn við störf 2022, í hálfu starfi frá 2020, hefur kennt **39 ár** við skólann.

„Það tekur mann 2-3 ár að fá tilfinningu fyrir þessu starfi og 20 ár að ná tökum á því... Til að fá fullt starf í Stóru-Vogaskóla þurfti ég líka að kenna bóklegar greinar, ég sagði já og var bara hent út í djúpu laugina. Tók íþróttamanninn á þetta, hafði góðan aga en aðrir höfðu kannski meiru að miðla.“

Þessir þrír þrautseigu kennarar hafa náð að kenna þrem kynslóðum! Þau hittust nýlega og tóku spjall saman, efsta myndin var tekin við það tækifæri. Þar flugu margar skemmtilegar sögur og sumar tæplega hafandi eftir á prenti. Aðalástæða þess hve lengi þau hafa haldið út telja þau vera góðan starfsanda í skólanum. Þar hafi þau eignast góða vini gegnum árin. „Maður fór stundum leiður heim, en dagin eftir skeði alltaf eitthvað skemmtilegt svo það gleymdist“.

Aðrir þrautseigir:

Viktória Guðmundsdóttir skólastjóri í 31 ár, 1921 – 1952.

Særún Jónsdóttir kennari í 28 ár, á árunum 1979 – 2019.

Halla Jóna Guðmundsdóttir 28 ár, á árunum 1987 – 2018.

Kristín Halldórsdóttir í 28 ár, 1994 – 2022, enn við störf.

Erna Margrét Gunnlaugsdóttir, 23 ár frá 1991 og enn við störf,

Jón H. Kristjánsson í 28 ár, á bilinu 1946 – 1985, þar af skólastjóri í 9 ár og skólabílstjóri um tíma.

Margrét Ásgeirsdóttir vann sem skólaliði í 25 ár, 1992 – 2017.

Ámi Th. Pétursson í 19 ár, kennari 1889 – 1898 og skólastjóri 1910 – 1920.

Sigurjón Jónsson, skólastjóri í 12 ár, 1886 – 1898.

Hreinn Ásgrímsson, skólastjóri í 12 ár, 1972 – 1985.

Snæbjörn Reynisson, skólastjóri í 12 ár, 1995 – 2007.


Þrautseigustu formenn skólanefndar voru Árni Klemens Hallgrímsson í 32 ár (1926-'58) og Símon Kristjánsson í 17 ár (1962-'74).

Mun fleira starfsfólk er nefnt í þáttum nr. 45 og 47.

Heimildir: Kennaratal á Íslandi, Samvinna Bergsveins, viðtöl við viðkomandi kennara, skólaetningar- og slítaræður Hreins Ásgrímssonar, fundargerðir kennaraðs og kennararfunda á 9. og 10. áratug, og samtöl við viðkomandi.

45. þáttur: **Fólk í skólasögu Voga** 30. nív.

Hér er getið margra sem starfað hafa lengi við skólann og látið að sér kveða, auk þeirra þriggja í þættinum á undan.



Sr. Stefán Thorarensen, (f.1831 d.1892) frumkvöðull og stofnandi skólans 1872. Sjá mynd og umfjöllun í þáttum 1 – 16, 21, 22, 36, 38 og 45.

Sr. Árni Þorsteinsson (f.1851 d.1919) tók við af Stefáni sem formaður skólanefndarinnar. Hann var einnig aðalkennari í Norðurkotsskóla í nokkur ár, kenndi m.a. söng og íþróttir. Sjá þætti 18, 19, 22, 32, 37 og 45.

Pétur Pétursson (f.1842) kenndi í 5 ár, 1878 – 1883 (enginn á undan honum kenndi lengur en tvö ár). Pétur var faðir Helga Pjeturs, náttúrufræðings og heimspekings, sjá þátt 9 og 18.

Sigurjón Jónsson var kennari 1886 – 1898, í 12 ár, hann bjó í Minni-Vogum. Sem trésmiður átti hann ríkan þátt í smíði kirkjunnar að Kálfatjörn og var einn af stofnendum stúkunnar Diönu 1896. Sjá þátt 18 og 22.

Árni Theodór Pjetursson (f.1871 d.1963) var kennari 1889 – 1898 og kennari/skólastjóri 1910 – 1920, alls 19 ár. Árni var oddviti um skeið. Sjá þætti 18, 19 og 25.

Jón Gestur Breiðfjörð, Brunnastöðum, (f.1875 d.1903) var kennari frá 1898 þar til hann lést 1903, þá 28 ára. Þættir 18, 19 og 22.

Ólafur Guðjónsson var hér kennari 1905 – 1909, en lést þá úr berklum. Hann var virkur í Ungmennafélagi Vatnsleysustrandar. Sjá þætti 18, 22 og 30.

Kristmann Runólfsson (f.1886 d.1954) tók kennarapróf 1910 og kenndi hér 1909 – 1912, 1920 – 1921 og 1923 – 1925. Hann var bóndi í Hlöðversnesi frá 1923 og oddviti í áratug. Sat einnig í sýslunefnd og skólanefnd. Sjá þætti 19, 23, 25 og 30.

Viktoría Guðmundsdóttir (f.1885 d.1970) var hér kennari og skólastjóri 1921 – 1952, samfleytt í 31 ár! Hún var fyrst kvenna til að kenna við skólann. Viktoría veitti forstöðu stúku og stofnaði og stýrði barnastúkunni Ársól flest sín starfsár. Sjá þætti 25, 26, 27, 29, 30, 33, 37 og 46.

Ingibjörg Erlendsdóttir frá Kálfatjörn (f.1915 d.2002) kenndi nokkur ár í Vatnsleysuskóla og Kirkjuhvols-skóla og var einnig prófdómari í nokkur ár. Síðan lengi kennari í Reykjavík. Sjá þætti 23, 24, 27 og 33.

Stefán Hallsson (f.1911) var kennari hér 1934 – 1945. Hann kenndi yngri deild, einnig söng og íþróttir. Stefán var landsins fyrsti skólabílstjóri. Listaskrifari og organisti. Hann flutti ávarp og ljóð á vígsluhátíð Stóru-Vogaskóla 1979. Sjá þætti 26, 28, 29, 32, 33 og 37.

Jón H. Kristjánsson (f.1917 d.1990) var skólastjóri 1952 – 1962 með eins árs orlofi. Hann var einnig kennari áður og eftir það, þ.e. 1946-49 og 1970 -1985, samtals í 28 ár. Jón var jafnframt skólabílstjóri um tíma. Hann rak um tíma verslun í Vogum og var frumkvöðull að gerð smábátahafnar sem við hann er kennd (Jónsvör). Sjá þætti 27, 28, 32, 35 og 38.

Ellert B. Sigurbjörnsson (f.1939) var skólastjóri 1962 – 1967. Hann var síðar yfirþýðandi hjá Ríkis-útvarpinu og gaf út ritið Mál og mynd, leiðbeiningar um textagerð, þýðingar og málfar. Sjá þætti 29 og 35.

Þórir S. Guðbergsson (f.1938) var skólastjóri hér 1967 – 1970. Hann varð síðar félagsráðgjafi, rithöfundur og frumkvöðull í öldrunarmálum. Sjá þátt 29 og 34.

Hreinn Ásgrímsson (f.1947 d.1986) var skólastjóri hér 1972 – 1985, með árs orlofi. Var í sveitarstjórn og byggingarnefnd Stóru-Vogaskóla, nefnd um byggingu sundlaugar, í stjórn Hitaveitu Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Suðurnesja, einn af stofnfélögum Lionsklúbbsins Keilis. Hann veiktist og lést ári eftir að hann lét af störfum. Sjá þætti 33 – 36, 40 og 46.

Helga Sigríður Árnadóttir (f. 1937) kenndi í 50 ár, 1955 – 2004, síðustu árin heimilisfræði. Sjá þætti 36, 38 og 44.

Jón Ingi Baldvinsson (f.1952) starfaði við skólann 1978 – 2022, með árs hléi, sem smíðakennari, kennari, aðstoðarskólastjóri og náms- og starfsráðgjafi. Virkur í bæjarmálum og í golfklúbbum. Segir frá honum í 34., 38., 42. 44. og 46. þætti.

Guðmundur Þórðarson (f.1958) er íþróttakennari frá 1983, enn í hlutastarfi. Sjá þætti 32, 35, 44 og 46.

Særún Jónsdóttir (f.1949) var prófdómari 1972 – 1978 og síðan kennari 1979 – 1997 og 2009 – 2019, alls 28 ár, og lengi ritari kennarafunda. Meðal annars frumkvöðull kennslu um heimabyggðina og um landgræðslustarf skólans, ásamt Höllu Jónu. Þrjár dætur hennar hafa kennt við skólann, Guðrún og Oktavía kenna þar nú. Faðir Særúnar, Jón Gestur Ben, var lengi oddviti. Hann stóð m.a. fyrir byggingu Brunnastaðaskóla og frystihúss Voga hf. Sjá þætti 29, 33, 39 og 41.

Halla Jóna Guðmundsdóttir kenndi 28 ár, 1987 – 2018. Meðal annars frumkvöðull kennslu um heimabyggðina, um skráningu gönguleiða í nágrenni skólans og í landgræðslustarfi skólans, ásamt Særúnu. Sjá þætti 39, 40, 41 og 43.

Sesselja Sigurðardóttir á Hellum (Lella f.1929) var stundakennari í handavinnu 1976 – 1989 og kenndi einnig 3. bekk einn vetur. Sjá 38. þátt. Hún sat um tíma í skólanefnd.

Steinarr Þór Þórðarson kenndi 1988 – 2003, aðallega íslensku á unglingsstigi. Hann skrifaði, ásamt tveimur öðrum, lokaritgerð um sögu skólans. Sjá þætti 34, 44 og heimildaskrá.

Inger Christensen vann 1991- 2018 sem leiðbeinandi, einkum í myndlist, textíl og dönsku, en vann einnig við stuðning og þríf. Sjá þætti 41 og 43.

Bergsvein Auðunsson (f.1949 d.1998) var hér skólastjóri 1986 – 1996. Hann stofnaði m.a. til árhátíðar nemenda, sem síðan hefur verið haldin árlega. Sjá þætti 34 og 40.

Snæbjörn Reynisson (f.1951) var skólastjóri 1996 – 2007, á miklu vaxtarskeiði skólans þegar nemendafjöldi nær tvöfaldaðist og byggt var við skólann tvívegis svo flatarmálið fjórfaldaðist, undir hans stjórn. Vann einnig að menningarmálum sveitarfélagsins. Sjá þætti 33, 40 og 43.

Helgi Hólm var kennari 1994 – 2012. Frumkvöðull að tölvukennslu o.fl. í skólanum. Helgi var lengi ritstjóri tímaritsins Faxe. Sjá þátt 41 og 46.

Helgi Már Eggertsson, smíðakennari 1998 – 2008, var einnig með námskeið fyrir eldri borgara. Sjá þátt 38.

Kristín Halldórsdóttir er leiðbeinandi aðallega í íslensku. Hún var fyrsti stuðningsfulltrúi skólans og sum árin almennur starfsmaður. Alls 28 ár, 1994 – 2022, er enn við störf. Sjá þátt 20.

Erna Margrét Gunnlaugsdóttir, fósturdóttir Jóns Inga, hefur kennt í 23 ár, fyrst sem nýstúdent 1991 og kennari frá 1996 að undanskildum þrem árum og er enn við störf. Sjá þátt 42.

Þorvaldur Örn Árnason (f.1947) líffræðingur kenndi náttúrufræði við skólann 2000 – 2016, sjá þætti 39 og 40. Hann hefur einnig tekið saman þessa þætti í sögu skólans.

Inga Sigrún Atladóttir kennari 2001-2010 og lengi deildarstjóri, forseti bæjarstjórnar 2010-13. Þáttur 40.

Valgerður Guðlaugsdóttir, myndlistarkona (f.1970 d.2021), kenndi myndlist við skólann í 15 ár, frá 2006 þar til hún lést í ársbyrjun 2021. Sjá þátt 38.

Helgi Hjaltalín Eyjólfsson, myndlistarmaður og maður Valgerðar, leysti hana af í barnsburðarleyfi 2010, var síðan smíðakennari 2012 – 2021. Tók svo við myndlistinni 2022. Sjá þátt 38.

Marc Portal enskukennari frá 2008 og frumkvöðull í Evrópusamstarfi skólans. Sjá þátt 41.

Hannes Birgir Hjálmarsson kennari frá 2009 á unglingsstigi, einnig í tölvumálum og erlendum samskiptum. Blúsari með meiru. Sjá þátt 41.

Guðbjörg Kristmundsdóttir kennari 2003 – 2012, fór síðan í Virk, varð svo formaður VSFK.

Þórdís Simonardóttir var fyrsti ritari skólans, frá 2002 – 2015. Þá tók Svanhildur Kristinsdóttir við.

Laufey Waage er píanókennari og forstöðumaður tónlistar frá 2010 og starfar enn. Sjá þátt 37.

Svava Bogadóttir var skólastjóri 2008 – 2018. Hún kom m.a. á fót námsveri fyrir börn með sérþarfir og Riddaragarði fyrir nemendur með hegðunarvanda. Svava kom einnig á skólabæingum nemenda, í nokkur ár. Nú er hún bókasafnsvörður í hlutastarfi eftir að skólastjórn lauk. Sjá þátt 40 og 42.

Hálfdan Þorsteinsson var aðstoðarskólastjóri 2012 – 2018 og skólastjóri 2018 – 2021.

Hilmar Egill Sveinbjörnsson, kennari frá 2004, aðstoðarskólastjóri 2018 – 2021, skólastjóri frá 2021. Hann er landfræðingur og hefur samið landafræðnámsfni. Hilmar er virkur í bæjarmálum og í golfklúbbnum Keili. Sjá þætti 34, 35, 40 og 45.

Fyrstu formenn skólanefndar voru: Stefán Thorarensen 1872 – 1886, Árni Þorsteinsson 1886 - 1910, Sigurjón J. Waage 1910 – 1915, Sæmundur Klemensson 1916 – 1921, Guðmundur Jóhannesson 1922 – 1923 (sjá 25. þátt), Sveinn Pálsson 1923 – 1926, Árni Klemens Hallgrímsson 1926 – 1958, í 32 ár, auk þess um tíma í hreppsnefnd og hreppstjóri og lengi stöðvarstjóri pósts og síma (þáttur 30). Símon Kristjánsson á Neðri-Brunnastöðum tók við formennsku af Árna 1958, og voru með honum Guðmundur Björgvin Jónsson, Lyngholti (ritari) og Eyþóra Þórðardóttir, Ásgarði. Guðmundur B skrifaði ítarlegar fundargerðir. Símon var formaður til 1974. Kona hans, Margrét Jóhannsdóttir, sá um húsvörslu og ræstingar skólans 1973 til dauðadags 1985 og Símon og dóttir þeirra, Þórdís, aðstoðuðu hana og tóku við af henni í 2 ár. Guðríður Anddrésdóttir, var fyrsta konan í skólanefnd, frá 1931 til 1950. Síðan tók Eyþóra Þórðardóttir þar sæti 1958 og sat lengi. Jón Guðnason, Landakoti var formaður skólanefndar 1974 – 1985 og kenndi jafnframt tónlist, enda organisti. Hreiðar Guðmundsson tók við af honum 1985 í nokkur ár. Allir fyrrgreindir formenn eru á mynd í [Faxe 1990](#). Næsti formaður var Guðlaugur Atlason og sat fram á miðjan 10. áratuginn.

Mun fleira fólk er nefnt í 47. þætti, þá í stafrófsröð.

Heimildir: Sjá fyrri þætti. Einnig byggt á samtölum við starfsfólk og ferilskrá [Ingu Sigrúnar Atladóttur](#). Einnig [Faxe 1990](#).

46. þáttur: **Jólahald í 150 ár – og sögulok** 7. des.

Fyrstu áratugi barnaskólans voru miðsvetrarpróf haldin dagana fyrir jól, gjarna á Þorláksmessu, og skyldi vera 2 daga leyfi á undan prófi, skv. reglugerð skólans frá 1872. Fer engum sögum af jólahaldi í skólanum þessa fyrstu áratugi.

Í desember 1921 var Viktoría Guðmundsdóttir orðin skólastjóri. Þá var eftir sem áður upplestrarfrí 19. og 20. des. og próf 21. og 22. des. Að loknum prófum sungu börnin jólasálma, kennarinn las jólaguðspjallið og talaði nokkur orð til barnanna áður en þau gengu heim til sín. Síðan var jólaleyfi til 3. jan. 1922.

Árið 1922 skrifar Viktoría í dagbók skólans: 13. des vantaði 6 börn og „þau sem komu voru öll mjög lasin af kvefi og heyrðist varla mannmál í skólastofunni sökum hósta“ og gaf kennari þá þriggja daga leyfi – upplestrarleyfi. Var vel mætt 19. og 20. des. og næstu tvo daga voru próf. Á þorláksmessu komu börnin í skólann kl. 10. „Las þá kennarinn prófeinkunnir þeirra og afhenti þeim jólakveðju dönsku sunnudagsskólabarnanna. Síðan voru sungnir sálmar, kennari sagði börnunum jólasögu og las jólaguðspjallið. Var svo gefið jólaleyfi til 3. janúar.“

3. janúar „komu öll skólabörnin. Var þá sungið, minnst nýbyrjaða ársins, myndir sýndar og lesin saga. Loks var börnunum sett fyrir til næsta dags.“ 6. janúar síðdegis kom hjálpræðisherinn í Hafnarfirði og hélt jólatré (jólaball), líkt og fyrri ár. Koma hjálpræðishersins lagðist af fljótlega eftir þetta, en áfram bærust kveðjur frá dönskum sunnudagaskólabörnum næstu ár.

Þann 16. des. 1924 voru flest börnin lögst í mislinga. Ákvað formaður skólaneftndar og kennarinn að gefa jólafrí þá þegar. „Var svo komandi jóla minnst í skólanum, þennan síðasta kennsludag, á líkan hátt og undanfarna vetur með sálmasöng, lestri og stuttri bæn og börnunum síðan gefið jólaleyfi til 3. janúar 1925.“

Þau 31 ár sem Viktoría sá um kennsluna voru dagarnir kringum jólin á þennan veg, en þó eftir aðstæðum. Til dæmis 1926 var ráðgert að prófa að venju 21. og 22. des, „en báða þá daga var veður ill og komu fá börn svo að kennara þótti ekki taka að prófa þau, en á Þorláksmessu ekki unt að prófa, sökum þess að þann dag skyldi jólatré skreytt þar. Síðasti starfsdagur var því 21. des., er nokkur börn voru prófuð í kristnum fræðum.“

1927 var yngri deildin prófuð 21. des og þann 22. var „munnlegt próf í eldri deild til klukkan 2. Barnastúkufundur eftir það. Í lok fundarins var jólanna minnst á venjulegan hátt. Börnin sungu jólasálma, kennari las upp jólasögu, og talaði nokkur orð til barnanna um hátíðina og þýðingu hennar og las að síðustu jólaguðspjallið. Síðan var gefið jólaleyfi til 3. janúar 1928.“ Í 27. þætti segir frá því hve sorglega næsta skólaár byrjaði.

Í Brunnastaðaskóla og fyrsta áratug Stóru-Vogaskóla voru litlu jólin helsti viðburður félagslífsins, eins konar árshátíð að mati Hreins Ásgrímssonar. Æfð voru leikrit og atriði sem tengdust ekki endilega jólahaldi.

Árið 1982 var til dæmis foreldrasýning og jóladískó föstud. 17. des og kennarar gengu frá mánud. 20. des og hófst jólaleyfi þeirra eftir það. Nemendur mættu svo eftir jólaleyfi 5. janúar.

Árið 1983 voru æfðir og sýndir 7 leikþættir, sumir með söng og hljóðfæraleik, sá veigamesti Gullna hliðið sem elstu þrír bekkirnir fluttu. Voru tvær sýningar fyrir nemendur 16. des og sýning fyrir foreldra laugardaginn 17. desember.

Frá því um 1990 hefur sérstök árshátíð nemenda, þar sem foreldrum er boðið, verið haldin skömmu fyrir páskaleyfi, en sérstakar foreldrasýningar á litlu jólum lagðar af. En litlu jólin eru haldin engu að síður, aðallega fyrir nemendur. Bergsveinn skólastjóri stóð fyrir þessum breytingum, einnig því að 6. bekkur fór árlega að æfa og sýna **helgileik** sem byggður er á jólaguðspjallinu. Hér er mynd af slíkum helgileik í skólanum, líklega 1995.



Löng hefð er fyrir **jólaföndurdegi** á aðventu. Nemendur skreyta skólann; klippra, stimpla, teikna og skrifa á jólakort til nemenda, kennara og síns heimilisfólks. Sérstakir póstkassar eru settir upp við hverja

bekkjarstofu. Höfundur þessara þátta hlýnar um hjartarætur er hann minnst handgerðra jólakorta með hlýjum kveðjum frá nemendum.

Í desember 2013 var til dæmis skipulagt jólaföndur á 8 stöðvum í skólanum með þessum vinnustöðvum: Krukkur og kökubox; smíðastöð; saumastöð; dagatal 2014; matarstöð í salnum – piparkökur og kókoskökur; saumar/sköpun: könglar, vatt, pípuhreinsarar; trölladeig í heimilisfræði; krukkur málaðar. Jólakortaeftir var á öllum stöðvum og músastigar, í námsveri jólakort og bío.

Síðasta kennsludag ársins halda umsjónarkennar stofujól, hver með sínum bekk, þar sem lesin er jólasaga og nemendur skiptast á lukkupökkum. Síðan eru litlu jólin þar sem allir koma saman, dansa kringum jólatréð og syngja og jólasveinn kemur í heimsókn. Síðan hefst jólafrí nemenda upp úr hádegi. Þetta fyrirkomulag hefur verið frá því fyrir 1980.

Frá því fyrir 2000 hafa kennarar og annað starfsfólk – annað en eldhústarfsfólkið – eldað hangikét með tilheyrandi og átt saman hátíðlega stund eftir hádegi þegar nemendur eru farnir heim, uns þeir sjálfir halda heim í jólafrí. Á myndinni eru Jón Ingi, Guðmundur og Helgi Hólm viðeigandi klæddir við þau störf.



Löng hefð er fyrir þrettándaskemmtun með grímudansleik, en venjulega ekki á vegum skólans heldur félaga eins og Þróttar, kvenfélagsins Fjólu, Lionsklúbbsins Keilis og Björgunarsveitarinnar Skyggnis.

Heimildir: Dagbók Suðurkotsbarnaskóla 1917 – 1932. Reglugerð um skólann, frá 1872. Fundagerðabók kennarafunda 1981–1989. Ræður Hreins Ásgrímssonar. Samtöl við kennara og fyrrum nemendur og reynsla höfundar sem hefur verið viðriðinn skólann frá því árið 2000.

„Þetta er síðasti skólasögubátturinn sem birtist í Víkurfréttum allt árið 2022. Þættir nr. 47 – 50 birtast eingöngu á vef.“

Allir þættirnir 50 eru aðgengilegir – auknir og endurbættir – á www.storuvogaskoli.is

47. þáttur: **Fleira fólk í 150 ára skólasögu Voga** – í stafrófsröð (220 manns)

Flestir eftirtalinna unnu við skólann í einhvern tíma. Hér vantar nokkra sem stoppuðu stutt við.

Aðalsteinn Aðalsteinsson kenndi 1988 – 1989.

Alexandra Chernyshova sópransöngkona var kennari við skólann 2017 – 2021. Hún kenndi tónmennt, söng og á hljóðfæri, var með ”bílskúrsband” nemenda og barnakór og lét nemendur semja lög og setja á [youtube](https://www.youtube.com). Sjá þátt 37.

Aníta Ósk Drzymkowska er kennari, tvíburasystir Sædísar og áður nemandi við skólann.

Anna M. Ólafsdóttir kenndi 1989 – 1990, sjá mynd í [Faxa 2.1990](#).

Anna Sólrún Pálmadóttir hefur kennt hér frá 2006 og lauk kennaraprófi 2012. Hún segir starfið vera fjölbreytt og gefandi.

Auðunn Bragi Sveinsson kenndi hér dönsku, íslensku og lesgreinar 1976 – 1977, hafði lengi verið skólastjóri í Þykkvabæ.

Ágúst Guðmundsson frá Halakoti (f.1869 d.1941) segir frá Stefáni Thorarensen í bók sinni, [Þættir af Suðurnesjum](#), útg.1942. Hann var nemandi á fyrsta áratug skólans og fermingarbarn Stefáns. Sjá þátt 5.

Ágústa Guðjónsdóttir, f.1926, með kennarapróf frá 1951, kenndi hér 1959-1961, hætti vegna vanheilsu.

Árni Klemens Hallgrímsson (f.1893 d. 1965) var formaður skólanefndar 1926 – 1958, í 32 ár, og oft prófdómari. Hann var einnig hreppstjóri, um tíma í hreppsnefnd og stöðvarstjóri pósts og síma. Árni var faðir Helgu Sigríðar og bróðir Egils og Friðrikku. Sjá þætti 29, 30, 33, 44 og 45.

Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur. Tók þátt í 140 ára afmælishaldi og skrifaði m.a. geinina Frumgerðir sjávarþorpa, sjá þátt 11.

Árni Theódór Pjetursson (f.1871 d.1963) var kennari 1889 – 1898 og kennari/skólastjóri 1910 – 1920, alls 19 ár. Árni var oddviti um skeið. Sjá þætti 18, 19 og 25.

Árni Þorsteinsson prestur á Kálfatjörn (f.1851 d.1919) var formaður skólanevndar 1886 – 1910. Hann kenndi einnig, m.a. söng og íþróttir og var aðalkennari í Norðurkotskóla í nokkur ár. Sjá þætti 18, 19, 22, 32, 37 og 45..

Ása Árnadóttir f. 1932, var nemandi við skólann og kenndi þar 1957-1958, en vann lengst af við póst- og símsstöðina. Hún er systir Helgu Sigríðar, en þær eru dætur Árna Kelemens.

Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseti Íslands, (f.1894 d.1972) var fræðslumálastjóri á 3. og 4. áratug. Hann var þá í bréfaskrifnum við skólanevndir, sbr. þátt 21.

Ásgeir Magnússon var lengi kennari og skólastjóri á Hvammstanga. Skólanevnd vildi frekar ráða hann en Viktoríu Guðmundsdóttur 1922, en Viktoría var ráðin. Sjá þátt 25.

Ásgerður Jónsdóttir (f.1919) kenndi 1963 – 1964 og 1966 – 1967. Hún var Þingeyingur með kvennaskólapróf og kennslureynslu. Halla Jóna var nemandi hennar og telur hana hafa komið inn með nýtt blóð.

Benedikt Benediktsson (f.1928) var skólastjóri 1970-1971.

Benedikta Benediktisdóttir (f.1915 d.1974), tók kennarapróf 1937, kenndi víða um land og í Brunnastaðaskóla 1952 fram undir ársok 1954, hætti vegna vanheilsu.

Bent Marinósson er tónlistarkennari í hlutastarfi frá 2021, sjá þátt 37.

Berglind Petra Jóhannsdóttir hefur verið umsjónarkennari á yngst stigi frá 2019, lauk kennaraprófi 2022.

Bergsvein Auðunsson var skólastjóri 1986 – 1996. Hann stofnaði m.a. til árs hátíðar nemenda, sem síðan hefur verið haldin árlega í mars. Sjá þætti 34 og 40, og mynd í [Faxa 2:1990](#).

Birgitta Ösp Einarsdóttir er umsjónarkennari, hefur kennt frá 2017, útskrifaðist sem kennari 2021. Hún var áður nemandi við skólann.

Bjarni M. Jónsson f.1901, kennari á Eyrarbakka, Grindavík og Hafnarfirði og námstjóri við fræðslumálaskrifstofuna frá 1942. Bjarni kom talsvert við sögu Brunnastaðaskóla, mætti stundum á fundi skólanevndar og hafði áhrif á að hér var gerð landsins fyrsta [tilraun með skólabíl](#) 1943. Sjá þætti 20, 28 og 38.

Bragi Friðriksson var sóknarprestur 1967 – 1997 og auk þess stundakennari í kristin- og samfélagsfræði a.m.k. 1974 – 1982. Þegar hann kom í Brunnastaðaskóla smurði Þórdís í Suðurkoti brauð fyrir hann og kennarana, var kallað prestsbrauðið. Sjá þátt 36.

Bryndís Halldóra Bjartmarsdóttir kennari 1981 – 1988. Skrifaði B.s. ritgerð 1983: Byggð og atvinnulíf í Vatnsleysustrandarhreppi 1880 – 1980. Var kona Guðlaugs R. Guðmundssonar, er kenndi handavinnu um skeið.

Bryndís Schram sá lengi um þáttinn Stundin okkar í Sjóvarpinu. Hún gerði vorið 1982 frábæran þátt um Voga og skólastarf þar, m.a. um opna viku í skólanum og um danskennslu. Sjá þátt 34 og 35.

Daniel Grímsson (f.1843), bróðir Þórðar og Svanborgar, var aðstoðaðarmaður fyrstu ár skólans. Sjá þátt 17.

Dorothea Herdís Jónasdóttir (f.1956). Umsjónarkennari yngri barna 1996-2008. Kona Snæbjarnar skólastjóra.

Drífa Thorstensen var drifandi kennari 2012 – 2016.

Egill Hallgrímsson frá Austurkoti í Vogum (f. 1890 d.1981) tók kennarapróf 1910 og sótti það vor um stöðu kennara við Suðurkotskóla en Árni Theódór var ráðinn, sjá þátt 25. Egill átti frumkvæði að stofnun Ungmennafélags Vatnsleysustrandar 1909, einnig að skógrækt hér um slóðir. Var lengi kennari í Reykjavík. Sjá þátt 30.

Einar Ólafsson var skólastjóri 1985 – 1986.

Elfa Björk Ellertsdóttir var umsjónarkennari með 1. bekk 1993 – 1994, dóttir Ellerts B. Sigurbjörnssonar, skólastjóra.

Ellert Birgir Sigurbjörnsson (f.1939) var skólastjóri 1962 – 1967. Var síðar lengi yfirþýðandi hjá Ríkisútvarpinu og gaf út ritið Mál og mynd, leiðbeiningar um textagerð, þýðingar og málfar. Sjá þætti 29 og 35.

Elín Ösp Guðmundsdóttir, áður nemandi við skólann, hefur verið skólaliði frá 2008 og tekið skólaliðanámskeið.

Elín Helgadóttir hefur verið kokkur og forstöðumaður mötuneytisins frá 2010.

Elín Jóna Jakobsdóttir, mjög virkur skólahjúkrunarfræðingur við skólann frá aldamótum 2000 til 2017.

Elín Þuríður Samúelsdóttir er fyrsti þroskaþjálfinn við skólann, í fullu starfi frá 2011.

Erlendsína Ýr Garðarsdóttir hefur kennt yngri börnum frá 2021. Er með B.A. í sálfræði og er í M.Ed. námi.

Erna Margrét Gunnlaugsdóttir, fósturdóttir Jóns Inga og áður nemandi við skólann, hefur aðallega á unglíngastigi, fyrst sem nýstúdent 1991 og kennari frá 1996, að undanskildum þrem árum í Danmörku. Kennir nú einkum stærðfræði á unglíngastigi. Sjá þátt 42 og 45.

Eygló Viðarsdóttir Biering, matreiðslumaður, kenndi heimilisfræði 2008 - '10, áður nemandi við skólann. Sjá þátt 38.

Eyjólfur Bragason (sonur Braga sóknarprests), kennaranemi og stundakennari hér 1976 – 1978, og í fullu starfi 1979 – 1980. Hann skrifaði, ásamt Steinari Þór Þórðarsyni, lokaritgerð 1984 frá KHÍ um skólann, sjá þátt 34 og heimildaskrá.

Eyþóra Þórðardóttir, Ásgarði í Vogum, var í skólanevnd 1958 – 1970. Var nemandi við skólann.

Frank Herlufsen kórstjóri og organisti Kálfatjarnarkirkju, var stundakennari í tónlist við skólann 1986 – 2000. Þjálfaði einnig nemendur í skák um tíma. Sjá þátt 35 og 37.

Fríðrikka Hallgrímisdóttir frá Austurkoti (f.1887 d.1965) var sérmenntaður handavinnukennari og kenndi veturinn 1926 – 1927, en fékk heilahimnubólgu og náði sér ekki eftir það. Sjá þátt 38.

G. Ingibjörg Ragnarsdóttir er aðstoðarskólastjóri frá 2021, var deildarstjóri stoðþjónust og unglíngastígs 2016 – 2021. Tók kennarapróf 2009 og hóf þá störf sem umsjónarmaður námsvera og Riddaragarðs. „Best er þegar maður hittir gamla nemendur á förunum vegi og þeir þakka manni, muna eftir manni og segja að það sem maður gerði til að hjálpa hafi skipt máli.“

Gísli Kjartansson, húsasmiður, var smíðakennari 2010 – 2013. Honum er minnisstæðast þegar hann var með stráka með hegpunarvandkvæði – fáa í einu, jafnvel bara einn – hvað það úrræði virkaði vel. Sjá 38. og 40. þátt.

Gróa Hreinsdóttir kenndi tónlist við skólann og Tónlistarskóla Voga nálægt 1985, sbr þátt 37.

Guðbjörg Kristinsdóttir kenndi 1994 – 1995.

Guðbjörg Kristmundsdóttir var kennari hér 2003 – 2012, hóf síðan störf í Virk og varð svo formaður Verlalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, VSKF.

Guðlaugur R. Guðmundsson kenndi handavinnu drengja 1974 – 1975 og haustið 1979.

Guðmann Magnússon kenndi í Vatnsleysufarskóla 1929 – 1930 og 1931 – 1932.

Guðmar Þór Hauksson kenndi 1989 – 1990, sjá mynd í [Faxa 2:1990](#).

Guðmundur Finnbogason (f.1873 d.1944) var áhrifamikill fræðimaður upp úr aldamótum 1900, kemur við sögu í þáttum 20, 25 og 42.

Guðmundur Gilsson var um skeið organisti við kirkjuna og kenndi hér söng og tónlist 1968 – 1969, sbr. þátt 37.

Guðmundur Guðmundsson hreppstjóri í Landakoti (f.1841 d.1920) lék á orgel sem þá var fátítt, var organisti í Kálfatjörn og kenndi söng við skólann frá upphafi. Hann var hægri hönd Stefáns Thorarensen við stofnun skólans og ritari fyrstu skólanefndarinnar. Sjá þætti 18, 19 og 37.

Guðmundur Björgvin Jónsson (f.1913 d.1998) var ötull ritari skólanefndar 1958 – 1974. Var alinn upp á Brekku undir Vogastapa og gekk þaðan í Suðurkotsskóla. Var maður Guðrúnar Lovísu Magnúsdóttur (sjá þátt 27) og skrifaði bók sem hér er mikið byggt á, sjá heimildaskrá. Sjá þætti 27, 35 og 45.

Guðmundur Rúnar Guðmundsson smiður kenndi smíðar 2-3 vetur á 7. áratugnum. Sjá þátt 38.

Guðmundur Jóhannesson bóndi í Flekkuvík, (f.1887 d.1959) var skólanefndarformaður 1922 – 1923, sjá þátt 25.

Guðmundur Ó Emilsson kenndi hér 1973 – 1974.

Guðmundur Óskar Ólafsson kenndi 1971 – 1974, e.t.v. stundakennari í dönsku.

Guðmundur Sigurvaldason kenndi hér 1989 – 1990, sjá mynd í [Faxa 2:1990](#).

Guðmundur Þorsteinsson kenndi hér 1884 – 1886. Var úr Flóanum, flutti síðan til Ameríku. Sjá þátt 18 og 19.

Guðmundur Þórðarson er íþróttakennari og almennur kennari frá 1983. Hann hefur einnig kennt kajakróður sem valgrein. Sjá þætti 32, 35, 39, 44, 46 og mynd í [Faxa 2:1990](#).

Guðni Felixson (f.1841 d.1888) var líklega ferkennari í Kálfatjarnarhverfi 1884 – 1885. Sjá þátt 18 og 19.

Guðni Kjartansson var stundakennari í íþróttum á 8. áratug, í Njarðvík.

Guðni S. Óskarsson kenndi hér 1986 – 1988.

Guðný Þ. Magnúsdóttir kenndi hér 1988 – 1990.

Guðný Snæland kenndi námskeið í smelt 1975 og stóð síðan fyrir mötuneyti nemenda og kennara frá stofnun 2000, tók þátt í hönnun nýs eldhúss 2004 og vann þar til 2008. Sjá þátt 40.

Guðriður Andrésdóttir í Landakoti (f.1891 d.1966) var fyrsta konan í skólanefnd, sat þar 1931 – 1950. Sjá þátt 45.

Guðrún Lovísa Magnúsdóttir (Lúlla, f.1922, d. 2021) gekk 4 ár í skólann hjá Viktoríu, 10 – 14 ára, sjá þátt 27. Hún og maður hennar, Guðmundur Björgvin, eignuðust 12 börn sem öll gengu í skólann, ásamt mörgum afkomendum sínum. Sjá þætti 27, 30, 32 og 35.

Guðrún Kristín Ragnarsdóttir er líffræðingur og hefur kennt náttúrufræði við skólann frá 2017, einnig kajakróður sem valgrein. Sjá þátt 39 og 41. Hún er dóttir Særúnar Jónsdóttur og var nemandi við skólann.

Gunnlaugur Sveinsson (f.1913 d.1969) tók kennarapróf 1936 og var hér skólastjóri 1960-1961 í orlofi Jóns H. Kristjánssonar. Beitti sér, ásamt Pétri oddvita, fyrir því að tekin yrði upp kennsla 1. og 2. bekkjar miðskóla, sjá þátt 31. Hann greip í skólaakstur þegar á þurfti að halda.

Hafsteinn Snæland ók skólabílnum um tíma á 7. áratugnum, einnig rútum á ferðalögum nemenda og kennara.

Halla Jóna Guðmundsdóttir var nemandi við skólann og kenndi í 28 ár, fyrst sem nýstúdent 1987 – 1988 en fór þá í kennaranám og kenndi svo samfleytt 1991 – 2018. Hún var, ásamt Særúnu, frumkvöðull kennslu um heimabyggðina, langdgæðslustarf skólans og um skráningu gönguleiða í nágrenni skólans. Sjá þætti 39, 40, 41 og 43.

Halldór Þór Ingvason var lengi kennari í Grindavík og kenndi hér 1989 – 1990, sjá mynd í [Faxa 2:1990](#).

Halldóra Magnúsdóttir kenndi í Reykjavík 1971-76 og í Vestmannaeyjum til 1982 er hún tók við skólastjórn Hamarsskóla og gegni því starfi til 2006. Flutti þá í Voga og kenndi þar til 2016. Hún var frumkvöðull að innleiðingu lestrarstefnu skólans, sjá þátt 42.

Hanna Stefanía Björnsdóttir vann í Fristund frá 2020 og hefur kennt frá 2022. Hún er með B.a. próf í félagsráðgjöf.

Hanna Helgadóttir hefur starfað við mötuneyti skólans frá 2005 og einnig í Fristund. Var áður nemandi við skólann.

Hanna Lára Pálsdóttir er með M.Ed-gráðu frá 2016 og hefur kennt við skólann frá 2021.

Hannes Birgir Hjálmarsson er kennari við skólann frá 2009 á unglíngastigi, einnig í tölvumálum og erlendum samskiptum. Blúsari með meiru. Sjá þátt 36 og 41.

Haraldur Sigurðsson frá Sjónarhóli var með stúdentspróf og eini kennarinn hér 1909 – 1910. Hann kenndi 3 daga vikunnar í Suðurstöti (16 börnum) og 3 daga í Norðurstöti (19 börnum). Ekki auðvelt og ekki þakklátt starf. Sjá þátt 19.

Hálfdan Þorsteinsson var aðstoðarskólastjóri 2012 – 2018 og skólastjóri 2018 – 2021.

Heiða Hrólfssdóttir er leikskólakennari og hefur kennt 1 og 2. bekk síðan 2020.

Heiða Rúnarsdóttir var kennari og hafði umsjón með 2. bekk 1993 -'04.

Helena Richter hefur verið skólaliði /almennur starfsmaður samfellt frá 2007.

Helena Böðvarsdóttir var kennari 1988 – 1989.

Helga Ágústsdóttir var umsjónarkennari 2017-'20 og hefur síðan kennt heimilsfræði, auk þess að vera í mastersnámi.

Helga Guðný Árdal kenndi 2006 – 2010, var með umsjón yngri barna og einnig tónmennt.

Helga Sigríður Árnadóttir var nemandi við skólann og kenndi þar síðan í 50 ár, 1955 – 2004, síðustu árin heimilisfræði. Sjá þætti 36, 38 og 44, og mynd í [Faxa 2:1990](#).

Helga Ragnarsdóttir var smíðakennari 1995 – 1997. Sjá þátt 38. Hún er dóttir Særúnar og var nemandi við skólann.

Helga Stefánsdóttir kenndi eitt ár við skólann u.þ.b. 1995.

Helgi Már Eggertsson var smíðakennari 1998 – 2008, einnig með námskeið fyrir eldri borgara. Sjá þátt 38.

Helgi Hjaltalín Eyjólfsson, myndlistarmaður og maður Valgerðar, leysti hana af í barnsburðarleyfi 2010, var síðan smíðakennari 2012 – 2021. Tók svo við myndmenntarkennslu 2022. Sjá þátt 38.

Helgi Hólm var hér kennari 1994 – 2012. Hann var frumkvöðull að tölvukennslu í skólanum, sjá þátt 41 og 46. Helgi var lengi ritstjóri tímaritsins Faxe.

Herdís Herjólfsdóttir var formaður Foreldrafélags skólans er það var fyrst stofnað 1984, sjá þætti 34 og 40. Börnin hennar 6 voru öll nemendur við skólann.

Hilmar Egill Sveinbjörnsson hefur starfað við skólann frá 2004, syrst sem kennari, síðan aðstoðarskólalastjóri 2018 – 2021 og sem skólalastjóri frá 2021. Hann er landfræðingur og hefur samið kennslubækur í landafræði. Er virkur í bæjarmálum og formaður golfklúbbs Vatnsleysustrandar. Hann var áður nemandi við skólann. Sjá þætti 34, 35, 40 og 45.

Hjaltey Sigurðardóttir var kennari við skólann 2011 – 2014.

Hlökkver Kristinsson sá um skólaakstur í nokkur ár kringum 1970. Sjá þátt 28.

Hrafnhildur Bryndís Rafnsdóttir (Bidða) var skólabílstjóri og jafnframt almennur starfsmaður 1995 – 2011. Hún samdi skólasönginn 2007 og Sigurður Kristinsson, maður hennar, samdi textann. Sjá þætti 28 og 37.

Hrefna Sigfúsdóttir var hér kennari 1955-1957, en hún var kona Jóns H. Kristjánssonar skólalastjóra.

Hreiðar Guðmundsson, sem er sonur Guðmundar Björgvins og Lúllu, var formaður skólanefndar í nokkur ár frá 1985 og var áður nemandi við skólann.

Hreinn Ásgrímsson (f.1947 d.1986) var skólalastjóri 1972 – 1985. Hann var í sveitarstjórn og byggingarnefnd Stóru-Vogaskóla, nefnd um byggingu sundlaugar, í stjórn Hitaveitu Suðurnesja og Fjölbautaskóla Suðurnesja og einn af stofnfélögum Lionsklúbbsins Keilis. Hreinn veiktist og lést ári eftir að hann lét af störfum. Sjá þætti 33 – 36, 40 og 41.

Hörður Rafnsson kenndi smíðar 1976 - 1978. Þáttur 38. Hann var áður nemandi við skólann.

Inga Sigrún Atladóttir var kennari 2001-2010 og lengst af deildarstjóri og verkefnisstjóri ýmissa verkefna. Sjá þátt 31. Hún var í bæjarstjórn 2006 – 2013 og forseti bæjarstjórnar 2010-13.

Inga Sigrún Baldursdóttir hefur verið stuðningsfulltrúi við skólann frá 2016, en hafði þá starfað lengi við leikskólann. Inga var áður nemandi við skólann. Sjá þátt 40.

Inga Þóra Kristinsdóttir hefur verið kennari frá 2010. Hún byrjaði með Riddaragarðinn, hefur verið með umsjón á miðstigi og kennir nú alla dönsku, einnig íslensku í námsveri.

Inger Christensen vann við skólann 1991- 2018 ýmist sem leiðbeinandi, einkum í myndlist, textíl og dönsku eða sem skólaliði. Sjá þætti 41 og 43.

Ingi Haraldsson f.1920, var með kennarapróf frá 1943 og kennari við Brunnastaðaskóla 1949 – 1952.

Ingibjörg Erlendsdóttir frá Kálfatjörn (f.1915 d.2002) kenndi nokkur ár í Vatnsleysuskóla og Kirkjuholsskóla, var einnig prófdómari fáein ár. Síðan lengi kennari í Reykjavík. Sjá þætti 23, 24, 27 og 33. Ingibjörg var áður nemandi við skólann.

Ingunn Hafsteinsdóttir (f.1958 d.2023) var skólaliði frá 2017 fram undir það að hún lést 2023. Hafði áður unnið við leikskólann. Ingunn var móðir Margrétar Hreinsdóttur deildarstjóra við skólann.

Ingvar Gunnarsson frá Skjaldarkoti (f.1886 d.1961) kenndi í Vatnsleysuskóla 1912 - 1914, en hann varð síðar kennari og áhrifamaður í Hafnarfirði. Þáttur 19 og 30.

Íris Andrésdóttir var kennari við skólann 2008 – 2013 og um tíma deildarstjóri á yngsta stigi.

Jakob Hallgrímsson kenndi tónlist og var fyrsti skólalastjóri Tónlistarskóla Voga um 1980, sjá þátt 37.

Jakob A. Sigurðsson, Sólheimum, Vogum (f.1901 d.1969) kenndi sund, m.a. í sjó á 4. áratugnum, sjá þátt 32.

Jens Guðjón Einarsson hefur kennt við skólann frá 2011, umsjón á unglingsstigi, sund, íþróttir og valgreinina kajakróður. Jens varð íþróttakennari 1978; nam síðar markaðsfræði og stærðfræðikennslu. Jens hefur um árabíl verið trúnaðarmaður kennara við skólann og í stjórn Félags grunnskólakennara 2018 – 2022 og varaformaður þess 2020 – 2022. Sjá þætti 32, 39 og 42.

Jóhanna Hinriksdóttir var kennari og hafði umsjón með 5. bekk 1993 – 1994.

Jóhanna Lovísa Jóhannsdóttir hefur starfað við skólann frá 2015, við sérkennslu og þjálfun í félagsfærni, en hún er þroskaþjálfari. Var áður nemandi við skólann.

Jóhanna Snorradóttir, sem var kona Ellerts skólalastjóra, kenndi 1964 – 1967, einkum handavinnu stúlkna. Sjá þátt 38.

Jón Ingi Baldvinsson (f.1952) starfaði við skólann 1978 – 2022 sem smíðakennari, kennari, aðstoðarskólalastjóri og náms- og starfsráðgjafi. Virkur í bæjarmálum og golfklúbbum. Sjá þætti 34, 38, 42, 44 og 46, og mynd í [Faxe 2:1990](#).

Jón Bjarnason var um tíma formaður Verkalýðsfél. Vatnsleysustrandarhrepps, sjá þátt 39. Jón var lengi formaður barnaverndarnefndar og hlaut fyrir það fálkaorðu. Hann var eiginmaður Helgu Sigríðar.

Jón Ágúst Eimisson var kennari 1974 – 1975, kenndi lesgreinar, íslensku og dönsku.

Jón Gestur Benediktsson, Suðurkoti (f.1904 d.1984), var nemandi við skólann og síðar lengi oddviti og stóð m.a. fyrir byggingu Brunnastaðaskóla og frystihúss Voga hf., en þá fór að fjölga verulega í Vogum. Sjá þætti 28 og 29.

Jón Gestur Breiðfjörð, Brunnastöðum (f.1873 d.1903) var nemandi við skólann áður en hann varð kennari 1898 þar til hann lést 1903, þá 28 ára. Þættir 18, 19 og 22.

Jón M. Guðjónsson frá Efri-Brunnastöðum (f.1905 d.1994) gekk í skólann og tók nothæfa mynd af skólahúsinu áður en það var rífið 1944. Jón varð prestur í Holti undir Eyjafjöllum og síðar prófastur á Akranesi. Sjá þátt 3.

Jón Guðnason, Landakoti, var formaður skólanefndar 1974 – 1985 og kenndi jafnframt tónlist, enda organisti. Sjá þátt 37 og 45. Jón var áður nemandi við skólann.

Jón H. Kristjánsson (f.1917 d.1990) var skólastjóri 1952 – 1962 með eins árs orlofi, einnig kennari áður og eftir, þ.e. 1946 -'49 og 1970 -'85, samtals 28 ár, jafnframt skólabilstjóri um tíma. Rak um tíma verslun í Vogum og var frumkvöðull að gerð smábátahafnar sem við hann er kennd (Jónsvör). Sjá þætti 27, 28, 32, 35 og 38.

Jón Jónsson (f.1878) kenndi um aldamótin 1900, líklega í stofunni í Landakoti og nokkrum árum síðar í Innri-Njarðvík. Hann var faðir Margrétar konu Þórbergs Þórðarsonar. Sjá þátt 19.

Jón Þorkelsson (Thorkilli, f.1697 d.1759) var barn efnaðra foreldra í Innri-Njarðvík, sem þá tilheyrði Vatnsleysu-strandarhreppi. Hann varð mikill lærdómsmaður, m.a. rektor Skálholtsskóla, barnlaus og vel efnaður og gaf 1759, eftir sinn dag, eigur sínar í sjóð til að ala upp fátæk börn í Kjalarnesumdæmi, nefndist Thorkillisjóður. Skólinn okkar fékk lán og fátækir nemendur styrki úr þeim sjóði. Sjá þætti 1, 2, 6, 7, og 21.

Jón Þórarinnsson (f.1854 d.1926) var frumkvöðull kennaramenntunar og fyrsti fræðslumálastjórinn. Síðar gegndi Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseti, því embætti og báðir voru í sambandi við skólaneftndina. Sjá þætti 20, 21 og 25. Jón var alþingismaður Gullbringu- og Kjósarsýslu 1886 – 1900.

Kári Freyr Þórðarson kenndi á miðstigi 2012 – 2020.

Kjartan Ingi Jónsson hefur kennt frá 2020 í námsveri, er með kennarapróf frá 2016, m.a. íslensku sem annað tungumál.

Kolbrún Hjartardóttir var skólastjóri 1980 – 1981, í ársorlofi Hreins.

Kolbrún Olgeirsdóttir var kennari í fullu starfi 1979 – 1981.

Kópur Z. Kjartansson var skólabilstjóri í fullu starfi á eigin rútu 1972 – 1989. Sjá þætti 28, 32 og 33.

Kristín Halldórsdóttir hefur aðallega kennt íslensku. Hún var fyrsti stuðningsfulltrúi skólans og sum árin almennur starfsmaður. Hún hefur starfað samfleytt frá 1994 og er enn við störf, nú sem skólaliði. Sjá m.a. 40. þátt.

Kristín Þóra Harðardóttir kenndi hér 1984 – 1985.

Kristín Jóhanna Karlsdóttir kenndi 1985 – 1988.

Kristjana Atladóttir er umsjónarkennari frá 2019, sinnir einnig sérkennslu og umsjón með kennaranemum.

Kristján Jónsson var kennari 1975 – 1976. Reyndur kennari, kenndi í öllum deildum, líklega líka söng.

Kristmann Runólfsson (f.1886 d.1954) tók kennarapróf 1910 og kenndi hér 1909 – 1912, 1920 – 1921 og 1923 – 1925. Bónði í Hlökkversnesi frá 1923. Oddviti í áratug, sat einnig í sýslunefnd og skólaneftnd. Sjá þætti 19, 23, 25 og 30.

Laufey Waage er píanókennari og forstöðumaður tónlistar frá 2010 og starfar enn. Sjá þátt 37.

Lauma Gulbe er bókavörður í hálfu starfi frá 2022. Sjá þátt 42.

Lárus Johnsen (kennarapróf 1947) var hér kennari 1957-1958 og 1963-1964. Lárus var Íslandsmeistari í skák 1951-1952. Kenndi víða í 20 ár, vann síðan við krufningar. Sjá þátt 35.

Lárus Jónsson, organisti kenndi fáein ár söng í Brunnastaðaskóla, frá 1945, sjá þátt 37.

Linda Sjöfn Sigurðardóttir var kennari og deildarstjóri 2004 – 2017 og aðstoðarskólastjóri 2008 -'09 í orlofi Jóns Inga. Lagði áherslu á skapandi verkefni sérstaklega í samfélagsgreinum.

Magnús Ágústsson frá Halakoti í Brunnastaðahverfi, lengi hreppstjóri og oddviti, sjá þátt 33.

Magnús Jónsson kenndi í stofunni á Þórustöðum fyrir aldamótin 1900. Sjá þátt 19.

Magnús M. Jónsson (f.1852) var kennari og trésmiður og kenndi hér 1967-1970. Hann skrifaði 1984 lokaritgerð frá KHÍ um skólann, ásamt Steinarri og Eyjólf, sjá þátt 34 og heimildaskrá.

Magnús Skúlason smiður kenndi smíðar í Vogum nálægt 1960. Sjá þátt 38.

Magnús Ó. Stephensen á Auðnum kenndi í Vatnsleysufarskóla 1932 – 1933.

Marc Portal er enskukennari frá 2005 og frumkvöðull í Evrópusamstarfi skólans. Sjá þátt 41.

Margrét Ásgeirsdóttir vann sem skólaliði í 25 ár, 1992 – 2017. Hún var áður nemandi við skólann.

Margrét Hreinsdóttir hefur starfað við skólann sen jebbaru frá 2013 og er nú deildarstjóri stoðþjónustu. Hún var nemandi hér alla sína grunnskólagöngu.

Margrét Jóhannsdóttir sá um húsvörslu og ræstingar skólans 1973 til dauðadags 1985. Símon maður hennar og Þórdís dóttir þeirra aðstoðuðu hana og tóku við af henni í 2 ár. Sjá þátt 45.

Margrét Pétursdóttir, áður nemandi við skólann, ók skólabilnum í fáein ár upp úr 1990. Sjá þátt 28.

Margrét Össurardóttir var heimilisfræðikennari 2010 – 2015. Sjá þátt 38.

Marínó Einarsson var stundakennari í íþróttum - í Njarðvík - fyrir og um 1980.

Morten Hansen, skólastjóri Barnaskóla Reykjavíkur, seldi skólum námsgögn og kennslutæki, sjá þátt 21.

Nikulás Sveinsson (f.11.08.1928) var nemandi við skólann fyrir og um 1940, m.a. í yngstu deildinni í Kirkjuhvoli. Hann kom þar við 2021 og lýsti lífinu þar í þá tíð. Sjá þátt 27.

Oddgeir Guðmundsen guðfræðingur (f.1849 d.1924) kenndi fyrsta veturinn sem skólinn starfaði, 1872-1873. Varð síðan prestur og kennari í Vestmanneyjum. Skrifaði grein í Þjóðólf um skólann á fyrsta ári hans. Sjá þætti 16 og 17.

Oktavía J. Ragnarsdóttir (Día) hefur starfað við skólann frá 2005 sem textílkennari og umsjónarkennari og var áður stuðningsfulltrúi. Sjá þátt 38. Hún er dóttir Særúnar Jónsdóttur og var nemandi við skólann.

Ólafur Guðjónsson var kennari 1905 – 1909, lést þá úr berklum. Var virkur í Ungmennafélagi Vatnsleysustrandar. Sjá þætti 18, 22 og 30.

Ólafur Rósenkranz var fjórði kennarinn, kenndi veturinn 1876 -77. Varð síðan íþrótt- og bindindisfrömuður í Reykjavík. Sjá þátt 17.

Páll Péturson í Landakoti, skólaneftnd vildi ráða hann sem kennara 1921 frekar en Viktoríu Guðundsdóttur, en fræðslumálasdóttirinn sá til þess að hún var ráðin, sjá þátt 25.

Pétur Jónsson var oddviti á 7. áratug og sá um skólaakstur að hluta. Hann var áður nemandi við skólann, sjá þátt 28.

Pétur Pétursson (f.1842) kenndi í Keflavík og Njarðvík 1876-'77 og síðan 5 ár á Vatsleysuströnd, 1878-'83. Hann var faðir Helga Pjeturs, náttúrufræðings og heimspekings, sjá þátt 9 og 18.

Ragnheiður Guðmundsdóttir kenndi söng í nokkur ár frá ársbyrjun 1980. Veitti forstöðu Tónlistarskólanum í Vogum 1981 -'83. Sjá þátt 37.

Rakel Rut Valdimarsdóttir var leiðbeinandi 2008 -'10 og kennari 2015 -'18. Kenndi m.a. textíl og smíði. Sjá þátt 38.

Rúna Gísladóttir kenndi hér 1967 – 1970, ekki síst handavinnu. Hún er kona Þóri S. Guðbergssonar sem var hér skólastjóri. Kenndi síðan lengi á Seltjarnarnesi. Hún er listmálari og mikil hannyrðakona og á mikið brúðusafn sem hún hefur gert frá grunni. Sjá þætti 29 og 38.

Rúnar Þorvaldsson var skólastjóri 1971 - 72.

Sesselja Sigurðardóttir á Hellum (Lella, f.1929) var stundakennari í handavinnu 1976 – 1989 og kenndi einnig 3. bekk í fæðingarorlofi Særúnar hluta vetrar 1983 -'84. Sjá 38. þátt. Sat um tíma í skólanefnd.

Sigfríður Björnsdóttir kenndi hér 1985 – 86.

Sigríður Ragna Birgisdóttir var kennari 2004 – 2008. Hún kenndi erlend mál og leiddi ásamt Ingu Sigrúnu Comeniusarverkefnið *The world around us*, samstarf við 5 önnur lönd um enskukennslu í 1. og 2. bekk. Sjá þátt 41.

Sigríður Pálína Erlingsdóttir kenndi 1962 – 63.

Sigríður Ósk Pétursdóttir var kennari /leiðbeinandi í nokkur ár upp úr aldmótum 2000.

Sigrún Þórðardóttir frá Vatsleysu, áður nemandi við skólann, hélt saumanámskeið í skólanum 1951. Sjá þátt 38. Hún var lengi kennari í Reykjavík.

Sigurður P. Hafsteinsson var kennari /stundakennari a.m.k. 1974 – 77.

Sigurður Rúnar Símonarson frá Neðri-Brunnastöðum var nemandi við skólann og síðar kennari 2004 – 2007, aðallega stærðfræði og námsráðgjöf undir lokin.

Sigurður B. Sívertsen (f.1808 d.1887) prestur við Útskálakirkju í Garði og stofnandi Gerðaskóla. Sjá þætti 9 og 13.

Sigurbjörg Jónsdóttir var kennari 1986 – 88. Hún var kona Bergsveins skólastjóra.

Sigurgeir Sigurðsson var líklega fyrsti kennarinn í Norðurkotskóla 1903. Sjá þátt 19 og 22.

Sigurjón Jónsson var kennari 1886 – 1898, í 12 ár. Hann bjó í Minni-Vogum. Sem trésmiður átti hann ríkan þátt í smíði kirkjunnar að Kálfatjörn og var einn af stofnendum stúkunnar Díönu 1896. Sjá þátt 18 og 22.

Sigurjón J. Waage (f.1872 d.1945), fyrrum nemandi skólans, var formaður skólanefndarinnar og sá um reikningshald skólans 1910 – 1915. Sjá 22. þátt.

Símon Kristjánsson á Neðri-Brunnastöðum (f.1916 d.2012) var formaður skólanefndar 1958 – 1974 og áður nemandi.

Skúli Guðmundsson kenndi í Vatsleysuskóla 1929 – 1930.

Snæbjörn Jónsson var líklega farkennari í Kálfatjarnarhverfi 1885 – 1886.

Snæbjörn Reynisson (f.1951) var skólastjóri 1996 – 2007, á vaxtarskeiði skólans þegar nemendafjöldi nær tvöfaldaðist og byggt var við skólann tvívegis svo flatarmálið fjórfaldaðist, undir hans stjórn. Snæbjörn þótti lúnkinn að sjá styrkleika fólks og virkja það. Vann einnig að menningarmálum sveitarfélagsins. Sjá þætti 33, 40 og 43.

Sólrún Ósk Árnadóttir var stuðningsfulltrúi (með námi) frá 2020 og íþróttakennari í fullu starfi frá 2022. Var áður nemandi við skólann. Sjá þátt 32.

Sólveig Vignisdóttir kenndi hér 1985 – 1986.

Stefanía Kolbrún Sigfúsdóttir (Stella), meinataeknir og reyndur kennari, kenndi hér 1978-1979 og 1980-1983. Guðrún Egilsdóttir leysti hana af í fæðingarorlofi 1982. Réð sig sem meinataekni að Reykjalundi þegar hún hætti hér.

Stefán Hallsson (f.1911) var kennari hér 1934 – 1945, kenndi yngri deild, einnig söng og íþróttir. Hann var landsins fyrsti skólabílstjóri, einnig listaskrifari og organisti. Flutti ávarp og ljóð á vígsluhátíð Stóru-Vogaskóla 1979. Sjá þætti 26, 28, 29, 32, 33 og 37.

Stefán M. Jónsson (f.1852) kenndi hér veturinn 1875-1876. Hann varð síðar prófastur á Auðkúlu. Sjá þátt 17.

Stefán Thorarensen (f.1831 d.1892) var prestur, frumkvöðull og stofnandi skólans 1872 og formaður skólanefndarinnar til 1886. Sjá mynd og umfjöllun í þáttum 1 – 16, 21, 22, 36, 38 og 45.

Steinarr Þór Þórðarson kenndi 1988 – 2003, aðallega íslensku og stærðfræði á unglíngastigi. Hann skrifaði 1984, ásamt Eyjólfri Bragsyni, kennara, lokaritgerð frá KHÍ sem hér er byggt á. Sjá þætti 34, 44, 49, 50 og Faxe 2:1990.

Steingrímur Scheving (f.1859) kenndi hér veturinn 1883-1884. Sjá þátt 18.

Steinunn Helga Lárusdóttir kenndi 1983-1985 aðallega líffræði, ensku og íslensku.

Stormur Þór Þorvarðarson, áður nemandi við skólann, kenndi drengjum smíði í Háabæ, hætti 1974. Þáttur 38.

Svanborg Grímsdóttir (f.1838) annaðist börn sem bjuggu í skólahúsinu fyrstu ár skólans og kenndi handavinnu stúlkna. Hún var systir Þórðar og Daníels Grímssona. Sjá þætti 3, 17 og 38.

Svanborg Svansdóttir, húsasmiður, hefur kennt smíði frá 2021.

Svandís Magnúsdóttir vann í mótuneytinu 2001 – 2016.

Svanhildur Kristinsdóttir hefur verið skólaritari frá 2015. „Starf mitt felst m.a í almennri símafvörslu, miðlun skilaboða og upplýsinga, skjalavörslu, innkaupum og að skrá forföll nemenda, jafnt sem afleysingar fyrir starfsmenn. Aðstoða nemendur og starfsmenn við verkefni sem til falla – og hef gaman af!“

Svava Bogadóttir var skólastjóri 2008 -'18. Hún kom m.a. á fót námsveri fyrir börn með sérþarfir og Riddaragarði fyrir nemendur með hegðunarvanda, hún kom á skólaþingi sem nemendur héldu í nokkur ár. Hún hefur verið bókasafns-vörður í hlutastarfi eftir að skólastjórn lauk. Sjá þátt 40, 42 og 45.

Sveindís Pétursdóttir (Dísa P.) var skólalíði 2002 – 2012.

Sveinn Alfreðsson var skólastjóri 2007 -'08. Hann fékk Bryndísi skólabílstjóra og Sigurð mann hennar til að semja skólasöng. Hann kom á ”Samveru á sal” og úrræðum fyrir unglíngum með hegðunarvandkvæði. Sjá þátt 37.

Sædis María Drzymkowska (tvíburasystir Anítu) var nemandi við skólann í 10 ár. Hún hefur verið umsjónarkennari frá 2021 og segir að enginn dagur sé eins, hún sé alltaf að takast á við fjölbreytt verkefni. Sjá þátt 36.

Sæmundur Klemensson (f.1882 d.1953) var skólaneftarformaður 1916 – 1921. Sjá þátt 45.

Særún Jónsdóttir var prófdómari 1972 – 1978, síðan kennari 1979 – 1997 og 2009 – 2019, alls 28 ár. Lengi ritari kennarafunda. Var frumkvöðull kennslu um heimabyggðina og um landgræðslustarf skólans frá 1988 ásamt Höllu Jónu. Þrjár dætur hennar hafa kennt við skólann, Guðrún, Helga og Oktavía Ragnarsdætur. Sjá þætti 38, 39 og 41.

Tinna Magnúsdóttir byrjaði sem nýútskrifaður kennari 2010, með kennslu yngri barna og margmiðlun. Hún hefur bætt við sig námi í sérkennslu.

Tryggvi Hübner, kenndi tónmennt 1 1/2 vetur frá hausti 1987. Fór svo í Garðaskóla.

Unnur Inga Karlsdóttir stundakennari 1984 – 1990, sjá mynd í [Faxa 2.1990](#).

Valberg Helgason skipasmiður og fyrrum nemandi skólans, kenndi drengjum 1966 – 1969 smíði í bílskúr sínum að Hafnargötu 22. Sjá þátt 38.

Valgerður Guðlaugsdóttir, myndlistarkona, kenndi myndlist við skólann í 15 ár, frá 2006 þar til hún lést í ársbyrjun 2021. Hún teiknaði merki skólans. Sjá þátt 38. Helgi Eyjólfsson, maður Valgerðar, tók við myndmennakennslunni 2021.

Viktoría Guðmundsdóttir (f.1875 d.1970) var kennari og skólastjóri 1921 – 1952, samfleytt í 31 ár! Hún var fyrsta konan til að kenna við skólann. Hún stofnaði og stýrði barnastúkunnni Ársól. Sjá þætti 25, 26, 27, 29, 30, 33, 37 og 46.

Viktoría Jónsdóttir var kennari hér 1978 – 1979, hafði áður kennt á Bildudal. Varð síðan heyrnleysingjakennari og stundaði nám við Handíða- og myndlistarskólann er hún lést úr krabbameini 1987,

Vilborg Sigrún Helgadóttir, áður nemandi við skólann, hefur verið skólaliði frá 2011 og finnst það gefandi.

Þorvaldur Örn Árnason líffræðingur (f.1947). Kenndi náttúrufræði við skólann 2000 – 2016, sjá þætti 39 og 40.

Virkur í félags- og bæjarmálum. Hafði áður verið námstjóri í náttúrufræði í áratug og kennt við framhaldsskóla í áratug. Sjá þætti 37, 39, 43 og 46.

Þorvaldur Thoroddsen náttúrufræðingur (f.1855 d.1921), lærifaðir og samstarfsmaður Ögmundar Sigurðssonar, sjá þátt 14.

Þóra Marta Stefánsdóttir kenndi í forföllum febr. 1961 til vors. Hún lét taka myndir af öllum nemendum (fróðlegt væri að vita hvar þær eru). Þóra var móðir Karls Hirzt í Vogum.

Þórdís Símonardóttir (Dísa Símon) var fyrsti ritari skólans, 2002 – 2015, og áður nemandi, sjá þátt 35.

Þórður Erlendsson kenndi í Suðurkotsskóla 1903 – 1905. Sjá þátt 19 og 22.

Þórður Grímsson (f.1841 d.1881) kenndi annan og þriðja vetur skólans, 1873-1875. Tvö systkini hans, **Daníel** og **Svanborg**, störfuðu einnig við skólann fyrstu árin. Sjá þætti 3 og 17.

Þórir S. Guðbergsson (f.1938) var skólastjóri 1967 – 1970. Varð síðar félagsráðgjafi, rithöfundur og frumkvöðull í öldrunarmálum. Sjá þátt 29 og 34.

Ögmundur Sigurðsson var kennari við Gerðaskóla 1886 – 1897. Hann var vel menntaður kennari og skrifaði m.a. um skóla á Suðurnesjum á þeim tíma. Varð síðan kennari og skólastjóri Flensborgarskóla. Sjá þætti 9, 13, 14, 15, 19 og 22.

Heimildir: Sjá fyrri þætti. Hér er byggt á samtölum og tölvupóstsamskiptum við margt starfsfólk og fleiri einstaklinga. Einnig á ferilskrá [Ingu Sigrúnar Atladóttur](#), grein og myndum í [Faxa 1990](#). Sigurður [Hallmann](#) í [Faxa 1982](#), Handskrifaður nafnalisti (skannaður), skólasetningar- og slitaraður Hreins Ásgrímssonar, fundargerðir skólaneftar 1907 - 1969, fundargerðir kennarafunda 1981 – 1989. Særún Jónsdóttir las yfir, lagfærði og benti á fólk sem vantaði.



Sjálfa af Marc, Lindu, Þorvaldi og Höllu, í skólanum 2014.




Börn fædd 1971, ásamt umsjónarkennaranum, Særúnu Jónsdóttur.

48. þáttur: Fjöldi íbúa og nemenda fyrstu 150 ár skólans

Hér er teiknað graf er sýnir fjölda íbúa og nemenda starfstíma skólans. Lóðrétti ásinn vinstra megin sýnir íbúafjöldann en ásinn hægra megin nemendafjölda og er sá skali 10x gleiðari. Þykka línan sýnir í búafjölda og sú granna nemendafjölda. Þar sem lílnuritin skerast er fjöldi nemena 10% af íbúafjölda.

Íbúafjöldinn er allan tímann innan sömu (núverandi) sveitarfélagamarka. Fyrstu 17 ár skólans, til 1889, tilheyrði Njarðvík Vatnsleysustrandarhreppi. Voru nokkrir nemendur þaðan fyrstu 4 árin, en þá stofnuðu Njarðvíkingar eigin skóla sem starfaði slítrótt fyrstu áratuginna. Hér er notast við íbúatölur í Kálfatjarnarprestakalli þessi fyrstu ár, en það hefur allan tímann verið innan sömu marka og núverandi sveitarfélag. Íbúum fjölgaði mestalla 19. öldina en fækkaði verulega um aldamótin 1900 og fór ekki að fjölga að ráði fyrir en um 1970. Fæstir voru þeir árin 1930–1950, einmitt á þeim tíma þegar verið var að byggja nýtt og stærra skólahús í Brunnastaðahverfinu.



Frá stofnun skólans og fram á miðjan 4. áratuginn voru að jafnaði aðeins **4 árgangar** í skólanum, þ.e. börn á aldrinum 10–14 ára, skipt í yngri og eldri deild sem kennt var saman, í sömu stofu af sama kennara. Á þessu voru þó undantekningar. Á fyrstu 35 árum skólans, áður en fræðslulögin og fræðsluskyldan kom til sögunnar 1907, voru nemendur á heldur breiðara aldursbili. Fyrstu árin var síðdegiskennsla fyrir fermd börn, þó aldrei fleiri en 8 svo vitað sé, en þau eru hér talin með. Á þeim tíma voru oft yngri nemendur en 10 ára, allt niður í 7 ára. Það er því erfitt að gefa upp samanburðarhæfa tölu nemenda öll þessi ár.

Síðasta áratug 19. aldar var farkennsla í vissum hverfum, auk skólans í Suðurkoti. Lítið er vitað um umfang þeirrar kennslu, en hún fór fram heima í stofu á Þórustöðum og í Landkoti þar til 1903 að byggt var skólahús í Norðurkoti og kennt á tveimur stöðum í 7 ár. Síðan var stofnaður skóli á Vatnsleysu 1911 og kennt þar í 4 ár aukreitis. Nemendur í Norðurkots- og Vatnsleysuskóla eru oftast en ekki taldir hér með.

Tímabilið 1907 – 1934 var aðeins kennt 4 árgöngum, enda styrkur frá ríkinu bundinn við aldurinn 9–14 ára. Síðan fór árgöngum að fjölga, urðu 6 þegar 7–9 ára börn bættust við 1934; og síðan 8 árgangar þegar unglíngadeild (1. og 2. bekkur, 13–15 ára) hóf starfsemi 1961, síðan 9 árgangar þegar farið var að kenna 6 ára börnum 1978 og hafa svo verið 10 árgangar frá því að einnig var farið að kenna 10. bekk árið 1985. Þetta er sýnt efst á myndinni. Tímabilið 1908 – 1934 er nemendafjöldinn býsna hár miðað við íbúafjöldann, því þá eru aðeins 4 árgangar í skólanum. Hefðu verið 10 árgangar í skólanum þá, eins og nú, hefði nemendafjöldinn verið rúmlega tvöfalt meiri.

Heimildir. Blaðskrif og prestþjónustubók Stefáns Thorarensen. Dagbækur, prófbók og Gjörðabók barnaskólanna. Hagskinna og vefur Hagstofunnar. Faxi 1990.

49. þáttur: **Heimildir**

A Birtar, prentaðar heimildir: Bækur, greinar og vefslóðir.

Feitletrað það sem mest er notað. Tenglar á vef þar sem tók eru á.

Anna Sveinsdóttir, kennari. Ágrip af skólasögu Garðabæjar. Afmælissrit Flataskóla 1958-1998. Góð frásögn af Hausastaðaskóla og Thorchillii. 2. þáttur og víðar.

Almenningsfræðsla á Íslandi 1880 – 2007. Ritstjóri Loftur Guttormsson. Útgefandi Kennaraháskóli Íslands og Háskólaútgáfan 2008. 700 bls. í 2 bindum. Ekki er getið um barnaskólann í Vatnsleysustrandarhreppi, né heldur Stefán Thorarensen.

Ágúst Guðmundsson frá Halakoti. 1942. Þættir af Suðurnesjum. Á bls. 95-106 segir frá kynnum af Stefáni Thorarensen, prestinum sem fermdi hann, og af skólanum sem Stefán stofnaði og Ágúst var nemandi í.

Á.J. *Dánarminning*. Um Guðmund Guðmundsson í Landakoti (1841-1920). Morgunbl. 2.10.1920. 44 ár söngstjóri í Kálfatjarnarkirkju og organisti. Lengi hreppstjóri.

Árni Daníel Júlíusson: Frumgerðir sjávarþorpa. Vefritið Vefnir 2014.

Árni Guðmundsson 1945: Minning 200 ára skóla í Vestmannaeyjum Einkum 6. og 8. þáttur.

Árni Theódór Pétursson. 1935. *Móakotsmálið í nýju ljósi*. Bráðabirgða kvittun. Útg höf. Blaðafregnir um Móakotsmálið: Stormur, 12. des. 1932; 23. des. 1932; og 14. des 1934 og Alþýðublaðið 12. des. 1934.

Árni Þorsteinsson, prestur á Kálfatjörn: *Af Vatnsleysuströnd. Fjallkonan 4.tbl. 28.01.1897*. Segir frá 3 skólum í prestakallinu; og stofnun lestrarfélags 1893.

Barnaskóli Eyrarbakka skal hann heita. Morgunblaðið 6. nóv.1982.

Bergsveinn Auðunsson, skólastjóri. 1990. Hugleiðing um Stóru-Vogaskóla. Faxi 2. tbl. 1990.

Bjarni Guðmundsson. *Saga Keflavíkur. Þrjú bindi*, 1992, 1999,

Bjarni M. Jónsson, námstjóri. Skólabílar, Sjá bls. 64-66: Tvö skólahverfi hafa þegar fengið skólabíl. Menntamál, 17. árg. 1944.

Bréf landshöfðingjans (til stiptsyfirvaldanna) (um 1200 rd. Lán úr Thorkillisjóði til Thorkillibarnaskóla í Vatnsleysustrandarhreppi.) Alþingistíðindi 1874 bls. 17.

Brunnastaðaskóli Vatnsleysuströnd. Síða á facebook með miklu sögulegu efni um skólana í Vatnsleysustrandarhreppi.

Dómur í Móakotsmálinu. Alþýðublaðið, forsíða, 12. des. 1934. Sjá einnig fréttaskýringu í Stormi 13. des; *Móakotsmálið, hvernig er farið með stæstu glæpamálin* eftir Árna Árnason frá Höfðahólum ritað 4. des.(áður en dómur fellur); og Móakotsmálið í nýju ljósi, hefti sem Árni Theódór gaf sjálfur út sér til varnar 1935.

Eggert Lárusson og Meyvant Þórolfsson. *Stjórnarbylting á skólasviðinu. Um kennslufræði Ögmundar Sigurðssonar*. Netla 2010.

Egill Hallgrímsson. 1948. *Fjörutíu ára minning ungmennafélagshreyfingarinnar á Vatnsleysuströnd*. SKINFAXI 39. árg. 1948 1. tbl. Bls. 14 – 19.

Einar Georg Einarsson: *Gerðaskóli í 130 ár 1872 – 2002*. Útg. Gerðaskóli. Vönduð, fróðleg 120 bls. bók, með verkefnum, samin sem kennslubók í Gerðaskóla. Systurskólans á Vatnsleysuströnd er ekki getið, né heldur Stefáns Thorarensen. Einkum 10. þáttur.

Erasmus+ accreditation. Samstarfsverkefni á vegum Evrópusambandsins.

Erasmus+ á Íslandi, upplýsingar.

eTwinning. Rafrænt skólasamstarf.

Ferlir.is Fróðlegur vefur Ómars Smára.

Fréttir frá skólunum. Faxi, í júní 1949. Einnig í maí 1948. (Þá var aðeins kennt 5 daga vikunnar og 4 af 5 útskrifuðum börnum höfðu ekki lokið sundnámi).

Fréttir og félagsmál. Menntamál 1945. Fréttir og félagsmál: Skólabilar.

Genealogy.com um Svanborgu, Daníel og Þórð Grímsbörn, sem unnu við Suðurkotskólann á fyrstu árum hans.

Gerðaskóli, sagan á vef skólans í mars 2022.

Gísli Sigurðsson. 1961. Góðtemplarahúsið 75 ára. Alþýðublað Hafnarfjarðar júl 1961. Einnig Sigurgeir Þorgrímsson 1985. Góðtemplarareglan í Reykjavík 100 ára. Morgunblaðið 9.júlí 1985,

Guðjón Kristinsson. 1959. Horft um öxl. Nokkur atriði um fræðslu- og **skólamál á Íslandi** frá fyrstu tímum og fram á miðja nítjándu öld. Vesturland 24.12. 1959. M.a. um þátt Jóns Þorkelssonar í skólasögunni.

Guðmundur Björgvin Jónsson. 1987. Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi. Aðallega bls. 373 – 379. Notað í mörgum þáttum.

Guðrún Lovísa Magnúsdóttir (1922-2020, nemandi við skólann). Hringborðsumræður í Tjarnarsal á afmælishátíð skólans 18. okt. 2012, um sundkennslu á 43. - 47. mín.; Lúlla á Grunni Suðurkotskóla í apríl 2010; Einnig ralsvert óbirt efni frá Guðrúnu.

Gunnar M. Magnúss. 1959. Jón Skálholtsrektor. Um Jón Þorkelsson, Thorkillius, á 200 ára ártíð hans. Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1959. 160 bls. Vel skrifuð, aðgengileg bók.

Gunnar M. Magnúss. 1939. Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi. Hátíðarrit Sambands íslenskra barnakennara. Notað í mörgum þáttum.

Haukur Aðalsteinsson. 2022. *Út á brún og önnur mið.* Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar.

Heiðarskóli í 40 ár – saga skólalahalds við Leirá, frá 1878. Leik og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar.

Heilsuleikskólinn Suðurvellir, vefur.

Heimsókn í barnaskólann á Ísafirði. Vesturland 1956. Mynd af skólanum. Ártal passar ekki.

Helga Einarasdóttir kennari. 1969. Miðbæjarskólinn kvaddur. Menntamál 42.árg. 3.tbl. Saga elstu skóla í Reykjavík.

Helgi Hólm. 1988. Í Vogum er alltaf eitthvað að gerast. Faxi 01.10.1988.

Hrólfur Kjartansson. 1983. Afskólun og heimakennsla í íslensku samfélagi. Tímarit Máls og menningar 1983.

Hvers konar skólar voru á Íslandi...? Vísindavefurinn. stutt, vönduð samantekt á skólasögunni.

Hörður Bergmann. Krafan um afnám skóla – aðrar menntunarleiðir. Tímarit máls og menningar 4.tbl. 1983.

Inga Kristjánsdóttir. 2021. *Bréfin hennar Viktoríu.* Bók. Inga er bróðurdóttir Viktoríu Guðmundsdóttur skólastjóra við Brunnastaðaskóla.

Inga Sigrún Atladóttir ferilskrá.

Ingibjörg Erlendsdóttir, kennari. Kennsluritgerð 1942.

Jón Eyþórsson. 1987. *Stefán M. Jónsson, prestur Auðkúlu,* kennari hér 1875-76. Húnavaka 1987.

Jón Sigurðsson. 1841. *Um prestaskóla í Íslandi.* Ný félagsrit 1. árg. Bls.1-12.

Jón Sigurðsson: Um skóla á Íslandi. Ný félagsrit 01.01.1842 bls.67-107.

Jón Thorkillius (Jón Þorkelsson, f.1797 d.1859). *Sýnisbók þess að Ísland er ekki barbaraland.* Skráð á latínu um miðja 18. öld. Sigurður Pétursson þýddi á íslensku og Stofnun Árna Magnússonar gaf út 2022.

Jón Tómasson. 1943. Sundíþróttin. Faxi 5-6. tbl. 1943 Ágóði af hátíðarhöldum á sjómanndag rennur til sundkennslu.

Jón Þórarinsson. 1888. *Löggjöf um barnauppræðing á Íslandi.* Tímarit um uppeldi og kennslumál, 1. árg. 1888, s. 80-94

Kennarafjelagið, ársfundur í leikfimisal Barnaskólans í Reykjavík 30. 6. 1894. M.a. um bifliúsögur og um kennsluáhöld sem Morten Hanssen skólastjóri útvegar. Ísafold 43.tbl. 14. 7. 1894.

Kennimaður og skáld á Kálfatjörn, Stefán Thorarensen. Þáttur á Rás 1, aðgengilegur til 24. maí 2022. Þáttur sem Jón Böövarsson gerði fyrir Ríkisútvarpið 1988. Ekki er þar fjallað um framlag Stefáns til skólagöngu barna.

Kór Kálfatjarnarkirkju 50 ára 1944. Faxi 01.01.1995.

Kristín Bjarnadóttir. 2013. *Reikningsbækur tveggja alda. Marmið, markhópar og gildi*. Uppeldi og menntun 22. árg. 1.1.2013.

Kristján Sveinsson. 1996. *Saga Njarðvíkur*. Útgefandi Þjóðsaga. Aðallega bls. 88-92 og 147-200.

Kristleifur Þorsteinsson. *Kirkjurækni og helgihald*. Kirkjuritið 1940, bls. 361. Segir frá þætti Stefáns Thorarensen og ekki síður Guðmundar í Landakoti. Sjá 4.þátt.

Lárus Jonhsen, minning. Mbl. 4. sept. 2006. Kennari við Brunnastaðaskóla 1957 -'58 og 1963 -'64.

1952: Einvígi við Lárus Jonhsen um íslandsmeistaratitilinn. Friðrik Ólafsson, vefsíða.

LEGO-keppnin í jan. 2013, á vefsíðu Stóru-Vogaskóla.

Lubbi finnur málbein. Lestrarkennslubók fyrir leikskóla. Forlagið 2009.

Löggjöf um barnauppræðing á Íslandi. Tímarit um uppleiði og menntamál. 1.árg. 1888.

Myndasafn Minjafélagsins. Ljósmyndir af fólki og umhverfi í Vatnsleysustrandarhreppi sem nú heitir Sveitarfélagið Vogar. Elstu myndirnar eru frá því um 1920, en flestar frá miðbiki 20. aldar. Þeim er raðað í albúm eftir stafrófsröð nafna þeirra sem gáfu eða lánuðu myndirnar. Nokkrar myndir í safninu eru birtar hér.

Minningargreinar um Hrein Ásgrímsson, m.a. eftir Magnús Ágústsson og Jón H. Kristjánsson, í mbl. 17. 5. 1986.

Ný stúka, Lögberg nr. 146, í Barnaskólahúsinu í Norðurkoti. Stofnendur 18, nafngreindir. Templar 31.12.1907.

Oddgeir Guðmundsen. 1873. *Barnaskólinn á Vatnsleysuströnd*. Þjóðólfur, 25.árg. 21. jan. 1873 bls. 48-49.

Oddgeir Þórðarson Guðmundsen prestur í Vestmannaeyjum 1889 - 1924. Heimaslóð

Ólafur Þ. Kristjánsson. 1958. *Kennaratal á Íslandi*, 1-2. bindi.

Ólafur Þ. Kristjánsson. 1955. *Fyrsti barnaskóli í sveit á Suðurlandi*. Tíminn 7.6.1955. Um skóla í Gaulvæjarbæ og á Kröggólfsstöðum.

Ólafur Rósenkranz, minning. 1929. Templar, nóv. 1929.

Ragnheiður Guðmundsdóttir (þá skólastj. Tónl.sk. í Vogum). 1983. *Hús með merka sögu að baki*. Faxi 8.tbl. 1.12.1983.

Saga barnafræðslunnar í Vestmannaeyjum. M.a. Reglugerð fyrir barnaskólann í Vestmannaeyjaskólahéraði, frá 21. sept. 1908, samin eftir fyrirmynd fræðslufyrvalda. Birt á Heimaslóð.

Sesselja Guðmundsdóttir. 2022. *Kirkjuhvoll, Ágrip af sögu félagslífs í Vatnsleysustrandarhreppi 1933-1963*. Fjölrít, gormbundið. Byggir m.a. á Vitanum, handskrifuðu blaði ungmennafélagsins Þróttar.

Seyðisfjarðarskóli saga

Sextíu ára afmæli barnafræðslunnar í Grindavík. Faxi nóv. 1948.

Sigurður Hallmann Ísleifsson. 1982. Ágrip af skólasögu Vatnsleysustrandarhrepps 1872 – 1982. Faxi 1.5.1982.

Sigurður Ólafsson frá Ytri-Hól. 1955. *Endurminningar um Hábjarskóla í Þykkvabæ*. Tíminn 28.5.1955.

Sigurður P. Sívertsen. *Aldarafmæli sálmaskáldsins séra Stefáns Thorarensens*. Útvarperindi flutt 10. júlí 1931. Prestafélagsritið 1.1. 1931, bls. 37-44.

Skólanefnd Thorhillii barnaskóla í Vatnaleyssust.hr. *Barnaskólinn*. (beiðni um fjárstuðning, dags. 30. júlí 1873) Tíminn 12. 08. 1873.

Skólar á Suðurnesjum: Brunnastaðaskóli. Ítarleg grein í tveimur hlutum, byggð á lokaritgerð við Kennaraháskóla íslands vorið 1984, höfundar Eyjólfur R. Bragason, Magnús M. Jónsson og Steinarr Þór Þórðarson. Faxi - 1. tölublað

(01.01.1990) - Tímarit.is (timarit.is) og Faxi - 2. tölublað (01.02.1990) - Tímarit.is (timarit.is) Notað í mörgum þáttum. Ritsstjóri Faxa var Helgi Hólm sem var jafnframt kennari við Stóru-Vogaskóla um árabíl.

Skólar á Suðurnesjum: Grindavíkurskóli. Faxi 1.tbl. 1989.

Skólar á Suðurnesjum: Gerðaskóli. Faxi 2. tbl. 1989.

Skólar á Suðurnesjum: Keflavík til 1904. Faxi 3 tbl. 1989.

Skólar á Suðurnesjum: Barnafræðsla í Keflavík frá árinu 1905. Faxi 4 tbl. 1989.

Skólar á Suðurnesjum: Skólahald í Miðneshreppi frá 1894. Faxi 5. tbl. 1989.

Skólar á Suðurnesjum: Grunnskólinn í Sandgerði 1938 – 1988. Faxi 6. tbl. 1989.

Skólar á Suðurnesjum: Njarðvík. Faxi 7. tbl. 1989.

Skólar á Suðurnesjum: V. Skólinn í Njarðvík frá 1942 – 1962. Faxi 8. tbl. 1989.

Skólar á Suðurnesjum: Saga Gagnfræðiskólans í Keflavík og Holtaskóla. Faxi 5. tbl. 1990.

Skólar á Suðurnesjum: Saga Gagnfræðiskólans í Keflavík og Holtaskóla – 2. hluti. Faxi 6. tbl. 1990.

Skólar á Suðurnesjum: Saga Gagnfræðiskólans í Keflavík og Holtaskóla – 3. hluti. Faxi 7. tbl. 1990.

Skýrsla um barnaskóla 1887-88. Tímarit um uppeldi og menntamál 1888.

Skúli Magnússon. 1979. *Byggðu skóla fyrir almenn samskot á Brunnastöðum.* Faxi 01.05.1979.

Stefán Hallsson. 1945. Viktoría Guðmundsdóttir sextug. Faxi 1.7.1945. Jákvæð lýsing, hrós.

St. Thorarensen. 1873. Auglýsing (jörð, kennari). Þjóðólfur 14.3. 1873. Innihaldsrík auglýsing.

St. Thorarensen. Skýrsla til stiftsyrivalda um ástand og athafnir skólans árið 1873-74, hluti skýrslunnar er birtur í Víkverja 18.4.1874.

St. Thorarensen. Skýrsla um skólahald 1876-1879. Ísafold, 29.3.1879. Ítarleg skýrsla í léttum dúr. Segist áður hafa skrifað um skólann í blöðin 1877, en Google finnur það ekki undir St.Thorarensen.

St. Thorarensen. Skýrsla um skólahald 1875-1876. Þjóðólfur 8.5. 1876. M.a. um góðan skóla í Há koti í Njarðvík þar sem Pjetur Pjetursson kenndi 16+2 börnum í 6 mánuði.

Stóru-Vogaskóli vígður 1979. Faxi 01.10.1979.

Stóru-Vogaskóli. Vefur skólans.

Stúkan Ströndin nr. 211. Muninn 01.03. 1928.

Sæblik, blað skólabarna í Gullbringusýslu sunnan Hafnarfjarðar. 1.árg. 1.tbl. 12 vérlitaðar síður með barnateikningum.

Tónlistarsaga Reykjavíkur, eftir Baldur Andrésson: Um Jónas Helgason.

Um **Viktoríu Guðmundsdóttur**, skólastjóra í 32 ár, margvíslegt efni um hana: Bókin *Bréfin hennar Viktoríu*, eftir Ingu Kristjánsdóttur, bróðurdóttur Viktoríu, Sæmundur 2021. Minningargrein Ingibjargar Erlendsdóttur í Faxa 5.tbl. 1980 : Viktoría Guðmundsdóttir - var hafsjór af fróðleik og litrík kona <https://timarit.is/page/5184434> Sjá ítarleg minningarorð í lok Faxa-greinarinnar um skólann. Einnig sextugsafmælisgrein í Menntamál 1.9.1945, eftir Ó.Þ.K. Einnig góðar upplýsingar í Kennaratali á Íslandi og í Íslendingaþáttum Tímans 3.6.1970, eftir Stefán Hallsson.

Virkjum vísindin. Hönnunarkeppni Suðurnesjaskóla (2008 – 2010). Vikurfréttir 12.06.2008.

"*Vordagar Vigdísar*": Landgræðslu- og skógræktardagar á Suðurnesjum. Mbl. 12. maí 1988.

Wikipedia. Sóttar upplýsingar þangað í mörgum þáttum. T.d. í 41. þætti um eyjuna Reunion.

Þorvaldur Örn Árnason. *Áratugur í ráðuneyti – upprifjun námstjóra í náttúrufræði.* Skólaþræðir 27.2.2019.

Þorvaldur Örn Árnason. *Ekki þurfti að greiða af skólaláninu í 150 ár.* vf.is 8.10.2022.

Þorvaldur Örn Árnason. *Skóli fyrir fátæk börn í 140 ár?* Morgunblaðið 12.10.2012.

Þorvaldur Örn Árnason. *Umhverfismennt.* Útg. Aðstoð sf. 1998. Sjá t.d. um Vordaga Vigdísar bls. 69; og tilurð Yrkju sjóðs æskunar til ræktunar lands bls. 89.

Þuríður J. Kristjánsdóttir. 1992. *Embættisgengi og réttindanam.* Uppeldi og menntun 01.01.1992.

Ævisaga Jóns Þorkelssonar, skólameistara í Skálholti. Ævisaga, rit og ljóðmæli í 2 bindum, alls hátt í 1000 blaðsíður. Gefið út 1910 á kostnað Thorkilliisjóðsins. Jón Þorkelsson Þjóðskjalavörður og Klemenz Jónsson landritari tóku saman. Ekki mjög aðgengileg. Margar skrár, ritgerðir og latínuljóð Jóns. Höfundur skoðaði aðeins fyrri bindið.

Ögmundur Sigurðsson. 1890. *Um skóla á Suðurnesjum.* Tímarit um uppeldi og menntamál 3. árg. 1990, bls. 87-98.

Ögmundur Sigurðsson. 1889. *Stofnað félag með íslenskum kennurum.* Tímarit um uppeldi og menntamál, 2. árg.1990.

B Óbirt skjöl, flest voru í vörslu skólans, en höfundur skannaði þau í tölvu og verða frumritin sett á Þjóðskjalasafn. Sumt birtist á fésbók eða í tölvupósti.

Bjarki Þ. Wium. 19.9.2021. Upplýsingar frá byggingu skólahússins 1907. Facebook, síða Brunnastaðaskóla. Á sömu síðu 19. 9. 2021 er einnig mynd af peningakistli Steinunnar Thorarensen á Kálfatjörn.

Bjarki Þ. Wium 10.5.2021. Kamína úr Kirkjuhvoli og e.t.v. áður úr skólanum, 1,9 m há. Facebook.

Bjarki Þ. Wium 4.11.2019. Teikning af Brunnastaðaskóla 1933, sem aldrei var byggður. Facebook.

Bryndís H. Bjartmarsdóttir. *Byggð og atvinnulíf í Vatnsleysustrandarhreppi 1880 – 1980.* B.s. ritgerð 1983, m.a. um íbúaþróun.

Eyjólfur R. Bragason, ásamt tveimur öðrum. 1984. Lokaritgerð frá KHÍ um skólahald í Vatnsleysustrandarhreppi. Greinar í Faxe 1990 eru byggðar á þeirri ritgerð.

Facebook-síðan Brunnastaðaskóli Vatnsleysuströnd. Myndir og upplýsingar.

Fundagerðabók kennarafunda 1981 – 1989

Fundagerðabók Kennararáðs 1984 - 2001

Gjörðabók og Bréfabók barnaskólanna á Vatnsleysuströnd. *Aðallega fundargerðir skólanefndar 1907 – 1969.* Skannað á pdf, líkt og flest önnur óbirt skjöl.

Guðrún Lovísa Magnúsdóttir. Endurminningar, og viðtal Margrétar Stefánsd. m.a. í möppu Snæbjarnar frá 2004, m.a. um Ársól og Brunnastaðaskóla.

Haukur Aðalsteinsson lagði til ljósrit af bréfum og skjölum, flest af Þjóðskjalasafni. Notuð í nokkrum þáttum. Einnig skrá yfir óprentaðar heimildir um skólann sem hann fann á safninu og gaf munnlegar upplýsingar.

Hreinn Ásgrímsson, **handskrifaðar ræður** við skólasetningu og skólaslit á árunum 1974 – 1985.

Kennaralistar, hanskrifuð nöfn kennara, líklega frumheimild Sigurðar Hallmanns.

Magnús M. Jónsson, ásamt tveimur öðrum, 1984. Lokaritgerð frá KHÍ um skólahald í Vatnsleysustrandarhreppi. Greinar í Faxe 1990 eru byggðar á þeirri ritgerð.

Prófbók Suðurkotsbarnaskóla 1914 – 1932.

Reglugjörð, til bráðabirgða, samþykkt á almennum barnaskólafundum í skólahúsinu 13. sept. 1872 fyrir Thorchillis barnaskóla í Vatnsleysustrandarhreppi. Handskrifuð, einnig vélrituð í tölvu af höfundi.

Reikningabók barnaskólasjóðs 1907 – 1938 (handrit, búið að skanna á pdf)

Samvinnan. Stóru-Vogaskóli 1993-1994. Bæklingur eftir Bergsvein Auðunsson skólastjóra, 2. árg.

Sesselja Guðmundsdóttir 4.11.2019. Grein um sundlaug, í Vitanum 5.11.1944. Facebook.

Sesselja Guðmundsdóttir. 12.1.2019. Kór og leiksýning 1966. Facebook. Einnig mjög skýrar myndir frá Guðmundi Björgvin, föður hennar, úr skólalífínu.

Sesselja Guðundsdóttir. Skjaldmeyjar í skátafélaginu Vogabúum 1962, myndir. [Facebook 28.3.2020](#).

Skátafélagið Vogabúar. Tóta Snæland: söngur Vogabúa, eftir Hafstein Snæland, [facebook 22.3.2020](#).

Skólasjóðabók barnaskólasjóðs 1907 – 1922 (handrit, til á pdf)

[Skólaferðalag að Núpstað 1969](#), Guðlaugur Rúnar Guðmundsson: myndir á facebook.

[Sálmregistur Kálfatjarnar og Njarðvíkur 1866 – 1879](#). M.a. Thorchilliibarnaskólinn 1872, 1873, 1874 og 1876, og Hákotsskóli 1876.

Stefán Thorarensen. Langt bréf til stiftsfirvalda, lýsing á nýstofnuðum skóla og fyrsta starfsári hans, með beiðni um 1000 rd framlag til að greiða skuld Thorchillibarnaskólans og ljúka við húsbygginguna. Dags. 2. apríl 1873.

Stefán Thorarensen. Langt bréf til stiftsfirvalda dags. 24. apríl 1874, beiðni um 1200 rd lán úr Thorchilliisjóði.

Stefán Thorarensen. Skýrsla til stiftsfirvalda um ástand og athafnir skólans árið 1873-74, dags 8. maí 1874. Skólatíminn var 15. sept til 15. mars, 4-5 stundir á dag, börnin flest 29, en aðeins 17 luku vorprófi, "af því að þegar kominn er marsmánuður mega fæstir foreldrar missa þau börn heiman að sem til verka eru komin, með því að þá er vertíð byrjuð." Hluti þessarar skýrslu er birt í [Víkverja 18.4.1874](#).

Steinarr Þór Þórðarson, ásamt tveimur öðrum. 1984. Lokaritgerð frá KHÍ um skólalald í Vatnsleysustrandarhreppi. Greinar í Faxa 1990 eru byggðar á þeirri ritgerð.

C. Viðtöl, tölvupóstur og samræður við höfund, munnlegar heimildir

Alexandra Chernyshova, upplýsingar um tónlistarkennslu, 2022.

Ása Árnadóttir (f.1932, dóttir Árna Klemens og systir Helgu Sigríðar), hljóðritað spjall við ÞÖ og Særúnu Jónsdóttur 30. 5. 2022.

Eygló Viðarsdóttir, nemandi við skólann og kenndi heimilisfræði 2009 – 2010, símtal í febr. 2023.

Eyjólfur Guðmundsson. Ómetanlegar ljósmyndir ásamt upplýsingum, einkum frá árunum 1970 – 2000. Margt af því birt á Fb-síðunni Brunnastaðaskóli Vatnsleyuströnd.

Elísabet Kvaran, áður nemandi við skólann. Stutt viðtal 14. 9. 2022.

Erna Gunnlaugsdóttir, kennari og áður nemandi við skólann. Viðtal 16. 9. 2022.

Guðrún Kristín Ragnarsdóttir, náttúrufræðikennari og áður nemandi, viðtal í okt. 2022.

Guðmundur Þórðarson kennari við skólann 1984 – 2022. Munnl.uppl. 2022, m.a. hljóðritað viðtal 10.11.22.

Halla Jóna Guðmundsdóttir, kennari við Stóru-Vogaskóla 1987-2018, áður nemmandi. Símtöl og samræður 2022.

Hanna Lóa Jóhannsdóttir. Þroskaþjálfari og áður nemandi við skólann. Viðtal 20.9. 2022.

Hannes Birgir Hjálmarsson. Viðtal um Erasmus+ verkefni og tungumálakennslu.

Haukur Aðalsteinsson, f.1945, áður nemandi, símtal 21. 9. 2022 og fleiri viðtöl og skjöl.

Helga Sigríður Árnadóttir, kennari við skólann 1955 – 2004 og áður nemandi. Spjall oftast en einu sinni 2022, m.a. hljóðritað viðtal 10.11.22.

Helgi Guðmundsson (f.1950), nemandi. Munnl. Upplýsingar 2022.

Helgi Skúli Kjartansson, sagnfræðingur og próf. Gagnrýni á 31. þátt og upplýsingar í tölvupósti í mars-apríl 2023.

Helgi Hólm, kennari 1994 – 2012. upplýsingar í tölvupósti 2022.

Helgi Skúli Kjartansson: Tölvupóstur 27. og 28. mars 2023, um efni 31. þáttar.

Hilmar Egill Sveinbjörnsson, áður nemandi, nú skólustjóri. Samtöl, einnig stutt viðtal 16.9.2022.

Inger Christensen, stuðningur, ræstingar eða leiðbeinandi 1991- 2018. Símtal í okt. 2022

Jóhann Sævar Símonarson f.1943, áður nemandi. Spjall oftar en einu sinni 2022.

Jón Ingi Baldvinsson, kennari við skólann 1980-2022. Spjall oftar en einu sinni og hljóritað viðtal 10.11.22.

Kristín Halldórsdóttir, f.1959. Stuðningsfulltrúi eða leiðbeinandi 1994-1996. Símtal og samtöl.

Laufey Waage, Tónlistarskóli Stóru-Vogaskóla. Upplýsingar um starfið í tölvupósti

Magnús Óskar Ingvarsson. Samtöl og samskipti á facebook.

Marc Portal. Satal í okt. 2022 um Erasmus+ verkefni og tungumálakennslu.

Marteinn Ægisson, áður nemandi. Viðtal 14.9. 2022.

Niels Einarsson, danskennari og eigandi Nýja dansskólans, Hafnarfriði. Tölvupóstur í nóv. 2022

Nikulás Sveinsson, fæddur 11.08.1928 og var í skólanum fyrir og um 1940. Munnlegar heimildir, og skrif á facebook, t.d.: „Til gamans má geta þess að það lá enginn vegur að gamla skólanum.“ Sjá m.a. þátt 27.

Ragnheiður Elísabet Jónsdóttir, leikskólakennari, samtöl, einnig yfirlestur nokkurra þátta.

Snæbjörn Reynisson, fyrrum skólastjóri. Tölvupóstar til höfundar.

Svava Bogadóttir, bókasafnskennari við Lestrarfélagið Baldur, áður skólastjóri. Gaf skriflegar upplýsingar um ýmislegt á 21. öld, m.a. skólaþing nemenda.

Særún Jónsdóttir, f.1950, kennari við skólann frá 1979, með hléum, og áður nemandi. Spjall oftar en einu sinni, m.a. hljóritað við ÞÖ og Ásu Árnadóttur í Vogum 30. 5. 2022. Særún las yfir og leiðrétti marga þætti.

D. Myndbönd á youtube.com

Íþróttadagur 1990, í íþróttahúsi Njarðvíkurskóla, 3 mín. https://www.youtube.com/watch?v=dxcm_SJd4Ao

Árshátíð StóruVogaskóla 2009. Atriði 8. og 9. bekkjar. 9:45 mín.

https://www.youtube.com/watch?v=2T9_DP7mi3c&t=115s

Lúlla á Grunni Suðurtkotsskóla í apríl 2010; 10:20 mín. (Úr skoðunarferð í lok sögumálþings í Vogum, í apríl 2010.)

140 ára afmæli Stóru-Vogaskóla 2012. 16:45 mín. <https://www.youtube.com/watch?v=TKbzKo3-qxE&t=27s>

6. bekkur 2012 lærir um lífið í Vogatjörn 2:30 mín (m.a. skorið upp hornsíli með 8 stóra, hvíta flatorma í kviðnum.)

<https://www.youtube.com/watch?v=yYe3zSCd4Wk>

7. bekkur í Vogafjöru 2012. 3 mín. <https://www.youtube.com/watch?v=hiE6adu9rew>

6. bekkur 2013 býr til stundaglas með vatni, ekki sandi. 1:50 mín. <https://www.youtube.com/watch?v=2T-ncP2hp0>

Nemendur í 10. bekk og fjölskyldur þeirra glíma við erfðafræðidæmi, á kynningu náttúrufræðikennslu í Stóru-Vogaskóla 1. nóv. 2011, kl. 18 – 19. 1:50 mín. <https://www.youtube.com/watch?v=stpKgst-Esc>

Skólasöngurinn fluttur á 140 ára afmæli skólans 2012. 1:47 mín. <https://www.youtube.com/watch?v=q1wGu6fX4hs>

Umhverfisnefnd skólans heimsækir Íslenska gámafélagið 23. okt. 2013. 7:34 mín.

<https://www.youtube.com/watch?v=3XsPOWDiUSs>

Tvær vorflugulirfur og örlög þeirra. Nemandi gerði dramatíska tilraun – og tók sjálf myndina. Í nóv. 2011. 8 mín.

<https://www.youtube.com/watch?v=Q1CQ-Qtz4cc>

Nemendur mynda fugla við skólann 8. júní 2011. 9:30 mín. https://www.youtube.com/watch?v=0_UfQbYYJas

Flest þessi myndbönd – og nokkur fleiri – eru á **youtube-rásinni „storuvogaskoli1“, m.a. atriði frá Árshátíðum.**

Frum samið lag um loftslagsmál, við texta Gretu Tunberg. 2019. Kennari Alexandra Chernyshova.

50. þáttur: **Lokaorð – um þessi skólasöguskrif**

Um er að ræða 50 þætti úr sögu barnaskóla í Vatnsleysustrandarhreppi / Sveitarfélaginu Vogum, en 46 þeirra birtust vikulega í Víkurfréttum allt árið 2022, í tilefni 150 ára afmælis skólans.

Höfundur fékk þá hugmynd haustið 2021 að vinna úr gögnum sem hann hafði safnað í tengslum við 140 ára afmæli skólans 2012, fyrir áhrif frá Snæbirni Reynissyni skólastjóra og Hauki Aðalsteinssyni sagnfræðigrúskara, sem höfðu þegar um aldamótin safnað dálitlu efni og haldið upp á 130 ára afmælið 2002. Talsvert af handskrifuðum gögnum frá allri 20. öld voru varðveitt í skólanum. Þau nýttust vel við skrif þessi. Þau voru síðan skönnuð og verða geymd á stafrænu formi í skólanum og hjá höfundi, en frumritunum skilað á Þjóðskjalasafnið.

Skólinn hefur verið sniðgenginn þegar fjallað er opinberlega um elstu barnaskóla landsins. Þó hafði verið birt efni um hann í tímaritinu Faxa, aðallega árg.1982 og 1990, m.a. byggt á ritgerð þriggja kennaranema sem tengdust skólanum, en í tveggja binda verki Kennaraháskóla Íslands og Háskólaútgáfunnar frá 2008, Almenningsfræðsla á Íslandi, er skólinn ekki nefndur á nafn. Skólinn er þó nefndur í bókum Gunnars M. Magnúss: Jón Skálholtsrektor (1959) og Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi (1939).

Vinnan við efni þetta hófst í nóvember 2021 og stóð fram í febrúar 2023. Unnið var eftir grófri áætlun en talsvert spunnið jafnóðum. Ákveðið var að auk vefs Víkurfrétta yrðu þáttunum safnað saman undir sérstakan flipa bæði á vef skólans og á vef Sveitarfélagsins Voga og hafa Hilmar E. Sveinbjörnsson skólastjóri og Daníel Arason menningarfulltrúi sveitarfélagsins séð um það.

Í byrjun nefndu flestir þetta efni pistla, en höfundur varð fráhverfur því og kaus frekar að nota orðið þátt og leit svo á að hann væri að vefa úr þáttum – eða þráðum – úr mikilli sögu sem yrði aldrei sögð öll. Höfundur hafði á tilfinningunni að hann væri að þúsla saman bitum úr ólíkum áttum þannig að úr yrði heildarmynd.

Heimildir allra þáttanna eru flestar tilgreindar í heimildaskrá (49. þáttur), þó ekki eftir hefðbundnum reglum fræðimanna, höfundur kaus að sveigja þær að tilefninu og birta smá upplýsingar um sumar heimildanna. Einnig er helstu heimilda getið í lok hvers kafla, þó ekki tæmandi. Á báðum stöðum eru „hlekkjaðar“ þær heimildir sem fundust á vef. Einnig eru hlekkir á stöku stað inni í texta, þó ekki kerfisbundið. Auk heimildarskrár var einnig gerð mannanafnaskrá, í stafrófsröð og með stuttum skýringum við hvern og einn (þáttur 47).

Höfundur lagði af stað með hugmynd, sem þróaðist allan tímann, t.d. skipting í þætti og heiti þeirra. Leitast var við að fylgja tímaröð – þó ekki um of – og forðast að lesandi gæti séð fyrir hvaða efni kæmi í næstu viku. Reynt var að koma sem mestu af bitastæðu efni að og þúsla því saman. Leitast var við að tengja sögu þessa tiltekna skóla almennri þróun skóla í landinu. Höfundur hafði kennt við Stóru-Vogaskóla 2000 – 2016. Áður hafði hann kennt í grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla og unnið sem námstjóri í menntamálaráðuneytinu 1982 -‘92 og öðlast þannig nokkra yfirsýn yfir skólakerfið.

Æ oftar fann höfundur efni sem átti best heima í þáttum sem þegar höfðu birst á prenti í Víkurfréttum og skráði það þá inn í handrit viðeigandi þáttar (með rauðu letri í byrjun). Þannig varð prentvæna útgáfan til og þáttunum á vef skólans og sveitarélgagsins var jafnframt breytt. Að lokinni snyrtingu var heildarhandrit þetta birt á pdf-formi á sömu vefsíðum og þættinir og merkt sem **prentvænt**, þannig að lesendur geta prentað allt efnið út sem 90 blaðsíðna hefti, ef þeim sýnist svo.

Fyrstu þættirnir voru margir birtir án þess að neinn hefði lesið þá nema höfundur, en Særún Jónsdóttir las mikið af textanum, kom með tillögur að betra málfari og leiðrétti villur. Einnig las Ragnheiður E. Jónsdóttir marga þætti og kom með ábendingar. Hilmar E. Sveinbjörnssyni skólastjóra, Daníel Arasyni menningarfulltrúa sveitarfélagsins og Páli Ketilssyni ritstjóri Víkurfrétta er þakkað ánægjulegt og árangursríkt samstarf.

Ljósmyndir eru úr ýmsum áttum: úr safni höfundar, úr safni skólans, af fb-vefnum *Brunnastaðaskóli á Vatnsleysuströnd*, frá ljósmyndaranum Eyjólf Guðmundssyni o.fl. og er öllum ljósmyndunum hér með þakkað fyrir.

Myndin er af höfundi, Þorvaldi Erni Árnasyni og Steinarri Þór Þórðarsyni, tekin í vinnustofu kennara í Stóru-Vogaskóla veturinn 2001.

Á vetrarsólstöðum 2022 og á vorjafndægum 2023. *Þorvaldur Örn Árnason*

